

Guðmundur St. Sigurðarson
Bryndís Zoëga

Fornleifaskráning vegna lagningar hitaveitu í Fljótum í Skagfirði



Byggðasafn Skagfirðinga
Rannsóknaskýrslur
2016/161

Forsíðumynd: Réttartóft norðvestarlega í landi Ysta-Mós.



@ Guðmundur St. Sigurðarson og Bryndís Zoëga

Byggðasafn Skagfirðinga, Sauðárkrúki

2016/161

<i>Efnisyfirlit</i>	
Inngangur	2
Fornleifar og tilgangur fornleifaskráningar	2
Aðferð við skráningu	3
Fornleifaskráning: Frá Fyrirbarði að Ketilási	5
Fornleifaskrá: Austur-Fljót, frá Lambanesi að Þrasastöðum.....	13
Fornleifaskrá: Vestur-Fljót, frá Stóru-Þverá að Stóru-Brekku	107
Fornleifaskrá: Flókadalur frá Neskoti að Ysta-Mó.....	111
Fornleifaskrá: Frá Langhúsum að Haganesvík.....	145
Minjar í Haganesvík.....	166
Samantekt og tillögur að breytingum	179
Samantekt: Fyrirbarði að Ketilási	179
Samantekt: Lambanes að Þrasastöðum.....	180
Samantekt: Vestan Fljótaár, Stóra-Þverá að Stóru-Brekku	183
Samantekt: Flókadalur, Neskot að Móskógum	184
Samantekt: Akrar að Haganesvík	186
Heimildaskrá	187
Fylgiskjöl.....	192

Inngangur

Byggðasafn Skagfirðinga tók að sér skráningu vegna lagningu hitaveitu í Fljótum í Skagafirði að beiðni Sveitarfélagsins Skagafjarðar. Skráning á vettvangi fór fram í þremur áföngum fyrst í mars 2015, í október sama ár og aftur um miðjan maí árið 2016. Vettvangsvinna var að mestu í höndum Guðmundar St. Sigurðarsonar fornleifafræðings og einnig Bryndísar Zoëga landfræðings, en Guðmundur sá um eftirvinnslu og skýrslugerð.

Fornleifar og tilgangur fornleifaskráningar

Fornleifaskráning er forsenda þess að hægt sé að gera heildstætt mat á minjum og minjagildi og er undirstaða allrar minjavörslu og áætlunar um varðveislu og kynningu minja. Með markvissri heildarskráningu skapast grundvöllur til að fylgjast með minjastöðum, hvort þeir séu í hættu vegna skipulagsgerðar eða annarra framkvæmda og hvort náttúrulegar aðstæður geti spilt þeim á einhvern hátt.

Allar fornleifar eldri en 100 ára falla undir ákvæði Menningarminjalaga. Um tilgang Menningarminjalaga segir í 1. gr. laga 80/2012:

„Tilgangur laga þessara er að stuðla að verndun menningarminja og tryggja að íslenskum menningararfi verði skilað óspilltum til komandi kynslóða. Menningarminjar teljast ummerki um sögu þjóðarinnar, svo sem fornminjar, menningar- og búsetulandslag, kirkjugripir og minningarmörk, hús og önnur mannvirki, skip og bátar, samgöngutæki, listmunir og nytjahlutir, svo og myndir og aðrar heimildir um menningarsögu þjóðarinnar. Lög þessi ná einnig til staða sem tengjast menningarsögu. Lög þessi eiga að tryggja eftir föngum varðveislu menningarminja í eigin umhverfi, auðvelda aðgang og kynni þjóðarinnar af menningarminjum og greiða fyrir rannsóknum á þeim.“

Samkvæmt 3. gr. er greinarmunur gerður á forngripum og fornleifum en fornleifar er skilgreindar með þessum hætti: „Fornleifar teljast hvers kyns mannvistarleifar, á landi, í jörðu, í jöklum, sjó eða vatni, sem menn hafa gert eða mannaverk eru á og eru 100 ára og eldri, svo sem:

1. búsetulandslag, skrúðgarðar og kirkjugarðar, byggðaleifar, bæjarstæði og bæjarleifar ásamt tilheyrandi leifum mannvirkja og öskuhauga, húsaleifar hvers kyns, svo sem leifar kirkna, bænhúsa, klaustra, þingstaða og búða, leifar af verbúðum, naustum og verslunarstöðum og byggðaleifar í hellum og skútum,
2. vinnustaðir þar sem aflað var fanga, svo sem leifar af seljum, verstöðvum, bólum, mógröfum, kolagröfum og rauðablæstri,
3. tún- og akurgerði, leifar rétta, áveitumannvirki og aðrar ræktunarminjar, svo og leifar eftir veiðar til sjávar og sveita,
4. vegir og götur, leifar af stíflum, leifar af brúm og öðrum samgöngumannvirkjum, vöð, varir, leifar hafnarmannvirkja og bátalægi, slippir, ferjustaðir, kláfar, vörður og önnur vega- og siglingamerki ásamt kennileitum þeirra,
5. virki og skansar og leifar af öðrum varnarmannvirkjum,
6. þingstaðir, meintir hörgar, hof og vé, brunnar, uppsprettur, álagablettir og aðrir staðir og kennileiti sem tengjast siðum, venjum, þjóðtrú eða þjóðsagnahefð,
7. áletranir, myndir eða önnur verksummerki af manna völdum í hellum eða skútum, á klettum, klöppum eða jarðföstum steinum og minningarmörk í kirkjugörðum,
8. haugar, dysjar og aðrir greftrunarstaðir úr heiðnum eða kristnum sið,
9. skipsflök eða hlutar þeirra.“

Um rannsóknir á fornleifum segir í 6. gr.:

„Með fornleifarannsókn er átt við vísindalegt starf sem unnið er til að stuðla að aukinni þekkingu á fornleifum, sem þegar er vitað um eða líklegt er að finnast muni, eða til að ganga úr skugga um hvort um þess háttar fornleifar sé að ræða á tilgreindu rannsóknarsvæði. Fornleifarannsókn felst meðal annars í vettvangsskráningu fornleifa, rannsókn og könnun fornleifa án jarðrasks og hvers kyns jarðraski sem fram fer í þeim tilgangi að afla aukinnar þekkingar á fornleifum. Fornminjar njóta friðunar nema annað sé ákveðið af Minjastofnun Íslands.¹“

Enn fremur um skráningu vegna skipulags og undirbúnings framkvæmda í 16. gr.:

„Skráning fornleifa, húsa og mannvirkja skal fara fram áður en gengið er frá aðalskipulagi eða deiliskipulagi. Áður en deiliskipulag er afgreitt eða leyfi til framkvæmda eða rannsókna er gefið út skal skráning ætíð fara fram á vettvangi. Minjastofnun Íslands setur reglur um lágmarksþrófur sem gera skal til skráningar fyrir hvert skipulagsstig og er heimilt að gera samkomulag við skipulagsþrvöld um framvindu skráningarstarfsins enda sé tryggt að því verði lokið innan hæfilegs tíma.

Sá sem ber ábyrgð á skipulagsgerð í samræmi við skipulagslög skal standa straum af kostnaði við skráninguna. Ríkissjóður skal þó bera kostnað af fornleifaskráningu sem fram fer innan þjóðlendu nema um annað hafi verið samið. Skulu skipulagsþrvöld hafa samráð við Minjastofnun Íslands um tilhögun skráningar eða endurskoðun á fyrri fornleifa-, húsa- og mannvirkjaskrám með hlíðsjón af fyrirhuguðum breytingum á skipulagi. Óheimilt er að veita leyfi til framkvæmda án undanfarandi fornleifa-, húsa- og mannvirkjaskráningar. Þegar sérstaklega stendur á getur Minjastofnun Íslands veitt undanþágu fyrir framkvæmdum með tilteknum skilyrðum.

Skipulagsþrvöld skulu tilkynna Minjastofnun Íslands um gerð skipulagsáætlana og verulegar breytingar á þeim og um gerð skýrslna um mat á umhverfisáhrifum. Skylt er að heimila þá för um landareign sem nauðsynleg getur talist við framkvæmd skráningar sem gerð er fyrir opinbera aðila. Ber að sýna landeiganda tillitssemi og valda ekki raski eða ónæði að þarflausu.²“

Að lokum er rétt er að vekja sérstaka athygli á ákvæðum laganna um áður ókunnar minjar, en í annarri málosgrein 24. gr. segir:

„Ef fornminjar sem áður voru ókunnar finnast við framkvæmd verks skal sá sem fyrir því stendur stöðva framkvæmd án tafar. Skal Minjastofnun Íslands láta framkvæma vettvangskönnun umsvifalaust svo skera megi úr um eðli og umfang fundarins. Stofnuninni er skylt að ákveða svo fljótt sem auðið er hvort verki megi fram halda og með hvaða skilmálum. Óheimilt er að halda framkvæmdum áfram nema með skriflegu leyfi Minjastofnunar Íslands.“

Þetta á að sjálfsögðu bæði við um minjar sem eru sýnilegar á yfirborði en koma í ljós við jarðrask sem og minjar sem kunna að finnast eftir að fornleifaskráningu lýkur og skráningaraðilum hefur af einhverjum sökum yfirsést.

Aðferð við skráningu

Fornleifaskráning hefst á því að farið er í gegnum ritheimildir svo sem fornbréfasafn, örnefnaskrár, jarðabækur og byggðasögurit auk þess sem talað er við staðkunnuga þar sem það er mögulegt.

¹ Heimasíða Alþingis. <http://www.althingi.is/lagas/nuna/2012080.html>. Skoðuð þann 27.10.2015.

² Sama.

Vettvangsferðir felast í því að svæði eru gengin og minjar leitaðar uppi, þeim lýst og þær mældar upp og ljósmyndaðar. Þar sem mögulegt er eru loftmyndir notaðar til að greina minjar eða svæði þar sem líklegt er að minjar finnist.

Í þessu tilfelli afmarkaðist skráningarsvæðið af fyrirhugaðri lagnaleið og voru allar minjar innan 50m frá miðlinu lagnar mældar upp og skráðar. Í skýrslunni fá allar staðsettar fornleifar nafn jarðarinnar sem þær tilheyra, auk sameiginlegs verkefnisnúmer sem gefið er út af Minjastofnun Íslands og að lokum hlaupandi númer innan verkefnisins, þ.e. [nafn núverandi jarðar]-[verkefnisnúmer]-[hlaupandi númer] dæmi: **Haganes - 1787 – 2.** Þar sem minjar eru á merkjum tveggja jarða eru nöfn beggja jarða tilgreind með skástriki á milli.

Reynt er að leggja mat á um hvaða tegund minja er að ræða, þ.e. híbýli manna, úтиhús o.s.frv., hversu vel þær eru varðveissttar og í hve mikilli hættu þær eru af völdum utanaðkomandi áhrifa, s.s. jarðræktar eða landrofs. Hættumat kann að breytast síðar vegna aukinnar eða minnkaðrar hættu. Ástand minja og hættumat er gefið upp eftir skráningarstöðlum Minjastofnunar Íslands sem finna má á vef stofnunarinnar: www.minjastofnun.is. Hættumat í þessu tilfelli miðast fyrst og fremst við mögulega hættu af völdum fyrirliggjandi framkvæmda við lagningu ljósleiðara og var það metið hverju sinni hvort minjar væru líklegar til að vera í hættu eða ekki bæði útfrá fjarlægð frá fyrirhugaðri lagnaleið og ekki síður staðháttum á hverjum stað.

Minjarnar voru mældar upp á vettvangi með nákvæmu GPS tæki (Trimble ProXrs) sem gefur nákvæmni með undir two metra í skekkju. Grunnflötur og útlit minjanna var mælt upp með gps tækjum eða punktur tekinn eftir atvikum.

Að lokinni uppmælingu á vettvangi var gerð tafla með upplýsingum um minjar í hættu og tillögum að tilfærslum lagnaleiðar. Þessi tafla ásamt uppmælingargögnum var send Minjaværði Norðurlands Vestra, Þór Hjaltalín, og Braga Þórs Haraldssonar hjá verkfræðistofunni Stoð ehf. sem sá um hönnun lagnaleiðarinnar. Í framhaldi af því var lagnaleið breytt þar sem þurfa þótti að mati minjavarðar. Hættumat í skýrslunni tekur mið af þessu og er þess getið ef minjar hafi verið í hættu en línan verið færð.

Yfirlitsmyndir af skráningarsvæðunum er að finna aftast í skýrslunni og að auki töflur þar sem allar helstu upplýsingar um einstakar minjar koma fram: Sérheiti ef um slíkt er að ræða, hlutverk, tegund, ástand, hættumat og hættuorsök, áætlaður aldur o.s.frv. Þá er staðsetning minjanna gefin upp í töflunum í Ísnetshnitum (ISN93).

Fornleifaskráning: Frá Fyrirbarði að Ketilási



Mynd 1. Horft til norðvesturs eftir garðlagi (1787-1) á merkjum milli Fyrirbarðs og Haganess.



Mynd 2. Horft til suðausturs eftir garðlagi (1787-1), sunnan þjóðvegar, þar eru að auki a.m.k. tvær tóftir sem voru ekki skoðaðar þar sem þær eru utan svæðis.

Fyrirbarð/Haganes - 1787 - 1

Hlutverk: Landamerki

Tegund: Garðlag

Hættumat: Mikil hætta. Garðlagið er í hættu vegna lagningu hitaveitunnar og hefur nú þegar orðið fyrir raski vegna vegagerðar.

Staðhættir og lýsing

Garðlagið er á merkjum milli Fyrirbarðs og Haganess og sést mjög vel norðan þjóðvegar á um 200m kafla en í framhaldi af því tekur við skurður á merkjum jarðanna. Sunnan þjóðvegar er framhald af garðinum sem tekur svo u.b.b. 90° beygju til norðausturs. Garðlagið er á bilinu 10-50sm hátt og um 160 sm breitt. Norðan vegar er blautur flói og er gata eftir garðlaginu en girðing beggja vegna, það er því hægt að ganga eftir því þurrum fótum milli girðinganna. Hvort það hafi upphaflega verið gert í þeim tilgangi, þ.e. jarðbrú, er óvist en ekki útilokað, en þar sem það er á merkjum jarðanna í dag er það skráð sem merkjagarður.

Haganes - 1787 - 2

Hlutverk: Óþekkt

Tegund: Tóft

Hættumat: Engin hætta. Tóftin er utan svæðis.

Staðhættir


Tvennar tóftir eru í þýfðu mólendi um 160m norður af þjóðveginum og 220m vestur af afleggjaranum heim að Gautlandi.

Lýsing

Tóftin, sú norðari af tveimur snýr NV-SA og er u.b.b. 2x2m að innanmáli og hafa dyr verið til NV. Veggir eru um 1m breiðir og 20-40sm háir, algrónir grasi og virðast hlaðnir eingöngu úr torfi, þeir eru að hluta hlaupnir í þúfur en þó er vel hægt að greina útlínur þeirra.

Aðrar upplýsingar

Bæjarhóll er innan við 100m norðvestur af þessum tóftum líklega tilheyrandi bænum Veðramóti.



Haganes - 1787 - 3

Hlutverk: Óþekkt

Tegund: Tóft

Hættumat: Engin hætta. Tóftin er utan svæðis.

Staðhættir


Tvennar tóftir eru í þýfðu mólendi um 160m norður af þjóðveginum og 220m vestur af afleggjaranum heim að Gautlandi.

Lýsing

Tóftin, sú syðri af tveimur snýr NA-SV og er u.p.b. 1,5x1,5m að innanmáli og hafa dyr verið til SV. Veggir eru um 1m breiðir og 20-40sm háir, algrónir grasi og virðast hlaðnir eingöngu úr torfi, þeir eru að hluta hlaupnir í þúfur en þó er vel hægt að greina útlínur þeirra.

Aðrar upplýsingar

Bæjarhóll er innan við 100m norðvestur af þessum tóftum líklega tilheyrandi bænum Veðramóti.



Mynd 3. Horft til norðurs yfir tóft (1787-4) norðan vegar í landi Minni-Grindils.

Minni-Grindill - 1787 - 4

Hlutverk: Stekkur

Tegund: Tóft

Hættumat: Hætta. Minjarnar eru í um 20m fjarlægð frá fyrirhugaðri lagnaleið.

Staðhættir

Tóft og mögulega rétt er í mólendi neðan við þjóðveginn í landi Minni-Grindils um 350m norðvestur af bænum.

Lýsing

Um er að ræða hringлага rétt og litla tóft áfasta henni, hugsanlega hefur þetta verið stekkur. Veggir réttarinnar eru mjög hrundir og allt að 5m breiðir og á bilinu 30-60sm háir. Hlið hefur verið út úr réttinni til suðurs eða suðvesturs, rétt vestan við tóftina. Tóftin er með skýrari veggi, um 1m breiða og á bilinu 50-70sm háa.

Aðrar upplýsingar

Jarðstrengur hefur nú þegar verið plægður í gegnum tóftina og er staur því til merkingar í vegg réttarinnar að austan (staur nr. 64). Önnur tóft er rúma 100m NNV af þessari, en hún er langt fyrir utan skráningarsvæðið og var ekki skoðuð á vettvangi.

Í örnefnaskrá Stóra-Grindils segir: „Engið niður undir Miklavatni, rétt fyrir ofan holt, sem liggja að vatninu, heitir Stekkjarengi, en þar í holtunum mun áður hafa verið stekkur, u.b.b. 500 m frá bænum. Þar fyrir sunnan er mýrasund, sem sker sig í gegnum holtin alveg niður að vatni og upp úr holtunum. Það heitir Breiðasund.“ (bls. 3) Þessi lýsing passar vel við umræddar tóftir og er því líklega um stekk frá Stóra-Grindli að ræða. Í örnefnaskrá Minni-Grindils segir: „Beint neðan við túnið á Minna-Grindli voru þýfðir vallendismóar, sem náðu suður að Stóralæk. Þessi spilda hét Stekkjarengi. Stekkur var í því fast neðan þjóðvegarins, sem nú er.“ (bls. 3) En jafnframt er þess getið að stekkurinn frá Minni-Grindli hafi verið uppi í Grindilskrók (bls. 2).

Minni-Grindill - 1787 - 5

Hlutverk: Óþekkt (vörslugarður?)

Tegund: Garðlag

Hættumat: Mikil hætta. Garðlagið hefur þegar orðið fyrir raski af völdum vegagerðar á tveimur stöðum og girðingar og skurðgraftar, þá er trjágróður fast austan við garðlagið. Sjálf hitaveitulögnin mun hins vegar fara yfir svæði þar sem nú þegar er búið að raska garðinum.

Staðhættir og lýsing

Norðan við þjóðveginn neðan við bæ á Minni-Grindli er garðlag. Garðlagið liggur u.b.b. NA-SV og er á bilinu 20-50sm hátt og mest um 1m breitt. Það sést glöggt neðan við veginn á um 200m kafla niður að gamla veginum, en í sömu stefnu þar fyrir neðan er skurður sem liggur niður að Miklavatni. Hægt er að rekja garðlagið á köflum sunnan vegar þar sem það liggur til suðvesturs á merkjum milli Minni- og Stóra-Grindils.

Aðrar upplýsingar

Í örnefnaskrá Minni-Grindils segir: „Hann [teigur nefndur Tveggjadagsláttur] náði frá bæjargötu, sem var á milli Karlsstaða og Minna-Grindils og út að garðagi, sem var þar fyrir utan. Þetta garðlag náði upp í steininn, sem er á vinkilmerkjum við Stóra-Grindil – og alla leið niður í Miklavatn. Þessi garður hefur sennilega verið vörzlugarður á Grindli áður en honum var skipt.“ (bls. 2).



Mynd 4. Horft til norðausturs eftir garðlagi (1787-5) norðan við þjóðveginn neðan við bæ á Minni-Grindli.



Mynd 5. Horft til suðvesturs yfir mögulegan bæjarhól (1787-6) norðvestan við íbúðarhúsið á Minni-Grindli.

Minni-Grindill - 1787 – 6

Sérheiti: Minni-Grindill

Hlutverk: Bæjarhóll

Tegund: Hóll

Hættumat: Engin hætta.

Staðhættir og lýsing

Norðvestan við íbúðarhúsið á Minni-Grindli er ávalur hóll með smá dældum og grjóti á stöku stað, líklega gamli bæjarhóllinn.

Aðrar upplýsingar

Grindill (Stóri-Grindill) kemur fyrst fyrir í Landnámabók, en þar bjó Nafar-Helgi landnámsmaður (Íslendinga Sögur I, bls. 151). Jörðin kemur einnig fyrir í Sturlungu og í nokkrum fornbréfum eftir 1400 (Íslenskt fornbréfasafn IV, bls. 250; V, bls. 117, 355; IX, bls. 429, 431; X, bls. 702). Bæjarstæði Stóra-Grindils er hins vegar um 200m sunnan við íbúðarhúsið og mögulegar skálatóftir frumbýlisins í um 700m fjarlægð til ASA við Miklavatn.³

Í örnefnaskrá Minni-Grindils segir: „Bæjarlækurinn kemur úr Stóralæk og rennur skáhallt í boga heim undir íbúðarhúsið og síðan í Stóralæk aftur. Hann nam áður fast ofan við bæinn og var hann þar tekinn í Brunnhús. Síðan rann hann niður fyrir vestan bæinn og þaðan austur í Stóralæk ofan við svonefnda Fit. Fjárhús og hlaða stóðu á smá hól fast ofan við Fitina. Höllinn nefndist Húshóll. Lítið myrrardrag var ofan við þann hól, utan við Bæjarlæk, nær beint norður af bænum.“ (bls. 1-2).

Í örnefnaskránni segir enn fremur: „Gamli bærinn stóð þar sem íbúðarhúsið stendur nú og áfast við hann var fjós. Fjós er einnig áfast við íbúðarhúsið, sem nú er.“ (bls. 2). Þetta er skrifað árið 1972, en núverandi íbúðarhús er byggt árið 1988 (sbr. www.skra.is) og eru engin úthús áfost því.

Óstaðsettar/horfnar minjar hugsanlega innan skráningarsvæðis í landi Minni-Grindils

Minni-Grindill - 1787-265

Hlutverk: Brunnhús

Tegund: Heimild

Staðhættir og lýsing

Í örnefnaskrá Minni-Grindils segir: „Bæjarlækurinn kemur úr Stóralæk og rennur skáhallt í boga heim undir íbúðarhúsið og síðan í Stóralæk aftur. Hann nam áður fast ofan við bæinn og var hann þar tekinn í Brunnhús. Síðan rann hann niður fyrir vestan bæinn og þaðan austur í Stóralæk ofan við svonefnda Fit.“ (bls. 1-2). Staðsetning er ekki að fullu ljós en Brunnhúsið hefur líklega verið innan skráningarsvæðisins, það ætti þó ekki að vera í neinni hættu vegna framkvæmdanna.

Minni-Grindill - 1787-266

Hlutverk: Fjárhús

Tegund: Heimild

³Skammt frá þar sem garðlag (1787-11) sveigir að Miklavatni eru tvennar mjög skálalegar tóftir sem sjá má á loftmynd. Sú vestari er um 20x10m á kant og stendur stök en hin sem er um 60m sauðaustan við hana er heldur stærri um 25x11m á kant og fast vestan við hana að því er virðist tvær smærri tóftir um 5x5m á kant. Hugsanlega eru þetta leifar fyrstu byggðar á Grindli, sem getið er í Landnámu og á að hafa verið bær Nafar-Helga. Þessar minjar voru þó ekki skoðaðar á vettvangi þar sem þær eru langt fyrir utan skráningarsvæðið og er frekari rannsókna á þeim þörf til að hægt sé að staðfesta aldur þeirra og eðli.

Staðhættir og lýsing

Í örnefnaskrá Minni-Grindils segir: „Bæjarlækurinn kemur úr Stóralæk og rennur skáhallt í boga heim undir íbúðarhúsið og síðan í Stóralæk aftur. Hann nam áður fast ofan við bæinn og var hann þar tekinn í Brunnhús. Síðan rann hann niður fyrir vestan bæinn og þaðan austur í Stóralæk ofan við svonefnda Fit. Fjárhús og hlaða stóðu á smá hól fast ofan við Fitina. Höllinn nefndist Húshóll. Lítið mýrardrag var ofan við þann hól, utan við Bæjarlæk, nær beint norður af bænum.“ (bls. 1-2). Staðsetning er ekki að fullu ljós en að líkendum hafa þessi hús verið innan skráningarsvæðisins, ofan vegar norðan bæjarhóls eru hins vegar slétt tún í dag og engar leifar þessara úтиhúsa sýnilegar á yfirborði að því er virðist.

Stóri-Grindill - 1787 – 7

Hlutverk: Óþekkt

Tegund: Garðlag

Hættumat: **Hætta.** Garðlagið hefur þegar orðið fyrir raski vegna veglagnningar og er fyrirhuguð lagnaleið í jaðri þessa rasks, neðan þjóðvegar.

Staðhættir og lýsing

Norðan við þjóðveginn vestan sumarbústaðar norðarlega í landi Stóra-Grindils er garðlag sem liggur u.b.b. norðaustur-suðvestur. Garðlagið er mjög umfangsmikið víðast hvar um 2m á breidd og allt að 4m á breidd þar sem það er breiðast en hæðin er á bilinu 1-1,5m. Garðlagið er algróið lyngi og grasi og er í grasgefnum þýfðum móa.



Mynd 6, horft til norðausturs eftir garðlagi (1787-7) í landi Stóra-Grindils.

Stóri-Grindill - 1787 – 8

Hlutverk: Óþekkt (stekkur?)

Tegund: Tóft

Hættumat: Engin hætta. Minjarnar eru utan svæðis.

Staðhættir


Tóft er byggð upp við garðlag norðan þjóðvegar um 70m VNV af sumarbústað norðarlega í landi Stóra-Grindils.

Lýsing

Tóftin virðist þrískipt og er byggð upp við garðlag (1787-7) að norðan en stendur heldur lægra. Ekki er ljóst hvort téóttin er samtíða eða yngri en garðlagið. Veggir eru á bilinu 40-60sm háir og allt að 160sm breiðir, algrónir sinu og lyngi. Þeir eru að hluta sokknir og þýfðir. Hlið virðist hafa verið til suðvesturs úr stærsta hólfinu (3x3,5m að innanmáli) en ekki eru greinileg hlið eða dyr á milli hólfra.

Aðrar upplýsingar

Í örnefnaskrá Stóra-Grindils segir: „Engið niður undir Miklavatni, rétt fyrir ofan holt, sem liggja að vatninu, heitir Stekkjarengi, en þar í holtunum mun áður hafa verið stekkur, u.b.b. 500 m frá bænum.



Þar fyrir sunnan er mýrasund, sem sker sig í gegnum holtin alveg niður að vatni og upp úr holtunum. Það heitir Breiðasund.“ (bls. 3) Þessar tóftir eru af lýsingunn að dæma sunnan við Breiðasund og því ekki sá stekkur sem rætt er um hér, en engu að síður er þetta stekkjarlegt, mögulega eldri stekkur frá jörðinni.

Stóri-Grindill - 1787 – 9

Hlutverk: Óþekkt (rétt?)

Tegund: Tóft

Hættumat: Engin hætta. Minjarnar eru utan svæðis.

Staðhættir

Tóftin er í þýfðu mólendi um 90m norðvestur af sumarbústað í landi Stóra-Grindils. Hún sker sig nokkuð úr umhverfinu stendur hærra og er grænni en móinn í kring.

Lýsing

Tóftin er næsta ferhyrnd en með rúnnuð horn, um 11m á kant að utanmáli en 6,5m á kant að innanmáli. Veggir eru þýfðir og algrónir sinu og lyngi. Ekkert hlið er greinanlegt á tóftinni.

Aðrar upplýsingar

Óvist er um tilgang en hugsanlega lítil rétt af einhverju tagi.



Mynd 7. Horft til suðurs yfir tóft (1787-9) vestan við sumarbústað í landi Stóra-Grindils.

Stóri-Grindill - 1787 – 10

Hlutverk: Óþekkt (heytóft?)

Tegund: Tóft

Hættumat: Engin hætta.

Staðhættir

Tóftin er undir lágri brekku í mólendi við mýrarjaðar um 170m suðvestur af sumarbústað sem er norðaustast í landi Stóra-Grindils.

Lýsing



Mynd 8. Horft SSV yfir tóft (1787-10) í móanum norðan vegr í landi Stóra-Grindils.

Tóftin liggur u.p.b. NA-SV og er 5x9,5m á kant að utanmáli, veggir eru á bilinu 20-30sm háir og um 50sm breiðir. Tóftin er algróin grasi og sér hvergi í grjót.

Stóri-Grindill - 1787 – 11

Hlutverk: Óþekkt

Tegund: Garðlag

Hættumat: Hætta. Garðlagið hefur þegar orðið fyrir miklu raski vegna vegagerðar og skurðgraftar en miðað við fyrirhugaða lagnaleið ætti garðlagið ekki að vera í hættu af því.

Staðhættir og lýsing

Garðlagið er um 2m breitt og á bilinu 20-40sm hátt þar sem það sést. Það er að hluta sokkið í myri og hefur eins og áður segir orðið fyrir raski af völdum vegagerðar. Hægt er að rekja það á lofmynd frá þjóðveginum við merki Stóra-Grindils og Hamars til norðausturs í nokkuð beina línu á um 600m kafla en síðan sveigir það til norðausturs að Miklavatni.



Mynd 9. Horft til norðvesturs eftir garðlagi (1787-11) í landi Stóra-Grindils.

Stóri-Grindill - 1787 – 12

Hlutverk: Óþekkt

Tegund: Tóft

Hættumat: Engin hætta.

Staðhættir og lýsing

Lítil tóft er byggð upp við garðlag (1787-11) að norðan, þar sem garðlagið endar í horninu við þjóðveginn og merki Stóra-Grindils og Hamars. Tóftin er einföld og snýr eins og garðlagið norðvestursuðaustur. Veggir eru algrónir, um 40sm breiðir fyrir utan garðlagið sem er um á 2m breidd, vegghæð er á bilinu 20-40sm. Engar dyr eða hlið eru greinanleg á tóftinni og hlutverk hennar óvist.

Stóri-Grindill/Hamar - 1787 – 13

Hlutverk: Landamerkjagarður (vörlugarður)

Tegund: Garðlag

Hættumat: Mikil hætta. Fyrirhuguð lagnaleið milli sumarhúsanna eins og hún er teiknuð myndi fara í gegnum garðlagið beint vestur af vestasta sumarhúsinu í landi Hamars. Í samtalí við eiganda eins af sumarhúsnum kom hins vegar fram að ekki stæði til að fara í þessa framkvæmd að sinni þótt gert vær ráð fyrir henni í framtíðinni.

Staðhættir og lýsing

Garðlag er á merkjum Stóra-Grindils og Hamars og er það allstæðilegt á köflum en slitrótt á milli. Það liggur eftir merkjum u.p.b. í SV frá Miklavatni, því sem næst í beinni línu til fjalls.



Mynd 10. Horft NNA eftir garðlagi (1787-13) á merkjum Stóra-Grindils og Hamars.

Hægt er að greina garðlagið á loftmynd á a.m.k. 1100m kafla, upp að svonefndum Hamri, þar kemur það þvert á annan garð, Blákápuðarð, sem liggur eftir hlíðinni, u.b.b. norðvestur-suðaustur.

Aðrar upplýsingar

Í örnefnaskrá Stóra-Grindils segir: „Að sunnan, milli Stóra-Grindils og Hamars, eru merkin í Hundraðapoll, sem er djúpur pollur í bakka Miklavatns, rétt fyrir norðan Fljótárósinn. Þaðan liggja merkin eftir garðlagi upp í Hamarinn, sem bærinn Hamar hefur dregið nafn sitt af. Þaðan er svo bein lína til fjalls.“ (bls. 1)

Hamar - 1787 – 14

Hlutverk: Óþekkt

Tegund: Garðlag

Hættumat: Engin hætta. Fyrirhuguð lagnaleið er tæpa 25m suður af enda garðlagsins og það ætti ekki að vera í hættu ef þeirri línu er fylgt.

Staðhættir og lýsing

Garðlagið er um 60sm breitt og 50sm hátt, það sést á rúmlega 40m kafla í túninu suðaustur af austasta sumarhúsinu. Hluti þess hefur að líkindum verð sléttuður þegar túnið var gert. Óvist er um aldur og hlutverk.

Fornleifaskrá: Austur-Fljót, frá Lambanesi að Þrasastöðum



Mynd 11, horft til norðvesturs heim að Lambanesi. Heilsárshús er þar í byggingu á sama stað og eldra íbúðarhús stóð áður og torfbær á undan því örliði austar á hlaðinu. Neðar í túninu er eldra bæjarstæði og heimild um kirkju.

Lambanes - 1787 – 15

Sérheiti: Lambanes

Hlutverk: Híbýli

Tegund: Heimild

Hættumat: Mikil hætta. Líklegt er að jarðlægar minjar síðasta torfbæjarins séu á hlaðinu umhverfis númerandi íbúðarhús og í hættu vegna framkvæmda, ekki verður hins vegar séð að ein leið sé betri en önnur að húsinu.

Staðhættir

Í örnefnaskrá kemur fram að síðasti torfbærinn hafi verið á svipuðum slóðum og númerandi íbúðarhús og eru líkur á að jarðlægar minjar hans séu í hættu, engar minjar eru hins vegar sýnilegar á yfirborði. Eldra bæjarstæði og heimild um alkirkju eru hins vegar neðar í túninu og utan svæðis.

Aðrar upplýsingar

Í samtali við Hermann Jónsson fyrrverandi bónda á Lambanesi kom fram að þegar hann flutti að Lambanesi hafi torfbærinn verið horfinn en hann hafi staðið norðan við steinsteypt íbúðarhús sem þá var í notkun. Hann reif það hús og byggði nýtt á sama stað, það hús hefur nú einnig verið rifið og stórt fristundahús er að rísa á gamla bæjarstæðinu (samtal. 29.5.2015).

Í örnefnaskrá Lambaness segir: „Gamli bærinn stóð u.p.b. 6 metrum utan (austan) við íbúðarhúsið, sem nú er. Fjós var samþyggt við gamla bæinn. Íbúðarhúsið var byggt 1925. Ennþá fyrr stóð gamli bærinn á hæð austur og niður á túninu. Beint fyrir utan (austan) hann, á hæð, stóð áður bænhús.“ (bls. 1). Í örnefaskránni stendur „austan“ á nokkrum stöðum innan sviga á eftir „utan“ og virðist skrasetjari hafa bætt því inn, það gengur hins vegar illa upp. Eðlilegra væri að áttahorfið út væri til norðurs eða norðvesturs eftir legu landsins, en Miklavatn liggr norðvestur-suðaustur líkt og fjöllin ofan við bæinn, þá hallar t.a.m túninu öllu til vesturs og gamla bæjarstæðið getur því varla verið bæði fyrir neðan númerandi íbúðarhús og austan við það. Líklega hefur það verið á hólnum norðvestan og neðan við númerandi bæjarstæði.

Lambanes kemur fyrst fyrir í jarðabréfum frá miðri 14. öld en hún gekk í og úr eigu Hólastóls a.m.k. tvívar fram á miðja 15. öld (Íslenskt fornbréfasafn III, bls 65, 316 og V, bls. 38) og í nokkrum bréfum Hólastóls frá 16. öld (Ísl. fornbr. IX, bls. 302; XI, bls. 856, 863; XV, bls. 230, 460). Í skrá yfir kirkjur og bænhús frá árinu 1461 segir um Lambanes að þar sé alkirkja en hún sé lítt standandi (Ísl. fornbr. V, bls. 355). Í Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalín frá 1709 kemur fram að skemmu húsið hafi þá staðið þar sem kirkjan var áður og tíðir ekki veittar í manna minni (JÁM IX, bls. 336).

Í jarðabókinni er getið um hjáleigu frá Lambanesi, Lambaneskot, sem var byggt í heimatúninu fyrir manna minni og farið í eyði undir lok 17. aldar (1686-1687) (JÁM IX, bls. 336). Að auki er þess getið að fjárhús jarðarinnar standi á plássi sem kallist Brennistaðir og girðingar umhverfis bendi til að þar hafi verið byggð þótt enginn kunni frá því að segja. Þá er sagt frá því að selið frá Lambanesi standi á fornu eyðibóli í landi jarðarinnar sem hafi heitið Sólheimar, en það hafi farið í eyði fyrir allra manna minni (JÁM IX, bls. 337-338).



Teikning 1. Minjar á Brennistöðum í landi Lambaness. Rauða línan er lagnaleiðin eins og hún lá fyrir þegar skráning fór fram og rauðskyggða svæðið nær 50m útfrá línumni til hvorrar handar.



Mynd 12. Horft til suðurs eftir túngarði (1787-16) á Brennisteðum í landi Lambaness.

Lambanes - 1787 – 16

Hlutverk: Túngarður

Tegund: Garðlag

Hættumat: Mikil hætta. Eins og lagnaleiðin er teiknuð þá mun verða farið í gegnum gamla túnið á Brennisteðum rétt fyrir neðan gamla bæjarhólinn og í gegnum torfgarða á fjórum stöðum, en nokkrar kynslóðir garðlaga eru á svæðinu. Lagt var til að línan yrði færð og liggur endanleg niðurstaða um legu hennar ekki fyrir þegar þetta er skrifað.

Staðhættir

Túngarður er umhverfis túnið á Brennisteðum. Garðlagið umlykur um 2,3 ha svæði. Það er á bilinu 1-2m breitt og 30-100sm hátt, algróið grasi og lyngi. Garðlagið er nokkuð heillegt en fornlegt. Innan þess í norðurhluta túnsins er annað garðlag sem er óljósara og virðist eldra (1787-17).

Lambanes - 1787 – 17

Hlutverk: Túngarður

Tegund: Garðlag

Hættumat: Mikil hætta. Eins og lagnaleiðin er teiknuð þá mun verða farið í gegnum gamla túnið á Brennisteðum rétt fyrir neðan gamla bæjarhólinn og í gegnum torfgarða á fjórum stöðum, en nokkrar kynslóðir garðlaga eru á svæðinu. Lagt var til að línan yrði færð og liggur endanleg niðurstaða um legu hennar ekki fyrir þegar þetta er skrifað.

Staðhættir og lýsing

Norðarlega innan túnsins á Brennisteðum er fornlegt garðlag sem liggur í svolitlum

hlykkjum upp brekkuna og lokar af svæði sem er um 1,7 ha að stærð. Garðlagið er á bilinu 10-50sm hátt og 1-2m breitt og fellur vel inn í umhverfið og er ógreinilegt á köflum. Af útliti garðsins að dæma er hann eldri en sá sem hringar túnið (1787-16) og hugsanlegt að túnið hafi því verið stækkað til norðurs og veggir gamla garðlagsins endurhlaðnir á sama stað að austan, vestan og sunnan.



Mynd 13. Horft til vesturs niður eftir fornlegum túngarði (1787-17) sem er innan, að því er virðist yngri, garðs (1787-16) á Brennisteðum. Miklavatn í baksýn.

Lambanes - 1787 – 18

Hlutverk: Vörlugarður/túnagarður

Tegund: Garðlag

Hættumat: Mikil hætta. Eins og lagnaleiðin er teiknuð þá mun verða farið í gegnum gamla túnið á Brennnistöðum rétt fyrir neðan gamla bæjarhólinn og í gegnum torfgarða á fjórum stöðum, en nokkrar kynslóðir garðлага eru á svæðinu. Lagt var til að línan yrði færð og liggur endanleg niðurstaða um legu hennar ekki fyrir þegar þetta er skrifað.

Staðhættir

Garðlag sem afmarkar um 3 ha svæði neðan túns á Brennistöðum og niður að Miklavatni.

Lýsing

Frá norðvesturhorni túngarðsins (1787-17) umhverfis Brennistaði er fremur óljós hleðsla til norðurs, sem er 50x50sm á kant (1787-18) mögulega túngarður fremur en upphlaðinn vegur. Sumstaðar sést þetta þó aðeins sem kantur undan brekkunni. Í framhaldi af þessum kanti gengur garðagið til norðvesturs og er greinilegra, og hægt að rekja það með góðu móti niður að Miklavatni. Þar er garðurinn lyngi gróinn og fornlegur, á bilinu 40-70sm hárr, og 1,5-2m breiður. Að sunnanverðu er garðaglið frá Miklavatni austur að túngarðinum, í örlistum sveig til suðurs. Á þessum kafla er garðurinn allt að tveggja metra breiður og um 40-60sm hárr, er hann sameiginlegur túngarðinum (1787-16 og 17) og er að hluta til um 1m hárr bakki fremur en garðlag. Þetta garðlag er fornlegra að sjá en túngarðurinn og líklega eldra, a.m.k. hefur því ekki verið haldið við jafn lengi.

Aðrar upplýsingar

Í handriti Hannesar Hannessonar af örnefnum í Lambanesi segir: „Niður af íbúðarhúsinu [á Lambanesi] heita Gerði. Niður af Syðragerði er hóll sá heitir „Langhóll“ suður af Langhól heitir „Hesthúsgerði“ suður frá túninu fyrir neðan gamla vega taka við höll. Syðsti hóllinn þar heitir „Arnarhóll“.“
(bls. 1). Líklega afmarkar þetta garðlag því Höllin eða er a.m.k. í þeim.



Lambanes - 1787 – 19

Hlutverk: Vörlugarður/túnagarður

Tegund: Garðlag

Hættumat: Mikil hætta. Eins og lagnaleiðin er teiknuð þá mun verða farið í gegnum gamla túnið á Brennnistöðum rétt fyrir neðan gamla bæjarhólinn og í gegnum torfgarða á fjórum stöðum, en nokkrar kynslóðir garðлага eru á svæðinu. Lagt var til að línan yrði færð og liggur endanleg niðurstaða um legu hennar ekki fyrir þegar þetta er skrifað.

Staðhættir og lýsing

Syðst er mjög fornlegur garður sem nær frá Miklavatni til norðausturs upp brekkuna að gamla þjóðveginum en beygir þar til NNA og sést á kafla ofan við gamla veginn upp að núverandi þjóðvegi sem hefur farið yfir garðinn. Þetta garðlag hefur nú þegar orðið fyrir miklu raski af völdum vegagerðar, en auk þess sem þegar hefur verið nefnt fer afleggjarinn niður að nyrsta sumarbústaðnum, yfir garðinn á tveimur stöðum. Garðaglið er gróíð mosa og lyngi mestan part en rofablettir í því á nokkrum stöðum upp brekkuna. Það er á bilinu 30-100sm hátt og mest 2m breitt. Á kaflanum milli nýja og gamla

Mynd 14. Horft til norðausturs upp eftir syðsta garðlaginu á Brennstöðum (1787-19). Myndin er tekin af afleggjaranum niður að bústaðnum, garðaglið er algjörlega rofið í burtu ofan við veginn og þar fyrir ofan hefur hluta hans verið breytt í einhverskonar matjurtabeð.

þjóðvegarins virðist garðurinn vera tvöfaldur, hugsanlega er það vegna hruns en mögulega eru þarna tvær kynslóðir garða á sama stað. (Hnippunktur var tekinn á garðlaginu þar sem lagnalínan var fyrirhuguð (ISN93: A 497606 N 497606).



Mynd 15. Horft til norðurs yfir bæjarrústir Brennistaða (1787-20), fjær til vinstri á myndinni sést nýtt íbúðarhús í smíðum á Lambanesi og Lambanesreykir í fjarska fyrir miðri mynd.

Lambanes - 1787 – 20

Sérheiti: Brennistaðir

Hlutverk: Bæjarhóll (A)

Tegund: Hóll

Hættumat: Mikil hætta. Upphafleg lagnaleið lá þvert í gegnum túnið rétt neðan við eldri bæjarhólinn og töldust minjarnar í hættu, af þeim sökum. Lagt var til að línan yrði færð og liggur endanleg niðurstaða um legu hennar ekki fyrir þegar þetta er skrifað.

Staðhættir

Flestir tóftirnar eru efst í túninu áður en því fer að halla verulega til vesturs. U.þ.b. fyrir miðju er umfangsmikið rústasvæði á grónum hól. Þetta er að öllum líkindum eldra bæjarstæði Brennistaða, en samkvæmt handriti Hannesar Hannessonar þá var byggt á nýjum stað neðar í túninu um eða rétt fyrir 1940 (sjá nánar um 1787-22).

Lýsing

Hóllinn er aflangur frá norðri til suðurs, um 35m langur og 20m breiður og er um 150sm hærri en umverfið að austan en að vestan tekur við brekka með nokkrum halla til vesturs. Á hólnum eru tóftir, að því er virðist frá fleiru en einu tímabili (sjá nánari lýsingu á sjálfum tóftunum hér að neðan 1787-21). Óvist er hvað af þessum tóftum tilheyra bæjarhúsum og hvað fjárhúsum. En líklega hafa fjárhúsin sem nefnd eru í jarðabókinni frá upphafi 18. aldar verið á þessum stað.

Aðrar upplýsingar

Í örnefnaskrá Lambaness segir: „Beint suður af gamla bænum (síðara), utan túns, stóð gamalt býli, nefnt Brennistaðir. Þar er sagt, að brunnið hafi þrisvar sinnum. Í kringum Brennistaði var smá tún, u.b.b. 1 hektari að stærð. Nú hafa tóftir Brennistaða verið sléttaðar og byggður sumarbústaður þar.“ (bls. 2). Í handriti Hannesar Hannessonar af örnefnum í Lambanesi segir: „[...] upp af Arnarhól eða heldur norðar er gamla býlið Brennistaðir, gamli vegurinn lá þar í gegnum túnið. Neðst í túninu á Brennistöðum var byggt nýbýli í vor sem leið af Óla Ragnarssyni, eða þeim Ragnarsbörnum - Ragnar Ólafsson faðir þeirra var konsúll á Akureyri.“ (bls. 1). Líklega ritað 1941 eða um það bil, sbr. örnefnaskrá Illugastaða, Hannes fæddist 1888 og dó 1963 (samkv. vef Héraðsskjalasafns Skagfirðinga: <http://bragi.info/skag/hofundur.php?ID=15619>). Bæjarstæðin á Brennistöðum virðast því vera tvö, það yngra neðst í túninu þar sem sumarhúsið var byggt og stendur enn og hitt ofar í túninu.

Í jarðabók frá 1705 segir: „Brennestader heitir það pláts, sem fjárhúsin standa á, og eru girðíngar í kríng so sem mönnum þykir líklegt að einhvörntíma hafi þar bygð staðið. En enginn getur hjer neitt framar um undirrjettað.“ (JÁM IX, bls. 337).

Lambanes - 1787 – 21

Hlutverk: Óþekkt (Fjárhús/híbýli)

Tegund: Tóft

Hættumat: **Mikil hætta.** Upphofleg lagnaleið lá þvert í gegnum túnið rétt neðan við eldri bæjarhólinn um 13m vestan við þessar minjar. Lagt var til að línan yrði færð og liggur endanleg niðurstaða um legu hennar ekki fyrir þegar þetta er skrifað.

Staðhættir og lýsing

Flestir tóftirnar eru efst í túninu áður en því fer að halla verulega til vesturs. U.b.b. fyrir miðju er umfangsmikið rústasvæði á grónum hól. Þetta er að öllum líkindum eldra bæjarstæði Brennistaða, en samkvæmt handriti Hannesar Hannessonar þá var byggt á nýjum stað neðar í túninu um eða rétt fyrir 1940 (sjá nánar um 1787-22).

Lýsing

Yngsta tóftin á hólnum liggur eins og hóllinn u.b.b. norður suður. Hún er tví- eða þrískipt. Syðst er lítið hólf með dyr eða op til suðvesturs, en norðan við er stærra rými sem gæti verið tvískipt þótt ekki sé hægt að útiloka að um hrún sé að ræða, norðari hluti þess er 4,5x6,5m á kant og eru dyr útúr því til vesturs við norðurgafl og mögulega einnig til austurs, við suðurendann er líkt og veggur eða hrún og inn af því annað rými sem er tæplega 3x3m á kant og innangengt á milli. Talsvert grjót er í veggjum sem eru annars algrónir grasi og sér ekki í berar torfhleðslur. Vegghæð er á bilinu 40-90sm og breiddin 1,5-2,5m. Sunnan við þessa tóft, sem er græn og sker sig vel úr umhverfinu, mótar fyrir tveimur hólfum sem virðast hluti af eldri byggingu eða byggingum sem ganga undir hinum. Samkvæmt jarðabók frá upphafi 18. aldar voru fjárhús á „plássinu“ þar sem býlið Brennistaðir voru áður og er líklegast að þau hafi verið á þessum stað, en óvist hve margar kynslóðir útihúsa kunna að vera þarna fyrir og eftir.

Aðrar upplýsingar

Í jarðabók frá 1705 segir: „Brennestader heitir það pláts, sem fjárhúsin standa á, og eru girðíngar í kríng so sem mönnum þykir líklegt að einhvörntíma hafi þar bygð staðið. En enginn getur hjer neitt framar um undirrjettað.“ (JÁM IX, bls. 337).



Mynd 16. Horft til norðvesturs yfir sumarhús á „yngra“ bæjarstæðinu á Brennistöðum.

Lambanes - 1787 – 22

Sérheit: Brennistaðir

Hlutverk: Bæjarhóll (B)

Tegund: Hóll

Hættumat: Mikil hætta. Miðað við teikninguna af lagnaleiðinni er ráðgert að tengja húsið sem stendur á hólnum við hitaveitu úr suðvestri frá sumarbústaðnum sem þar er.

Staðhættir og lýsing

Neðarlega í suðvesturhorni túnstæðisins á Brennistöðum er aflangur hóll frá norðri til suðurs um 35m langur og 20m breiður. Nyrst á honum er lítið sumarhús og bak við það að austan tóft. Tóftin er rúmlega 3x3m að innanmáli og virðast dyr hafa verið til vesturs í átt að húsinu. Veggir eru stæðilegir að innan um 60sm háir og grjóthlaðnir að miklu leyti. Tóftin virðist að hluta niðurgrafin og veggir hafa verið breiðir en þeir renna saman við hólinn svo útbrúnir þeirra eru ekki skýrar. Í örnefnaskrá frá 1940 eða 41 segir að vorinu áður en hún var rituð hafi verið byggt nýbýli neðst í túninu (bls. 1), sem bendir til að gamla bæjarstæðið hafi verið annarsstaðar, og er líklegasti staðurinn tóftahóllinn (1787-20) efst í túninu. Í örnefnaskrá frá 1972 er sagt að búið sé slétta úr tóftum bæjarins á Brennistöðum og byggja þar sumarbústað (bls. 2), væntanlega húsið sem þar er nú 2015. Fyrir utan tóftina austan við húsið þá eru hleðsluleifar umhverfis húsið og gætu tengst byggingu þess en ekki er ólíklegt að þarna leynist einhverjar minjar undir sverði þrátt fyrir sléttunina, en svæðið umhverfis húsið og tóftina er grænna en umhverfið og líklegt að þar leynist minjar undir sverði. Rétt er að taka fram að ekki er hægt að fullyrða að minjar á þessum stað geti ekki verið eldri en frá 20. öld, bæði vegna aldurs annarra minja á svæðinu og nokkurrar óvissu um upprunalegt bæjarstæði.

Aðrar upplýsingar

Í örnefnaskrá Lambaness frá 1972 segir: „Beint suður af gamla bænum (síðara), utan túns, stóð gamalt býli, nefnt Brennistaðir. Þar er sagt, að brunnið hafi þrisvar sinnum. Í kringum Brennistaði var smá tún, u.b.b. 1 hektari að stærð. Nú hafa tóftir Brennistaða verið sléttar og byggður sumarbústaður þar.“ (bls. 2). Í handriti Hannesar Hannessonar af örnefnum í Lambanesi segir: „[...] upp af Arnarhól eða

heldur norðar er gamla býlið Brennistaðir, gamli vegurinn lá þar í gegnum túnið. Neðst í túninu á Brennistöðum var byggt nýbýli í vor sem leið af Óla Ragnarssyni, eða þeim Ragnarsbörnum - Ragnar Ólafsson faðir þeirra var konsúll á Akureyri.“ (bls. 1). Ritað 1941 eða um það bil, sbr. örnefnaskrá Illugastaða, Hannes fæddist 1888 og dó 1963 (samkv. vef Héraðsskjalasafns Skagfirðinga:

<http://bragi.info/skag/hofundur.php?ID=15619>). Bæjarstæðin á Brennistöðum virðast því vera tvö, það yngra neðst í túninu þar sem sumarhúsið var byggt og stendur enn og hitt ofar í túninu og kemur þá ekki annað til greina en umræddar minjar.

Í jarðabók frá 1705 segir: „Brennestader heitir það pláts, sem fjárhúsin standa á, og eru girðíngar í kríng so sem mönnum þykir líklegt að einhvörntíma hafi þar bygð staðið. En enginn getur hjer neitt framar um undirrjettað.“ (JÁM IX, bls. 337).

Lambanes - 1787 – 23

Hlutverk: Óþekkt (brunnur)

Tegund: Niðurgröftur

Hættumat: Engin hætta. Minjarnar eru utan svæðis og ekki í hættu af þeim sökum eða öðrum.

Staðhættir og lýsing

Um 120m neðan við yngra bæjarstæðið á Brennistöðum er hringlaga niðurgröftur fullur af vatni og troðin leið að því er virðist frá honum upp að bænum. Líklega brunnur frá bænum.



Mynd 17. Horft til austurs yfir hringlaga niðurgröft (brunn?) (1787-23), troðin gata virðist vera frá niðurgrefrinum upp að bæjarstæðinu og bústaðnum sem sést efst á myndinni.



Mynd 18. Horft til norðvesturs yfir fornlega tóft (1787- 24) frá norðvestanverðum tófti (1787-24) sem tilheyrir ófornum lantkappa sem sést á hryggnum á milli lendinganna.

Lambanes - 1787 – 24

Hlutverk: Uppsátur/naust

Tegund: Tóft

Hættumat: Engin hætta. Minjarnar eru utan svæðis og ekki í hættu af þeim sökum eða öðrum.

Staðhættir

Tæpa 200m VSV af úтиhúsunum á Lambanesi er fornleg tóft á svolitum hól. Líklega leifar af uppsátri eða nausti. Í handriti Hannesar Hannessonar af örnefnum í Lambanesi segir: „Yst og neðst í túninu er hár hóll sé heitir „Blesuhóll“ suðvestur af honum er „Lambaneseyri“ Suður með vatninu er svokallað „Naust“ þar fyrir sunnan er „Vatnshóll“ (bls. 1).

Lýsing

Tóftin stendur á melrana og eru lækjarfarvegir beggja vegna, þurr að norðan en vatn í þeim syðri. Tóftin er algróin mosa og lyngi og fellur vel inní umhverfið. Hún snýr u.b.b. NNA-SSV og er um 12m löng og 7,5m breið að utanmáli, nokkurn veginn bátlaga að innanverðu, opin til suðurs. Niður við vatnið neðan við hólinn eru hugsanlega tvær lendingar. Stórgryti hefur verið rutt til hliðar og eru 2-3m breið skörð í gegnum það með nær sléttum malarbotni. Á hryggnum á milli þeirra er ankeri úr járni sem virðist ekki mjög gamalt.



Mynd 20. Horft til vesturs yfir tóft (1787-25) norðarlega innan túns á Brennistöðum í landi Lambaness.

Lambanes - 1787 – 25

Hlutverk: Óþekkt

Tegund: Tóft

Hættumat: Hætta. Minjarnar eru í um 13m fjarlægð frá fyrirhugaðri lagnaleið, en lagt var til að hún yrði færð til að forða öðrum minjum raski og liggur endanleg niðurstaða um legu hennar ekki fyrir þegar þetta er skrifað.

Staðhættir og lýsing

Ferköntuð tóft er á lágum hól um 50m norðan við tóftir (1787-16), á milli eldri og yngri túngarðs. Tóftin er um 9x9m á kant með rúnnuð horn og ekkert sýnilegt hlið eða dyr. Veggir eru grasi grónir um 30-50sm háir og um

2m breiðir, ekki sér í grjót inn í tóftinni en greinilegt hleðslugrjót er í útbrún veggja að norðan og sunnan.

Lambanes - 1787 – 26

Hlutverk: Óþekkt

Tegund: Tóft

Hættumat: Hætta. Minjarnar eru í um 13m fjarlægð frá fyrirhugaðri lagnaleið, en lagt var til að hún yrði færð til að forða öðrum minjum raski og liggur endanleg niðurstaða um legu hennar ekki fyrir þegar þetta er skrifað.

Staðhættir og lýsing

Óljós sokkin tóft er um 12m norðan við meint eldra bæjarstæði Brennistaða. Tóftin stendur á lágum hól, hún liggur u.b.b. norður suður og er 8x5m á kant að utanmáli, en veggir eru mjög sokknir og óljósir, algrónir grasi á bilinu 10-20sm háir.



Mynd 21. Horft til suðurs yfir tóft (1787-27) sem er upp við túngarðinn (1787-16) í suðausturhorni túnsins á Brennistöðum.

þvert á hitt með hlið til vesturs. Veggir eru á bilinu 30-90sm háir og 125-145m breiðir en túngarðurinn (1787-16) myndar austurvegginn og gæti verið samtíða tóftinni.

Lambanes - 1787 – 28

Hlutverk: Óþekkt

Tegund: Tóft

Hættumat: Hætta. Tóftin er í 12m fjarlægð frá fyrirhugaðri langaleið, en lagt var til að hún væri færð til að forða öðrum minjum raski og liggur endanleg niðurstaða um legu hennar ekki fyrir þegar þetta er skrifað.

Staðhættir og lýsing

Fremur óljós tóft er í suðausturhorni túngarðsins á Brennistöðum, um 2m suðvestan við tóft (1787-27). Tóftin snýr u.þ.b. suðvestur-norðaustur og er um 8x13m á kant að utanmáli, opin til suðvesturs. Veggir eru algrónir grasi og mosa á bilinu 10-20sm háir og um 1,7m breiðir. Þrátt fyrir að vera óljós á vettvangi og sjást illa á mynd þá kemur tóftin skýrt fram á loftmyndum af svæðinu.

Lambanes - 1787 – 27

Hlutverk: Óþekkt (stekkur)

Tegund: Tóft

Hættumat: Engin hætta. Tóftin er í 27m fjarlægð frá fyrirhugaðri lagnaleið, en lagt var til að hún væri færð til að forða öðrum minjum raski og liggur endanleg niðurstaða um legu hennar ekki fyrir þegar þetta er skrifað.

Staðhættir og lýsing

Tóftin snýr norður suður og liggur upp við garðlag (1787-29). Hún er tvískipt, stærra hólf að norðan tæplega 3x6m á kant að innanmáli með hlið á vestanverðum norðurenda. Minna hólfíð er um 2x3m á kant að innanmáli og snýr



Mynd 22. Óljós tóft (1787-28) í suðaustur horninu á túninu á Brennistöðum. Tóftin er fyrir miðri mynd en sést illa, hún sést engu að síður ágætlega á loftmyndum af svæðinu.



Mynd 23. Horft eftir götum (1787-29) til suðurs útúr túninu á Brennistöðum.



Mynd 24. Horft eftir götum (1787-29) til norðurs í gegnum túnið á Brennistöðum, Lambanes í baksýn.

Lambanes - 1787 – 29

Hlutverk: Leið

Tegund: Götur

Hættumat: Mikil hætta. Göturnar eru í hættu að óbreyttu en lagt var til að lagnaleiðin yrði færð og endanleg niðurstaða um legu hennar liggur ekki fyrir þegar þetta er skrifað.

Staðhættir og lýsing

Umfangsmiklar reiðgötur liggja í gegnum túnið á Brennistöðum, 4-6 samhlíða. Þær sjást vel í suðausturhorni túnsins þar sem þær fara í gegnum túngarðinn, en hverfa nokkurnveginn í miðju túni og sjást svo aftur í norðurhluta þess með stefnu á Lambanes.

Lambanes - 1787 – 30

Hlutverk: Leið

Tegund: Vegur

Hættumat: Engin hætta. Lagnaleiðin sem liggur frá aðallöginni niður að sumarbústaðnum sunnan við Brennistaði fer þvert á veginn á sama stað og afleggjarinn að bústaðnum liggur yfir gamla vegginn, svo hann hefur þegar orðið fyrir raski á þeim stað og ætti ekki að vera í frekari hættu ef ekki er brugðið útaf þeirri línu.

Staðhættir og lýsing

Ruddur vegur er sýnilegur á köflum í gegnum neðrihluta túnsins á Brennistöðum ofan við „yngra“ bæjarstæðið (1787-22). Vegurinn er greinilegur í suðurhluta túnsins þar sem hann fer í gegnum túngarðana og sömuleiðis nyrst þar sem hann liggur í gegnum garðana með stefnu rétt austan við bæ á Lambanesi.

Lambanes - 1787 – 31

Hlutverk: Óþekkt

Tegund: Tóft


Hættumat: Engin hætta. Minjarnar eru í jaðri skráningarsvæðisins og ekki í hættu vegna framkvæmdarinnar, en önnur hætta var ekki metin þar sem tóftin var ekki skráð á vettvangi.

Staðhættir og lýsing

Tóftin kom í ljós þegar loftmynd af svæðinu var skoðuð aftur að vettvangsskráningu lokinni og var ekki skráð á vettvangi.



Mynd 25. Horft til suðausturs yfir minjar norðarlega í landi Illugastaða. Fyrir miðri mynd á mörkum lyngmóans og túnsins sér móta fyrir túngarði (1787-32). Innan túns er vegur (1787-33) sem liggur á ská frá þjóðveginum niður fyrir hól, næri Miklavatni. Fleiri minjar eru á myndinni sem sjást misglögg, sjá teikningu 2.



Teikning 2. Minjar norðan túns á Illugastöðum. Rauða línan er lagnaleiðin eins og hún lá fyrir þegar skráning fór fram og rauðskygða svæðið nær 50m út frá línumni til beggja handa.

Illugastaðir - 1787 – 32

Hlutverk: Túngarður

Tegund: Garðlag

Hættumat: Hætta. Lagnaleiðin liggur eins og hún var upphaflega áætluð liggur í gegnum garðlag neðan við þjóðveginn, en lagt var til að línan yrði færð nær veginum þar sem þegar er búið að raska garðinum.

Staðhættir

Túngarðurinn á Illugastöðum að norðan sést á um 150m kafla frá Miklavatni til norðausturs upp að þjóðveginum. Garðlagið er á bilinu 20-50sm hátt og 1,5-2,5m á breidd á þessum kafla, algróið lyngi og

mosa og fremur fornlegt að sjá. Garðlagið sést einnig vel á loftmynd ofan vegar og austan við túnið á Illugastöðum suður að merkjagarði (1787-45) milli Illugastaða og Brúnastaða og hefur hann einnig þjónað sem túngarður beggja jarða á sínum tíma.

Illugastaðir - 1787 – 33

Hlutverk: Leið

Tegund: Vegur

Hættumat: Hætta. Lagnaleiðin liggur í gegnum veginn á sama stað og hann fer í gegnum túngarðinn (1787-32) á Illugastöðum neðan við þjóðveginn.

Staðhættir og lýsing

Vegurinn er upphlaðinn á bilinu 1,5-2,5m breiður og 10-40sm hærri en umhverfið. Vegurinn sést út við Miklavatn neðan við hólana norðan nyrsta túnsins á Illugastöðum og þaðan til norðurs og í gegnum túngarðinn fast neðan við þjóðveginn.

Aðrar upplýsingar

Í handriti Hannesar Hannessonar frá Melbreið (f. 1888 d. 1963) rituðu 1940-1941 segir: „Í gamla daga lá vegurinn um hlaðið á þessum bæjum [Illugastöðum og Brúnastöðum]. En um aldamótin síðustu var vegurinn færður niður fyrir túnin. Þar var gerður upphleyptur vegur, og var mölin flutt í hjólbörum, kláfum eða borin á bakinu, því að þá voru kerrur ekki til í sveitinni. Þetta var í mínu ungðæmi. Vegurinn lá svo með vatninu og suður svokallaðar Brúnastaðaeyrar neðan við túnið sjálft. Um 1920 var vegurinn færður í annað sinn og lá þá alllangt fyrir ofan þessa bæi, og voru það mest troðningar. Nú í ár (1941) er vegurinn færður í þriðja sinn og lagður í gegnum tún fyrrgreindra jarða, rétt neðan við Hlaðbrekkuna, og þar á hann að liggja framvegis.“ (bls. 1).

Illugastaðir - 1787 – 34

Hlutverk: Óþekkt

Tegund: Þústir

Hættumat: Engin hætta. Minjarnar eru utan framkvæmdasvæðis og ekki í hættu af þeim sökum né öðrum.

Staðhættir

Upp við túngarðinn að norðan á Illugastöðum um 80m upp af Miklavatni eru þústir á lágum hól. Höllinn virðist að hluta náttúrulegur og standa stórir steinar upp á milli þúfna á köflum. Engin veggjalög eru greinanleg en svæðið engu að síður tóftalegt, og heldur grænna en umhverfið. Það myndar ferhyrning sem er um 15x15m á kant með á bilinu 40-60sm háan kannt. Mögulega eru þarna einhverjar byggingaleifar þótt ekki sé hægt að fullyrða um það án frekari rannsóknar. Þessar þústir eru utan svæðis en voru skráðar sem hluti af heild minja sem þarna er.



Mynd 26. Horft til vesturs yfir garðlag (1787-35) niður við Miklavatn, rétt norðan við túngarðinn á Illugastöðum.

Illugastaðir – 1787 – 35

Hlutverk: Óþekkt

Tegund: Garðlag

Hættumat: Hætta. Minjarnar eru utan framkvæmdasvæðis og ekki í hættu af þeim sökum en þær liggja út að vatnsborði Miklavatns og er rofið úr endum beggja garða.

Staðhættir og lýsing

Niðri við Miklavatn rétt norðan við túngarðinn á Illugastöðum er vinkillaga garðlag sem lokar af lítið þríhyrnt hólf út við vatnið. Ofan við er uppsprettu og svolítil lækur sem rennur meðfram garðlaginu til norður út í vatnið. Garðlagið er torfhlaðið um 50-70sm breitt og 30-40sm hátt. Engar tóftir voru greinanlegar innan garðs.



Illugastaðir – 1787 – 36

Hlutverk: Óþekkt

Tegund: Tóft

Hættumat: Engin hætta. Minjarnar eru utan framkvæmdasvæðis og ekki í hættu af þeim sökum né öðrum.

Staðhættir

Tvær tóftir eru uppi á litlum en nokkuð háum hól niðri við Miklavatn norðarlega innan túngarðsins á Illugastöðum. Glögg tóft (1787-36) er efst á hólnum og önnur óljósari (1787-37) að hluta til undir henni. Greinilega tóftin er einföld, 2x2m á kant með dyr til suðurs. Veggir eru úr torfi, algrónir grasi og mosa á bilinu 1-2m breiðir og 40-50sm háir.

Illugastaðir – 1787 – 37

Sérheiti: Björnshús/Björnstóftir

Hlutverk: Óþekkt/húsmannsbýli

Tegund: Tóft

Hættumat: Engin hætta. Minjarnar eru utan framkvæmdasvæðis og ekki í hættu af þeim sökum né öðrum.

Staðhættir

Tvær tóftir eru uppi á litlum en nokkuð háum hól niðri við Miklavatn norðarlega innan túngarðsins á Illugastöðum. Glögg tóft (1787-36) er efst á hólnum og önnur óljósari (1787-37) að hluta til undir henni. Eldri tóftin er um 5x8m á kant að utanmáli með dyr til suðurs. Veggir eru algrónir grasi og mosa á bilinu 20-40sm háir og 1-1,5m breiðir. Tóftin virðist vera tvískipt en ekki er gott að greina innra fyrirkomulag hennar þar sem hin yngri er að hluta til ofan á henni.

Aðrar upplýsingar

Í örnefnaskrá Illugastaða segir: „Út frá Yztahúsgerðinu er hár hóll, sem heitir Kollur; niður af honum á Vatnsbakkanum er hóll, á honum eru tóftarbrot, sá hóll heitir Björnstóftir. Í jarðabók Árna Magnússonar er það nefnt Björnshús.“ (bls. 3). Miðað við þessu lýsingu virðast tóftirnar sem hér um ræðir hafa verið kallaðar Björnstóftir og líkur á að þar séu leifar húsmannsbýlisins sem getið er um í jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalín frá 1709 þar sem segir: „Biörnshús. Tómthús ljeð fátækum mönnum til húsmensku um nokkur ár, niðurfallið fyrir meir en 40 árum [s.s. fyrir 1669]. Húsleiga meina

menn verið hafi xx álnir í landaurum, og hafði húsmaður af öngvum landsnytjum neitt nema eldivið so sem hann með þurfti.“ (JÁM IX, bls. 336).

Illugastaðir – 1787 – 38

Hlutverk: Óþekkt

Tegund: Náttúrumyndun/tóft

Hættumat: Engin hætta. Meintar minjar eru utan framkvæmdasvæðis og ekki í hættu af þeim sökum né öðrum.

Staðhættir og lýsing

Óljós hugsanleg tóft er niðri við Miklavatn um 40m suðaustur af tóftahóli með tóftum (1787-37 og 38). Þessi meinta tóft er ögn sporöskjulaga 4x4,5m á kant að utanmáli með dyr til suðurs. Innanmálið er hringlaga um 1m í þvermál, veggir á bilinu 20-40sm háir. Þetta er þó eins og áður segir óljóst og ekki útilokað að um náttúrumyndun sé að ræða.

Illugastaðir – 1787 – 39

Hlutverk: Óþekkt

Tegund: Þústir

Hættumat: Engin hætta. Minjarnar eru utan framkvæmdasvæðis og ekki í hættu af þeim sökum né öðrum.

Staðhættir og lýsing

Út við Miklavatn fast vestan við veginn (1787-33) er aflangur þýfður tóftahóll og þústir á honum. Hóllinn er um 25m langur norður-suður og um 10m breiður en vegurinn liggar yfir austurhluta hans. Syðst á hólnum eru þústir, líklega byggingaleifar sem eru um 7x7m á kant, og standa 20-50sm hærra en umhverfið. Tvær dældir um 50sm djúpar eru í þessum þústum en veggir og innra fyrirkomulag ekki greinilegt. Nyrst á tóftahólnum er að auki niðurgröftur um 2x3m á kant.



Mynd 28. Horf í NNV yfir matjurtagarð (1787-40) norðarlega innan túngarðs á Illugastöðum. Vestan við hann, til vinstri á myndinni sést vegurinn (1787-3) þar sem hann liggar til norðurs yfir sundið upp að þjóðveginum.

Illugastaðir – 1787 – 40

Hlutverk: Matjurtagarður/rétt

Tegund: Garðlag

Hættumat: **Mikil hætta.** Miðað við fyrirliggjandi teikningu af lagnaleiðinni fer hún rétt yfir suðausturhorn mannvirkisins, en lagt er til að línan verði færð ögn til austurs til að forða því raski.

Staðhættir

Í örnefnaskrá Illugastaða segir: „Fyrir norðan hana [Hesthúslaut] er hár flötur, sem hét Yztahúsgerði, og þar er eina fjárhúsið nú. Suður og niður af því er hár hóll, ætið nefndur Hesthúshóll. Niður af honum nær vatninu er annar hóll, sem heitir Garðhóll; þar var áður stór matjurtagarður.“ (bls. 2). Mögulega eru þessi garðlög leifar af umræddum matjurtagarði en einnig er hugsanleg að um rétt sé að ræða. Annar greinilegur matjurtagarður (1787-43) er utan í aflöngum hól suðvestur af þessu mannvirki, með mun lægri og óverulegri veggi umhverfis.

Lýsing

Mannvirkið er í nokkrum halla til SSA og skiptist í tvennt, vestara hólfið er minna 13x17m að innanmáli en það austara um 22x17m að því er virðist en norðaustur hornið er horfið sem og nær allur austurveggurinn. Þar er rofablettur en mögulega hefur garðurinn orðið fyrir raski þegar þjóðvegurinn var gerður. Veggir eru stæðilegir á köflum en skörð í þeim á nokkrum stöðum að mestu gróin. Vegghæð á bilinu 30-120sm og breidd víðast hvar rúmlega 1m. Fyrir miðjum norðurvegg mannvirkisins er smá hólbunga sem skagar til norður og gæti mögulega verið leifar af einhverju eldra mannvirki en það er óljóst.

Illugastaðir – 1787 – 41

Hlutverk: Óþekkt

Tegund: Tóft

Hættumat: Engin hætta. Minjarnar eru utan framkvæmdasvæðis og ekki í hættu af þeim sökum né öðrum.

Staðhættir

Lítil niðurgrafin téft er í norðvesturenda hólrana sem liggar austur-vestur fyrir enda nyrsta túnsins á Illugastöðum.

Lýsing

Tóftin snýr u.þ.b. norðvestur-suðaustur og er 7x11m að utanmáli og hefur hlið eða dyr verið til norðvesturs. Veggir eru algrónir grasi á bilinu 30-50sm háir og víðast hvar um 150sm breiðir.



Mynd 29. Horft til suðausturs yfir niðurgrafna téft (1787-41) á Illugastöðum.

Illugastaðir – 1787 – 42

Hlutverk: Óþekkt

Tegund: Niðurgröftur

Hættumat: Engin hætta. Minjarnar eru utan framkvæmdasvæðis og ekki í hættu af þeim sökum né öðrum.

Staðhættir og lýsing

Í sunnanverðum vesturenda hólrana sem liggur u.þ.b. austur-vestur norðan við nyrstu túnin á Illugastöðum er niðurgröftur. Hann snýr u.þ.b. norðvestur-suðaustur og er 4x9m á kant og virðist hafa verið opinn til norðvesturs. Niðurgröfturinn er á bilinu 20-40sm djúpur en óvist er hvort hlaðið hefur verið í bakkana.



Mynd 30. Horft til suðurs yfir niðurgröft (1787-42) sunnan í hólrana norðarlega í landi Illugastaða. Í baksýn er Vatnshúsvöllur (tún) og Byttunes sem skagar til vesturs inní Miklavatn (til hægri á myndinni).

Illugastaðir – 1787 – 43

Hlutverk: Matjurtagarður

Tegund: Garðlag

Hættumat: Engin hætta. Minjarnar eru utan framkvæmdasvæðis og ekki í hættu af þeim sökum né öðrum.

Staðhættir

Aflangur gróinn hóll liggur austur-vestur ofan við Miklavatn norðarlega innan túngarðs á Illugastöðum, sunnan í honum eru leifar af matjurtagarði ásamt fleiri minjum.

Lýsing

Matjurtagarðurinn er í svolitlum halla til suðurs. Hann er 10x13m að innanmáli algróin grasi, veggir eru sömuleiðis algrónir á bilinu 30-60sm háir og um 80sm breiðir.



Mynd 31. Horft til vesturs, til vinstri á myndinni sést niðurgröftur (1787-44) og fjær matjurtagarður (1787-43).



Mynd 32. Horft til suðvesturs eftir landamerkjagarði (1787-45) milli Illugastaða og Brúnastaða.

Illugastaðir – 1787 – 44

Hlutverk: Óþekkt

Tegund: Niðurgröftur

Hættumat: Engin hætta. Minjarnar eru utan framkvæmdasvæðis og ekki í hættu af þeim sökum né í annarri fyrirsjáanlegri hættu.

Staðhættir

Niðurgröfturinn er ofan á hólrana sem liggur austur-vestur fyrir norðan nyrstu túnin (Vatnshúsvöll) á Illugastöðum. Niðurgröfturinn er um 4m á kant og 150-170sm djúpur. Bakkarnir eru að mestu grónir og að hluta fallnir inn, þetta virðist þó ekki vera mjög gamalt, en gæti verið matjurta-/kartöflugeymsla tengd garðinum vestar á hólnum (1787-43) eða hinum á næsta hól norðan við (1787-40).

Illugastaðir/Brúnastaðir - 1787 – 45

Hlutverk: Landamerki/túngarður

Tegund: Garðlag

Hættumat: Engin hætta. Svo virðist sem nú þegar sé búið að raska garðinum á þeim kafla sem skráningarsvæðið nær yfir.

Staðhættir og lýsing

Í örnefnaskrá Illugastaða segir: „Milli Brúnastaða og Illugastaða er Merkjagarður, og er hann jafnframt túngarður á báðum bæjunum.“ (bls. 1). Garðlagið sést ekki á kaflanum neðan við veginn þar sem fyrirhugað er að leggja hitaveituna, en er greinanlegt aðeins neðar, vestan við svæðið. Landamerkjagirðingin virðist vera á sama stað og garðurinn var og sést hann undir henni á smá kafla áður en girðingin tekur aðra stefnu meira til vesturs, en garðlagið heldur beinni stefnu niður í myrina að litlum læk um 120m austur af Miklavatni. Þar er hann um 1.5m breiður og 10-20sm hár, en allt að 40sm hár á kafla undir girðingunni. Garðurinn var ekki skoðaður ofan vegar enda þá komið út fyrir svæðið.

Aðrar upplýsingar

Í fornleifaskráningarskýrslu Fornleifastofnunar Íslands (FSÍ) frá 2001 segir: „Merkjagarðurinn náði allt frá túni, upp á brekkubrúnina austan við Ásendakot [031] og þaðan þvert yfir dalinn og upp í fjallið. Hann sést ágætlega á köflum en hverfur sumsstaðar í myrum. Garðurinn var skoðaður austarlega, í rótum fjallsins, norður af mynni Holtsdals. Gróin hæðótt brekka. Á þessum stað stendur bútur af garðinum upp úr snjó, 10-15 m langur. Algróinn og ekki sést í grjót, hæð óljós sökum snjóalaga. Breidd allt að 1m.“ (Orri Vésteinsson 2001, bls. 74).

Óstaðsettar/horfnar minjar hugsanlega innan skráningarsvæðis í landi Illugastaða

Illugastaðir – 1787 - 267

Sérheiti: Vatnshús?

Hlutverk: Híbýli

Tegund: Heimild

Staðhættir og lýsing

Í örnefnaskrá Illugastaða segir: „Fyrir sunnan þessa hóla [Hesthúshól og Garðhól] er Hesthúslækurinn, og fyrir sunnan hann, upp að neðri húsatóft og suður að bæjarlæknum, en niður að Miklavatni, nefnist Vatnshúsvöllur. Neðsti hluti hans heitir Byttunes, það er fyrir neðan veginn, sem lagður var um aldamótin [1900] og áður er nefndur. Í Vatnshúsvelli eru 2 tóftarbrot. Ytra tóftarbrotið er af bæ, sem þar var byggður um aldamótin síðustu, en það syðra er fjárhúsbrot sem fylgdi nýbýlinu.“(bls. 2).

Byttunes gengur til vesturs inn í Miklavatn og er ysti hluti þess um 300m vestur af íbúðarhúsinu á Illugastöðum. Ekki er ljóst hvar nákvæmlega umræddar tóftir hafa verið, en Vatnshúsvöllur er í dag slétt tún. Vegna þess að staðsetningin er óljós voru ekki gerðar tillögur að tilfærslu línunaranar á þessu svæði, en líklega hafa þessar tóftir þó verið innan skráningarsvæðisins og ekki hægt að útiloka að einhverjar leifar þeirra geti ekki leynt undir sverði.

Illugastaðir – 1787 - 268

Sérheiti: Vatnshús?

Hlutverk: Fjárhús

Tegund: Heimild

Staðhættir og lýsing

Í örnefnaskrá Illugastaða segir: „Fyrir sunnan þessa hóla [Hesthúshól og Garðhól] er Hesthúslækurinn, og fyrir sunnan hann, upp að neðri húsatóft og suður að bæjarlæknum, en niður að Miklavatni, nefnist Vatnshúsvöllur. Neðsti hluti hans heitir Byttunes, það er fyrir neðan veginn, sem lagður var um aldamótin [1900] og áður er nefndur. Í Vatnshúsvelli eru 2 tóftarbrot. Ytra tóftarbrotið er af bæ, sem þar var byggður um aldamótin síðustu, en það syðra er fjárhúsbrot sem fylgdi nýbýlinu.“(bls. 2).

Byttunes gengur til vesturs inn í Miklavatn og er ysti hluti þess um 300m vestur af íbúðarhúsinu á Illugastöðum. Ekki er ljóst hvar nákvæmlega umræddar tóftir hafa verið, en Vatnshúsvöllur er í dag slétt tún. Vegna þess að staðsetningin er óljós voru ekki gerðar tillögur að tilfærslu línunana á þessu svæði, en líklega hafa þessar tóftir þó verið innan skráningarsvæðisins og ekki hægt að útiloka að einhverjar leifar þeirra geti ekki leynt undir sverði.

Brúnastaðir - 1787 – 46

Hlutverk: Óþekkt

Tegund: Garðlag

Hættumat: Engin hætta. Garðurinn er í jaðri skráningarsvæðisins og ætti ekki að vera í hætta vegna hitaveitulagningar.

Staðhættir og lýsing

Garðstubbur vestast innan skógræktargirðingar í landi Brúnastaða norður við merkin við Illugastaði. Garðurinn liggur frá merkjagirðingu til suðurs og sést þar á um 120m kafla og tekur svo krappa beygju til norðausturs og sést á 45m kafla. Garð lagið er algróið grasi, 40-60sm hátt og um 1m breitt.

Aðrar upplýsingar

Mögulega er þetta hluti af görðum sem getið er um í svonefndum Garðabugum í örnefnaskrá Brúnastaða, en þar segir: „Utan (norðan) og neðan túns er grár steinn, nefndur Grái steinn. Hann er álagsteinn og má ekki hrófla við honum. Norðan hans er spilda, sem heitir Garðabugar. Þar eru hlaðnir torfgarðar“ (bls. 3).



Mynd 33. Horft til suðvesturs yfir garðlag (1787-46) sem gengur til suðurs útfrá landamerkjagarði (1787-45) Illugastaða og Brúnastaða.

Óstaðsettar/horfnar minjar hugsanlega innan skráningarsvæðis í landi Brúnastaða

Brúnastaðir - 1787 – 269

Hlutverk: Óþekkt/útihús?

Tegund: Heimild

Hættumat: Engin hætta. Staðsetning er fremur óljós en húsin hafa af lýsingu að dæma verið utan núverandi skráningarsvæðis.

Staðhættir og lýsing Í handriti Hannesar Hannessonar frá Melbreið „Örnefni á Brúnastöðum“ segir: „Beint niður af bænum frá bæjarlæk út að svokölluðum „Leyningi“ heitir Tveggjadagsslátta, þar fyrir utan „Vikuverk“, frá braut og niður úr. Syðst og neðst í því heita Gíslahústóftir. Þau hús byggði Gísli heitinn Bjarnason (smiður). Hann bjó nokkur ár á Brúnastöðum tvíbýli við Jón Jónsson [...]“ (bls. 1) Miðað við lýsingar ætti þetta að vera vestan skráningarsvæðisins þar sem nú eru tún. Mögulega eru einhverjar minjar þessa bæjar enn til staðar undir sverði en ættu ekki að vera í hætta af þessari framvæmd.

Minna-Holt – 1787 - 47

Hlutverk: Óþekkt (hleðsla undir girðingu?)

Tegund: Hleðsla/garðlag


Hættumat: **Mikil hætta.** Hluti hleðslunnar er í fyrirhugaðri lagnaleið og í hættu af þeim sökum.

Staðhættir og lýsing

Lág hleðsla er í hallandi mýrlendi norðarlega í landi Minna-Holts með stefnu norðvestursuðaustur. Hleðslan sést á um 250m kafla austan við þjóðveginn og norður af svonefndu Ystagerði. Hleðslan er á bilinu 10-30sm á hæð og víðast hvar um 40sm breið, ekki er um eiginlegt garðlag að ræða en gæti hafa verið hleðsla undan girðingu.



Mynd 34. Horft eftir lágu „garðlagi“ eða hleðslu (1787-47) norðarlega í landi Minna-Holts, líklega hleðsla undir girðingu, en núverandi girðingu er örfáum metrum neðar og fylgir veginum.



Teikning 3. Minjar á Ystagerði í landi Minna-Holts. Rauða línan er lagnaleið hitaveitunnar eins og hún lá fyrir þegar skráning fór fram og rauðskyggða svæðið nær 50m út frá henni í báðar áttir.



Mynd 35. Horft til norðvesturs eftir túngarði (1787-48) efst á svonefndu Ystagerði í landi Minna-Holts.

Minna-Holt – 1787 - 48

Sérheiti: Ystagerði

Hlutverk: Óþekkt/túngrarður

Tegund: Garðlag

Hættumat: Hætta. Hluti garðlagsins (sem er að vísu fremur óljós) er í um 5m fjarlægð frá fyrirhugaðri lagnaleið.

Staðhættir

Hár hóll er norðan við núverandi afleggjara heim að Minna-Holti, á honum eru leifar af garðlagi (túngrarði), líklega tveimur matjurtagörönum, einu fjárhúsi og reykkofa sem er að hluta steyptur.

Lýsing

Garðurinn er óglöggur en þó er hægt að rekja sig eftir honum frá suðausturhorni matjurtagarðsins (1787-50) um 50m til austurs þar sem hann beygir til norðurs að rústum fjárhúsa (1787-52). Smá stabbi sem virðist tilheyra túngarðinum er vestan þessara rústa og svo mótar fyrir garðinum efst á hólnum frá matjurtagarði (1787-51) og áfram fast austan við reykkofa og tóftir áfastar honum (1787-49) og áfram til vesturs niður af hólnum. Þar verður garðurinn mjög óljós en hugsanlega heldur hann áfram neðan við hólinn aftur til suðurs en gæti einnig verið utan í hólnum til suðausturs. Garðurinn er mest um 30sm hár en víða aðeins um 10sm og á bilinu 50-150sm breiður. Garðurinn umlykur svæði sem er um 0,45 ha.

Aðrar upplýsingar

Í örnefnaskrá Minna-Holts segir: „Utan við skurð, sem er norðan við Fit, hét Torfholt. Reitum, Fit, Torfholti og Litlahól hefur nú verið bylt. Norðan við Torfholt er heimkeyrslan og þar fyrir norðan heitir Miðgerði. Því hefur einnig verið bylt. Þar út (norður) af er Yztagerði, hár og grösugur hóll. Það tilheyrði gamla túninu og hefur því ekki verið bylt. Á því var áður hrútakofi, nú reykhús. Sunnan og austan í Yztagerði voru áður gamlar fjárhústóttir.“ (bls. 2).



Mynd 36. Leifar reykkofa (1787-49) úr torfi og steypu á Ystagerði í landi Minna-Holts.

Minna-Holt – 1787 - 49

Hlutverk: Reykkofi/Hrútakofi

Tegund: Tóft

Hættumat: Engin hætta.

Staðhættir

Í örnefnaskrá Minna-Holts segir: „Þar út (norður) af er Yztagerði, hár og grösugur hóll. Það tilheyrði gamla túninu og hefur því ekki verið bylt. Á því var áður hrútakofi, nú reykhús. Sunnan og austan á Yztagerði voru áður gamlar fjárhústóttir.“ (bls. 2).

Lýsing

Vestast á hólnum á Ystagerði eru rústir reykkofa úr torfi með steypta innveggi en austan við eru byggingaleifar úr torfi. Torfveggirnir eru 10-40sm háir nema að norðan þar sem veggurinn erum 1m hár. Steyptu plöturnar með innbrún

torfveggjana eru 160sm háar og víða aðeins um 10sm þykkar, en sumstaðar allt að 30sm. Greinilegt er að slegið hefur verið upp inní tóft eða húsi úr torfi og steypunni hellt niður á milli þils og veggjar. Þar sem torfið hefur rofnað utan af steypunni að sunnan sjást glögg fór eftir torfhnausa í steypunni. Miðað við örnefnaskrá þá var hrútakofi áður á hólnum, líklega er það sama tóft sem svo hefur verið breytt í reykhús. Hrútakofinn kann að hafa verið hluti af stærri byggingu, í það minnsta eru umfangsmeiri tóftir austan við steyptu tóftina, en þeirra er ekki getið í örnefnaskrá. Það sem sýnilegt er af þeirri tóft er um 7,5x9m að ummáli. Beint austur af steyptu tóftinni er rými sem snýr þvert á hana NA-SV og er 2,3x3,3m að innanmáli með dyr til austurs. Sunnan við hana er smærra hólf sem snýr NV-SA, 1,6x3m á kant með dyr til suðurs.

Minna-Holt – 1787 - 50

Hlutverk: Matjurtagarður

Tegund: Garðlag

Hættumat: Engin hætta. Matjurtagarðurinn er innan skráningarsvæðis en í um 30m fjarlægð frá fyrirhugaðri lagnaleið og því ekki í hættu af þeim sökum.

Staðhættir og lýsing

Í örnefnaskrá Minna-Holts segir: „Þar út (norður) af er Yztagerði, hár og grösugur hóll. Það tilheyrdi gamla túninu og hefur því ekki verið bylt. Á því var áður hrútakofi, nú reykhús. Sunnan og austan á Yztagerði voru áður gamlar fjárhústóttir.“ (bls. 2). Suður af reykkofanum eru leifar matjurtagarðs sem hallar til suðurs. Garðurinn er tvískiptur efst, um 4x9m á kant (A-V) og neðan við það í meiri halla til suðurs er stærra hólf sem snýr norður suður og er um 9x13,5m. Veggir eru á bilinu 30-40sm háir og um 40sm breiðir nema að vestan og sunnan í stærra hólfinu þar sem þeir eru óverulegir.



Mynd 37. Horft til norðurs upp að matjurtagarði á Yztagerði í landi Minna-Holts. Rústir reykkofa bera við himinn fyrir miðri mynd.

Minna-Holt – 1787 - 51

Hlutverk: Matjurtagarður

Tegund: Garðlag

Hættumat: Engin hætta. Garðlagið er utan skráningarsvæðis og ekki í hættu vegna framkvæmdanna.

Staðhættir og lýsing

Í örnefnaskrá Minna-Holts segir: „Þar út (norður) af er Yztagerði, hár og grösugur hóll. Það tilheyrdi gamla túninu og hefur því ekki verið bylt. Á því var áður hrútakofi, nú reykhús. Sunnan og austan á Yztagerði voru áður gamlar fjárhústóttir.“ (bls. 2). Um 40m suðaustur af reykkofanum eru sokkin garðlöög sem mynda afgirt hólf sem hallar örlítið til suðurs. Garðlögin eru sokkin og illgreinanleg, á bilinu 10-20sm há og um 1m breið og afmarka reit sem er um 10x10m á kant. Ekkert hlið er greinilegt á mannvirkinu, en líklegast er um matjurtagarð að ræða, þótt einnig geti hugsast að þetta sé lítil rétt.



Mynd 38. Horft til austurs yfir matjurtagarð (1787-51) á Yztagerði í landi Minna-Holts.

Minna-Holt – 1787 - 52

Hlutverk: Fjárhús

Tegund: Tóft

Hættumat: Engin hætta. Minjarnar eru utan svæðis og ekki í hættu vegna framkvæmdanna.

Staðhættir

Í örnefnaskrá Minna-Holts segir: „Þar út (norður) af er Yztagerði, hár og grösugur hóll. Það tilheyrdi gamla túninu og hefur því ekki verið bylt. Á því var áður hrútakofi, nú reykhús. Sunnan og austan á Yztagerði voru áður gamlar fjárhústóttir.“ (bls. 2). Þessar fjárhústóttir sjást enn þótt þær séu illgreinanlegar. Þær eru austanvert á hólnum um 60m suðaustur af reykfanum og hafa verið utan garðs á Yztagerði.

Lýsing

Fjárhúsin virðast hafa verið byggð upp að garðlagi sem er á hólnum (1787-48), tvær aflangar dældir eru í norðurhluta rústasvæðisins og ein að sunnan sem gengur þvert á hinum. Veggir eru mjög óverulegir og virðist tóftin hafa verið rifin eða henni rutt út, engu að síður sér móta fyrir útveggjum og dældir gefa vísbendingu um innra fyrirkomulag, líklega hafa þetta verið fjárhús með garða sem legið hefur norður-suður og hlaða eða heytóft verið sunnan við. Tófaleifarnar taka yfir svæði sem er um 11x11m á kant.



Mynd 39. Horft til suðausturs yfir fjárhústóftir (1787-52) á Yztagerði, Minna- og Stóra-Holt í baksýn og Helgustaðir í fjarska þar á milli.

Óstaðsettar/horfnar minjar hugsanlega innan skráningarsvæðis í landi Minna-Holts

Minna-Holt – 1787 - 270

Sérheiti: Draugatóft

Hlutverk: Óþekkt

Tegund: Tóft

Staðhættir og lýsing

Í örnefnaskrá Minna-Holts segir: „Niður af Minnholtsennum, við merkin, rétt við veginn, var svokölluð Draugatóft. Nú hefur hún verið tekin í veg.“ (bls. 3). Þessi tóft hefur að líkindum verið innan skráningarsvæðis en hvarf við vegagerð.

Minna-Holt – 1787 - 271

Sérheiti: Miðgerði

Hlutverk: Óþekkt

Tegund: Óþekkt/garðlag?

Staðhættir og lýsing

Í örnefnaskrá Minna-Holts segir: „Utan við skurð, sem er norðan við Fit, hét Torfholt. Reitum, Fit, Torfholti og Litlahól hefur nú verið bylt. Norðan við Torfholt er heimkeyrslan og þar fyrir norðan heitir Miðgerði. Því hefur einnig verið bylt. Þar út (norður) af er Yztagerði, hár og grösugur hóll. Það tilheyrði gamla túninu og hefur því ekki verið bylt. Á því var áður hrútakofi, nú reykhús. Sunnan og austan í Yztagerði voru áður gamlar fjárhústóttir.“ (bls. 2). Miðað við þessa lýsingu þá hefur Miðgerði verið á svipuðum slíðum, jafnvel sunnar en númerandi heimkeyrsla heim að Minna-Holti. Sitt hvoru megin heimkeyrslunnar eru slétt tún og engar sýnilegar minjar, engu að síður gætu minjar verið undir sverði einhversstaðar á þessu svæði. En vegna þess hve staðsetningin er óljós sem og upplýsingum ábótavant um hverslags mannvirki ef einhver hafa verið á Miðgerði, þá var ekki tali ástæða til að leggja til tilfærslu á línumni á þessu svæði.



Mynd 40. Horft til suðurs að baki íbúðarhússins á Stóra-Holti, fyrir miðri mynd sést ávalur hóll sem geymir gamlan kirkjugarð. Eldri kirkja og kirkjugarður voru þar sem úthúsin eru til vinstri á myndinni en gamli bærinn á sama stað og íbúðarhúsið.

Stóra-Holt – 1787 - 53

Sérheiti: Stóra-Holt/Holt

Hlutverk: Bæjarhóll/hýbýli

Tegund: Hóll

Staðhættir og lýsing

Gamli bærinn á Stóra-Holti stóð síðast á sama stað og neðra íbúðarhúsið, sem var byggt 1922 (sbr. skra.is)

Aðrar upplýsingar

Holt kemur fyrir í Biskupasögum og Sturlungu fyrir 1300 (Biskupasögur útg. 1858 og 1878, 7 þáttur; Sturlunga útg. 1946, 8. Þáttur, sbr. Björn Pálsson). Þá kemur Holtskirkja fram í Munkabverármáldaga frá 1318 (Íslenskt fornbréfasafn II, bls. 488). Jörðin kemur svo fyrir í nokkrum bréfum frá 15. öld (Ísl. fornbr. IV, bls. 309, 344-5, 565; VI, bls. 302, 542) og síðar (Ísl. fornbr. VII, bls. 699; IX, bls. 467; XI, bls. 261; XII, bls. 302, 554; XV, bls. 47, 88, 344).

Í jarðabókum frá 1686 og 1695 er Holt metin á 60 hundruð, landskuld 3 hdr. og kúgildi 10, en $\frac{1}{4}$ í kirkjueign og $\frac{3}{4}$ í bændaeign (Björn Lárusson 1967, bls. 264).

Í jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalín kemur fram að kirkja hafi verið á jörðinni 1709, annexía frá Barði. Jörðin var metin á 60 hdr., þar af 45 hdr. í bændaeign en 15 hdr. í eigu kirkjunnar.

Eign kirkjunnar tíundaðist presti og fátækum en landskuld á hinum eignarhlutanum var 3 hdr., leigukúgildi voru samtals 10 - 6 kirkjunnar og 4 jarðarinnar. Engar kvaðir voru á jörðinni. Talið var að hún gæti fóðrað 7 kýr, 36 ær, 20 lömb og 4 hesta. Jörðin átti rétt til upprekstrar á afrétt og leigði fjórum eða fimm jörðum selstöðu á Holtsdal, en aðeins tvær þeirra höfðu nýtt þær sumarið á undan en hinum ekki vegna mannfæðar eftir bóluna.

Um landkosti segir að torfrista og stunga hafi verið næg svo og reiðingsrista fyrir heimilið og móskurður til eldiviðar. Lyngrif til tróðs og eldiviðar bjarglegt, en grasatekja og berjalestur líttill. Við þetta er bætt að enginu spilli grjót og sandur úr Fljótá, sem þar fyrir utan sé oft svo blautt að það hamli heyskap. Þá var kvíkfé að sögn hætt fyrir afætudýjum og holgryfjulækjum til stórskaða og húsum og heyjum ekki óhætt fyrir stórvíðrum af útsuðri (JÁM IX, bls. 332-334).

Tilheyrandi Holti voru eftirtaldar hjáleigur: **Helgustaðir** – Byggð fyrir manna minni við heimatúnið og var í byggð 1709 (nánar er fjallað um Helgustaði hér að neðan); **Rípur** – Byggð skammt frá heimatúni fyrir manna minni og var í byggð 1709. Í örnefnaskrá Stóra-Holts er örnefnið Rípur sagt suður af Holtsás en að bæjarlækurinn renni þar á milli um skarð eða lægð (bls. 2). Í neðanmálsgrein segir „Mun þetta vera klettur eða snös hjá býlinu Ríp, sem Á.M. getur um í jarðabókinni 1702-13.“ (bls. 5). Þetta er langt utan svæðis; **Minnaholt** – Byggð skammt frá heimatúni fyrir manna minni, var farin í eyði 1708 en sögð geta byggst upp aftur. Hitaveita verður ekkvi lögð heim að Minna-Holti og það því utan svæðis; **Lækjarkakki** – Byggð fyrir manna minni í heimatúninu, en farin í eyði 1696-7 og ekki talin byggileg nema heimajörðinni til skaða. Í örnefnaskrá Margeirs Jónssonar fyrir Stóra-Holt segir: „Fyrir ofan Þinghóla heitir Svíri, þar fyrir ofan er Aska, þar upp af Hesthúsbrekka, þar í norður er Álagamór. Suður og upp af Hesthúsbrekku er Dagsláttta, þar norður af Járnhóll, upp með læknum er Langaslétta allt frá Ösku og upp að Lækjarkakka.“ (bls. 1). Í örnefnaskrá Kristjáns Eiríkssonar fyrir Stóra-Holt segir: „Lækjarkakki. Hér mun eiga að standa Lækjarkakkahóll. Á honum mun hið forna eyðibýli Lækjarkakki hafa staðið, sbr. Jarðabók Á.M.“ (bls. 1). Lækjarkakki er utan svæðis; **Þorsteinstóft** – Ekki eiginlega hjáleiga en var í túninu (tóft árið 1709), þar bjó fátækur maður endurgjaldslaust einn vetur um 1680 (JÁM IX, bls. 332-334). Óvist er hvar þessi tóft hefur verið í túninu.

Stóra-Holt – 1787 - 54

Sérheiti: Kirkjuhóll?

Hlutverk: Kirkjugarður

Tegund: Hóll

Hættumat: **Mikil hætta.** Lagnaleiðin eins og hún var fyrirhuguð þegar skráning fór fram fór meðfram veginum að austan milli íbúðarhússins og úтиhúsanna og hefði því getað valdið raski á kirkjugarðinum, lagt var til að línan yrði færð lengra til austurs.

Staðhættir og lýsing

Kirkjugarður er sunnan við neðra íbúðarhúsið á Stóra-Holti og sér móta fyrir lágum hól þar í túninu og á honum eru nokkur minningamörk. Kirkjugarðurinn virðist ná yfir svæði sem er u.p.b. 37x47m á kant (A-V), vegurinn á milli íbúðarhúss og úтиhúsanna liggar yfir austurhluta þessarar upphækkunar.

Aðrar upplýsingar

Í örnefnaskrá Margeirs Jónssonar fyrir Stóra-Holt segir: „Fyrir sunnan lækinn [bæjarlækinn] nefnist Suðurtún en Úttún fyrir utan. Í suðurtúni neðst er Kirkjuhóll, þar stóð kirkja sú hin stóra og vandaða, sem fauk skömmu eftir aldamótin síðustu [1900].“ (bls. 1). Í örnefnaskrá Kristjáns Eiríkssonar segir: „Kirkjuhóll. Áður en kirkjan var á Kirkjuholí var hún á hólnum, þar sem fjárhúsin eru, og kirkjugarðurinn norðan við hólinn. Hestarétt var við kirkjugarðinn, norðan kirkjunnar.“ (bls. 1).



Mynd 41. Hluti af minningamörkunum í kirkjugarðinum á Stóra-Holti.

Stóra-Holt – 1787 - 55

Hlutverk: Kirkja

Tegund: Heimild

Hættumat: Engin hætta. Staðsetning liggur ekki ljós fyrir en garðinum verður ekki raskað og kirkjan hefur líklega verið innan hans.

Staðhættir og lýsing

Af örnefnalýsingu að dæma þá stóð kirkja í kirkjugarðinum en fauk skömmu eftir aldamótin 1900. Engar sýnilegar leifar þessarar kirkju fundust á vettvangi né var ljóst hvar nákvæmlega hún hefur staðið innan garðs. Hnit voru tekin í miðjum garði og má gera ráð fyrir allt að 40m skekkju.

Aðrar upplýsingar

Í örnefnaskrá Margeirs Jónssonar fyrir Stóra-Holt segir: „Fyrir sunnan lækinn [bæjarlækinn] nefnist Suðurtún en Úttún fyrir utan. Í suðurtúni neðst er Kirkjuhóll, þar stóð kirkja sú hin stóra og vandaða, sem fauk skömmu eftir aldamótin síðustu [1900].“ (bls. 1). Í örnefnaskrá Kristjáns Eiríkssonar segir: „Kirkjuhóll. Áður en kirkjan var á Kirkjuholi var hún á hólnum, þar sem fjárhúsin eru, og kirkjugarðurinn norðan við hólinn. Hestarétt var við kirkjugarðinn, norðan kirkjunnar.“ (bls. 1).

Stóra-Holt – 1787 - 56

Hlutverk: Kirkja

Tegund: Heimild

Hættumat: Hætta. Óvist er hvar nákvæmlega kirkjan hefur staðið en miðað við lýsingu er það á sama stað og núverandi útihús, góðar líkur eru á að öll ummerki um kirkjuna hafi horfið við byggingu útihúsanna, en ekki er hægt að útiloka að einhverjar leifar séu þar undir sverði.

Staðhættir og lýsing

Útihúsin á Stóra-Holti eru á lágum hól um 50m suður af neðra íbúðarhúsinu. Engar minjar eru sýnilegar í nágrenni þeirra utan við kirkjugarðinn (1787-54), en mögulega eru einhverjar minjar undir sverði í nágrenni þeirra.

Aðrar upplýsingar

Í örnefnaskrá Margeirs Jónssonar fyrir Stóra-Holt segir: „Fyrir sunnan lækinn [bæjarlækinn] nefnist Suðurtún en Úttún fyrir utan. Í suðurtúni neðst er Kirkjuhóll, þar stóð kirkja sú hin stóra og vandaða, sem fauk skömmu eftir aldamótin síðustu [1900].“ (bls. 1). Í örnefnaskrá Kristjáns Eiríkssonar segir: „Kirkjuhóll. Áður en kirkjan var á Kirkjuholi var hún á hólnum, þar sem fjárhúsin eru, og kirkjugarðurinn norðan við hólinn. Hestarétt var við kirkjugarðinn, norðan kirkjunnar.“ (bls. 1).

Stóra-Holt – 1787 - 57

Hlutverk: Kirkjugarður (eldri)

Tegund: Heimild

Hættumat: Mikil hætta. Leifar annars kirkjugarðs gætu verið undir sverði norðan við útihúsin á Stóra-Hóli. Vegna ónákvæmra lýsinga eru þó ekki forsendur til að leggja til tilfærslu á línunni af þeim sökum.

Staðhættir og lýsing

Af lýsingu í örnefnaskrá að dæma gætu kirkjugarðarnir á Stóra-Holti hafa verið tveir. Einn á Kirkjuholi (1787-54) og annar skammt norður af hólnum sem fjárhúsin standa á, en kirkjuhóll er um 50m norður af fjárhúsunum og mögulegt að um einn og sama garðinn sé að ræða þótt orðalag virðist benda til annars. Engar minjar eru sýnilegar á yfirborði norðan við útihúsin fyrr en komið er að kirkjugarði (1787-54) sunnan íbúðarhússins, engu að síður er mögulegt að grafir gætu verið undir sverði á svæðinu þar á milli.

Aðrar upplýsingar

Í örnefnaskrá Margeirs Jónssonar fyrir Stóra-Holt segir: „Fyrir sunnan lækinn [bæjarlækinn] nefnist Suðurtún en Úttún fyrir utan. Í Suðurtúni neðst er Kirkjuhóll, þar stóð kirkja sú hin stóra og vandaða, sem fauk skömmu eftir aldamótin síðustu [1900].“ (bls. 1). Í örnefnaskrá Kristjáns Eiríkssonar segir: „Kirkjuhóll. Áður en kirkjan var á Kirkjuhóli var hún á hólnum, þar sem fjárhúsin eru, og kirkjugarðurinn norðan við hólinn. Hestarétt var við kirkjugarðinn, norðan kirkjunnar.“ (bls. 1).

Stóra-Holt – 1787 - 58

Hlutverk: Hestarétt

Tegund: Heimild

Hættumat: Hætta. Engar minjar eru sýnilegar á yfirborði norðan við útihúsí á Stóra-Holti en gætu þó leynst þar undir sverði.

Staðhættir og lýsing

Norðan við fjárhúsí á Stóra-Holti er malarplan og vegur frá því í átt að íbúðarhúsínu en tún sitthvoru megin. Miðað við lýsingu í örnefnaskrá jarðarinnar gæti hafa verið kirkjugarður á kaflanum milli hússanna og yngri kirkjugarðar sunnan við íbúðarhúsið. Þessi lýsing er þó ekki mjög nákvæm, en í henni kemur jafnframt fram að hrossarétt hafi verið milli þessa kirkjugarðs og kirkjunnar. Engar minjar hennar eru sýnilegar á yfirborði en hugsanlega eru einhverjar minjar undir sverði á þessu svæði. Vegna þess hve lýsingar eru ónákvæmar var þó ekki lögð til tilfærsla á línunni á þessum stað.

Aðrar upplýsingar

Í örnefnaskrá Margeirs Jónssonar fyrir Stóra-Holt segir: „Fyrir sunnan lækinn [bæjarlækinn] nefnist Suðurtún en Úttún fyrir utan. Í suðurtúni neðst er Kirkjuhóll, þar stóð kirkja sú hin stóra og vandaða, sem fauk skömmu eftir aldamótin síðustu [1900].“ (bls. 1). Í örnefnaskrá Kristjáns Eiríkssonar segir: „Kirkjuhóll. Áður en kirkjan var á Kirkjuhóli var hún á hólnum, þar sem fjárhúsin eru, og kirkjugarðurinn norðan við hólinn. Hestarétt var við kirkjugarðinn, norðan kirkjunnar.“ (bls. 1).

Helgustaðir – 1787 – 59

Sérheiti: Helgustaðir

Hlutverk: Bæjarhóll

Tegund: Hóll

Hættumat: Mikil hætta. Íbúðarhúsið á Helgustöðum er á gömlum bæjarhól og má ganga að því vísu að þar séu minjar undir sverði. Hins vegar verður ekki hjá því komist að valda einhverju raski á þeim eigi að leggja hitaveitu í húsið. Lagnaleiðin er þó höfð eins nálægt húsinu og mögulegt er til að lágmarka rask, en fara þarf meðfram suðurgafli hússins og tengja inn að austanverðu.

Staðhættir og lýsing

Núverandi íbúðarhús, byggt 1974 (samkv. skra.is), er byggt á gamla bæjarhólnum á Helgustöðum. Engar minjar eru sýnilegar á yfirborði en öruggt er að þar eru minjar undir sverði.

Aðrar upplýsingar

Samkvæmt örnefnaskrá Kristjáns Eiríkssonar frá 1972 var eldra íbúðarhús á svonefndum Hjallhól (bls. 1), þar sem nú er skemma sunnan við núverandi íbúðarhús, það telst hins vegar ekki til fornleifa og heimildin um það er því ekki skráð sérstaklega.

Í jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalín er nefnd hjáleigan Helgustaðir í landi Holts og hún sögð byggð fyrir manna minni við heimatúnið og var enn í byggð árið 1709 þegar efni bókarinnar var tekið saman. Landskuld var 40 álnir, leigukúgildi 2 kvaðir engar. Fóðrast kunni 2 kýr, 8 ær, 10 lömb og 1 hross.

Í örnefnaskrá Margeirs Jónssonar fyrir Helgstaðir segir: „Túnið liggur í einu lagi, og eru ekki önnur örnefni í því nema Hjallhóll, sem er suður frá bænum, syðst í túninu.“ (bls. 1). Í örnefnaskrá Kristjáns Eiríkssonar segir: „Hjallhóll var áður í landi Saurbæjar, en tilheyrir nú Helgustöðum. Húsið, sem nú er búið í (þ.e. 1972), stendur á Hjallhól. Gamli bærinn stóð þar sem nýja húsið á að rísa, það sem nú er í byggingu [s.s. núverandi íbúðarhús byggt 1974]. Gamli bærinn var seinna gerður að smiðju. Var hún oft nefnd Kofi og brekkan neðan hennar Kofabrekka. Skemma var á hlaðinu á gamla bænum og lambhús á hólnum, nyrzt í Kofabrekkunni.“ (bls. 1). Í landamerkjjabréfi dagsett 8. júlí, 1889 segir: „Landamerki hjáleigunnar Helgustaða að sunnan móts við Saurbæ ræður merkjalína eða Blákápuugarður, er liggur niður fyrir sunnan Helgustaði og niður í Saurbæjarsíki. Þaðan þvert yfir hólmana að Fljótaá. Þó skal sú breyting á því gjör, að ráða skal bein lína úr horninu á Blákápuugerði, upp fyrir sunnan Hjallhól í melshornið, er lengst skagar út. Þessi Hjallhóll hefir legið undir Saurbæ ásamt lítilli landrim sunnan við hann, en skal nú hér eftir tilheyra Helgustöðum (Holtstorfunni) og fær Saurbær það aftur í staðinn að eiga frían upprekstur á Holtsdal og beitiland fyrir búsmala þar.“ (Landamerkjabók Skagafjarðarsýslu, nr. 248).

Helgustaðir – 1787 – 60

Hlutverk: Smiðja

Tegund: Heimild

Hættumat: Hætta. Engar minjar eru sýnilegar á gamla bæjarstæðinu í dag en ganga má að því vísu að þar séu minjar undir sverði, leifar síðasta bæjarins og smiðjunnar gætu þó hafa horfið við sléttun og húsbryggingu.

Staðhættir og lýsing

Í örnefnaskrá Kristjáns Eiríkssonar segir: „Gamli bærinn stóð þar sem nýja húsið á að rísa það sem nú er í byggingu [s.s. núverandi íbúðarhús byggt 1974],. Gamli bærinn var seinna gerður að smiðju. Var hún oft nefnd Kofi og brekkan neðan hennar Kofabrekka. Skemma var á hlaðinu á gamla bænum og lambhús á hólnum, nyrzt í Kofabrekkunni.“ (bls. 1). Engar minjar eru sýnilegar á yfirborði hólsins eins og fram hefur komið.

Helgustaðir – 1787 – 61

Hlutverk: Skemma

Tegund: Heimild

Hættumat: Engin hætta. Engar minjar eru sýnilegar á hólnum sem gamli bærinn stóð á. Lagnaleiðin fer um sunnanverðan hólinn og jarðlægar leifar skemmunar ef einhverjar eru ættu því ekki að vera í hættu.

Staðhættir og lýsing

Í örnefnaskrá Kristjáns Eiríkssonar segir: „Skemma var á hlaðinu á gamla bænum og lambhús á hólnum, nyrzt í Kofabrekkunni.“ (bls. 1). Engar minjar eru sýnilegar á yfirborði hólsins eins og fram hefur komið og hefur yfirborð hans verið sléttuð.

Helgustaðir – 1787 – 62

Hlutverk: Fjárhús/lambhús

Tegund: Heimild

Hættumat: Hætta. Engar minjar eru sýnilegar á gamla bæjarstæðinu í dag en ganga má að því vísu að þar séu minjar undir sverði, leifar lambhúsanna gætu hafa horfið með öllu við sléttun á yfirborði hólsins.

Staðhættir og lýsing

Í örnefnaskrá Kristjáns Eiríkssonar segir: „Gamli bærinn stóð þar sem nýja húsið á að rísa það sem nú er í byggingu [s.s. núverandi íbúðarhús byggt 1974],. Gamli bærinn var seinna gerður að smiðju. Var hún oft nefnd Kofi og brekkan neðan hennar Kofabrekka. Skemma var á hlaðinu á gamla bænum og lambhús á hólnum, nyrzt í Kofabrekkunni. Neðst á Kvíhólnum voru fjárhúsin.“ (bls. 1). Engar minjar eru sýnilegar á yfirborði hólsins eins og fram hefur komið.

Helgustaðir/Saurbær – 1787 – 63

Hlutverk: Merkjagarður

Tegund: Garðlag

Hættumat: Engin hætta. Leifar Blákápuigarðs sjást á kafla sunnan við afleggjarann heim að Helgustöðum og er innan skráningarsvæðis en ekki í hættu vegna lagningu heitaveitunnar sem lögð verður norðan vegar.

Staðhættir og lýsing

Leifar svonefnds Blákápuigarðs sjást á kafla sunnan við afleggjarann heim að Helgustöðum, neðan við skemmuna sem stendur sunnan við íbúðarhúsið. Garðlagið er óglöggt á þessum kafla um 1,5m breitt og 10-30sm hátt. Garðurinn sést hins vegar glöggt á loftmynd á merkjum jarðanna ofan túns á Helgustöðum en var ekki skoðaður á því svæði þar sem það er langt utan svæðis.

Aðrar upplýsingar

Í örnefnaskrá Helgustaða segir: „Hér áður réði Blákápuigarður merkjum milli Helgustaða og Saurbæjar, en síðar lét Saurbær landsspildu sunnan hans, neðan við tún (þ.e. gamla túnsins á Helgustöðum) fyrir upprekstur á Holtsdal. Vegurinn heim í hlað liggur þar sem Blákápuigarður var.“ (bls. 1-2).

Í örnefnaskrá Guðbrands Þórs Jónssonar fyrir Saurbæ segir: „Á merkjum upp frá þjóðveginum sést Blákápuigarðurinn vel sunnan við heimreiðina í Helgustaði upp fyrir gamla veginn í Kvosunum eða þangað til hann beygir norður fyrir Hjallhlólinn í Helgustöðum, sem núverandi íbúðarhús þar stendur á 1974. Norðan við Hjallhlólinn mitt á milli núverandi íbúðarhúss í Helgustöðum og þess nýja, sem verið er að reisa á gamla bæjarstæðinu norður frá Hjallhlónum lágt garðurinn og liggur nú undir vegi þar. Búið er að raska garðinum frá áður nefndri beygju með vegagerð og túnrækt, efst upp



Mynd 42. Horft í suðvestur af afleggjaranum rétt neðan við bæjarstæðið á Helgustöðum. Blákápuigarður (1787-63) sést óljóst fyrir miðri mynd og neðan girðingar í móanum sér móta fyrir gömlum vegi (1787-64) í landi Saurbæjar.

á Kvíghól, á Hjallhlónum af fyrrverandi ábúanda Helgustaða og leyfilega, en af núverandi ábúenda á Kvíhlónum óleyfilega þar sem Kvíhóllinn er land Saurbæjar að miklu leiti [...]“ (bls. 7).

Í örnefnaskrá Guðbrands Þórs Jónssonar fyrir Saurbæ segir: „Upp frá Kvíhlónum norðanverðum liggar margnefndur Blákápugarður nokkuð beint upp á Ólafsmel norðanverðan og sést vel fyrir honum á þeim parti, áður en lengra er halddið vil ég segja þjóðsöguna um uppruna garðsins þó mér þyki hún alls ekki sennileg, garðurinn er samt staðreynd, sem fornt og mikið mannvirki og því má hann þá ekki gjarnan heita Blákápugarður eins og hvað annað, þó ég líti á hann sem fornán þjóðveg fólks, milli fannþungra héraða og um fannþungt hérað. „Endur fyrir löngu bjó tröllkona ein á Barði í Fljótum, sem Blákápa hét, var hún mikil fyrir sér á allan hátt, búrekstur hennar var stór í sniðum eins og annar háttur hennar, hafði hún á seli fram á Fögruhlíð á Klaufabrekknadal, ógreiðfær þótti henni selgatan þangað og reysti því garð einn mikinn frá Barði austur Fyrirbarðsholt og Grindilskrók, yfir Hamarinn sunnaverðann niður Sléttumóá og upp Saurbæjarflóá og Ólafsmel upp Láguöxl, síðan fram Holtshyrnu, Hólafjall, Stíflubrúnir og síðan eins og leið liggar suð austur í Fögruhlíð á Klaufabrekknadal. Garðurinn var við konuna kenndur og nefndur Blákápugarður og heitir það enn. Á Holtshyrnunni gróf Blákápa peningakvartel og lagði svo á að það skyldi ekki finnast fyrren einhver gengi upp Holtshyrnuroðina að norðan afturábak og án þess að líta nokkru sinni við, þeim yrði kvartelið auðfundið. Svo var það einhverju sinni að Blákápa varð seint fyrir frá selstörfum sínum í Fögruhlíðinni og gerði hún sér þá lítið fyrir þegar hún kom á Holtshyrnutoppinn, tók sig þar upp og stökk vestur á Barðið, við það urðu henni lausir lyklarnir, missti hún þá og í fallinu festust þeir á snös í Holtshyrnuklettunum, komst nú kella hvergi inn í híbýli sín og dró það hana til dauða, en áður en það varð lagði hún það á lyklana, að ósýnilegir skyldu þeir öllum vera þartil bein hennar væru öll fúin orðin, en með lyklunum er hægt að komast [að] öllum hennar gullum og gersemum, þegar þeir finnast“ (bls. 12-13).

Saurbær – 1787 – 272

Hlutverk: Leið

Tegund: Vegur

Hættumat: Engin hætta. Vegurinn kemur inn í jaðar skráningarsvæðisins sunnan afleggjarans heim að Helgustöðum og er ekki í neinni hættu af völdum hitaveitulagningarinnar.

Staðhættir og lýsing

Í örnefnaskrá Guðbrands Þórs Jónssonar segir: „Með Hólubrekkunni lá gamli vegurinn sunnanað af merkjum norður fyrir áðurnefndan mel ofan við Stekkinn, þar breytist stefna Hólubrekkunnar til norðausturs í átt að Helgustöðum en vegurinn lá þaðan sömu stefnu til norðurs þvert norður yfir Vilpuholtið efst og síðan kvosirnar og var á þeim kafla upphækkaður og sést enn.“ (bls. 6). Hluti af þessum vegi er innan svæðis sunnan heimreiðar upp að Helgustöðum og var því skráður en er ekki í hættu vegna framkvæmdarinnar á því svæði. Norðan afleggjarans er hins vegar tún og þegar búið að spilla veginum.

Saurbær – 1787 – 64

Hlutverk: Torf- eða mótoft (stabbi)

Tegund: Þúst

Hættumat: Engin hætta. Þústin er í um 24m fjarlægð frá miðlinu lagnaleiðarinnar og ætti því ekki að vera í hættu.

Staðhættir

Í örnefnaskrá Guðbrands Þórs Jónssonar segir: „Norður frá vallargarðinum liggur Saurbæjarflóinn, nær hann ofan frá Hólabrekku og niður að Saurbæjarsíki, og er í daglegu tali heimafólks nefndur Flói, hér heima á þaum, en annars staðar er hann alltaf og allsstaðar nefndur Saurbæjarflói, bæði af heimafólki og öðrum.“ (bls. 6).

Lýsing

Í uppþurrkuðum flóa norðan við bæ á Saurbæ eru mó- og torfgrafir og nokkrar þústir og tóftir þeim tilheyrandi. Rétt norðan við nyrsta skurðinn sem liggur austur-vestur er ferköntuð þúst. Mögulega leifar af mó- eða torfstabba frekar en eiginlegri tóft. Stabbinn er um 20sm hárr, sléttur að ofan. Hann er um 3,5x4m á kant og snýr norðaustur-suðvestur. Rétt sunnan við hann eru tvær grafir eftir annað hvort mó- eða torfstungu.

Saurbær – 1787 – 65

Hlutverk: Torfstunga

Tegund: Niðurgröftur

Hættumat: Hætta. Minjarnar eru í um 5,5m fjarlægð frá miðlinu lagnaleiðarinnar.

Staðhættir

Í örnefnaskrá Guðbrands Þórs Jónssonar segir: „Norður frá vallargarðinum liggur Saurbæjarflóinn, nær hann ofan frá Hólabrekku og niður að Saurbæjarsíki, og er í daglegu tali heimafólks nefndur Flói, hér heima á þaum, en annars staðar er hann alltaf og allsstaðar nefndur Saurbæjarflói, bæði af heimafólki og öðrum.“ (bls. 6).

Lýsing

Í uppþurrkuðum flóa norðan við bæ á Saurbæ eru mó- og torfgrafir og nokkrar þústir og tóftir þeim tilheyrandi. Rétt norðan við nyrsta skurðinn sem liggur austur-vestur er ferköntuð þúst og tveir niðurgreftir rétt sunnan og suðaustan við hana. Niðurgreftirnir eru um 20sm djúpir með skýrar brúnir og eru líklega tilkomnir við stungu á torfi. Austari niðurgröfturinn er 4x8,5m á kant en sá vestari minni, 2x6m á kant.

Saurbær – 1787 – 66

Hlutverk: Torf- eða mótfót

Tegund: Þúst

Hættumat: Hætta. Minjarnar eru í um 10m fjarlægð frá miðlinu lagnaleiðarinnar.

Staðhættir

Í örnefnaskrá Guðbrands Þórs Jónssonar segir: „Norður frá vallargarðinum liggur Saurbæjarflóinn, nær hann ofan frá Hólabrekku og niður að Saurbæjarsíki, og er í daglegu tali heimafólks nefndur Flói, hér heima á þaum, en annars staðar er hann alltaf og allsstaðar nefndur Saurbæjarflói, bæði af heimafólki og öðrum.“ (bls. 6). Búið er að ræsa Flóann og þurrka en þar er fjöldi mó- og/eða torfgrafer og nokkrar þústir og tóftir þeim tengdar.

Lýsing

Þústin er um 8x9m á kant að utanmáli. Innra fyrirkomulag er óljóst en tvær dældir liggja samsíða innan þústarinnar, eftir henni langsum u.þ.b. norður-suður.

Saurbær – 1787 – 67

Hlutverk: Mótóft?

Tegund: Tóft

Hættumat: Hætta. Minjarnar eru í um 13m fjarlægð frá miðlinu lagnaleiðar.

Staðhættir

Í örnefnaskrá Guðbrands Þórs Jónssonar segir: „Norður frá vallargarðinum liggar Saurbæjarflóinn, nær hann ofan frá Hólabrekku og niður að Saurbæjarsíki, og er í daglegu tali heimafólks nefndur Flói, hér heima á bænum, en annars staðar er hann alltaf og allsstaðar nefndur Saurbæjarflói, bæði af heimafólki og öðrum.“ (bls. 6).

Lýsing

Um 33m suðvestur af tóft/þúst (1787-66) er önnur keimlík. Hún er ólöguleg, um 6x8,5m á kant, með 130-200sm breiða veggi og er um 13m frá miðlinu lagnaleiðarinnar.

Saurbær – 1787 – 68

Hlutverk: Óþekkt

Tegund: Garðlag

Hættumat: Mikil hætta. Fyrirhuguð lagnaleið fer í gegnum garðlagið, en erfitt er að komast hjá því, nema færa línuna út fyrir skráningarsvæðið og gætu þá aðrar minjar verið í hættu.

Staðhættir

Í örnefnaskrá Guðbrands Þórs Jónssonar segir: „Fitin afmarkast að norðan af Vallargarðinum, og landamerkjum að sunnan, (nú skurði).“ (bls. 2). „Suður frá Dagsláttulæknum með Brekkunni á parti er enn óhreyfður hluti hins forna Vallargarðs, sem náði suður og ofan að syðsta Vallargarðshorni í Saurbæ sunnan við Neðrihólinn og sést þar enn endi hans austan við vélgrafna skurðinn, og er merkjaþúfa.“ (bls. 4). Í sömu skrá segir enn fremur: „Norður frá vallargarðinum liggar Saurbæjarflóinn, nær hann ofan frá Hólabrekku og niður að Saurbæjarsíki, og er í daglegu tali heimafólks nefndur Flói.“ (bls. 6).

Lýsing

Garðlagið sem hér um ræðir liggar til austurs frá mógröf sem er norðaustan við bæ á Saurbæ. Skurður er grafinn fast austan við mógröfina (-grafrnar) og liggar garðlagið til austurs frá því í örlítinn boga til norðurs. Hægt er að rekja garðlagið á tæplega 50m kafla en annað garðlag liggar til norðausturs frá því um 20m langt. Garðlögin eru bæði um 1m breið og 10-20sm há.

Aðrar upplýsingar

Annað garðlag er aðeins sunnar og sést beggja vegna mógrafanna.

Saurbær – 1787 – 69

Hlutverk: Mótóft

Tegund: Þúst

Hættumat: Hætta. Minjarnar eru í um 4m fjarlægð frá miðlinu lagnaleiðar.

Staðhættir

Í örnefnaskrá Guðbrands Þórs Jónssonar segir: „Norður frá vallargarðinum liggar Saurbæjarflóinn, nær hann ofan frá Hólabrekku og niður að Saurbæjarsíki, og er í daglegu tali heimafólks nefndur Flói, hér heima á bænum, en annars staðar er hann alltaf og allsstaðar nefndur Saurbæjarflói, bæði af heimafólki og öðrum.“ (bls. 6).

Lýsing

Þústin er ein af mörgum í mólendinu norðan bæjar á Saurbæ. Hún er sporöskjulaga, um 8x5m á kant og snýr norðvestur-suðaustur og er um 20-40sm hærri en umhverfið. Þústin er 4m frá miðlinu lagnaleiðar og um 35m frá stórri mógröf.

Saurbær – 1787 – 70

Hlutverk: Óþekkt/mótóft?

Tegund: Tóft

Hættumat: Engin hætta. Minjarnar eru í um 35m fjarlægð frá miðlinu lagnaleiðar.

Staðhættir

Í örnefnaskrá Guðbrands Þórs Jónssonar segir: „Norður frá vallargarðinum liggar Saurbæjarflóinn, nær hann ofan frá Hólabrekku og niður að Saurbæjarsíki, og er í daglegu tali heimafólks nefndur Flói, hér heima á bænum, en annars staðar er hann alltaf og allsstaðar nefndur Saurbæjarflói, bæði af heimafólki og öðrum.“ (bls. 6).

Lýsing

Tóftin er sú stærsta á svæðinu, 6x12m á kant að utanmáli. Hún snýr norðaustur suðvestur, en engar dyr eða hlið eru sýnileg á henni. Veggir eru algrónir grasi á bilinu 1,5-2m breiðir og 30-60sm háir.

Saurbær – 1787 – 71

Hlutverk: Mógröf/mógrafrir

Tegund: Niðurgröftur

Hættumat: Engin hætta. Mógrafrir eru minnst 16m vestan við miðlinu lagnaleiðar handan skurðar og ættu ekki að vera í hættu vegna framkvæmdarinnar.

Staðhættir og lýsing

Í örnefnaskrá Guðbrands Þórs Jónssonar segir: „Norður frá vallargarðinum liggar Saurbæjarflóinn, nær hann ofan frá Hólabrekku og niður að Saurbæjarsíki, og er í daglegu tali heimafólks nefndur Flói, hér heima á bænum, en annars staðar er hann alltaf og allsstaðar nefndur Saurbæjarflói, bæði af heimafólki og öðrum.“ (bls. 6). Stór mógrafarsvæði eru á nokkrum stöðum í Saurbæjarflóa ofan og neðan þjóðvegar vestan og norðan bæjar á Saurbæ. Þetta tiltekna mórafarsvæði er um 80m NNV af bæ á Saurbæ. Þar eru samfelldar grafir á um 2000m² svæði á bilinu 20-100sm djúpar, algrónar grasi, en vélgraffinn skurður er graffinn meðfram austurbrún þeirra. Mógrafrir eru vestan við skurð vestan lagnaleiðar og ættu ekki að vera í neinni hættu vegna framkvæmda.

Saurbær – 1787 – 72

Hlutverk: Óþekkt

Tegund: Garðlag

Hættumat: Mikil hætta. Fyrirhuguð lagnaleið fer í gegnum garðlagið, en erfitt er að komast hjá því, nema færa línuna út fyrir skráningarsvæðið og gætu þá aðrar minjar verið í hættu.

Staðhættir

Í örnefnaskrá Guðbrands Þórs Jónssonar segir: „Fitin afmarkast að norðan af Vallargarðinum, og landamerkjum að sunnan, (nú skurði).“ (bls. 2). „Suður frá Dagsláttulæknum með Brekkunni á parti er enn óhreyfður hluti hins forna Vallargarðs, sem náði suður og ofan að syðsta Vallargarðshorni í Saurbæ sunnan við Neðrihólinn og sést þar enn endi hans austan við vélgrafla skurðinn, og er merkjaþúfa.“ (bls. 4). Í sömu skrá segir enn fremur: „Norður frá vallargarðinum liggar Saurbæjarflóinn, nær hann ofan frá Hólabrekku og niður að Saurbæjarsíki, og er í daglegu tali heimafólks nefndur Flói.“ (bls. 6).

Lýsing

Garðlagið sem hér um ræðir liggar til austurs frá mógröf sem er norðaustan við bæ á Saurbæ. Skurður er graffinn fast austan við mógröfina (-grafrir) og liggar garðlagið til austurs frá því í örlítinn boga til norðurs. Hægt er að rekja garðlagið á tæplega 50m kafla en annað garðlag liggur til norðausturs frá því um 20m stubbur. Garðlögin eru bæði um 1m breið og 10-20sm háir.

Aðrar upplýsingar

Annað garðlag er aðeins sunnar og sést beggja vegna mógrafanna.



Mynd 43. Horft SSA heim að Saurbæ í Austur-Fljótum. Lengst til vinstri eru útihús á Fjárhúshóli. Hægra megin við miðja mynd íbúðarhúsið, nyrst á bæjarhóli og útihús hægra megin við það á Fjóshóli.

Saurbær – 1787 – 73

Sérheiti: Saurbær

Hlutverk: Bæjarhóll

Tegund: Hóll

Hættumat: Mikil hætta. Núverandi íbúðarhús er byggt á norðurhluta bæjarhólsins samkvæmt örnefnaskrá og má gera ráð fyrir að minjar séu þar undir sverði. Óhjákvæmilegt er hins vegar að fara í gegnum þær eigi að leggja lagnir að húsinu. Ekki verður séð að önnur leið en sí sem er teiknuð sé betri að húsinu, en meginhluti bæjarhólsins virðist vera sunnan íbúðarhússins.

Staðhættir og lýsing

Í örnefnaskrá Guðbrands Þórs Jónssonar segir: „Norðvestur af Fjárhúlum er Taðhóllinn, óhreyfður enn og þurrkvöllur sauðataðsins á vorin. Þá kemur næst Bæjarhóllinn, sem er lár og yfirlætislaus, nyrst á honum stendur íbúðarhúsið, suðvestur af bæjarhólum er Hlaðvarpinn [...]“ (bls. 4).

Aðrar upplýsingar

Jörðin kemur fyrir í bréfi frá miðri 14. öld og tveimur frá þeirri 15du (Íslenskt fornbréfasafn III, bls. 65; IV, bls. 344; V, bls. 255). Bæjarstæðið er hins vegar ofan (austan) við núverandi íbúðarhús og utan skráningarsvæðis. Búið var í torfbænum til 1950, samanber örnefnaskrá Guðbrands Þórs Jónssonar. Þar segir m.a.: „Framan við bæinn var hlaðin grjótstétt, og framan við íbúðarhúsið er steinstétt og heitir hvorttveggja Stéttin. Fyrir framan stéttirnar er Hlaðið sem vér stöndum á, vestan við hlaðið í suðvestur af íbúðarhúsinu er Hlaðvarpinn. Aldagamall öskuhaugur og nú gróinn lítill hóll [...]“ (bls. 1-2).

Saurbær – 1787 – 74

Sérheiti: Hlaðvarpinn

Hlutverk: Öskuhaugur

Tegund: Hóll

Hættumat: Engin hætta. Samkvæmt örnefnaskrá var Varpinn suðvestan við bæjarhólinn, fyrirhuguð lagnaleið liggar neðar í túninu og ætti Varpinn ekki að vera í hættu vegna framkvæmda.

Staðhættir og lýsing

Í örnefnaskrá Guðbrands Þórs Jónssonar segir: „Norðvestur af Fjárhúshónum er Taðhóllinn, óhreifður enn og þurkvöllur sauðataðsins á vorin. Þá kemur næst Bæjarhóllinn, sem er lár og yfirlætislaus, nyrst á honum stendur íbúðarhúsið, suðvestur af bæjarhlónum er Hlaðvarpinn [...]“ (bls. 4).

Aðrar upplýsingar

Í örnefnaskrá Guðbrands Þórs Jónssonar segir: „Utan og neðan við Bæjarhóllinn er Fjóshóllinn, þar stóð áður fyr fjós en nú eru þar heyhlöður. Bæjarlækurinn rennur niður túnið norðan allra hólanna og út fyrir völlinn, norður frá Fjóshónum.“ (bls. 5).

Saurbær – 1787 – 75

Hlutverk: Fjós

Tegund: Heimild

Hættumat: Engin hætta. Ekki er gert ráð fyrir að hitaveita verði lögð í útihúsí og hugsanlegar minjar undir sverði ættu því ekki að vera í hættu.

Staðhættir og lýsing

Í örnefnaskrá Margeirs Jónssonar fyrir Saurbæ segir: „Örnefni í túni: Niður, fyrir norðan bæinn rennur Bæjarlækur. Fyrir sunnan hann og utan og neðan bæinn er Fjóshóll; þar var fjós áður, en nú er þar hlaða; þar fyrir sunnan og neðan er Reitur, þar upp af Suðurtún. Syðst og efst í því, fyrir sunnan og ofan fjárhúsí er Steinhólsdagslátta.“ (bls. 1). Norðvestan við íbúðarhúsið eru útihús, miðað við örnefnaskrá var þar fjós áður, líklega úr torfi og grjóti. Engar sýnilegar minjar eru á yfirborði og mögulega hafa þær horfið með öllu við byggingu hússana sem nú standa. Mögulega eru einhverjar minjar þær undir sverði en þær ættu ekki að vera í hættu vegna hitaveitulagninga.

Bjarnargil – 1787 – 76

Sérheiti: Bjarnargil

Hlutverk: Híbýli

Tegund: Heimild

Hættumat: Engin hætta. Lagnirnar verða lagðir sunnan við íbúðarhúsið og meðfram austurvegg, svæðið norðan húss er því ekki í neinni hættu.

Staðhættir og lýsing

Í örnefnaskrá Bjarnargils segir: „Bæjarlækur rennur niður rétt norðan við íbúðarhúsið. Vatnsmylla var í honum aðeins utan og neðan við gamla bæinn, en hann stóð heldur fram (neðar) og aðeins norðar en íbúðarhúsið nýja.“ (bls. 3). Óræktaður blettur er norðan við íbúðarhúsið og var hnittpunktur tekinn þær, en gera má ráð fyrir umtalsverðri skekkju, svæðið var ekki skoðað á vettvangi enda ljóst að lögnin myndi ekki fara þær um. Samkvæmt Trausta Sveinssyni bóna á Bjarnargili eru engar þekktar minjar í lagnaleiðinni (samtal 5. 6. 2015).

Aðrar upplýsingar

Bjarnargil kemur fyrir í Sturlungu (Sturlunga, 13 þáttur, sbr. Björn Pálsson) og fornþréfi frá 15. öld (Ísl. fornþréfasafn V, bls. 355). Bæjarstæðið á Bjarnargili er ofan við núverandi íbúðarhús og utan skráningarsvæðis.

Í jarðabókum frá 1686 og 1695 er Bjarnargil í bændaeign metið á 30 hundruð, landskuld 1 ½ hdr. og kúgildi 6. Í jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalín frá 1709 er jarðamatið það sama, en $\frac{2}{3}$ hlutar jarðarinnar voru þá í leiguábúð, en $\frac{1}{3}$ í eyði nýtt frá Hrauni. Landskuld af $\frac{2}{3}$ hlutum var 40 álnir og leigukúgildi 3 ½. (JÁM IX, bls. 331).

Engar kvaðir voru á jörðinni og var hún talin geta fóðrað 6 kýr, 24 ær, 16 lömb og 1 hest. Jörðin átti rétt til upprekstrar á afrétt. Um landkosti var sagt að torfrista og stunga væri bjargleg, móskurður

góður til eldiviðar og lyngrif til „tróðs eður eldiviðarstyrks nokkuð“. Selstaða var í Grænavallarhnúk á Holtsdal en fram kemur að landþróng sé mikil á jörðinni og verði selstaða að notast ef ekki eigi að beita engjar. Þá er þess getið að enginu grandaði Merkigil með grjót og sands áburði og kvíkfé sagt hætt fyrir holbakka lækjum (JÁM IX, bls. 331).

Bjarnargilskot - Í örnefnaskrá Bjarnargargs segir: „Ekki veit Sveinn hvar Bjarnargilskot hefur staðið, en telur hugsanlegt, að það hafi verið utan og neðan við Ytriþrygg. Þar sáust tóftir á tveim stöðum, og var önnur tóftin þó nokkuð stór og ræktarlegt var þar í kring.“ (bls. 5). Í athugasemendum sem prentaðar eru með örnefnaskránni segir: „Jón Guðmundsson fyrrverandi bóndi á Molastöðum segir Bjarnargilskot hafa staðið syðst og efst í túnjaðri gamla túnsins (sjá Jarðabók Á.M.). Þar sáust greinilegar tóftir. Nú hefur verið sléttað yfir þær. Ath. skráð 26. nóv. 1976“ (bls. 5). Í handriti Hannesar Hannessonar frá Melbreið um örnefni á Bjarnargili segir: „Fyrir ofan mýrina utan Járnhryggs heitir Upptún. Í Upptúni er svo kallað Símonargerði. Í jarðamatsbók A.M. er getið um „Bjarnargilskot“. Enginn veit nú hvar það hefur verið. Þar byggði Símon Jónsson frá Helgustöðum sér fjárhús, var svo gerðið nefnt eftir honum.“ (bls. 1).

Bjarnargil/Molastaðir – 1787 – 77

Hlutverk: Landamerki (landamerkjagarður)

Tegund: Heimild

Hættumat: Engin hætta. Garðlag var á merkjum milli Bjarnarstaða og Molastaða, nú er búið að grafa þar skurð og garðurinn horfinn, hann er því ekki í hættu vegna framkvæmdarinnar.

Staðhættir og lýsing

Í örnefnaskrá Bjarnargils segir: „Merkjum við Molastaði að sunnan ræður skurður (áður garður) frá vegi upp að svonefndum Grundum [...]“ (bls. 1).

Í örnefnaskrá Margeirs Jónssonar fyrir Molastaði frá 1938 segir: „Sunnan við er Reykjarhólslandareign, en Bjarnargil að norðan, og eru gamlir merkjagarðar beggja megin.“ (bls. 1). Í neðanmálsgrein segir að Guðmundur telji garðana mjög gamla (bls. 2). Í örnefnaskrá Kristjáns Eiríkssonar fyrir Molastaði frá 1976 segir: „Reykjarhóll er sunnan Molastaða og Bjarnargil að norðan. Gamlir merkjagarðar voru á merkjum beggja vegna. Garðinum á milli Molastaða og Bjarnargils hefur nú verið rutt og skurður grafinn á merkjum.“ (bls. 2).

Óstaðsettar/horfnar minjar hugsanlega innan skráningarsvæðis í landi Bjarnargils

Bjarnargil – 1787 – 273

Hlutverk: Vatnsmylla

Tegund: Heimild

Hættumat: Engin hætta. Lagnirnar verða lagðir sunnan við íbúðarhúsið og meðfram austurvegg, svæðið norðan húss er því ekki í neinni hættu.

Staðhættir

Í örnefnaskrá Bjarnargargs segir: „Bæjarlækur rennur niður rétt norðan við íbúðarhúsið. Vatnsmylla var í honum aðeins utan og neðan við gamla bæinn, en hann stóð heldur framar (neðar) og aðeins norðar en íbúðarhúsið nýja.“ (bls. 3). Lýsingin er ekki mjög nákvæm en af henni að dæma gæti myllan hafa verið innan svæðis, en þarna eru slétt tún í dag og lækurinn rennur eftir skurðum á milli þeirra.

Bjarnargil – 1787 – 274

Hlutverk: Hesthús

Tegund: Heimild

Staðhættir

Í örnefnaskrá Bjarngargils segir: „Gil skilur á milli Hesthúsmós og Fjögra daga sláttar, en hann var þríhyrnt, þýft svæði, ofan hesthúss, sem stóð á gilbarminum norðanverðum. Þar er nú fjós.“ (bls. 1). Í handriti Hannesar Hannessonar frá Melbreið (1888-1963) um örnefni á Bjarnargili segir: „Fyrir sunnan læk neðan við bæinn upp að götu sem lá suður og niður frá bænum og suður að leyning sem liggur við túnið utan við hesthús sem er syðst og neðst í túninu, heitir „Vikuverk“ þar fyrir sunnan Hesthús(gerði?) nær það að gili því sem liggur upp með túninu að sunnan og heitir „Bjarnargil““ (bls. 1). Í handriti Hannesar Hannessonar frá Melbreið um örnefni á Bjarnargili segir: „Fyrir sunnan Bjarnargil er neðst við ána Syðrieyrar, þá „Höllin“ út af þeim útvíð gilið heitir „Hesthúsmór“.“ (bls. 2). Engar minjar um þetta hesthús eru sýnilegar og hafa þær vikið þegar fjósið var byggt.

Bjarnargil – 1787 – 275

Hlutverk: Vegur

Tegund: Heimild

Staðhættir

Í handriti Hannesar Hannessonar frá Melbreið (1888-1963) um örnefni á Bjarnargili segir: „Gaml vegurinn lá um hlaðið á Bjarnargili hérumbil í hásuður [...]“ (bls. 1). Vegur liggur í dag til SSA frá hlaðinu á Bjarnargili og yfir læk á vaði um 130m SSA af bæ, mögulega á sama stað og gamli vegurinn.

Bjarnargil – 1787 – 276

Hlutverk: Mógrafir

Tegund: Heimild

Staðhættir og lýsing

Í örnefnaskrá Bjarngargils segir: „Utan (norðan) við Vikuverk var lítil, myrlend spilda, sem nefndist Fit. Þá tóku við Grafir norður að merkjum. Þar voru gamlar mógrafir. Mótekja var hér áður lánuð til annnarra bæja, t.d. Reykjarhóls.“ (bls. 2). Í handriti Hannesar Hannessonar frá Melbreið segir: „Upp af Eyrunum, út að merkjum og upp að bæjarlæk heitir Grafarstykki. Þar upp af „Mýri“ þar fyrir ofan upp við túngarð „Kvíaból“ (bls. 2). Miðað við þessa lýsingu og uppdrátt sem fylgir örnefnaskránni hafa verið mógrafir út við merki norðan og norð-norðvestan við núverandi íbúðarhús, þar eru nú tún, hluti þessara grafa hefur að öllum líkindum verið innan skráningarsvæðisins.



Mynd 44. Horft til austurs heim að gamla bæjarstæðinu á Molastöðum. Gamla íbúðarhúsið (byggt 1944) er fyrir miðri mynd, en síðasti torfbærinn stóð bak við það þar sem útihús eru í dag.

Molastaðir – 1787 - 78

Sérheiti: Molastaðir

Hlutverk: Bæjarhóll

Tegund: Hóll

Hættumat: Engin hætta. Gamli bæjarhóllinn er vestan lagnaleiðar og ætti ekki að vera í hættu.

Staðhættir og lýsing

Í örnefnaskrá Kristjáns Eiríkssonar segir: „Gamla íbúðarhúsið var byggt á árunum 1943-4 og stendur það enn [1976]. Gamli bærinn stóð fast austan þess. Þar eru nú fjós og hlaða. Nýja íbúðarhúsið er á hól norður frá gamla húsinu og rennur Bæjarlækurinn á milli þeirra.“ (bls. 1). Þessi útihús standa enn og engar sýnilegar minjar á yfirborði í nágrenni þeirra, en húsin standa á ávöllum hól, bæjarhólnum.

Aðrar upplýsingar

Molastaðir koma fyrst fyrir í landamerkjabréfi frá 14. öld (ísl. fornbr. IV, bls. 644-5) og í fleiri skjölum frá 15. öld og síðar (ísl. fornbr. IV, bls. 565; VI, bls. 542; VIII, bls. 729; IX, bls. 302; XI 261, 872; XII, bls. 459; XV, bls. 230,460).

Í jarðabókum frá lokum 17. aldar og upphafi þeirrar 18du eru Molastaðir metnir á 20 hundruð, en kúgildi fara úr fjórum árið 1686 niður í þrjú árið 1696 og eru óbreytt 1709, en landskuld hækkaði úr 1 hundruð upp í 1 hdr. og 30 álnir árið 1709 (Björn Lárusson 1967, bls. 264; JÁM IX, bls. 330).

Engar kvaðir voru á jörðinni 1709 en hún talin geta fóðrað þrjár kýr, 12 ær, 10 lömb og einn hest. Um landkosti segir að torfrista og stunga hafi verið bjargleg en enginn móskurður. Túni og engjum grandaði bæjargilið með áburði grjóts og sands til skaða. Þá er tekið fram að landþróng sé mikil en ábúandi njóti þolinmæði nágranna sinna og gjaldi ekki ákveðinn beitartoll. Í lokin er því hnýtt við að kvíkfé sé hætt fyrir holgryfjulækjum (JÁM IX, bls. 330).

Molastaðir – 1787 - 79

Hlutverk: Fjárhús

Tegund: Heimild

Hættumat: **Hætta.** Fjárhús stóðu á sama stað og núverandi íbúðarhús. Hugsanlega eru leifar útihúsa undir sverði á þessum slóðum þótt síðustu húsin séu með öllu horfin, þar sem það er ekki óalgengt að fleiri kynslóðir útihúsa hafi verið reist á sömu slóðum.

Staðhættir og lýsing

Í örnefnaskrá Kristjáns Eiríkssonar segir: „Nýja íbúðarhúsið er á hól norður frá gamla húsinu og rennur Bæjarlækurinn á milli þeirra. Á þessum hól stóðu fjárhúsin áður.“ (bls. 1). Þetta íbúðarhús (byggt 1971 samkv. www.skra.is) er á svoltlum hól en engar sýnilegar minjar eru þar á yfirborði þótt einhverjar kunni að leynast undir sverði.

Molastaðir/Reykjarhóll - 80

Tegund: Heimild

Hlutverk: Landamerkjagarður

Hættumat: Engin hætta. Búið er að grafa skurð eftir merkjunum þar sem merkjagarðurinn var áður.

Staðhættir og lýsing

Í örnefnaskrá Margeirs Jónssonar fyrir Molastaði frá 1938 segir: „Sunnan við er Reykjarhólslandareign, en Bjarnargil að norðan, og eru gamlir merkjagarðar beggja megin.“ (bls. 1). Í neðanmálgrein segir að Guðmundur telji garðana mjög gamla (bls. 2). Í örnefnaskrá Kristjáns Eiríkssonar fyrir Molastaði frá 1976 segir: „Reykjarhóll er sunnan Molastaða og Bjarnargil að norðan. Gamlir merkjagarðar voru á merkjum beggja vegna. Garðinum á milli Molastaða og Bjarnargils hefur nú verið rutt og skurður grafinn á merkjum.“ (bls. 2).

Óstaðsettar/horfnar minjar hugsanlega innan skráningarsvæðis í landi Molastaða

Molastaðir – 1787 - 277

Sérheiti: Jónsvöllur

Hlutverk: Óþekkt

Tegund: Heimild (um tóftir)

Staðhættir og lýsing

Í örnefnaskrá Margeirs Jónssonar fyrir Molastaði frá 1938 segir: „Sunnan við bæ er Jónsvöllur; þar eru tóptir litlar.“ (bls. 1). Í örnefnaskrá Kristjáns Eiríkssonar frá 1976 er orðalagið hins vegar breytt og þar segir segir: „Sunnan við bæ [gamlá bæinn] er Jónsvöllur. Þar voru tóftir litlar.“ (bls. 2). Tóftunum á Jónsvelli hefur því verið rutt út einhvern tíma á tímabilinu 1938-76, en óvist er hvort minjarnar hafa verið innan skráningarsvæðis eða utan.

Molastaðir – 1787 - 278

Sérheiti: Syðragerði

Hlutverk: Óþekkt

Tegund: Heimild (um tóftir)

Staðhættir og lýsing

Í örnefna skrá Kristjáns Eiríkssonar segir: „Í suður og vestur frá bænum [gamla bænum] voru tveir hólar, nefndir Gerði, Syðragerði og Ytragerði. Rústir voru á hvoru tveggja Gerðannna. Þau voru aðskilin frá aðaltúninu af læk, sem rennur niður úr mýrunum. Gerðin hafa nú [1976] verið sléttuð.“ (bls. 2). Í örnefnaskrá Margeirs Jónssonar frá 1938 kemur hins vegar fram að þá hafi enn verið tóftir á Syðragerði en búið að sléttu Ytragerði (bls. 1). Syðragerði hefur væntanlega verið innan skráningarsvæðis þótt nákvæm staðsetning þess liggi ekki fyrir.



Mynd 45. Horft til austurs af þjóðveginum eftir landamerkjum Reykjarhóls og Hólavalla. Landamerkjagarður sést ofan túns þar sem hann fylgir hlykkjum merkjalækjarins. Garðinum hefur verið raskað við túnsléttun nær veginum og er því ekki í hættu vegna hitaveitulagninga.

Reykjarhóll/Hólavellir (Hólar) – 1787 - 81

Hlutverk: Landamerki

Tegund: Garðlag

Hættumat: Engin hætta. Búið er að sléttu úr garðlaginu á þeim kafla sem lagnaleiðin liggur.

Staðhættir og lýsing

Slitrur af garðlagi sjást á loftmynd á merkjum Reykjarhóls og Hólavalla. Lækur rennur í djúpum grónum farvegi á merkjum, en tún eru norðan og sunnan við þar sem lagnaleiðin liggur og búið að sléttu úr garðinum. Hægt er að rekja garðlagið á loftmynd vestan þjóðvegar á um 350m kafla niður að Fljótaá og ofan þjóðvegar um 360m kafla.

Aðrar upplýsingar

Þarna eru í dag merki Reykjavalla og Hólavalla, en Hólavellir urði til úr landi Hóla á milli 1950 og 60 (sbr. örnefnaskrá Hóla).



Teikning 4. Tóftir (1787-82) á hóli í landi Hóla og mógrafir (1787-83) suðvestur af þeim.



Mynd 46. Horft til suðurs yfir téftir (1787-82) í landi Hóla. Íbúðarhúsið á Hólum í baksýn, sem stendur þar sem heitir Hólagerði.

Hólar - 1787 - 82

Hlutverk: Óþekkt

Tegund: Tóft

Hættumat: Engin hætta. Minjarnar eru í jaðri skráningarsvæðisins og ættu ekki að vera í neinni hættu vegna framkvæmda.

Staðhættir

Tóftin (tóftirnar) eru á ábérandi hól um 40m austur af fyrirhugaðri lagnaleið í breiðu votlendu dragi sem búið er að þurrka upp að hluta, tún eru norðan og sunnan við dragið, en suðvestur af hólnum eru gamlar mógrafir.

Lýsing

Tóftin er a.m.k. fjórskipt, en innra fyrirkomulag er ekki að öllu leyti ljóst. Að norðvestan er greinilegt hólf eða rými, sem snýr norður-suður og er 1,6x8,5m á kant að innanmáli með dyr til austurs við norðurenda. Mögulega hefur verið innangengt úr þessu rými yfir í annað smærra austan við sem er um 3x2m á kant og snýr austur-vestur. Austan við það er enn annað lítið rými sem snýr norður suður og er sporöskjulaga, 2x2,5m á kant að innanmáli. Syðst eru mögulega fjárhús með tveimur görðum og dyrum til vesturs. Veggir eru algrónir grasi, smáþýfðir og sumpart ólööglegir, þeir eru á bilinu 1-2m breiðir og 30-50sm háir. Hugsanlega eru þetta bæjarleifar með áföustum úтиhúsum.

Aðrar upplýsingar

Gamla bæjarstæðið á Hólum er ofarlega í landi jarðarinnar suðaustur af núverandi íbúðarhúsi (frístundahúsi) og ekki í neinni hættu vegna framkvæmda. Ekki er getið um hjáleigu eða húsmannsbýli á þessum slóðum í örnefnaskrá og hlutverk þessara minja er óljóst þótt tóftirnar séu bæjarlegar.

Hólar - 1787 - 83

Hlutverk: Mó-/torfgrafir

Tegund: Niðurgröftur

Hættumat: Hætta. Lagnaleiðin liggar yfir austasta hluta mó- eða torfgrafanna.

Staðhættir

Grafirnar eru ofan við hól sem notaður hefur verið til efnistöku fyrir vegagerð og er rétt austan við þjóðveginn (Ólafsfjarðarveg 82).

Lýsing

Grafirnar ná yfir um 110m² svæði og eru á bilinu 20-50sm djúpar að mestu grónar grasi en mýrargróður í hluta þeirra.



Mynd 47. Horft til austurs yfir mógrafir/torfgrafir (1787-83) í landi Hóla.

Hólar - 1787 - 84

Hlutverk: Mótóft

Tegund: Tóft

Hættumat: Engin hætta. Minjarnar eru í um 17m fjarlægð frá miðlinu lagnaleiðarinnar og ættu ekki að vera í hættu vegna framkvæmdanna.

Staðhættir

Mógrafir og a.m.k. tvær mótfotir eru fast austan þjóðvegarins (Ólafsfjarðarvegar 82) um 140m suður af afleggjaranum heim að íbúðarhúsinu (frístundahúsinu) á Hólum í Austur-Fljótum.

Lýsing

Tóftin sem hér um ræðir er við norður-enda mógrafanna, hún er um 3x4,5m á kant að utanmáli. Veggir eru á bilinu 50-100sm breiðir og 20-30sm háir. Engar dyr eru sýnlegar á tóftinni.

Hólar - 1787 - 85

Hlutverk: Mógröf

Tegund: Niðurgröftur

Hættumat: Hætta. Mógrafirnar eru minnst í 2,5m fjarlægð frá lagnaleiðinni.

Staðhættir og lýsing

Mógrafir og a.m.k. tvær mótfotir eru fast austan þjóðvegarins (Ólafsfjarðarvegar 82) um 140m suður af afleggjaranum heim að íbúðarhúsinu (frístundahúsinu) á Hólum í Austur-Fljótum. Mógrafirnar eru á bilinu 20-100sm djúpar og mestu grasi grónar, en vatn er í nokkrum þeirra og mýrargróður. Grafirnar ná yfir um 850m² svæði.

Hólar - 1787 - 86

Hlutverk: Mótóft

Tegund: Tóft

Hættumat: Engin hætta. Minjarnar eru í um 17m fjarlægð frá miðlinu lagnaleiðarinnar og ættu ekki að vera í hættu vegna framkvæmdanna.

Staðhættir

Mógrafir og a.m.k. tvær mótfotir eru fast austan þjóðvegarins (Ólafsfjarðarvegar 82) um 140m suður af afleggjaranum heim að íbúðarhúsinu (frístundahúsinu) á Hólum í Austur-Fljótum.



Teikning 5. Mógrafasvæði (1787-85) og tvær tóftir (1787-84 og 86) austan vegar í landi Hóla í Austur-Fljótum. Garðlag (1787-88) liggur eftir bakkanum ofan við grafirnar en engar heimildir fundust um það. Rauða línan er fyrirhugð lagnaleið og rauðskygða svæðið nær 50m út frá henni til beggja átta.

Lýsing

Tóftin sem hér um ræðir er á suðurbakka mógrafanna, hún er um 3x6m á kant að utanmáli. Veggir eru algrónir grasi á bilinu 40-60sm breiðir og 30-40sm háir.



Mynd 48. Horft til VNV yfir tóft (1787-88), í baksýn eru mógrafir (1787-85) og tvennar mótóftir (1787-86 og 84).

Hólar - 1787 - 87

Hlutverk: Óþekk/mótóft?

Tegund: Tóft

Hættumat: Engin hætta. Minjarnar eru í 23m fjarlægð frá miðlinu lagnaleiðarinnar og ættu ekki að vera í neinni hætta.

Staðhættir og lýsing

Mógrafir og mótóftir eru fast austan þjóðvegarins (Ólafsfjarðarvegar 82) um 140m suður af afleggjaranum heim að íbúðarhúsinu (frístundahúsinu) á Hólum í Austur-Fljótum. Suðaustan við þessar mógrafir er þriðja tóftin (1787-87) og garðlag (1787-88) sem eftir brekkubrúninni austan við mógrafrnar.



Hólar - 1787 - 88

Hlutverk: Óþekkt

Tegund: Garðlag

Hættumat: Hætta. Garðlagið er minnst í 3m fjarlægð frá miðlinu lagnaleiðarinnar.

Mynd 49. Horft til norðurs eftir garðlagi austan við mógrafrnar í landi Hóla í Austur-Fljótum.

Staðhættir

Mógrafir og mótfotir eru fast austan þjóðvegarins (Ólafsfjarðarvegar 82) um 140m suður af afleggjaranum heim að íbúðarhúsinu (frístundahúsinu) á Hólum í Austur-Fljótum. Suðaustan við þessar mógrafir er þriðja tóftin (1787-87) og garðlag sem liggur eftir brekkubrúninni austan við mógrafirnar.

Lýsing

Garðlagið er slitrótt en vel greinanlegt á köflum og sést samanlagt á um 130m kafla austan við mógrafirnar. Garðlagið er á bilinu 10-50sm hátt og 1-1,5m breitt.

Hólar - 1787 - 89

Hlutverk: Óþekkt

Tegund: Tóft

Hættumat: Engin hætta. Tóftin er í 20m fjarlægð fá lagnaleiðinni og ætti ekki að vera í neinni hættu.

Staðhættir

Stök tóft er undir gróinni brekku austan þjóðvegarins (Ólafsfjarðarvegar 82) tæpa 300m norður af merkjum Hóla (Hólakots) og Gils.

Lýsing

Tóftin er 6,5x13,5m á kant að utanmáli og snýr u.þ.b. norður-suður. Engar dyr eru greinilegar á tóftinni en veggir eru um 1,5m breiðir og 30-40sm háir, algrónir grasi og örlítið þýfðir. Tóftin stendur á svolítilli upphækkun undir brekkubrún en votlent er neðan við.



Mynd 50. Horft til vesturs yfir tóft (1787-89), sunnarlega í landi Hóla (Hólakots).



Mynd 51. Horft til suðurs yfir leifar af garðlagi eða tóft (1787-90) sem hefur orðið fyrir miklum skemmdum við vegagerð.

Fast austan við þjóðveginn (Ólafsfjarðarveg 82) um 200m norður af merkjum Hóla (Hólakots) og Gils er garðlag, mögulega leifar af tóft sem hefur verið farið í gegnum þegar vegurinn var lagður. Það sem eftir er af þessari fornleif er 15m langur garður/veggur sem liggur norður-suður og tveir stubbar útfrá honum á hvorum enda til vesturs sem hafa verið skornir í sundur þegar vegurinn var gerður. Vegghæð er á bilinu 40-60sm og breiddin um 1,5m. Garðlagið er algróið grasi.

Hólar - 1787 - 90

Hlutverk: Óþekkt

Tegund: Garðlag

Hættumat: Mikil hætta. Fyrirhuguð lagnaleið lá í gegnum þetta garðlag, en lagt var til að hún yrði færð nokkra metra til norðurs eða suðurs til að forða því raski. Minjarnar hafa nú þegar orðið fyrir miklu raski vegna vegagerðar.

Staðhættir og lýsing

Fast austan við þjóðveginn (Ólafsfjarðarveg 82) um 200m norður af merkjum Hóla (Hólakots) og Gils er garðlag, mögulega leifar af tóft sem hefur verið farið í gegnum þegar vegurinn var lagður. Það sem eftir er af þessari fornleif er 15m langur garður/veggur sem liggur norður-suður og tveir stubbar útfrá honum á hvorum enda til vesturs sem hafa verið skornir í sundur þegar vegurinn var gerður. Vegghæð er á bilinu 40-60sm og breiddin um 1,5m. Garðlagið er algróið grasi.



Mynd 52. Horft til norðausturs yfir hugsanlega stekkjartóft (1787-91) og matjurtagarð (1787-92).

Hólar - 1787 - 91

Hlutverk: Óþekkt/stekkur?

Tegund: Tóft


Hættumat: Engin hætta. Minjarnar eru í 30m fjarlægð frá miðlinu lagnaleiðar og ættu ekki að vera í neinni hætta vegna framkvæmdanna.

Staðhættir

Skammt austan þjóðvegarins (Ólafsfjarðarvegar 82) suður við merki Hóla (Hólakots) og Gils eru tóft og garðlög. Mögulega stekkur (1787-091) og matjurtagarður (1787-092).

Lýsing

Meint stekkjartóft er tvískipt, að norðan er stórt hólf eða rétt sem er 17m löng og 8m breið að innanmáli. En suðurhelmingur vestur veggjarins er mjög ógreinilegur og líklegt að þar hafi verið hlið. Sunnan við er smærra hólf, líklega lambakró, sem er 3x3m á kant að innanmáli með dyr/hlið til vesturs. Veggir eru algrónir grasi á bilinu 20-50sm háir og 1,5-2m breiðir.



Teikning 6. Meintur stekkur og matjurtagarður syðst í landi Hóla (Hólakots) í Austur-Fljótum. Skyggði flöturinn afmarkar 50m svæði beggja vegna miðlinu lagnaleiðarinnar.

Hólar - 1787 - 92

Hlutverk: Matjurtagarður

Tegund: Garðlag

Hættumat: Engin hætta. Minjarnar eru mældar upp en reyndust rétt utan skráningarsvæðisins og ekki í hætta vegna framkvæmdanna.

Staðhættir

Skammt austan þjóðvegarins (Ólafsfjarðarvegar 82) suður við merki Hóla (Hólakots) og Gils eru tóft og garðlög. Mögulega stekkur (1787-091) og matjurtagarður (1787-092).

Lýsing

Matjurtagarðurinn er í brekku sem hallar til vesturs og er næsta ferhyrndur en norðurhlíðin þó ögn óregluleg. Garðurinn er um 820m² en afmarkað beð er í suðvesturhorni hans sem er 240m². Garðlagið er um 2m breitt og 20-40sm hátt, algróið grasi.



Mynd 53. Horft til suðvesturs yfir fyrirhleðslu í sundi ofan (austan) við veg í landi Gils (Gilslaugar).

Gil (Gilsaug) - 1787 - 93

Sérheiti: Gilsaug

Hlutverk: Sundlaug

Tegund: Hleðsla

Hættumat: Engin hætta. Lagnaleiðin liggur fyrir garðlagið.

Staðhættir og lýsing

Djúpt mýrarsund er ofan við þjóðveginn (Ólafsfjarðarveg 82) ofan við bæinn Gil. Ofan í þessu mýrarsundi er hlaðið garðlag eða stýfla, svonefnd Gilsaug. Garðlagið er á bilinu 20-50sm hátt og 1,5-2,5m breitt. Algróið og smáþýft á köflum.

Hvammur – 1787 – 94

Hlutverk: Óþekkt/stekkur?

Tegund: Tóft

Hættumat: Engin hætta. Tóftin var skráð á vettvangi en reyndist utan svæðis, um 85m frá miðlinu lagnaleiðarinnar og ekki í neinni hættu.

Staðhættir

Fremur óljós téft er á lágum hól í grasgefnni brekku austur af lagnaleiðinni. Tóftin var skráð en síðar kom í ljós að hún var utan svæðis.


Lýsing

Tóftin snýr u.p.b. NNV-SSA og er 13x17m á kant að utanmáli. Hún er þrískipt en hólfíð í suðausturhorni er ofan á eldri veggjum og virðist yngra en aðrir hluta téftarinnar. Líklega hefur verið stekkjað í téftinni, en hún mögulega haft annan tilgang upphaflega. Veggir eru grasi grónir á bilinu 40-60sm háir og 0,5-2m breiðir.

Aðrar upplýsingar

Í örnefnaskrá Margeirs Jónssonar fyrir Hvamm segir: „Fyrir ofan veg yzt er Engjalaut – út við Gilsmerki; þá Grænatóft og þar fyrir sunnan Lambamór, rétt fyrir norðan Engjalæk. Fyrir sunnan Engjalæk heita Geirshúsmóar, og ná þeir að Bæjarlæk; þar var fjárhús einhvær tíma, en síðan fyrir aldamót hefur þar verið hesthús. Sögur voru til um reimleika meðan fjárhúsin stóðu, og því voru þau lögð niður, unz hesthúsið var byggt.“ (bls. 2). Hugsanlega er þetta svonefnd Grænatóft, en ekki náðist í heimildamann til að fá það staðfest.

1787-94



Hvammur – 1787 – 95

Hlutverk: Óþekkt/hesthús?

Tegund: Tóft

Hættumat: Engin hætta. Tóftin var skráð á vettvangi en reyndist utan svæðis, tæpa 80m frá miðlinu lagnaleiðarinnar og því ekki í neinni hættu.

Staðhættir

Stök téft er á svolítilli upphækkuun á lækjarkakka um 330 VNV af bæ í Hvammi og 22m ofan (austan) vegar.

Lýsing

Tóftin er ferköntuð, 6x10m á kant og snýr u.p.b. norður-suður. Útbrúnir eru á bilinu 30-40sm hærri en umhverfið en innra fyrirkomulag er mjög óljóst.



Mynd 54. Horft til suðurs yfir téft á lækjarkakka í landi Hvamms í Austur-Fljótum.

Aðrar upplýsingar

Í örnefnaskrá Margeirs Jónssonar fyrir Hvamm segir: „Fyrir sunnan Engjalæk heita Geirshúsmóar, og ná þeir að Bæjarlæk; þar var fjárhús einhvern tíma, en síðan fyrir aldamót hefur þar verið hesthús. Sögur voru til um reimleika meðan fjárhúsin stóðu, og því voru þau lögð niður, unz hesthúsið var byggt.“ (bls. 2). Miðað við lýsingu í örnefnaskrá þá eru þetta tóftir umrædds hesthúss.



Mynd 55. Horft til norðausturs heim að Hvammi, gamalt íbúðarhús, byggt árið 1931, stendur á gamla bæjarstæðinu. Það er nú nýtt sem sumarhús.

Hvammur – 1787 – 96

Sérheiti: Hvammur

Hlutverk: Bæjarhóll

Tegund: Hóll

Hættumat: Mikil hætta. Íbúðarhúsið í Hvammi er byggt á gömlum bæjarhól og má gera ráð fyrir að minjar undir sverði verði raski þegar grafið verður að húsinu. Lagt er til að reynt verði að fylgja eldri lagnaskurðum til að lágmarka rask.

Staðhættir og lýsing

Gamli bæjarhóllinn er á sama stað og núverandi íbúðarhús í Hvammi. Ekki er ljóst hvað bæjarhóllinn nær yfir stórt svæði en leifar hans sjást norðan hússins allt að bæjarlæknum en umhverfis íbúðarhúsið er girðing og virðist hafa verið sléttæð innan hennar. Norðan við girðinguna sem umlykur íbúðarhúsið eru einhverjar þústir og ójöfnur, m.a. 46-60sm djúp hola sem er um 2m í þvermál og hugsanlegar veggjaleifar umhverfis.

Aðrar upplýsingar

Jörðin Hvammur kemur fyrir í Sturlungu (Sturlunga, 10 þáttur) og fornbréfi frá 14. öld (ísl. fornbréfasafn III, bls. 623) og fleiri bréfum frá 15du og 16du öld (ísl. fornbréfasafn IV, bls. 565; V, bls. 355, 423, 439, 444; VI, bls. 541).

Í jarðabók frá 1685 er jörðin metin á 50 hundruð, landskuld var þá $2 \frac{1}{2}$ hdr. og kúgildi 14, tíu árum síðar 1695 var jarðamatið komið upp í 60 hdr, landskuld óbreytt en kúgildum hafði fækkað um eitt (Björn Lárusson 1967, bls. 263). Í jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalín frá 1709 er búið að skipta jörðinni, sem þá var í eigu Hólastóls, í þrennt og tilheyrdú þá $\frac{2}{3}$ hlutar Hvammi en **Höfn** og **Bakka** tilheyrdú hvorri um sig 1/6 partar upprunalegu jarðarinnar eða 10 hdr. Bærinn Höfn er sagður

byggður fyrir manna minni skammt frá heimatúninu og var í byggð þegar jarðabókin var tekin saman en Bakki hafði þá verið í eyði í 12 ár. Þá eru að auki tvær eyðihjáleigur nefndar í óskiptu landi Hvamms, það eru **Hvammkot** sem var byggt fyrir manna minni við heimatúnið en var aðeins í byggð í 12 eða 13 ár og **Gil** sem hafði verið í eyði síðastliðin 4 ár (JÁM IX, bls. 325-327). Bæjarstæði Gils og Bakka eru þekkt en óvissa er um staðsetningu Hafnar og Hvammkots, nema það sé það sama og Geitagerði líkt og Margeir Jónsson nefnir, en lýsing á staðsetningu þess við heimatúnið fær þá ekki staðist. Í örnefnaskrá Margeirs Jónssonar fyrir Hvamm frá 1935 segir: „Geitagerði er ekki nefnt í jarðabókum, en getur verið Hvammkot, sem talið er hjá Á.M. „við heimatúnið“ (bls. 3). Í yngri örnefnaskrá Margeirs fyrir Hvamm er nánari lýsing á staðháttum Geitagerðis þar segir: „Syðst í Stífluhólum, norðan við Bröttubrekku, er stór laut, sem heitir Skollalaut; þjóðvegurinn liggur eftir lautinni. Þar á að vera mjög reimt. Yzt í hólunum er grasi gróinn hóll; þar eru töftarbrot; kringum hólinn er garður, sem vel sést fyrir. Þarna heitir **Geitagerði**, og er sagt að þar hafi einhvern tíma verið býli.“ (bls. 4). Þetta er utan svæðis og var ekki skráð.

Í jarðabókinni kemur fram að bænhús hafi verið í Hvammi og má telja líklegt að þar sé kirkjugarður frá fyrstu tíð einhversstaðar í grennd við gamla bæjarstæðið. En rannsóknir Byggðasafns Skagfirðinga hafa sýnt að a jörðum sem getið er um bænhús voru yfirleitt áður kirkjur og kirkjugarðar þótt seinna hafa verið hætt að grafa að kirkjunum og þær skilgreindar sem bænhús með takmarkaðri réttindi og skyldur (JÁM IX, bls. 325; Guðný Zoëga 2014, bls. 55).

Um landkosti og galla segir í jarðabókinni: „Afrjett ut supra. Skógur til kolgjörðar bjarglegur. Torfrista og stúnga lítt nýtandi. Móskurður til eldiviðar lakur. Lýngrif til tróðs og eldiviðar nægt. Rifhrís mjög lítið. Grasatekja bjargleg fyrir heimilið. Selstöðu á jörðin í takmörkuðu landi á Fljóta afrjett fram frá Þrasastöðum, hefur áður brúkast en nú ekki í nokkur ár. Skógur til kolgjörðar hefur verið bjarglegur í þessu sellandi, brúkast ei. Hætt er kvíkfje fyrir holgryfjulækjum og torfgröfum. Hreppamannaflutnígur lángur og torsóktur á veturni í fannlögum.“ (JÁM IX, bls. 326).

Engar kvaðir hvíldu á jörðinni en Hvammsparturinn var talin geta fóðrað 6 kýr, 20 ær, 15 lömb og einn hest. Höfn og Bakki hvor um sig 2 kýr, 7 ær, 6 lömb (JÁM IX, bls. 326-327).



Mynd 56. Horft til suðurs eftir garðlagi (1787-97) sem liggur umhverfis þrjár hliðar hóls sem er vestarlega í landi Hvamms og tæplega 300m austur af bæjarstæði Bakka.

Hvammur – 1787 – 97

Hlutverk: Óþekkt

Tegund: Garðlag

Hættumat: Engin hætta. Minjarnar eru innan skráningarsvæðis en lítið lækjargil er á milli þeirra og fyrirhugaðrar lagnaleiðar og engin hætta á að þær verði fyrir raski.

Staðhættir og lýsing

Garðlag er umhverfis gróinn hól u.p.b. miðja vegu milli Hvamms og Bakka. Á hólnum eru að auki gróinn tóftalegur hóll og yngri matjurtagarður (1787-98) í halla til vesturs. Garðlagið er á bilinu 10-50sm hátt og 1-1,5m breitt. Óvist er hvaða tilgangi þetta garðlag hefur þjónað.



Mynd 57. Horft til norðurs yfir matjurtagarð (1787-98) suðvestan í hól sem er að hluta girtur garðlagi.

Hvammur – 1787 – 98

Hlutverk: Matjurtagarður

Tegund: Garðlag

Hættumat: Engin hætta. Minjarnar eru innan skráningarsvæðis en lítið lækjargil er á milli þeirra og fyrirhugaðrar lagnaleiðar og engin hætta á að þær verði fyrir raski.

Staðhættir og lýsing

Garðlag er umhverfis gróinn hól u.p.b. miðja vegu milli Hvamms og Bakka. Á hólnum eru að auki gróinn tóftalegur hóll og yngri matjurtagarður í halla til suðvesturs. Matjurtagarðurinn er um 230m².

Hvammur/Bakki – 1787 – 99

Hlutverk: Brautarteinar

Tegund: Rutt svæði

Hættumat: Hætta. Minjarnar eru nærri fyrirhugaðri lagnaleið en virðast þegar hafa orðið fyrir raski á svæðinu sem fyrirhugað er að fara í gegnum með hitaveituna.

Staðhættir og lýsing

Rudd braut (1787-99) sést á kafla norðan við garðlag (1787-101) og er þessi rudda braut það sem eftir er af járnbrautarteinum sem lágu úr grjótnámu að stíflu Skeiðsfossvirkjunar. En efnið í stífluna var að stórum hluta flutt í vögnum eftir þessum teinum þegar stíflan var gerð á árunum 1942-45. Búið er að fjarlægja sjálfa teinana, en ruðningar og uppbyggðir kaflar sjást á nokkrum stöðum þar sem jafnað hefur verið undir teinana.



Mynd 58. Horft til austurs eftir ruddri braut (1787-99), þar sem sléttan hefur verið undir brautarteina. Brautarteinar voru lagðir frá malarnámu austur í hólunum og að stíflunni og notaðir til flutnings á möl að stíflunni þegar hún var reist á árunum 1942-45.

Bakki – 1787 – 100

Hlutverk: Óþekkt

Tegund: Grunnur

Hættumat: Hætta. Minjarnar eru í tæplega 6m fjarlægð frá fyrirhugaðri lagnaleið.

Staðhættir og lýsing

Leifar af steyptum grunni eru skammt norðaustan við bæjarstæðið á Bakka. Þessi grunnur virðist vera í línu við rudda braut undir járnbrautarteina sem lágu milli stíflu Skeiðsfossvirkjunar og malarńamu austur í hólunum. Líklega tengist þessi grunnur brautteinunum með einhverjum hætti og aðflutningi á efni að stíflunni þegar hún var byggð.



Mynd 59. Garðlag (1787-101) horft til vesturs, tll vinstri sést nyrsta íbúðarhúsið í húsaröðinni ofan Skeiðsfoss-virkjunar. Bæjarstæðið á Bakka er á grónum hól ofarlega fyrir miðri mynd, í beinni línu við garðlagið.



Mynd 60. Garðlag (1787-101) horft til austurs, eins og sést verður það lynggróið líkt og umhverfið þegar austar dregur. Íbúðarhúsið í Hvammi í fjarska til vinstri.

Hvammur/Bakki – 1787 – 101

Hlutverk: Óþekkt

Tegund: Garðlag

Hættumat: Hætta. Minjarnar eru nærri fyrirhugaðri lagnaleið en virðast þegar hafa orðið fyrir raski á svæðinu sem fyrirhugað er að fara í gegnum með hitaveituna.

Staðhættir og lýsing

Umfangsmikið garðlag liggar frá stíflubyggingum undir brekkunni norður fyrir bæjarstæðið á Bakka og áfram þar til austurs nyrst í hólunum. Það er mjög fornlegt að sjá í hólunum, lyngi gróið og samlagast vel umhverfi sínu en vestar er grasi gróið myrlendi og tún og garðurinn sömuleiðis grasi gróinn og ekki jafn fornlegur að sjá á þeim kafla. Garðlagið er á bilinu 2-3m breitt og hverfur algjörlega á köflum en er víða á bilinu 60-120sm hátt.

Bakki – 1787 – 102

Sérheiti: Bakki

Hlutverk: Híbýli

Tegund: Tóftir

Hættumat: Engin hætta. Minjarnar eru innan skráningarsvæðis en í 22m fjarlægð frá fyrir-hugaðri lagnaleið og ættu ekki að vera í neinni hætta vegna framkvæmda.

Staðhættir


Gamla bæjarstæðið á Bakka er á háum og grónum bakka um 60m norður (NA) af nyrsta íbúðarhúsini í húsaröðinni ofan við stöðvarhús Skeiðsárfossvirkjunar. Í örnefnaskrá Margeirs Jónssonar fyrir Hvamm segir: „Fram að Fljótaá heita Bakkahólar, sem í raun og veru eru partur af Stífluhólum. Þeir eru suður frá eyðibýlinu Bakka. Neðst í Bakkahólum fram með ánni, nyrzt, er Fosshvammur, svo Óshvammur.“ (bls. 2). Í örnefnaskrá hans fyrir Bakka segir: „Bærinn stendur fremst á háum bakka. Fyrir neðan þennan bakka er eyri, sem heitir Bakkaeyri. Fyrir norðan túnið er önnur eyri, sem einnig heitir Bakkaeyri.“ (bls. 1).

Lýsing

Tóftir bæjarins eru ekki sérlega glöggar en þó má sjá móta nokkuð fyrir innra fyrirkomulagi. Tóftin er a.m.k. þrískipt. Tvö rými eru vestast og greinanlegar dyr útúr því nyrðra til vesturs. Bæði þessi rými eru um 2,5x2,5m á kant að innanmáli. Að austan er aflangt rými mest 170sm breitt og 7m langt. Sunnan við eru ógreinilegri þústir sem óvist er hvort tilheyrt hafa síðasta bænum eða eru eldri. Þá liggur garðlag til suðurs frá umfangsmiklu garðlagi (1787-101) sem liggur austur-vestur nyrst í Stífluhólum. Það var skráð sem hluti af stóra garðlaginu en bæjartóftin virðist hafa verið byggð ofan á þessum garði.

Aðrar upplýsingar

Í jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalín frá 1709 er búið að skipta jörðinni, sem þá var í eigu Hólastóls, í þrennt og tilheyrðu þá 2/3 hlutar Hvammi en **Höfn** og **Bakka** tilheyrðu hvorri um sig 1/6 partar upprunalegu jarðarinnar eða 10 hdr. Bærinn Höfn er sagður byggður fyrir manna minni skammt frá heimatúninu og var í byggð þegar jarðabókin var tekin saman en Bakki hafði þá verið í eyði í 12 ár (JÁM IX, bls. 325-327). Við tóftirnar á Bakka er stuðlabergssteinn með áletruðum skyldi til minningar um Rósu Sigurðardóttur og Guðmund Jóhannesson sem bjuggu á Bakka á árunum 1906-1918. Á skyldinum er mynd af litlum torfbæ með tvær burstir og einu stafnþili fram á hlað.





Mynd 61. Horft til norðurs (NNA) yfir þúst austan við bæjarstæðið á Bakka í Austur-Fljótum.

umhverfið, en innra fyrirkomulag er fremur óljóst. Hugsanlega haf dyr verið til norðurs úr lítilli tóft sem hefur verið um 2,5x2,5m á kant, en undir henni eru hugsanleg eldri veggjalög.

Bakki – 1787 – 103

Hlutverk: Óþekkt/torfgrafir?

Tegund: Niðurgreftir

Hættumat: Engin hætta. Minjarnar eru innan skráningarsvæðis en í um 30m fjarlægð frá fyrirhugaðri lagnaleið og handan skurðar og ættu ekki að vera í neinni hættu vegna framkvæmda.

Staðhættir og lýsing

Austan við skurð sem liggur eftir mýrarsundinu ofan við Bakka er mó- eða torfgrafarsvæði sem nær yfir um 150m² svæði. Niðurgreftirnir eru nokkrir, á bilinu 20-40sm djúpir og flestir fullir af vatni.

Bakki – 1787 – 103

Hlutverk: Óþekkt

Tegund: Þúst


Hættumat: Engin hætta. Minjarnar eru innan skráningarsvæðis en í um 30m fjarlægð frá fyrirhugaðri lagnaleið og handan skurðar og ættu ekki að vera í neinni hættu vegna framkvæmda.

Staðhættir

Ofan (austan) við bæinn Bakka er mýrarsund sem búið er að þurrka upp að mestu með skurðgreftri. Um 50m suðaustan við tóftir bæjarins er áberandi þúst í móaanum. Hún er vel greinanleg úr fjarska og stendur heldur hærra en



Mynd 62, horft til vesturs yfir torf- og/eða mógrafarsvæði í landi Bakka, bæjarstæði Bakka á grónum hól fyrir miðri mynd.



Teikning 7. Rauða línan á myndinni er fyrirhuguð lagnaleið að Skeiðsárfossvirkjun sem er lengst til vinstri á myndinni. Rauðskyggða svæðið er skráningarsvæðið sem nær 50m út frá miðlinu. Rauðgula línan eru landamerki milli Bakka (til vinstri) og Hvamms (til hægri). Númerin á myndinni eru hlaupandi númer minja í skýrslunni.

Húnssstaðir (Knappsstaðir) – 1787 – 105

Hlutverk: Fjárhús

Tegund: Tóft

Hættumat: Mikil hætta. Lagnaleiðin eins og hún var upphaflega teiknuð lá yfir hluta þessara minja en lagt var til að línan yrði færð um nokkra metra til suðvesturs til að forða þeim raski.

Staðhættir

Syðst í Stífluhólum ofan þjóðvegarins þar sem hann liggar niður við Stífluvatn eru tóftir fjárhúsa frá býlinu Húnss töðum sem stóð sunnan lækjar þar sem nú er tún, norðan lækjarins eru auk fjárhústóftanna nokkrar fornlegar tóftir.

Lýsing

Fjárhúsin standa næstum efst á grónum hóli, tvístæð garðahús sem snúa norðaustur-suðvestur, með dyr til suðvesturs en hlöðu að norðaustan. Vestari (NV) garðahúsin eru heldur stærri en þau austari (SA) með dyr inní hvora kró. Krærnar í þeim hluta tóftarinnar eru um 8m langar og 1,5m breiðar. Hin garðahúsin virðast hins vegar hafa haft eina dyr fyrir enda garðans og er krærnar þar um 5m langar og 1,5m breiðar. Innangengt virðist hafa verið af görðum beggja húsa inní hlöðu sem er L-laga, með dyr til norðausturs. Vegir eru algrónir grasi á bilinu 40-60sm háir og á bilinu 1 til 3m breiðir. Húsin eru ekki mjög forn að sjá og líklegt að þau séu frá fyrri hluta 20. aldar eða síðari hluta þeirrar 19du. Mögulega hafa húsin verið nýtt áfram sem beitarhús frá Knappsstöðum eftir að búskap var hætt á Húnss töðum.

Aðrar upplýsingar

Í örnefnaskrá Páls Sigurðssonar fyrir Húnssstaði frá 1979 segir: „Bærinn stóð efst í túninu. Nú er búið að sléttá túnið og jafna út bæjarrústir, var nytjað frá Knappsstöðum, meðan byggð hélt þar, nú nytjað frá búanda Knappsstaða. [...] Norðvestur frá bænum eru Gerðin, þar stóðu Fjárhúsin [...]“ (bls. 2).

Húnsstaðir (Knappsstaðir)– 1787 – 106

Hlutverk: Óþekkt

Tegund: Tóft (mögulega náttúrulegt)

Hættumat: Engin hætta. Minjarnar eru innan skráningarsvæðis en ofan við hól um 22m frá fyrirhugaðri lagnaleið sem lagt var til að færð yrði enn lengra frá til að forða öðrum minjum raski.

Staðhættir

Syðst í Stífluhólum, niður við veginn þar sem hann liggur á bakka Stífluvatns er beitarhúsatóft á svolitlum hól, ofan við hólinn eru nokkrar fornlegar tóftir.

Lýsing

Ofan við beitarhúsin er óljós möguleg tóft, hún er um 6x8m að utanmáli og snýr NA-SV og gætu dyr hafa verið til norðurs úr austurhluta hennar. Óvist er hvort um tóft eða nátturumyndin sé að ræða, en meintir veggir eru þýfðir og sokknir á bilinu 10-20sm háir og 1,5-2m breiðir.



Mynd 63. Horft til suðvesturs yfir minjar syðst í landi Hvamms. Fornar tóftir eru í lægðinni bak við hólinn en á honum tóftir beitarhúsa (1787-105) frá Hvammi. Aðeins sést glitta í handgrafrna vatnsrás til hægri á myndinni.

Húnssstaðir – 1787 – 107

Hlutverk: Óþekkt/skáli?

Tegund: Tóft

Hættumat: Engin hætta. Minjarnar eru í um 30m frá lagnaleiðinni.

Staðhættir

Syðst í Stífluhólum, niður við veginn þar sem hann liggur á bakka Stífluvatns er beitarhúsatóft á svölitlum hól, ofan við hólinn eru nokkrar fornlegar tóftir. Um 16m ofan við beitarhúsin er aflöng tóft í smá lægð bak við hólinn sem beitarhúsin standa á.

Lýsing

Tóftin er tvískipt, um 6x16m að utanmáli og snýr norðvestur-suðaustur. Engar augljósar dyr eru greinanlegar en tóftin skiptist í two ámóta stóra hluta, um 2,5x5m á kant. Gaflar tóftarinnar eru bogadregnir einkum sá norðari en langveggir næsta beinir. Veggir eru grónir grasi og mosa á bilinu 40-50 sm háir. Óvist er um aldur og hlutverk þessara minja en óneitanlega minna þær á skála frá víkingaöld þótt ekki verði fullyrt um það án frekari rannsókna.

Húnssstaðir (Knappsstaðir) – 1787 – 108

Hlutverk: Óþekkt

Tegund: Niðurgröftur

Hættumat: Engin hætta. Minjarnar eru í rúmlega 40m fjarlægð frá miðlinu lagnaleiðarinnar og því ekki í neinni hætta.

Staðhættir og lýsing

Syðst í Stífluhólum, niður við veginn þar sem hann liggur á bakka Stífluvatns er beitarhúsatóft á svölitlum hól, ofan við hólinn eru nokkrar fornlegar tóftir. Um 5m ofan við tóft (1787-107) hugsanlega skála, er ferkantaður niðurgröftur sem er um 20sm djúpur og 70-90sm á kant.

Húnssstaðir (Knappsstaðir) – 1787 – 109

Hlutverk: Óþekkt

Tegund: Tóft/náttúrulegt?

Hættumat: Engin hætta. Meintar minjar eru í jaðri skráningarsvæðisins og ekki í neinni hætta.

Staðhættir og lýsing

Syðst í Stífluhólum, niður við veginn þar sem hann liggur á bakka Stífluvatns er beitarhúsatóft á svölitlum hól, ofan við hólinn eru nokkrar fornlegar tóftir. Tæpa 40m ofan við tóftir beitarhúsanna (1787-105) er möguleg tóft. Hún er 3x5m að utanmáli og snýr VNV-ASA opin til vesturs og er á milli tóftar (1787-107) og (1787-110). Meintir veggir eru lágir og illgreinanlegir algrónir grasi um 10sm háir og 50sm breiðir. Ekki er hægt að útiloka að um náttúrumyndun sé að ræða án frekari rannsóknar.

Húnsstaðir (Knappsstaðir) – 1787 – 110

Hlutverk: Óþekkt/matjurtagarður?

Tegund: Tóft/garðlag

Hættumat: Engin hætta

Staðhættir

Syðst í Stífluhólum, niður við veginn þar sem hann liggur á bakka Stífluvatns er beitarhúsatóft á svölitlum hól, ofan við hólinn eru nokkrar fornlegar tóftir. Um 40m ofan við beitarhúsin (1787-105) er tóft (1787-110). Tóftin er rétt utan skráningarsvæðis og ætti ekki að vera í neinni hættu vegna framkvæmdarinnar.

Lýsing

Tóftin er ferhyrnd um 5,5x7m á kant að utanmáli og stendur í nokkrum halla til suðurs. Veggir eru að mestu grasi grónir, en þó sér í grjót á stöku stað. Þeir eru á bilinu 30-40sm háir og um 50sm breiðir. Óvist er um hlutverk en lögun og staðsetning bendir helst til að um líttinn matjurtagarð sé að ræða.



Mynd 64. Horft suðaustur yfir tóft (1787-109), hugsanlega matjurtagarð, syðst í landi Hvamms í Austur-Fljótum.



Mynd 65. Horft til norðausturs upp eftir hlíðinni eftir handgröfnum skurði (1787-111) sem virðist hafa verið notaður til að leiða vatn að beitarhúsum (1787-105) en gæti bó verið eldri.



Mynd 66. Horft til suðvesturs eftir handgröfnum skurði þar sem hann liggur að beitarhúsum (1787-105), virðist hafa verið nýttur til að leiða vatn að húsunum en gæti verið eldri.

Húnsstaðir (Knappsstaðir) – 1787 – 111

Hlutverk: Áveita (læk veitt að úтиhúsum til að brynna fé?)

Tegund: Niðurgöftur

Hættumat: Engin hætta

Staðhættir og lýsing

Syðst í Stífluhólum, niður við veginn þar sem hann liggur á bakka Stífluvatns er beitarhúsatóft á svölitlum hól, ofan við hólinn eru nokkrar fornlegar tóftir. Frá beitarhúsatóftinni (1787-105) liggur að því er virðist handgraffinn skurður upp hlíðina til norðausturs. Skurðurinn er á bilinu 30-40sm djúpur og 20-30sm breiður. Hann er graffinn niður í brekkuna og uppmoksturinn myndar kant neðan við skurðinn til að halda vatninu í skorðum. Skurðurinn er þurr í dag en lækur rennur niður eftir gildragi á merkjum Hvamms og Knappsstaða nokkru sunnan og neðan við tóftirnar.



Mynd 67. Horft til suðurs yfir bæjarstæði Húnssstaði nyrst í landi Knappsstaða sem sjást í fjarska. Tóftir voru efst í túninu þar sem það er grænast en þær hafa nú verið sléttáðir.

Húnssstaðir – 1787 – 112

Sérheiti: Húnssstaðir

Hlutverk: Bæjarhóll

Tegund: Hóll (í túni)

Hættumat: Hætta, vegna jarðræktar. Búið er að sléttu úr tóftum fornþýlisins Húnssstaða en búast má við að enn séu einhverjar minjar undir sverði á svæðinu og teljast þær í hættu vegna jarðræktar. Þessar tóftir voru hins vegar í jaðri skráningarsvæðisins og ættu jarðlægar minjar ekki að vera í hættu vegna hitaveitulagningarárinnar.

Staðhættir og lýsing

Tóftir fornþýlisins Húnssstaða voru ofan þjóðvegarins (Ólafsfjarðarvegar 82) nyrst í landi Knappsstaða. Búið er að sléttu þær í tún. Ávalur hóll er efst í túninu en þar sjást engin merki um tóftir á yfirborði þótt vel kunni að vera að einhverjar leifar séu enn undir sverði. Hnit voru tekin eftir til sögn heimildamanns, Jóns E. Númasonar á Þrasastöðum.

Aðrar upplýsingar

Húnssstaðir voru hjáleiga frá Knappsstöðum og kemur fyrir í fornþréfum frá 14. og 15. öld (Ísl. fornþréfasafn III, bls. 561, 643 og V, bls. 255), fór í eyði 1704 (JÁM IX, bls. 325).

Í jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalín frá 1709 segir um Húnssstaðir: „Eyðihjáleiga bygð í úthögum staðarins fyrir manna minni, og varaði bygðin inn til næstu 5 ára, síðan í auðn. Landskuld var ix álnir í landaurum heim til staðarins. Kúgildi iii, stundum ii. Leigur í smjöri til staðarins. Fóðrast kunni ii kýr, xii ær, vi lömb. Þessa grasnyt brúkar nú heimastaðurinn, og er honum áður talinn. Aftur má byggja staðnum til rýrðar.“ (bls. 325).

Í örnefnaskrá Páls Jónssonar fyrir Húnssstaði frá 1979: „Húnssstaðir eru nyrzti bær í Stíflu austan ár. Bærinn stóð sunnan undir Stífluhólum og í skjóli þeirra, talin hjáleiga frá Knappsstöðum. Óvist er, hvenær byggð hefst þar, með vissu stundum í eyði; hefur ugglaustr ráðið þar mestu um, hvort Knappsstaðaklerkar hafa þurft að nytja kотið með höfuðbólinu. Þess ber þó að geta, að landstærð er lítil og heyöflun takmörkuð, en kjarnaland til beitar í Stífluhólum og Skjól í öllum áttum. Í landamerkjálýsingu, þinglýstri 24/5 1890, eru landamerki að sunnan, móti Knappsstöðum, neðan frá Stífluá bein stefna í lækjarsytru upp í Snjóalaut upp í hlíðinni = Knappsstaðahlíð beint til fjalls. Í landamerkjálýsingu fyrir Hvamm, þinglýst 24/8 1886, segir: „Að sunnan ræpður Húnssstaðaá, eldra nafn

Flæðará, sunnan við Hólana og frá árupptökum í svokallaðan Forsæluhryggshaus, úr honum bein stefna til Fjallseggjar.“ Í landamerkjalýsingu fyrir Knappsstaði og Húnssstaði, þinglýst 24/5 1890 og áður er vitnað í, segir: „Að norðan ræður merkjum Húnssstaðaá og rennur ofan í Fljótaá og sömuleiðis hryggur sá, sem liggur frá upptökum árinna til fjalls.““ (bls. 1-2).

Í örnefnaskrá Páls Jónssonar fyrir Húnssstaði frá 1979: „Bærinn stóð efst í túninu. Nú er búið að slétta túnið og jafna út bæjarrústir, var nytjað frá Knappsstöðum, meðan byggð hélzt þar, nú nytjað frá búanda Knappsstaða. [...] Norðvestur frá bænum eru Gerðin, þar stóðu Fjárhús, þar er og Fjárhúsatjörn, alldjúp með nokkrum staragróðri og smáhólma. Allbrött brekka er upp af tjörninni, Fjárhúsabrekka, vinsæl í góðu skíðafæri. Út við Húnssstaðaána er Stekkjarhvammur. Þar stóð Húnssstaðastekkurinn. Hvammurinn var vel gróinn og hlýlegur. Nú er búið að eyðileggja hvamminn og stekkinn vegna vegar, sem lagður var þarna og notaður í stuttan tíma.“ (bls. 2). Stekkjarstæðið er rétt utan svæðis.

Í örnefnaskrá Páls Jónssonar fyrir Húnssstaði frá 1979 segir að auki: „Rétt ofan við bæinn stóð Hesthús, en Smiðjan á smáhól sunnan við bæinn, Smiðjuhló. Lækjarsytra rann niður sunnan við Smiðjuhlólinn, Litlilækur. Skammt þar sunnan við er gróin, forn rúst, Heyjatóft, trúlega gamalt stakkstæði.“ (bls. 4). Hesthúsið er nær örugglega utan svæðis, en óvist með smiðjuhlólinn, engar minjar sáust þarna á yfirborði eins og áður segir, auk þess sem þetta er í jaðri skráningarsvæðisins og ætti ekki að vera í hættu vegna fyrirhugðrar hitaveitulagningar.

Í örnefnaskrá Páls Jónssonar fyrir Húnssstaði frá 1979 er tilvitnun í handrit Hannesar Hannessonar frá Melbreið þar sem Hannes segir: „Húnssstaðir er gömul hjáleiga frá Knappsstöðum og hétu þá Hofstaðir. Verður þetta vel skiljanlegt, þegar að er gáð, því hið forna Hof Fljótverja stendur mjög skammt frá bænum eða rétt fyrir utan Húnssstaðaána, og sér enn vel fyrir tóftunum og garðinum í kring. En Knappsstaðir eiga nú þetta land ekki lengur. En hvernig á því hefur staðið, að þetta land lagðist undir Hvamm, veit ég ekki; gæti betur trúað, að Hólabrekkan, þ.e. Brattabrekka, skipti löndum og hér væri um óviss landamerki að ræða.“ (bls. 6). Við þetta bætir Páll: „Ekkert legg ég hér til mála, en til mun vera í handritum Hannesar nánari lýsing á hinni fornu hofrúst og umhverfi, en hef hana ekki við hendina. Ég hygg, að svo slysalega hafi tekizt, þegar nýr vegur var lagður suður af Hólunum, að hoftóft og garði umhverfis, vel gróið land, hafi verið ýtt í veginn. Þó má vera, að enn sjáist nokkrar þúfur eftir. Það er svo sem ekkert nýtt, þó sögulegum mannvirkjum sé lítill gaumur gefinn af „mönnum með reiknistokkinn“, eins og Kiljan segir einhvers staðar.“ (bls. 7).

Húnssstaðir voru í eyði 1703 þegar fyrsta manntalið var gert og síðar jarðabókin 1709, í manntölum frá 1835 til 1920 er jörðin alltaf í byggð og þar til heimilis á bilinu 5-10 manns (Manntalsvefur Þjóðskjalsafns Íslands: www.manntal.is; JÁM IX, bls. 325). Á Húnssstöðum var búið a.m.k. fram til 1928, mögulega lengur.

Knappsstaðir – 1787 – 113

Hlutverk: Óþekkt

Tegund: Tóft


Hættumat: Engin hætta. Minjarnar eru í jaðri skráningarsvæðisins og ekki í neinni hættu vegna framkvæmda.

Staðhættir

Um 120m NNV af Knappsstaðakirkju er lítil tóft rétt utan í grónum skriðukambi eða lækjargili.

Lýsing

Tóftin liggur u.p.b. austur vestur með dyr eða hlið til vesturs, hún er 5,5m löng að innanmáli og um 160sm breið. Veggir eru algrónir grasi á bilinu 20-40sm háir og um 2m breiðir. Óvist er um tilgang en mögulega eru þetta þó leifar kvía.



Knappsstaðir – 1787 – 114

Sérheiti: Knappsstaðir

Hlutverk: Bæjarhóll

Tegund: Hóll

Hættumat: Mikil hætta.

Upphafleg lagnaleið var teiknuð milli bæjarhóls og kirkju og heimtaug tekin niður að húsinu í gegnum bæjarhlínn. Ljóst er að á þeirri leið má búast við minjum undir sverði frá ýmsum tínum. Ákveðið var að færa línuna niður fyrir íbúðarhúsið og taka heimtaug að húsinu á sömu slóðum og eldri lagnir hafa verið lagðar. Engu að síður varð við það töluvert rask á bæjarhlínum og var skurðurinn skoðaður og snið teiknuð, sjá viðauka við skýrsluna.

Staðhættir

Núverandi íbúðarhús stendur á gamla bæjarhlínum á Knappsstöðum.

Lýsing

Íbúðarhúsið stendur á gamla bæjarhlínum á Knappsstöðum, og er að hluta grafið niður í hlínn, sem er hærri austan við húsið, malarplan er neðan við húsið en búast má við minjum undir sverði á allstóru svæði umhverfis.

Aðrar upplýsingar

Knappsstaðir koma fyrir í Landnámabók og Biskupasögum og fjölda fornbréfa frá 14.- 16. öld (sbr. Björn Pálsson, Íslenskt fornbréfasafn VII, bls. 11; II, bls. 488; III, bls. 561; IV, bls. 381; V, bls. 255-6, 355, 360, 625-26; VIII, bls. 192, 348, 579; IX, bls. 612; X, bls. 348; XIV, bls. 137, XV, bls. 352).

Í örnefnaskrá Páls Sigurðssonar fyrir Knappsstaði, frá 1978, segir: „Knappsstaðir er landnámsjörð þórðar knapps, en hann nam land upp frá Stíflu til Tunguár ok bjá á Knappsstöðum“



Mynd 68. Íbúðarhúsið á Knappsstöðum, horft til suðvesturs, Lambahnjúkur og vatnsvæði Stífluvatns í bakgrunni.

(Landnáma, kap. 258). Þar hefur kirkja staðið frá því snemma á öldum og prestar sátu staðinn til 1881, sá síðasti var Páll Tómasson frá 1843-1881. Knappsstaðir standa skammt innan við Stífluhólana, norðar er þó hjáleigan Húnssstaðir.“ (bls. 1). Knappsstaðir fóru úr byggð árið 1974 (sama heimild, bls. 6).

Í 6. bindi bókaflokksins Kirkjur Íslands kemur fram að nýr torfbær hafi verið reistur á Knappsstöðum eftir að eldri bær hrundi í jarðskjálfta árið 1838, ný baðstofa, búr, eldhús og fjós (bls. 232).

Knappsstaðir – 1787 – 115

Sérheiti: Knappsstaðakirkja

Hlutverk: Kirkja

Tegund: Heimild

Hættumat: Engin hætta. Kirkjan og kirkjugarðurinn voru innan skráningarsvæðis eins og lagnaleið var upphaflega áætluð en lento utan svæðis þegar línan var færð.

Staðhættir

Í 6. bindi bókaflokssins Kirkjur Íslands segir um Knappsstaðakirkju: „Allar líkur benda til þess að kirkja hafi verið á Knappsstöðum frá því fyrir árið 1000.“ (bls. 229) og er vísað í Ólafssögu Tryggvasonar því til stuðnings (bls. 229-230). Knappsstaðakirkju er getið í svonefndum Auðunarmáldaga frá 1318 án þess að fjallað sé um hana en í málðaga frá 1394 er gerð grein fyrir eignum hennar og prestskyldu. Núverandi kirkja er reist 1840 og er friðuð, hún er jafnframt elsta timburkirkja í Skagafirði. Eldri kirkja var að líkindum á svipuðum slóðum. Um eldri kirkjuna segir í Kirkjur Íslands: „Kirkjan á Knappsstöðum var torfkirkja sem Sveinn Jónsson (1727-1804) lét byggja árið 1803. Hún var 5 ½ alin á breidd innan stafa og um 13 álnir að lengd, í sex stuttum stafgólfum – tveim í kór en fjórum í framkirkju [...]“ (bls. 232). Nánari lýsing á öllum útbúnaði í þessari kirkju og þeirri sem nú stendur er að finna í áður nefndu 6. bindi af Kirkjum Íslands (bls. 229-250). Kirkjan fór illa í jarðskjálfta árið 1838 og var í framhaldinu rifin og torfveggirnir jafnaðir við jörðu, en nýtilegt timbur notað í nýju kirkjuna (bls. 232-233).

Í örnefnaskrá Páls Sigurðssonar fyrir Knappsstaði, frá 1978, kemur fram að kirkjan standi á Kirkjuvelli í miðjum kirkjugarði (bls. 2-3). Kirkjur voru oft á bæjarhláði eða fast við bæi og ekki óþekkt að þær hafi færst eitthvað til í aldanna rás. Vegna langrar kirkjusögu á Knappsstöðum má því gera ráð fyrir leifum fjölda kirkjubygginga í nágrenni núverandi kirkju og jafnvel á bæjarstæðinu. Engar sýnilegar minjar um eldri kirkjur eru þó á vettvangi og verður ekki fullyrt um það án rannsóknar. Þá er sömuleiðis hugsanlegt að kirkjugarðurinn hafi færst eitthvað til í tímans rás og ekki útilokað að grafir geti verið að finna utan marka núverandi kirkjugarðs.

Knappsstaðir – 1787 – 116

Hlutverk: Kirkjugarður

Tegund: Kirkjugarður (grafir og kirkjugarðsveggur)

Hættumat: Engin hætta. Kirkjan og kirkjugarðurinn voru innan skráningarsvæðis eins og lagnaleið var upphaflega áætluð en lento utan svæðis þegar línan var færð.

Staðhættir og lýsing

Í örnefnaskrá Páls Sigurðssonar fyrir Knappsstaði, frá 1978, kemur fram að kirkjan standi á Kirkjuvelli í miðjum kirkjugarði (bls. 2-3). Í 6. bindi bókaflokssins Kirkjur Íslands segir um kirkjugarðsvegginn að hann hafi verið hrörlégur og hruninn eftir jarðskjálftann 1838 en árið 1842 hafi verið búið að endurbæta garðinn og hann sumstaðar hlaðinn frá grunni, sumstaðar bætt ofan á þann gamla, og nýjar grindur verið komnar á saluhlið (bls. 232-234). Núverandi kirkjugarðsveggur var hlaðinn á árunum 1993-1994 úr grjóti en með torflagi efst, undir stjórn Helga Sigurðssonar hleðslumanns frá Stóru-

Ökrum „Kom hleðslan í stað vírnetsgirðingar í tréramma sem hafði verið um kirkjugarðinn um langa hríð en upphaflega virðist hafa verið hlaðinn torfveggur um garðinn.“ (bls. 231).

Kirkjur voru oft á bæjarhlaði eða fast við bæi og ekki óþekkt að þær hafi færst eitthvað til í aldanna rás. Vegna langrar kirkjusögu á Knappsstöðum má því gera ráð fyrir leifum fjölda kirkjubygginga í nágrenni núverandi kirkju og jafnvel á bæjarstæðinu. Engar sýnilegar minjar um eldri kirkjur eru þó á vettvangi og verður ekki fullyrt um það án rannsóknar. Þá er sömuleiðis hugsanlegt að kirkjugarðurinn hafi færst eitthvað til í tímans rás og ekki útilokað að grafir geti verið að finna utan marka núverandi kirkjugarðs.

Óstaðsettar/horfnar minjar hugsanlega innan skráningarsvæðis í landi Knappstaða

Knappstaðir – 1787 - 279

Hlutverk: Stekkur

Tegund: Heimild

Staðhættir og lýsing

Í örnefnaskrá Páls Sigurðssonar fyrir Knappstaði, frá 1978, segir: „Norðan við Knappstaðaána og upp af áðurnefndu Nesi, er mikið og gott engi, Knappstaðahlíð, og nær út að Húnsstaðamerkjum. Neðst í hlíðinni stóð Stekkurinn. Nú er búið að rækta spildu neðan af hlíðinni. Þá var stekkurinn og hóllinn, sem hann stóð á, jafnaðir út.“ (bls. 4). Líklega er þetta innan svæðis en engar minjar eru sýnilegar á yfirborði og staðsetning ekki nægilega nákvæm til að hægt sé að taka afstöðu til mögulegra minja undir sverði.

Knappstaðir – 1787 - 280

Sérheiti: Efragerði/Ytragerði

Hlutverk: Fjós

Tegund: Heimild

Staðhættir og lýsing

Í örnefnaskrá Páls Sigurðssonar fyrir Knappstaði, frá 1978, segir: „Út frá Kirkjuvelli er Efragerði. Þar stendur fjósið og skammt utar er Neðragerði, eru fjárhús.“ (bls. 3). Annarsstaðar í sömu skrá segir: „Efst í túninu eru tveir hólar; Hesthúsgerði er sunnar, þar hefur staðið hesthús, og Ytragerði norðar. Á því stóð fjárhús, rústir eru á báðum stöðum. Neðragerði var neðar, þar er nú slétt tún.“ (bls. 2). Efra-eða Ytragerði er líklega utan svæðis og hesthúsgerði örugglega utan svæðis.

Knappstaðir – 1787 - 281


Sérheiti: Neðragerði

Hlutverk: Fjárhús

Tegund: Heimild

Staðhættir og lýsing

Í örnefnaskrá Páls Sigurðssonar fyrir Knappstaði, frá 1978, segir: „Út frá Kirkjuvelli er Efragerði. Þar stendur fjósið og skammt utar er Neðragerði, eru fjárhús.“ (bls. 3). Annarsstaðar í sömu skrá segir: „Efst í túninu eru tveir hólar; Hesthúsgerði er sunnar, þar hefur staðið hesthús, og Ytragerði norðar. Á því stóð fjárhús, rústir eru á báðum stöðum. Neðragerði var neðar, þar er nú slétt tún.“ (bls. 2). Neðragerði er líklega innan skráningarsvæðis en vegna þess hve ónákvæm lýsingin er var ekki tekin afstaða til þess.



Mynd 69. Horft til norðvesturs yfir tóft 1787-117.

Melbreið – 1787 – 117

Hlutverk: Óþekkt

Tegund: Tóft

Hættumat: Hætta. Tóftin er í um 5m fjarlægð frá miðlinu lagnaleiðar og telst í nokkurri hættu vegna framkvæmda.

Staðhættir og lýsing

Tóftin stendur á lágum hól um 5m ofan við fyrirhugaða lagnaleið. Tóftin sem er mest 9,5x10m á kant að utanmáli er þrískipt að því er virðist, en veggir sokknir og að hluta útflettir. Þeir eru á bilinu 20-30sm háir og 1,5-3m breiðir. Dyr virðast hafa verið til suðvesturs undan brekkunni úr einu rýminu og hugsanlega innangengt úr því annað rými þar austan við, þaðan hefur svo verið innangengt í þriðja rýmið til suðausturs. Óvist er um hlutverk þessarar tóftar, en hún er hluti af stærri heild nokkurra tófta innan gamals túns.

Melbreið – 1787 – 118

Hlutverk: Útihús, fjárhús.

Tegund: Tóft


Hættumat: Engin hætta. Minjarnar eru innan skráningarsvæðis en í um 23m fjarlægð frá fyrirhugaðari lagnaleið og ekki í hættu.

Staðhættir og lýsing


Tóftin er grasi gróin en þó sér í grjót á stöku stað. Veggir eru á bilinu 30-50sm háir og 1-3m breiðir. Suðurhluti tóftarinnar virðist vera garðahús með dyr til vesturs á suðurenda langhliðarinnar. Mögulega hefur verið innangengt af garðanum inní heystæði eða hlöðu að norðanverðu.



1787-118



Mynd 70. Horft til norðvestur yfir tóft 1787-118.



Melbreið – 1787 – 119

Hlutverk: Óþekkt

Tegund: Tóft


Hættumat: Engin hætta. Tóftin er utan skráningarsvæðis en var skráð með öðrum minjum innan svæðis þar sem um ákveðna minjaheild var að ræða.

Staðhættir og lýsing

Tóftin er á svolitum hóli innan gamals túns sem hallar til vesturs. Hún er mest um 9x16m að utanmáli og snýr norður-suður. Hún er tvískipt og virðist hafa verið útgangur til vesturs rétt við suðvesturhorn byggingarinnar. Syðra hólfid er rétt um 4m á kant og innangengt úr því til norðurs í annað minna hólf sem er um 2,5x4m á kant. Vegir tóftarinnar eru útflettir og hrundir, á bilinu 20-40sm háir og 1,5-3,5m breiðir.



Mynd 71. Horft til norðurs yfir tóft 1787-119.



Mynd 72. Horft til vesturs yfir fjárhúsa 1787-120 fjær, nær á myndinni er þúst eða torfstabbi 1787-121.

Melbreið – 1787 – 120

Sérheiti: Ytragerði?

Hlutverk: Fjárhús

Tegund: Tóft

Hættumat: Engin hætta. Minjarnar eru í jaðri skráningarsvæðisins tæpa 50m frá miðlinu lagnaleiðarinnar og ekki í hættu af þeim sökum.

Staðhættir

Í örnefnaskrá Melbreiðar frá 1978 segir: „Utan við Strangalæk eru Hverfi, þar er valllendisgróður og slægjur allgóðar, en víða grýtt. Í Hverfum eru Ytragerði og Syðragerði. Þar stóðu fjárhúsinu, áður en þau voru flutt nær bænum.“ (bls. 4). Hugsanlega eru þessi hús á svonefndu Ytragerði, í það minnsta eru tvennar mjög glöggar fjárhúsrústir (1787-120 og 124) á þessu svæði og þessi er norðar (utar) en hin.

Lýsing

Tóftin virðast vera af tvístæðum garðahúsum með hlöðu. Hún snýr u.p.b. norðvestur-suðaustur og er mest um 23m löng og 14m breið. Hlaðan er austan við fjárhúsin, um 2x13,5m að innanmáli. Líklega hefur verið innangengt úr hlöðunni út á garðana en þó var ekki gott að greina það. Í syðri hlutanum virðist hafa verið torf, a.m.k. í neðri hluta gafls og dyr útúr norðari krónni til vesturs. Norðari hlutinn virðast hafa haft þilstafn en óvist hvor dyr hafa verið ein eða tvær.

Melbreið – 1787 – 121

Hlutverk: Óþekkt

Tegund: Þúst (torfstabbi)

Hættumat: Minjarnar eru í jaðri skráningarsvæðisins rétt um 50m frá miðlinu lagnaleiðarinnar og ekki í hættu af þeim sökum.

Staðhættir og lýsing

Austan við húsin er líkt og gróinn torfstabbi 40sm hár og 2,3x3,5m á kant.

Melbreið – 1787 – 122

Hlutverk: Óþekkt (útihús)

Tegund: Tóft

Hættumat: Engin hætta. Minjarnar eru utan skráningarsvæðis í um 60m fjarlægð frá langaleið og því ekki í neinni hættu vegna framkvæmda við hana. Minjarnar voru hins vegar skráðar sem hluti af heild sem er að mestu leyti innan skráningarsvæðisins.

Staðhættir


Í örnefnaskrá Melbreiðar frá 1978 segir: „Utan við Strangalæk eru Hverfi, þar er valllendisgróður og slægur allgóðar, en víða grýtt. Í Hverfum eru Ytragerði og Syðragerði. Þar stóðu fjárhúsin, áður en þau voru flutt nær bænum.“ (bls. 4). Auk tveggja mjög glöggra fjárhústófta (1787-120 og 124) eru nokkrar minni og eldri tóftir á þessu svæði.

Lýsing

Tóftin snýr því sem næst austur-vestur og er 9,5m löng og 5m breið að utanmáli. Óvist er hvort tóftin hafi verið eitt rými eða hvort hún hafi verið tvískipt, smá veggstubbur virðist vera á suður langvegg en það gæti líka verið hrun úr veggnum. Framan við tóftina er ferhyrnd þúst með dæld í miðju (1787-123). Veggir tóftarinnar eru á bilinu 20-40sm háir og 1-2m breiðir. Þeir eru algrónir grasi en tóftin er heldur gróskumeiri en umhverfið sem er einnig vel gróið. Dyr eða hlið virðist hafa verið í suðvesturhorni til suðurs.



Mynd 73. Horft til austurs yfir þúst 1787-123 og tóft 1787-122 bak við hana.



Melbreið – 1787 – 123

Hlutverk: Óþekkt

Tegund: Þúst

Hættumat: Engin hætta. Minjarnar eru utan skráningarsvæðis í um 60m fjarlægð frá langaleið og því ekki í neinni hættu vegna framkvæmda við hana. Minjarnar voru hins vegar skráðar sem hluti af heild sem er að mestu leyti innan skráningarsvæðisins.

Staðhættir og lýsing

Fyrir framan tóft 1787-122 er ferköntuð þúst sem er rúmlega 2,5m á kant og 40sm há með dæld í miðju. Óvist er hvaða tilgangi þetta hefur þjónað, en greinilega er um mannaverk að ræða þótt ekki sé ljóst

hvers eðlis.



Mynd 74. Yfirlitsmynd yfir tóftir í svonefndu Hverfi norður af bæ á Melbreið. Rauða línan er miðlina lagnaleiðar og skyggða svæðið nær 50m út frá henni til beggja hliða.

Melbreið – 1787 – 124

Sérheiti: Syðragerði

Hlutverk: Fjárhús

Tegund: Tóft


Hættumat: Engin hætta. Minjarnar eru í um 30m fjarlægð frá miðlinu lagnaleiðar og því ekki í hættu vegna framkvæmda við hana.

Staðhættir og lýsing

Í örnefnaskrá Melbreiðar frá 1978 segir: „Utan við Strangalæk eru Hverfi, þar er valllendisgróður og slægur allgóðar, en víða grýtt. Í Hverfum eru Ytragerði og Syðragerði. Þar stóðu fjárhúsinu, áður en þau voru flutt nær bænum.“ (bls. 4).

Hugsanlega eru þessi hús á svonefndu Syðragerði, í það minnsta eru tvennar mjög glöggar fjárhúsrústir á þessu svæði (1787-120 og 124) og þessi er sunnar en hin.

Melbreið – 1787 – 125



Hlutverk: Óþekkt

Tegund: Tóft

Hættumat: Engin hætta. Minjarnar eru í um 16m fjarlægð frá miðlinu lagnaleiðar og ættu ekki að vera í hættu vegna framkvæmda við hana.

Staðhættir og lýsing

Í örnefnaskrá Melbreiðar frá 1978 segir: „Utan við Strangalæk eru Hverfi, þar er valllendisgróður og slægjur allgóðar, en víða grýtt.“ Á þessu svæði eru a.m.k. sjö tóftir. Sú sem hér um ræðir er syðst þeirra. Hún er tvískipt að því er virðist, um 18m löng og 7,5m breið og snýr u.p.b. norður-suður. Veggir eru mjög út flattir og tóftin með þeim fornlegri á svæðinu, veggbreidd er á bilinu 2-3,5m og hæðin 10-40sm. Dyr virðast hafa verið til suðvesturs úr syðra hólfinu en engar greinilegar dyr eru á því nyrðra.

Melbreið – 1787 – 126

Hlutverk: Túngarður (vörslu- eða göngugarður)

Tegund: Garðlag

Hættumat: Mikil hætta.

Fyrirhuguð lagnaleið fer í gegnum garðlagið rétt ofan við þjóðveginn. Það hefur það nú þegar orðið fyrir miklu raski á þeim stað og virðst uppblásið að hluta. Farið hefur verið yfir garðlagið á stórvirkum vinnuvélum þegar raflínum var komið fyrir (byggðalínuninni), auk þess sem girðing liggur eftir garðlaginu.



Mynd 75. Horft til suðausturs upp eftir garðlagi 1787-126.

Staðhættir

Í örnefnaskrá Melbreiðar frá 1978 segir: „Upp með Járnhrygg að norðan liggja Leyningar, og ná þeir upp að gamla Vallargarðinum, sem liggur ofan við túnið.“ (bls. 1).

Lýsing

Garðlagið sést ofan við þjóðveginn um 130m sunnan við syðsta túnið á Knappstöðum. Garðlagið hefur orðið fyrir töluverðu raski niður við veginn en upp við rafmagnsstaurana er garðurinn um 2m breiður og 50-70m hárr, fornlegur að sjá, gróinn mosa og grasi. Neðan staurasamstæðunnar er líkt og ferhyrnt hólf innan garðs, en ekki að sjá hleðslur. Óvist er hvort þetta er mannvirki tengt garðlaginu, eða hvort um síðari tíma rask eða náttúrumyndun er að ræða. Hægt er að rekja garðinn af loftmynd frá staurasamstæðunni til austurs og svo suðausturs ofan við svokallað Hverfi og áfram eftir hlíðinni allt að Melbreið, en þar fyrir ofan verður hann óljósari. Framhald af garðinum í sömu stefnu virðist hins vegar vera sunnan við merkin, nyrst í landi Nefstaða. Þessi hluti garðsins var ekki skoðaður á vettvangi enda vel fyrir utan skráningarsvæðið. Garðurinn kann upphaflega að hafa verið göngu eða vörslugarður sem legið hefur eftir hlíðinni og hefur nýst að hluta sem túngarður á Melbreið og Nefstaðakoti (síðar Nefstöðum), en túngarðurinn umhverfis eldra bæjarstæði Nefstaða virðist ekki tengjast þessu garðagi.

Melbreið – 1787 – 127

Hlutverk: Landamerki

Tegund: Garðlag

Hættumat: Engin hætta.

Staðhættir

Í örnefnaskrá Melbreiðar frá 1978 segir: „Samkvæmt þinglýsingu frá 14. júní 1889 eru landamerki [...]. Að norðan móti Knappstöðum, eftir garði, sem liggur neðan frá Stífluá, upp norðan við Hverfalaut og þaðan beina sjónhending til fjallseggjar.“ (bls. 1).

Lýsing

Handgraflinn skurður er neðan þjóðvegar, um 60m sunnan við garðlag 1787-126, og sést á um 50m kafla frá vegi niður að Stífluvatni. Í beinni línu við þennan skurð ofan vegar er hægt að rekja hugsanlegt garðlag upp eftir hlíðinni, þetta sást þó ekki á vettvangi og verður að hafa fyrirvara á þessu.



Mynd 76. Steyptur grunnur með skilti sem á stendur „Hér stóð bærinn Melbreið“. Horft til norðausturs, garðlag 1787-126 sést glöggt í brekkunni ofan við gamla heima túnið.

Melbreið – 1787 – 128

Sérheiti: Melbreið

Hlutverk: Híbýli

Tegund: Bæjarstæði

Hættumat: Hætta. Fyrirhuguð lagnaleið liggur á milli bæjarstæðis og úтиhúsa og má búast við að minjar tengdar búsetu á Melbreið séu á því svæði undir sverði þótt ekkert sjáist á yfirborði (lagnaleiðin var færð örlítið neðar í landinu til að fara ekki í gegnum rústasvæði úтиhúsanna og var skurðurinn skoðaður á vettvangi, sjá viðauka).

Staðhættir og lýsing

Engar tóftir eru á gamla bæjarstæðinu en þar er steyptur grunnur og norðan við hann er steyptur sökkull undan húsi. Greinilegt er að þarna hefur verið sléttar úr öllu með vélum. Steypti grunnurinn er 6,5x9,5m á kant og gróið yfir hann að hluta. Á grunninn er fest skilti sem á stendur „Hér stóð bærinn Melbreið“. Norðan við er annar húsgrunnur úr möl með steyptan sökkul að norðan, hann er einnig að

hluta til gróinn. Þessi húsgrunnur er 7x9m á kant. Ofar í brekkunni eru hins vegar leifar úтиhúsa sem rutt hefur verið út.

Búskap á Melbreið var hætt um 1970 (Örnefnaskrá 1978, bls. 9).

Aðrar upplýsingar

Melbreið eða Mélbreiðarstaðir koma fyrst fyrir í fornbréfi frá 15. öld og eftir það í nokkrum fornbréfum (Ísl. fornbr. Safn V, bls. 625-6; VIII, bls. 729; IX, bls. 302; X, bls. 348; XI, bls. 872).

Í jarðabók frá 1686 er nafn jarðarinnar ritað Mjölbbrigðastaðir og hún metin á 23 hundruð og 80 álnir, kúgildi $4 \frac{1}{2}$ og landskuld 1 hdr. og 20 álnir. Í jarðabókinni 1696 hefur matið lækkað heldur eða niður í 23 hdr. kúgildin hins vegar orðin 5 en landskuld óbreytt (Björn Lárusson, bls. 263). Í jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalín frá 1709 er bæjarnafnið ritað Mielbreidarstader. Jörðin metin á 24 hdr. en kúgildi og landskuld óbreytt frá 1696. Hólastóll átti 14 hundraða hlut í jörðinni en afgangurinn var í einkaeigu og jörðin í leiguábúð. Engar kvaðir voru á jörðinni. Í áhöfn jarðarinnar voru 3 kýr, 1 kvíga að fyrsta kálfi, 1 kálfur, 18 ær, 1 tveggja vetra sauður, 2 veturgamlir, 14 lömb, 1 hestur og 2 hross. Jörðin var talin geta fóðrað áðurnefndan búpening en ekki meira. Um landgæði segir að torfrista og stunga hafi verið næg sem og eldiviður. En jörðin landþróng og að ábúandi njóti góðvilja nágranna sinna (JÁM IX, bls. 324).

Í örnefnaskrá Melbreiðar frá 1978 segir í athugasemdum: „Talið er, að bærinn hafi í fyrstu heitið Melbrigðastaðir, kenndir við írskt nafn, Mellbrigda (handriti Hannesar frá 1940, sem hér hefur verið að miklu leyti stuðzt við) [ath! Ritað Maelbrigda í örnefnaskrá Margeirs Jónssonar]. Engar athugasemdir geri ég við þær upplýsingar. En fleiri afbrigði hef ég heyrta, s.s. Melbreiðarstaðir (Jarða- og búendatal Skagafjarðarsýslu), Mjölbreið og Mjölbbrigðastaðir. Mér sýnist nafnið Melbreið mjög eðlilegt, og dregið af melnum, sem liggja upp af bænum.“ (bls. 7).

Í örnefnaskrá Melbreiðar frá 1978 segir: „Suður og niður af bænum er Harðimór. Neðar í honum stendur skóla- og samkomuhúsið Miðgarður, byggt 1926 af U.M.F. „Von“ í Stíflu. Húsið hélt sínu hlutverki í ca. 25 ár, en þegar mannflutningar hófust úr Stíflu eftir virkjun Skeiðsfoss, var stutt í að tilverurétti þess lyki. Barnaskólinn fluttist til Ketiláss, og U.M.F. „Von“ var sameinað U.M.F. Holtshrepps. Það er orðið harla hrörlegt, enda notað sem vélageymsla af síðasta ábúenda á Melbreið. Harðimór er nú slétt tún.“ (bls. 4).

Melbreið – 1787 – 129

Sérheiti: Neðragerði

Hlutverk: Fjárhús

Tegund: Þúst

Hættumat: Hætta. Fyrirhuguð lagnaleið lá upphaflega þvert yfir rústasvæði þessara fjárhúsa, en var fært niður til að forða raski.

Staðhættir og lýsing

Í örnefnaskrá Melbreiðar frá 1940 segir: „Túnið skiptist í þrennt eftir nöfnum: Suðurtún, Úttún og Niðurtún. [...] Í Suðurtúni eru: Hesthúshóll, Neðragerði, Járnhryggur og Völugarður.“ (bls. 1). Í örnefnaskrá Melbreiðar frá 1978 segir: „Neðragerði er skammt ofan við bæinn. Á því standa fjárhúsin. Hesthúshóll er syðst og efst í túninu, þar eru rústir af hesthúsi.“ (bls. 2). Hesthúshóll er utan svæðis og var ekki skoðaður.

Lýsing

Síðustu fjárhúsunum hefur verið ýtt út með jarðýtu, þó sjáist enn þústir og steypubrot á svæðinu. Þá var talið líkegt að minjar væru undir sverði á þessu svæði milli úтиhúsanna og bæjarstæðisins og var skurðurinn því skoðaður á vettvangi (sjá viðauka).

Melbreið – 1787 – 130

Sérheiti: Völugarður

Hlutverk: Óþekkt, vörlugarður

Tegund: Garðlag

Hættumat: Engin hætta. Búið er að sléttu úr garðinum á svæðinu innan túns og sáust hans ekki merki á vettvangi.

Staðhættir og lýsing

Búið er að sléttu úr garðinum á svæðinu innan túns og sjáust hans ekki merki á vettvangi. Garðurinn sést hins vegar vel á loftmynd upp í hlíðinn langt fyrir ofan tún og uppi á fjallinu, með stefnu á Járnhrygg í túninu á Melbreið.

Aðrar upplýsingar

Í örnefnaskrá Melbreiðar frá 1978 segir: „Neðragerði er skammt ofan við bæinn. Á því standa fjárhúsin. Hesthúshóll er syðst og efst í túninu, þar eru rústir af hesthúsi. Hryggur mikill liggur upp túnið, sunnanvert, heitir Járnhryggur. [...] Eftir hryggnum liggur Völugarður.“ (bls. 2). Í örnefnaskrá Hannesar á Melbreið segir: „Völugarður liggur yfir þvera Stífluna og sézt fyriri honum upp á fjallsegg fyrir ofan Melbreið. Liggur hann svo yfir upp fyrir sunnan bæinn í Hring, en beygir þar til suðvesturs og liggur upp á Hamarshyrnuröðul. Þetta er sýnilega vörlugarður frá fornöld, þó þjóðsagan segi annað. Ég hef rifjað part af garðinum fyriri sunnan bæinn hjá mér, og kom þá niður á gríðarþykka og sterka undirstöðu byggða úr stór grjóti“ (bls. 1). Í örnefnaskránni frá 1978 segir enn fremur: „Í örnefnaskrá Hrings var þeim hluta Völugarðs, sem liggur vestan Stífluár gerð nokkur skil og verður þar engu við bætt. En lítum nú á Völugarð austan Stífluár, og reynum að rekja slóð hans, þar sem hann er ekki alveg þurrkaður út. Eins og tekið er fram hér á undan liggur Hringshólmi milli Stífluár og Melbreiðarkeldu. Eftir þeim upplýsingum, sem ég hef fengið, er ekki öruggt, að leifar af honum hafi sézt eftir hólmanum, en strax og kom upp fyrir kelduna, var hann sýnilegur á köflum, en sokkinn í mýrarnar á milli. „Upp Harðamó og Járnhrygg var hann víða allgreinilegur, en það var neðst í Járnhrygnum, sem Hannes bylti garðinum og kom niður á „gríðarþykka og sterka undirstöðu byggða úr stóru grjóti.“ Einn bjartan ágústdag í sumar héldum við í leiðangur þrír félagar og gengum á vit „Völugarðs“. Auk skrásetjara [Páls Sigurðssonar] voru í förinni Hjalti Pálsson og Guðmundur Sigurðsson frá Lundi. Við hófum leitina við gamla Vallargarðinn á Melbreið, og árangurinn varð sá, að tiltölulega er auðvelt að fylgja leifum hans upp sunnan við Hesthúsmel og þaðan upp eftir Galta og Vörðuhól. Ekki er hann þó samfelldur á þessari leið, enda getur jarðrask, sem oft á sér stað í brattlendi, hafa þurrkað hann út á köflum. Af Vörðuhól og upp til Stóruskálarhóla er hann mjög glöggur og samfelldur, að vísu lítið meira en undirstaðan sumstaðar. Ekki gátum við fundið leifar hans upp í Stóruskál eða hærra uppi, enda ólíklegt, að hann hafi staðið af sér jarðföll og skriðuhlaup, sem þarna hafa vafalaust átt sér stað á liðnum öldum. Ég er sammála Hannesi um, að þarna sé um að ræða fornan varnargarð, að minni hyggju afréttargarð, en að öðru leyti verður honum ekki gerð frekari skil í þessari örnefnaskrá“ (bls. 8-9).



Mynd 77. Horft til austurs upp eftir garðlagi (1787-131) á merkjum Melbreiðar og Nefstaðakots (Nefstaða). Garðlagið sést glögglega á köflum en búið er að sléttu úr því á kaflanum sem lögningin á að fara í gegnum.



Mynd 78. Horft til vesturs eftir garðlagi (1787-131), þessi hluti garðsins er utan svæðis og var ekki mældur upp.

Melbreið/Nefstaðakot (Nefstaðir) – 1787 – 131

Hlutverk: Landamerki

Tegund: Garðlag


Hættumat: Hætta. Garðlagið er innan skráningarsvæðis en garðlagið hefur þegar orðið fyrir raski á því svæði sem fyrirhugað er að leggja línuna eftir.

Staðhættir og lýsing

Garðlagið er óljóst og sokkið en þó greinanlegt ofan við veg á merkjum Melbreiðar og Nefstaða. Það er á bilinu 10-30sm hátt og um 1m breitt.

Aðrar upplýsingar–

Í örnefnaskrá Páls Sigurðssonar fyrir Nefstaði segir: „Að norðan móti Melbreið, samkvæmt þinglýsingu frá 14. Júlí 1887, „eftir garði, sem liggar neðan frá Stífluá og upp að svonefndu Jarðfalli og þaðan beina sjónhending til Fjallseggja.“ Landamerkin að norðan eiga við Nefstaðakot, sem seinna var sameinað Nefstöðum.“ (bls. 2).



Mynd 79. Loftmynd af tóftum og garðlögum sem búið er að sléttu í tún ofan þjóðvegaris milli Stóralækjar og Hákonargerðislækjar, þetta er í landi Nefstaða í dag en óvist hvort það tilheyrði áður Nefstöðum eða Nefstaðakoti. Rauða línan er lagnaleiðin, en skyggði hringurinn á myndinni til hægri er utan um það sem virðist vera garðlag og tóftasvæði innan þess.

Nefstaðir– 1787 – 132

Sérheiti: Lambhúsgerði

Hlutverk: Óþekkt

Tegund: Heimild (um tóft)

Hættumat: Hætta. Búið er að sléttu úr öllum minjum á þessu svæði en miðað við eldri loftmynd er ljóst að minjar hafa verið á lagnaleiðinni. Hugsanlega eru einhverjar leifar þeirra enn til staðar undir sverði.

Staðhættir og lýsing

Á loftmynd má sjá leifar garðlags og a.m.k. einnar tóftar innan garðs, um 400m suður af merkjum Melbreiðar og Nefstaða. Þar er í dag slétt tún en af loftmynd má sjá að þar hafi verið hringlaga gerði um 100m í þvermál og a.m.k. ein tóft innan þess, mögulega fleiri. Tvinn garðög hafa gengið út frá þessum hringlaga garði, annarsvegar til norðurs eftir hlíðinni og hins vegar til austurs upp hlíðina. Þessi garðög eru bæði utan svæðis og var af þeim sökum ekki kannað nánar hve mikið er eftir af þeim, en neðri hluti þeirra hefur horfið við túnsléttun.

Aðrar upplýsingar

Hugsanlega er þetta svonefnt Lambhúsgerði, en í örnefnaskrá Margeirs Jónssonar segir: „Syðsti hluti túnsins kallast Nefstaðatún. Syðst í því er móru, þýfður mjög, sem heitir Dvöl. Þar upp af fyrir ofan veginn heitir Lambhúsgerði. Fyrir sunnan það er Hákonargerðislækur.“ (bls. 3). Í örnefnaskrá Páls Sigurðssonar segir um Lambhúsgerði: „Auk þess eru í túni þessi örnefni: Syðsti hluti þess kallast einu nafni Nefstaðatún og syðst í því móruinn Dvöl, sem þegar er getið. Upp af mónum er Lambhúsgerði, það nær suður að Hákonargerðislæk. Á gerðinu stóðu fjárhús, sem nú eru horfin með öllu. Þetta stykki er nú sléttur töðuvöllur.“ (bls. 3) Þessi lýsingar passa ágætlega við staðsetningu þessara minja að því undanskylđu að þar sé nú sléttur töðuvöllur.

Nefstaðir– 1787 – 133

Sérheiti: Lambhúsgerði

Hlutverk: Óþekkt

Tegund: Heimild (um garðlag)

Hættumat: **Hætta.** Búið er að sléttu úr öllum minjum á þessu svæði en miðað við loftmynd fer lagnaleiðin í gegnum garðlag og skammt neðan við tóft innan þess.

Staðhættir og lýsing

Á loftmynd má sjá leifar garðlags og a.m.k. einnar tóftar innan garðs, um 400m suður af merkjum Melbreiðar og Nefstaða. Þar er í dag slétt tún en af loftmynd má sjá að þar hafi verið hringлага gerði um 100m í þvermál og a.m.k. ein tóft innan þess, mögulega fleiri. Tvenn garðög hafa gengið út frá þessum hringлага gardi, annarsvegar til norðurs eftir hlíðinni og hins vegar til austurs upp hlíðina. Þessi garðög eru bæði utan svæðis og var af þeim sökum ekki kannað nánar hve mikið er eftir af þeim, en neðri hluti þeirra hefur horfið við túnsléttun.

Aðrar upplýsingar

Hugsanlega er þetta svonefnt Lambhúsgerði, en í örnefnaskrá Margeirs Jónssonar segir: „Syðsti hluti túnsins kallast Nefstaðatún. Syðst í því er móru, þýfður mjög, sem heitir Dvöl. Þar upp af fyrir ofan veginn heitir Lambhúsgerði. Fyrir sunnan það er Hákonargerðislækur.“ (bls. 3). Í örnefnaskrá Páls Sigurðssonar segir um Lambhúsgerði: „Auk þess eru í túni þessi örnefni: Syðsti hluti þess kallast einu nafni Nefstaðatún og syðst í því mórinn Dvöl, sem þegar er getið. Upp af mónum er Lambhúsgerði, það nær suður að Hákonargerðislæk. Á gerðinu stóðu fjárhús, sem nú eru horfin með öllu. Þetta stykki er nú sléttur töðuvöllur.“ (bls. 3) Þessi lýsingar passa ágætlega við staðsetningu þessara minja að því undanskyldu að þar sé nú sléttur töðuvöllur.

Nefstaðir– 1787 – 134

Sérheiti: Hákonargerði

Tegund: Garðlag

Hlutverk: Túngarður

Hættumat: **Mikil hætta.** Fara þarf í gegnum garðagið að sunnan en norðurhluti þess er kominn í tún í dag. Á loftmyndinni að ofan sést það hins vegar glöggt á því svæði sem nú er komið í tún.

Staðhættir

Í örnefnaskrá Nefstaða segir Margeir Jónsson: „Fyrir sunnan Hákonargerðislæk nefnist Eyrar niður við ána, þar fyrir ofan Mýrar, þá Gerðisvöllur. Þar upp af Lautir. Út undan þeim fast við lækinn heitir Hákonargerði; sagt er, að þar hafi verið bær til forna.“ (bls. 2).



Mynd 80. Horft til suðurvesturs yfir suðurhluta túngarðsins (1787-134) á Hákonargerði í landi Nefstaða. Í vinstra horninu sést hluti af tóft (1787-138).

Lýsing

Þjóðvegurinn liggar þvert í gegnum túngarðinn, en það sem eftir er af honum er vel stæðilegt og er hann uppistandandi að miklu leyti að sunnan og austan, en að norðan og vestan hefur hann að mestu horfið við jarðrækt. Garðurinn er algróinn grasi og virðist að mestu hlaðinn úr torfi, hann er á bilinu 50-130sm hár og víðast hvar um 1,5m breiður. Fjárhús frá 19.-20. öld (1787-136) eru byggð ofan í garðinn efst í brekkunni að austan og all mikill lækur rennur í gegnum túnið norðanvert og er túngarðurinn greinilegur norðan hans.

Aðrar upplýsingar

Í örnefnaskrá Nefstaða segir Margeir Jónsson enn fremur: „Út við Hákonargerðislækinn er Hákonargerði. Þar er túnblettur girtur með öflugum garði og er enn eftir furðumikið af honum. Í munnmælum er að búseta hafi verið um tíma á Gerðinu, enginn veit þó hvenær eða hve langan tíma. Fjárhús frá Nefstöðum stóðu þarna fram á þriðja tug þessarar aldar og er reyndar trúlegt að svo hafi verið um aldir, en bær aldrei.“ (bls. 4). Upphaflega bæjarstæði Nefstaða var neðan núverandi þjóðvegar og var það ekki skoðað, bæjarstæði Nefstaðakots er einnig neðan vegar nokkru norðar og var heldur ekki skoðað á vettvangi. Nefstaðir fóru í eyði 1911 en áfram var búið á Nefstaðakoti. Nafni Nefstaðakots var breytt í Nefstaði árið 1948 og var búið þar fram til 1960 (sbr örн.skr. Páls Sigurðssonar bls. 2 og örн.skr. Margeirs Jónssonar bls. 6).

Í örnefnaskrá Páls Sigurðssonar fyrir Nefstaði segir: „Nefstaðir eru í miðri Stíflu, austan ár. Þeir eiga land niður til Stífluár og upp á Fjallseggjar.“ (bls. 1). Og áfram: „Þjóðvegurinn liggar nú fyrir ofan tún, en lá áður eftir túnum beggja jarðanna. Eftir Nefstaðatúni um djúpar Reiðgötur í stórbýfðum mó [...]“ (bls. 2). Næsti bær sunnan Melbreiðar var áður Nefstaðakot, upphaflega jörðin Nefstaðir voru sunnar, þeir fóru í eyði 1911. Árið 1948 var nafni Nefstaðkots breytt í Nefstaði. Þar er búið að bylta öllu í tún og slétta úr tóftum, en gamla bæjarstæðið á Nefstöðum er enn að mestu óraskað.

Í örnefnaskrá Páls Sigurðssonar fyrir Nefstaði segir að auki: „Nefstaðir fóru í eyði 1911. Þá voru jarðirnar sameinaðar og hélt Nefstaðakotsnafnið rétti sínum til ársins 1948, en var þá breytt í Nefstaði. [...] Trúlega hafa nýrri og betri húsakynni í Nefstaðakoti valdið því, að bæjarhús á Nefstöðum voru niðurtekin og ekki byggð upp aftur, svo og þægilegra og að sumu leyti skemmtilegra bæjarstæðið í kotinu.“ (bls. 2). Nefstaðir voru í byggð fram til 1960 (örн.skr. Margeirs Jónssonar, bls. 6).

Nefstaðir– 1787 – 135

Sérheiti: Hákonargerði

Hlutverk: Óþekkt (úthús)

Tegund: Tóft

Haettumat: Engin hætta. Minjarnar eru í rúmlega 30m fjarlægð frá fyrirhugaðri lagnaleið.

Staðhættir


Í örnefnaskrá Nefstaða segir Margeir Jónsson: „Út við Hákonargerðislækinn er Hákonargerði. Þar er túnblettur girtur með öflugum garði og er enn eftir furðumikið af honum. Í munnmælum er að búseta hafi verið um tíma á Gerðinu, enginn veit þó hvenær eða hve langan tíma. Fjárhús frá Nefstöðum stóðu þarna fram á þriðja tug þessarar aldar og er reyndar trúlegt að svo hafi verið um aldir, en bær aldrei.“ (bls. 4).



Mynd 81. Horft til NNV yfir tóftir úthúsa (1787-135) efst innan túns á Hákonargerði. Til hægri á myndinni sést túngarðurinn (1787-134) í sveig til vesturs þar sem hann hverfur í tún.

Lýsing

Tóftin er í norðausturhorni túnsins, innan garðs fast við lækinn sem rennur í gegnum norðurhluta túnsins. Tóftin er um 12x14m á kant að utanmáli og er tví- eða þrískipt. Veggir eru töluvert hrundir og innra fyrirkomulag því óljóst, dyr hafa þó greinilega verið til vesturs úr norðurhluta tóftarinnar, þar er lítið hólf sem er um 2,5m á kant en inn af því er um 50sm hár bakki og stærra rými þar rúmlega 2x5m. Það er hins vegar óljóst hvort bakkinn er til kominn vegna hruns eða hvort þessi hluti hússins hafi verið tvískiptur. Sunnan við er annað rými með dyr til austurs. Veggir er á bilinu 20-120sm háir og allt að 2m breiðir, grjót sést við inngang en tóftin annars algróin.



Nefstaðir– 1787 – 136

Sérheiti: Hákonargerði

Hlutverk: Fjárhús

Tegund: Tóft

Hættumat: Engin hætta. Minjarnar eru í rúmlega 40m fjarlægð frá fyrirhugaðri lagnaleið.

Staðhættir

Í örnefnaskrá Nefstaða segir Margeir Jónsson: „Út við Hákonargerðislækinn er Hákonargerði. Þar er túnblettur girtur með öflugum garði og er enn eftir furðumikið af honum. Í munnmælum er að búseta hafi verið um tíma á Gerðinu, enginn veit þó hvenær eða hve langan tíma. Fjárhús frá Nefstöðum stóðu þarna fram á þriðja tug þessarar aldar og er reyndar trúlegt að svo hafi verið um aldir, en bær aldrei.“ (bls. 4).

Lýsing

Tóftin er af fjárhúsum og tveimur hlöðum. Syðst er lítið garðahús, sem virðist hafa verið með stafn úr torfi og dyr fyrir enda garðans. Krærnar eru rúmlega 4m langar og norðari króin um 130sm breið en sú syðri rúmlega 2m breið. Svo virðist sem innangengt hafi verið af garðanum inn í hlöðu en einnig úr syðri krónni í hlöðuna. Hlaðan sem er austan og ofan við garðahúsið er 2,5x9,5m á kant og nær norður fyrir garðahúsini. Í framhaldi af henni er að því er virðist önnur hlaða svipaðrar stærðar með dyr fyrir miðju til austurs. Hugsanlega hafa verið önnur hús tengd þessari hlöðu sem hafa verið rifin eða fjarlægð. Fjárhús frá Nefstöðum voru í notkun á Hákonargerði fram á þriðja áratug 20. aldar (sbr. örnskr. Margeirs Jónssonar bls. 4). Líklega eru þetta tóftir síðustu húsanna.



Nefstaðir– 1787 – 137

Sérheiti: Hákonargerði

Hlutverk: Óþekkt/matjurtagarður?

Tegund: Tóft

Hættumat: Engin hætta. Minjarnar eru í rúmlega 15m fjarlægð frá fyrirhugaðri lagnaleið og ættu ekki að vera í hættu vegna framkvæmda.

Staðhættir

Í örnefnaskrá Nefstaða segir Margeir Jónsson: „Út við Hákonargerðislækinn er Hákonargerði.

Þar er túnblettur girtur með öflugum garði og er enn eftir furðumikið af honum. Í munnmælum er að búseta hafi verið um tíma á Gerðinu, enginn veit þó hvenær eða hve langan tíma. Fjárhús frá Nefstöðum stóðu þarna fram á þriðja tug þessarar aldar og er reyndar trúlegt að svo hafi verið um aldir, en bær aldrei.“ (bls. 4).

Lýsing

Tóftin er ferhyrnd, um 6,5x9,5m að utanmáli, veggir eru mest 30sm á hæð og á bilinu 80-120sm breiðir. Suðvesturhornið er mjög ógreinilegt og má vera að dyr eða hlið hafi verið á því svæði.

Nefstaðir– 1787 – 138

Sérheiti: Hákonargerði

Hlutverk: Óþekkt

Tegund: Tóft

Hættumat: Engin hætta. Minjarnar eru í um 40m fjarlægð frá miðlinu lagnaleiðar og ekki í hættu vegna framkvæmda.

Staðhættir

Í örnefnaskrá Nefstaða segir Margeir Jónsson: „Út við Hákonargerðislækinn er Hákonargerði. Þar er túnblettur girtur með öflugum garði og er enn eftir furðumikið af honum. Í munnmælum er að búseta hafi verið um tíma á Gerðinu, enginn veit þó hvenær eða hve langan tíma. Fjárhús frá Nefstöðum stóðu þarna fram á þriðja tug þessarar aldar og er reyndar trúlegt að svo hafi verið um aldir, en bær aldrei.“ (bls. 4).

Lýsing

Tóftin er í suðausturhorni túnsins upp við túngarðinn, hún er um 4x5m á kant, með dyr eða hlið til vestast á suðurhlið. Veggir eru á bilinu 40-50sm háir og 60sm breiðir. Óvist er um hlutverk. Svo virðist sem lækur hafi á einhverjum tíma runnið í gegnum túnið fast norðan við tóftina rofið túngarðinn ofan við hana, en farvegurinn er þurr í dag.

Nefstaðir– 1787 – 139

Sérheiti: Hákonargerði

Hlutverk: Óþekkt

Tegund: Tóft

Hættumat: Engin hætta. Minjarnar eru utan skráningarsvæðis en voru skráðar með sem hluti af þeirri minjaheild sem Hákonargerði er.

Staðhættir

Í örnefnaskrá Nefstaða segir Margeir Jónsson: „Út við Hákonargerðislækinn er Hákonargerði. Þar er túnblettur girtur með öflugum garði og er enn eftir furðumikið af honum. Í munnmælum er að búseta hafi verið um tíma á Gerðinu, enginn veit þó hvenær eða hve langan tíma. Fjárhús frá Nefstöðum stóðu þarna fram á þriðja tug þessarar aldar og er reyndar trúlegt að svo hafi verið um aldir, en bær aldrei.“ (bls. 4).

Lýsing

Ofan við túnið á Hákonargerði, 20m norðaustur af tóft síðustu fjárhúsanna (1787-136) er óljós tóft. Tóftin er um 5,5x10m að utanmáli og liggar eins og brekkan norðaustur-suðvestur. Ekki er ljóst hvar dyr eða hlið hefur verið á tóftinni. Veggir eru sokknir og algrónir grasi, þeir eru á bilinu 10-30sm háir og á bilinu 0,5-2m breiðir. Tóftin er sokkin og óljós og er líklega með þeim eldri á svæðinu.

Nefstaðir– 1787 – 140

Sérheiti: Hákonargerði

Hlutverk: Óþekkt

Tegund: Tóft

Hættumat: Engin hætta. Minjarnar eru utan skráningarsvæðis en voru skráðar með sem hluti af þeirri minjaheild sem Hákonargerði er.

Staðhættir

Í örnefnaskrá Nefstaða segir Margeir Jónsson:

„Út við Hákonargerðislækinn er Hákonargerði.

Þar er túnblettur girtur með öflugum garði og er enn eftir furðumikið af honum. Í munnmælum er að búseta hafi verið um tíma á Gerðinu, enginn veit þó hvenær eða hve langan tíma. Fjárhús frá Nefstöðum stóðu þarna fram á þriðja tug þessarar aldar og er reyndar trúlegt að svo hafi verið um aldir, en bær aldrei.“ (bls. 4).

Lýsing


Í brekkunni ofan við Hákonargerði um 10m ofan við tóft 1787-139 er önnur tóft. Tóftin er líkt og hin aflöng frá suðvestri til norðausturs, um 4x9,5m á kant að utanmáli með dyr eða hlið fyrir miðri norðvestur langhlið. Veggr er algrónir grasi og mosa á bilinu 20-30sm háir og um 50sm breiðir. Óvist er hvaða tilgangi þessi bygging hefur þjónað en hún er ógreinileg og líklega með þeim eldri á svæðinu.



Mynd 83. Horft til norðausturs yfir óljósa tóft ofan túngarðs á Hákonargerði.



Mynd 84. Nefstaðastekkur ofan vegar í landi Nefstaða í Stíflu, Fljótum. Horft til suðvesturs.



Nefstaðir– 1787 – 141

Sérheiti: Nefstaðastekkur

Hlutverk: Stekkur

Tegund: Tóft

Hættumat: Engin hætta. Minjarnar eru í um 13m fjarlægð frá miðlinu lagnaleiðar en ættu þó ekki að verða fyrir raski af völdum framkvæmda.

Staðhættir

Í örnefnaskrá Páls Sigurðssonar segir: „Upp af henni [Nefstaðaeyri] eru Nefstaðamýrar. Þær eru nú sundurgrafnar af skurðum. Þá tekur við Garðsvöllur, greiðfært harðvelli. Lautir eru upp af Garðsvelli. Þær liggja upp með Merkjahrygg, en eftir honum liggja landamerkin milli Lunds og Nefstaða og út að Hákonargerðislæk. Nokkurn heyskap má sækja í Lautir, en grýtt er þar og seinunnið. Rúst af Nefstaðastekk er efst í Lautum.“ (bls. 4).

Lýsing

Stekkurinn er á svoltum hóli og er sjálf tóftin um 9x9m á kant. Réttin er að norðan og snýr norðaustursuðvestur með hlið til norðausturs upp í brekkuna. Innangengt er úr réttinni inn í litla lambakró að sunnan og mögulega hefur verið hlið á henni út til suðausturs. Veggir eru á bilinu 50-70sm háir og 1,2-3,4m breiðir. Lambakróin stendur um 30sm hærra en gólf réttarinnar, grjót var í botni hennar og í veggjum en tóftin öll vel gróin.



Mynd 85. Horft til suðausturs, íbúðarhúsið á Lundi lengst til vinstri, byggt 1939 á gömlu bæjarstæði (1787-142), til hægri frá því sjást þústir en þar er torfgarður umhverfis rabbarbarabeð, gamall matjurtagarður (1787-144). Næst á tungunni sem skarar út í lækjar- eða árgilið er ógreinilegt tóft (1787-143).

Lundur – 1787 – 142

Sérheiti: Lundur

Hlutverk: Bæjarhóll

Tegund: Hóll

Hættumat: Mikil hætta. Íbúðarhúsið á Lundi stendur á gömlum bæjarhól en lagnaleiðin er á svipuðum slóðum og eldri lagnir og óvist að bæjarhóllinn verði fyrir meira raski en þegar er orðið.

Staðhættir


Íbúðarhús (byggt 1939 sbr. www.skra.is) stendur á gömlum bæjarhóli og ekki annað að sjá í heimildum en að bærinn hafi alla tíð verið á sama stað.

Aðrar upplýsingar

Bærinn Lundur kemur fyrst fyrir í fornbréfi frá 15. öld og í nokkrum skjölum í fornbréfasafni eftir það (Ísl. fornbréfasafn IV, bls. 297; X, bls. 348; XI, bls. 857; XII, bls. 539, 743; XIV, bls. 137; XV, bls. 231, 461).

Í jarðabókum frá 1686 og 1696 er jörðin sögð í eigu Hólastaðar, metin á 20 hundruð, landskuld var 1 hdr. og leigukúgildi 5 (Björn Lárusson 1967, bls. 263). Í jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalín frá 1709 voru jarðamatið og landskuldin óbreytt en leigukúgildinu hafði fækkað um eitt. Engar kvaðir voru á jörðinni en hún talin geta fóðrað fjórar kýr, 15 ær, 12 lömb og einn hest. Um landkosti segir að torfrista og stunga hafi verið bjargleg, móskurður nægur til eldiviðar, lyngrif lítið til tróðs og grasatekja og berjalestur sömuleiðis lítill. Túninu hafði áður spilt skriða en ekki verið til skaða í mörg ár. Enginu grandaði hins vegar vatn sem étur rótina og grjót og sandburður úr Fljótaá. Að lokum er því bætt við að kvikfé sé hætt fyrir torfgröfum, holgryfjulækjum og afætudýjum oft til skaða. (JÁM IX, bls. 322).

Í jarðabókinni segir að forn eyðihjáleiga sé í landi Lunds, nefnd Lundskot. Byggð við heimatúnið og var í byggð á tímabilinu 1650-80 um það bil (JÁM IX, bls. 322). Landskuld var 40 álnir og kúgildi 2. Engar kvaðir voru á kotinu sem var talið geta fóðrað eina kú, sex ær, sex lömb og einn hest (JÁM IX, bls. 322). Í örnefnaskrá Páls Sigurðssonar fyrir Lund segir: „Sunnan við Gerðasund eru: Yztagerði og Miðgerði. Þau standa hátt. Á þeim eru rústir af fjárhúsum. Syðsta gerði er sunnar og neðar. Í Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns er getið um Lundskot, sem hafi verið í byggð um tíma, en ekki vitað, hvar staðið hafi. Fyrir allmögum árum var Syðstagerði sléttað og jafnað úr gömlum húsarústum, sem þar voru. Komu þá í ljós brot úr gömlum ílátum, sem benda til mannvistar um eitthvert tímabil, er ekki ósennilegt að þarna hafi Lundskot staðið.“ (bls. 3). Gerðin eru öll töluvert suðaustan við bæ og utan skráningarsvæðis og voru ekki skoðuð á vettvangi.



Lundur – 1787 – 143

Hlutverk: Óþekkt, mylla

Tegund: Tóft

Hættumat: Hætta. Tóftin eru í um 5m fjarlægð frá lagnalínunni, en hún er niður í lækjargilinu og ætti ekki að verða fyrir raski.

Staðhættir og lýsing

Lítill tóft, mannvirkni af einhverju tagi, er í lækjargilinu tæpa 40m neðan við íbúðarhúsið á Lundi. Óvist er um tilgang þess en svo virðist sem lækjarspræna hafi á einhverjum tíma legið sunnan við íbúðarhúsið niður eftir túninu og niður hjá þessari tóft. Hugsanlega er um gamla myllutóft að ræða þótt ekki sé hægt að fullyrða um það.

Lundur – 1787 – 144

Hlutverk: Matjurtagarður

Tegund: Garðlag

Hættumat: Engin hætta. Minjarnar eru í jaðri skráningarsvæðisins rétt tæplega 50m frá miðlinu lagnaleiðar.

Staðhættir og lýsing

Tæpa 50m suðaustur af íbúðarhúsínu á Lundi er ferkantað garðlag rétt ofan túns, garðlagið er um 18x24m á kant að utanmáli, en ekkert greinilegt hlið er á því. Veggir eru á bilinu 20-50sm háir og 80sm breiðir. Rabbarbara beð er innan garðs og líklegt að garðlagið hafi frá upphafi verið matjurtagarður.

Lundur – 1787 – 145

Hlutverk: Torfgrafir (og mógrafir)

Tegund: Niðurgröftur (-greftir)

Hættumat: Engin hætta. Torfgrafir voru upphaflega innan skráningarsvæðis en í vinnuferlinu var lagnaleiðin færð upp fyrir veg og minjarnar því ekki lengur í hættu.

Staðhættir og lýsing

Í örnefnaskrá Páls Sigurðssonar fyrir Lund segir: „Sunnan við Pollalæk eru Veitur, lélegt engi með lyng- og brokgróðri. Þar er mikið af fornum svarðargröfum.“ (bls. 4). Rétt neðan við veginn suðvestur af Lundi eru greinileg ummerki um torfskurð á all stóru svæði og mögulega nokkrar mógrafir, aðal mótekjan hefur þó farið fram vestar í landi jarðarinnar. Niðurgreftir á svæðinu neðan við veg eru ekki samfelldir og dreifast yfir stórt svæði.



Mynd 86. Horft til norðausturs heim að Lundi. Íbúðarhúsið á gömlu bæjarstæði (1787-142) vinstra megin við miðja mynd og matjurtagarður (1787-144) ber á milli þess og fjárhúsanna upp í brekkunni. Neðst á myndinni eru ummerki um torfskurð og mögulega mótekju (1787-145) en umfangsmeiri mógrafir eru á nokkrum stöðum vestar í landi Lunds.

Óstaðsettar/horfnar minjar hugsanlega innan skráningarsvæðis í landi Lunds

Lundur – 1787 - 282

Hlutverk: Fjós

Tegund: Heimild

Hættumat: Ómetið

Staðhættir og lýsing

Í örnefnaskrá Páls Sigurðssonar fyrir Lund segir: „Áður lá alfaraleið eftir túninu og um Hlaðvarpa. Nú liggar þjóðvegurinn neðan túns, það voru því sjálfgefin nöfnin Neðratún og Efratún. Yst í Neðratúni er Fjósvöllur og er sennilegt, að efst á honum hafi fjósið einhvern tíma staðið, þó þess sjáist engin merki nú. Alldjúpt drag klauf Fjósvöll frá aðaltúninu, vafalaust gamall lækjarfarvegur, sem nú hefur að mestu verið fylltur upp.“ (bls. 2). Óvist er af lýsingu hvar nákvæmlega þetta fjós hefur staðið og hvort það hafi verið innan skráningarsvæðis.

Lundur/Deplar – 1787 – 146

Hlutverk: Landamerki

Tegund: Garðlag

Hættumat: Engin hætta. Upphafleg lagnaleið og sú sem var skoðuð á vettvangi var um 250m vestur af þjóðveginum, henni var hins vegar breytt eftir að skráning á vettvangi fór fram og lagnaleiðin færð upp að veginum. Það svæði var ekki skoðað sérstaklega en í báðum tilfellum er farið um slétt tún í landi Depla og er skurður á merkjum en óraektað myrlendi í landi Lunds. Búið er að raska garðlaginu á svæðinu neðan vegar með skurðgreftri en hægt er að rekja hann ofan vegar á loftmynd.

Staðhættir

Í örnefnaskrá Páls Sigurðssonar fyrir Lund segir: „Samkvæmt þinglesningu frá 22. júní 1928 eru landamerki Lunds þannig: „Að sunnan móti Deplum ræður garður frá Stifluá upp fyrir engjar jarðanna.“

(bls. 1). „Í landamerkjalýsingu fyrir Depla, þinglýst 1887, stendur eftir að búið er að lýsa landamerkjum á móti Þrasastöðum: „Eins að norðan, þ.e. á móti Lundi, er gamall merkjagarður, sem liggur frá Stífluá til Grundarhöfða [„Nú veit einginn hvar Grundarhöfði er“ innskot Páls] og eins og hann til vísar að neðan ræður hann merkjum eftir sjónhending til fjallseggja að ofan. Í landamerkjalýsingu fyrir Nefstaði, þinglesin í júlí 1887, stendur, eftir að lýst hefur verið landamerkjum að norðan móti Nefstaðakoti“ (bls. 1-2). Í sömu skrá segir enn fremur: „Sunnan við gilið [Stekkjargil] er allstór spilda, Stykkið, það nær suður að Þrætugili, en sunnan Þrætugils er Þrætukinn, og efst í henni Þrætukinnarhaus, og norðan í honum Þrætukinnarkvos. Vafalaust eru þessi þrætunöfn til komin vegna deilu um landamerki milli Depla og Lunds. Garðslitur, sem enn sjást upp kinnina og í kvosinni, benda til þess að merkin hafi endur fyrir löngu legið um þessar slóðir, þótt nú séu þau talin liggja eftir gilinu.“ (bls. 7-8).

Lýsing

Vélgraffinn skurður er á merkjum neðan vegar í dag en svæðið ofan vegar var ekki skoðað þar sem það var utan svæðis. Hnit voru tekin af loftmynd, þar sem lagnaleiðin liggur yfir landamerkin.

Deplar – 1787 – 147

Sérheiti: Deplar

Hlutverk: Bæjarhóll

Tegund: Heimild

Hættumat: Engin hætta. Búið er að byggja stórt hótel á gamla bæjarstæðinu og raska jörð umhverfis hann og ólíklegt að þar séu minjar eftir sem geta orðið fyrir raski við lagningu hitaveitunnar.

Staðhættir

Nú er búið að reisa hótel á gamla bæjarstæðinu á Deplum, þar á undan voru þar íbúðarhús byggt 1957 og um 15m vestan við það, stór fjárhús og hlaða (sbr. fasteignaskrá: www.skra.is. Skoðað 22. apríl 2016).

Aðrar upplýsingar

Deplar koma ekki fram í fornbréfum fyrr en eftir 1500 (ísl. fornbréfasafn XIII, bls. 665; XV, bls. 230, 460) og að öðru leyti óvist um upphaf byggðar á jörðinni.

Í jarðabók frá 1686 er jörðin sögð í einkaeigu metin á 16 hundruð og 160 álnir, landskuld var þá 100 álnir og leigukúgildi 5. Tíu árum síðar er jarðamatið komið niður í 10 hdr. landskuld 80 álnir og kúgildin 4 (Björn Lárusson, bls. 263). Í jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalín frá 1709 er jörðin sömuleiðis metin á 10 hdr. landskuldin var þá 60 álnir en hafði verið 90 álnir þrem árum fyrr. Leigukúgildi 3. Engar kvaðir voru á jörðinni og hún talin geta fóðrað 2 kýr, 12 ær, 10 lömb og einn hest. Um landkosti segir að skógur hafi verið en sé nú gjöreyddur. Torfrista og stunga lök og móskurður lítt nýtandi og lyngrif lítið til tróðs og grasatekja lítil. Að auki kemur fram að enginu grandi vatn sem éti rótina og landþróngt sé á jörðinni og hagar keyptir fyrir 10 álnir árlega af Tungumönnum. Klikkt er út með því að kvíkfé sé hætt fyrir dýjum og holgryfjulækjum í landi jarðarinnar (JÁM IX, bls. 321-322). Í jarðabókinni frá 1861 er ný hundraða tala Depla 10,6 en forn sögð 10 (Ný jarðabók, bls. 103).

Í örnefnaskrá Páls Sigurðssonar fyrir Depla segir: „Upp af mýrunum er Deplareitur, skipt í Ytri- og Syðrirei, vel grónir og taldir ágætt engi neðan til, en grýttir ofan til. Neðarlega í Ytrirei voru fornar rústir, og er til í munnmælum sögn um, að þar hafi Deplabærinn staðið til forna. Ég tel þessa gömlu sögn ekki fráleita. Túnstæði hefur verið ólíkt aðgengilegra neðst í Reitnum en á hólunum, þar sem bærinn stendur nú. Snjóflóðahætta var þarna til staðar, gat valdið því, að bærinn var fluttur, eða einhverjar aðrar ástæður, sem heyra til liðinni, óskráðri sögu. Þessar rústir munu nú komnar inn í töðuvöll og verða trúlega ekki rannsakaðar hér eftir.“ (bls. 5).

Deplar – 1787 – 148

Hlutverk: Matjurtagarður

Tegund: Garðlag

Hættumat: Miðað við teikningar af lagnaleiðinni eins og þær lágu fyrir þegar skráð var á vettvangi lá lagnaleið sunnan og austan við hólinn og hann sjálfur ekki í hættu vegna þeirrar framkvæmdar. Hins vegar eru minjarnar á framkvæmdasvæði hótelbyggingarinnar og minjarnar í nokkurri hættu af þeim sökum.

Staðhættir

Í örnefnaskrá Páls Sigurðssonar fyrir Depla segir: „Norðan við bæinn er allstór og vel gróinn hóll, Álagabrekkuhóll. Sunnan í honum er gamalt garðstæði, en norðan í brött brekka, Álagabrekka, hún var eign álfa og mátti Deplabóni engin not af henni hafa, ella kynni illa að fara. Ekki er vitað til, að sú bannhelgi hafi verið brotin, eða sagnir um refisaðgerðir þolanda.“ (bls. 3)

Lýsing

Garðlag er vel greinanlegt á hólnum á allar hliðar nema til suðurs, það er um 60sm breitt og á bilinu 30-40sm. Garðurinn er algróinn og nokkuð heillegur.



Mynd 87. Horft til vesturs yfir matjurtagarð (1787-148) norðan við gamla bæjarstæðið á Deplum þar sem hótelid stendur nú. Norðan í þessum sama hóli er svonefnd Álagabrekka (1787-149). Eins og sést hefur svæðið umhverfis hólinn orðið fyrir miklu raski við framkvæmdir við hótelid en hólinn sjálfur er ósnertur.

Deplar – 1787 – 149

Sérheiti: Álagabrekka

Hlutverk: Þjóðsagnastaður

Tegund: Hóll

Hættumat: Engin hætta. Miðað við teikningar af lagnaleiðinni eins og þær lágu fyrir þegar skráð var á vettvangi lá leiðin sunnan og austan við hólinn og hann sjálfur ekki í hættu vegna þeirrar framkvæmdar.

Staðhættir og lýsing

Í örnefnaskrá Páls Sigurðssonar fyrir Depla segir: „Norðan við bæinn er allstór og vel gróinn hóll, Álagabrekkuhóll. Sunnan í honum er gamalt garðstæði, en norðan í brött brekka, Álagabrekka, hún var eign álfa og mátti Deplabóni engin not af henni hafa, ella kynni illa að fara. Ekki er vitað til, að sú bannhelgi hafi verið brotin, eða sagnir um refisaðgerðir þolanda.“ (bls. 3). Garðlagið sunnan í hólnum er vel sýnilegt og svonefnda Álagabrekka norðan í hólnum er gróin brött brekka.



Mynd 88. Horft til norðausturs yfir tóftabyrpingu á grónum hrygg suðaustur af gamla bæjarstæðinu á Deplum. Næst á myndinni eru hleðslur heytóftar við lítil garðahús (1787-150). Áfast vinstra megin við það garðlag (1787-151) og því næst, þar sem hryggurinn hækkar aftur, er lítil tóft (1787-153).

Deplar – 1787 – 150

Hlutverk: Fjárhús

Tegund: Tóft

Hættumat: Engin hætta. Í samtali við Jón E. Númason bónda á Þrasastöðum kom fram að hann vildi leggja til færslu á línunni milli Þrasastaða og Depla og voru þessar minjar því skráðar, þótt þær væru utan svæðis miðað við lagnaleiðina eins og hún var fyrirhuguð á þeim tíma.

Staðhættir

Í örnefnaskrá Páls Sigurðssonar fyrir Depla segir: „Puntlaut er austarlega í túninu, allstór ummáls og greiðfær. Þar nálægt eru rústir af Fjárhúsi, Hesthúsi og Kvíum. Þar er og Kvíaból.“ (bls. 2-3). Þessi lýsing gæti átt um samþyggðar tóftir austan í grónum klapparhrygg heldur sunnar en milli gamla bæjarstæðisins þar sem hótelið er nú og yngra íbúðarhússins.

Lýsing

Fjárhúsin eru hluti af samstæðu nokkurra tófta sem gegnt hafa mismunandi hlutverki. Fjárhúsin eru syðst í samstæðunni, lítil garðahús, með heystæði sunnan við. Veggir hússins eru á bilinu 30-60sm háir og um 1m breiðir en veggir heytóftarinnar veigaminni. Talsvert grjót er í hleðslum en tóftin annars algróin. Dyr virðast hafa verið til vesturs úr norðurhluta vestari króarinnar og aðrar gengt þeim til austurs úr austari krónni. Að norðan eru þessi hús byggð upp að vegg réttar eða matjurtagarðs - mögulega gamlar kvíar sem síðar hafa verið notaðar sem matjurtagarður. Áfast norðan við er svo lítil tóft, mögulega hesthúsið sem nefnt er í örnefnaskrá.

Deplar – 1787 – 151

Hlutverk: Matjurtagarður/rétt (kvíar?)

Tegund: Garðlag

Hættumat: Engin hætta. Í samtali við Jón E. Númason bónda á Þrasastöðum kom fram að hann vildi leggja til færslu á línunni milli Þrasastaða og Depla og voru þessar minjar því skráðar, þótt þær væru utan svæðis miðað við lagnaleiðina eins og hún var fyrirhuguð á þeim tíma.

Staðhættir

Í örnefnaskrá Páls Sigurðssonar fyrir Depla segir: „Puntlaut er austarlega í túninu, allstór ummáls og greiðfær. Þar nálægt eru rústir af Fjárhúsi, Hesthúsi og Kvíum. Þar er og Kvíaból.“ (bls. 2-3). Þessi lýsing gæti átt við um samþyggðar tóftir austan í grónum klapparhrygg heldur sunnar en milli gamla bæjarstæðisins þar sem hótelið er nú og yngra íbúðarhússins.

Lýsing

Garðlag úr torfi og grjóti er á milli tófta 1787-150 og 1787-52. Garðlagið er úr torfi og grjóti og afmarkar reit sem er um 10x11m á kant að innanmáli. Veggir eru á bilinu 20-70sm háir og víðast hvar um 60sm breiðir. Dyr hafa verið í norðausturhorni. Garðlagið er í svolitlum halla til austurs. Hugsanlega er um matjurtagarð að ræða, en heimild er um kvíar á þessum slóðum og ekki útilokað að garðlagið hafi gegnt því hlutverki, verið rétt eða kvíar, þótt það sem nú er sýnilegt af veggjum sé ekki mjög veigamikið.

Deplar – 1787 – 152

Hlutverk: Óþekkt/hesthús?

Tegund: Tóft


Hættumat: Engin hætta. Í samtali við Jón E. Númason bónda á Þrasastöðum kom fram að hann vildi leggja til færslu á línunni milli Þrasastaða og Depla og voru þessar minjar því skráðar, þótt þær væru utan svæðis miðað við lagnaleiðina eins og hún var fyrirhuguð á þeim tíma.

Staðhættir

Í örnefnaskrá Páls Sigurðssonar fyrir Depla segir: „Puntlaut er austarlega í túninu, allstór ummáls og greiðfær. Þar nálægt eru rústir af Fjárhúsi, Hesthúsi og Kvíum. Þar er og Kvíaból.“ (bls. 2-3). Þessi lýsing gæti átt við um samþyggðar tóftir austan í grónum klapparhrygg heldur sunnar en milli gamla bæjarstæðisins þar sem hótelið er nú og yngra íbúðarhússins.



Mynd 89. Horft til vesturs yfir rústir á grónum klapparhrygg suðaustur af gamla bæjarstæðinu á Deplum. Garðlag 1787-151 um það bil fyrir miðri mynd og tóft 1787-152 lengst til hægri.



Lýsing

Fast norðan við garðlag 1787-151 er lítil tóft. Hún er um 3x3,4m á kant og hafa dyr verið til austurs. Veggir eru á bilinu 40-60sm háir og um 1m breiðir. Hrunið hleðslugrjót er í gólfí tóftarinna en veggir algrónir. Hugsanlega er þetta hesthúskofi en getið erum hesthús á þessum slóðum í örnefnaskrá.

Deplar – 1787 – 153

Hlutverk: Óþekkt

Tegund: Tóft

Hættumat: Engin hætta. Í samtali við Jón E. Númason bóna á Þrasastöðum kom fram að hann vildi leggja til færslu á línunni milli Þrasastaða og Depla og voru þessar minjar því skráðar, þótt þær væru utan svæðis miðað við lagnaleiðina eins og hún var fyrirhuguð á þeim tíma.

Staðhættir

Í örnefnaskrá Páls Sigurðssonar fyrir Depla segir: „Puntlaut er austarlega í túninu, allstór

ummáls og greiðfær. Þar nálægt eru rústir af Fjárhúsi, Hesthúsi og Kvíum. Þar er og Kvíaból.“ (bls. 2-3). Þessi lýsing gæti átt við um samþyggðar tóftir austan í grónum klapparhrygg heldur sunnar en milli gamla bæjarstæðisins þar sem hótelið er nú og yngra íbúðarhússins (1787-150, 151 og 152). Um 24m suður af þessum tóftum er lítil og fornleg tóft (1787-153).

Lýsing

Tóftin er um 5x9m á kant að utanmáli. Veggir eru þýfðir og útflattir á bilinu 30-50sm háir og 1-3m breiðir og algrónir grasi og mosa. Dyr virðast hafa verið til vesturs en suðurhluti tóftarinna meira hruninn en norðurhlutinn.



Mynd 90. Horft til suðurs yfir tóft 1787-153 suðaustur af gamla bæjarstæðinu á Deplum.

Óstaðsettar/horfnar minjar sem kunna að vera innan skráningarsvæðis í landi Depla

Deplar – 1787 - 283

Sérheiti: Grænatóft

Hlutverk: Óþekkt

Tegund: Heimild

Hættumat: Ómetið

Staðhættir

Í örnefnaskrá Páls Sigurðssonar fyrir Depla segir: „Grænatóft, forn rúst á hól austur af bænum.“ (bls. 2). Ekki er ljóst nákvæmlega við hvaða hól er átt en engin tóft var skráð innan svæðis austur af gamla bæjarstæðinu. Hins vegar var skráð gömul tóft á hól suðaustur af bænum (1787-153).

Deplar - 1787- 284

Hlutverk: Þjóðsagnastaður

Tegund: Jarðbrú (óvist hvort hún er náttúruleg eða manngerð)

Hættumat: Ómetið.

Staðhættir og lýsing

Upphaflega lagnaleið og sú sem var skoðuð á vettvangi var um 250m vestur af þjóðveginum, henni var hins vegar breytt eftir að skráning á vettvangi fór fram og lagnaleiðin færð upp að veginum. Það svæði var ekki skoðað sérstaklega en í báðum tilfellum er farið um slétt tún í landi Depla. Á loftmynd má hins vegar sjá að ræsi (mögulega náttúruleg jarðbrú) er yfir lækjargilið um 30m neðan (vestan) við þjóðveginn (ISN93: A 502837 N 605524). Mögulega er það umræddur þjóðsagnastaður.

Aðrar upplýsingar

Í örnefnaskrá Páls Sigurðssonar fyrir Depla segir: „Austan við gamla túnið eru Leyningar, grónir, en víða grýttir. [...] Eftir Leyningum rennur Leyningslækur norður í Folaldalæk, sem fellur eftir djúpu gili niður að Deplaeyrum (eldra nafn mun vera Álagaeyrar), norður eftir þeim og í Stífluá. [...] Á læknum er jarðbrú. Yfir hana lá alfaraleið, og hefur trúlega verið svo um aldir eða jafnvel frá öндverðu. [...] Sennilega er brúin náttúrusmið, en ekki er þó útilokað, að hér sé um mannaverk að ræða, því á allöngum kafla af gilinu er ekki auðvelt að komast yfir það á hestum. Þegar nýr þjóðvegur var lagður um þessar slóðir, kom hann ofar en gömlu hestagötturnar. Þá var byggð ný jarðbrú á lækinn, sem þjóðvegurinn liggur um.“ (bls. 4). Síðar í sömu skrá Páls segir: „Þess er áður getið, að til sé þjóðsaga í sambandi við jarðbrúna á Folaldslæk. Vera má, að hún sé einhvers staðar skráð, en heimild þar um er mér ekki tiltæk. En á flakki í minnum Stíflumanna er hún efnislega á þessa leið: Þegar drepsóttin mikla, Svartidauði, gekk yfir Fljót og nærliggjandi sveitir. Var til heimilis á Deplum unglingspiltur, sem Teitur hét. Hann flýði úr bænum og gerði sér bústað undir brúnni og hélt þar til, unz plágan var gengin yfir. Þá hugðist hann ganga á vit þeirra, sem kynnu að hafa komið lífs af í Fljótum og hann einn stóð eftir í Stíflu, svo hreinlega gekk þessi bölvadur að verki. Þó landrými væri nægilegt í mannlausum sveitum, var lítt fýsilegt fyrir unganmann að eiga þar langa viðvöl. Hann lagði því land undir fót og hélt áleiðis til Ólafsfjarðar. Á Lágheiði mætti hann unglingsstúlkuna frá Ólafsfirði. Sagði hún þau tíðindi úr þeirri sveit, að ein væri hún á lífi í byggðinni. Heyrt hef ég stúlkuna þessa nefnda ýmist Siggu eða Helgu beinrófu, en nafnið breytir engu. Auðvitað kom ekki annað til greina á milli þeirra en félagsskapur til lífstíðar, enda af örlögum falið það göfuga hlutverk að fylla aftur þessar sveitir af stritandi mannlífi. Ekki er ljóst, hvar þau settust að, en fullvist, að þau gátu valið um vildisjarðir.“ (bls. 7).

Deplar – 1787 - 285

Sérheiti: Deplastekkur

Hlutverk: Stekkur

Tegund: Heimild

Hættumat: Ómetið

Staðhættir og lýsing

Í örnefnaskrá Páls Sigurðssonar fyrir Depla segir: „Deplastekkur stóð á smáhæð norður við Lundsmerki. Búið er að jafna út hæðina og stekkurinn er horfinn að mestu.“ (bls. 5). Óvist er af þessari lýsingu hvar nákvæmlega stekkurinn hefur staðið og hvort það sé innan skráningarsvæðis eða ekki.

Deplar/Þrasastaðir – 1787 – 154

Hlutverk: Landamerki

Tegund: Garðlag

Hættumat: Mikil hætta. Miðað við lagnaleiðina eins og hún var fyrirhuguð þegar skráning á vettvangi fór fram er farið yfir landamerkjagarðinn um 170m vestan þjóðvegarins. Leifar af landamerkjagarðinum eru enn sýnilegar á merkjum jarðanna þótt hann sé rofinn á köflum og girt hafi verið eftir honum. Hins vegar var línuleiðin færð eftir að skráningu lauk og farið yfir merkin talsvert austar og nær þjóðveginum, það svæði var ekki skoðað þar sem það var langt utan svæðis.

Staðhættir og lýsing

Í örnefnaskrá Páls Sigurðssonar fyrir Depla er vísað beint í þinglýst landamerki bæði fyrir Depla og Þrasastaði, í landamerkjabréfi Depla frá 1887 segir: „Að sunnan, móti Þrasastöðum, ræður gamall merkjagarður, sem liggur frá Stífluá í beina stefnu á svonefndan Efri-Hraunhól uppi í fjallinu, og þaðan ræður bein sjónhending til Fjallseggjar, eftir því sem garðurinn til vísar að neðan.“ (Örnskr. Páls Sigurðssonar bls. 1-2). Í landamerkjalýsingu fyrir Þrasastaði frá 1886, segir: „[...] á milli sömu jarðar og Depla ræður gamall merkjagarður, sem liggur frá svonefndu Réttarvaði til Grundarhöfða, og þaðan beina sjónhending til Fjallseggjar.“ (Örnskr. Páls Sigurðssonar bls. 2). Í skrá Páls segir ennfremur: „Enn sést allvel fyrir merkjagarði á milli Þrasastaða og Depla, en milli Lunds og Depla er nú kominn hinn veglegasti skurður.“ (bls. 2).

Óstaðsettar/horfnar minjar sem kunna að vera innan skráningarsvæðis á Þrasastöðum

Þrasastaðir – 1787 - 285

Hlutverk: Götur

Tegund: Heimild

Hættumat: Ómetið

Staðhættir og lýsing

Í örnefnaskrá Kristjáns Eiríkssonar segir: „Beint norður af bænum er Bessabali [...] Norðan við Bessabala er Hesthúsvöllur og voru rústir á honum. Nú hefur verið sléttar úr þeim. Niður af Hesthúsvelli heitir Langrófa. Gamlar veiðigötur lágu á milli Hesthúsvallar og Langrófu.“ (bls. 1). Óvist er hvort þessar götur hafa verið innan svæðis en engar minjar voru sýnilegar innan svæðis á vettvangi.

Þrasastaðir – 1787 - 286

Hlutverk: Götur

Tegund: Heimild

Hættumat: Ómetið

Staðhættir og lýsing

Í örnefnaskrá Kristjáns Eiríkssonar segir: „Niður með gamla bæjarlæknum, að sunnan, var spilda, sundurtroðin af reiðgötum. Hún var nefnd Kamrar.“ (bls. 2). Óvist er hvort þessar götur hafa verið innan svæðis en engar minjar voru sýnilegar innan skráningarsvæðisins á vettvangi.

Fornleifaskrá: Vestur-Fljót, frá Stóru-Þverá að Stóru-Brekku

Stóra-Þverá – 1787 - 155

Sérheiti: Stóra-Þverá

Hlutverk: Híbýli

Tegund: Bæjarstæði

Hættumat: **Mikil hætta.** Íbúðarhús stendur á gamla bæjarstæðinu og má gera ráð fyrir að minjar leynist þar undir sverði. Ekki verður þó sýnt að önnur leið sé betri að húsinu en sú sem fyrirhuguð er en engar sýnilegar minjar eru á þeirri leið.

Staðhættir

Stóra-Þverá er í byggð í dag og er bæjarstæðið neðan þjóðvegar gengt bænum Gili austan Fljótaár. Áin Þverá rennur um 250m sunnan bæjar en gamall farvegur hennar er á milli íbúðarhúss og útihúsa. Minni-Þverá er ofan vegar um 250m VNV við íbúðarhúsið á Stóru-Þverá og eru útihús þar í dag. Upphaflega var þetta ein jörð en um 1700 var búið að skipta henni í tvennt og er íbúðarhúsið á Stóru-Þverá á gamla bæjarstæðinu.

Lýsing

Núverandi íbúðarhús var reist árið 1974 (www.skrá.is, skoðað 26.4.2016), það stendur á lágum hól en engar sýnilegar minjar eru á yfirborðinu.

Aðrar upplýsingar

Jörðin Þverá í Fljótum kemur fyrir í tveimur skjölum í íslensku fornbréfasafni, bæði frá sama árinu 1527, er varða skiptingu arfs milli afkomenda Gísla Pálssonar á Möðruvöllum (IX, bls. 429 og 431).

Í jarðabók frá 1686 er Þverá sögð í einkaeign metin á 30 hundruð, landskuld var þá $1 \frac{1}{2}$ hdr. og leigukúgildi 8. Tíu árum síðar 1696 er þetta óbreytt að því undanskyldu að fækkað hefur um hálf leigukúgildi (Björn Lárusson 1967, bls. 263). Í jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalín segir um Þverá að þar hafi áður verið bænhús sem fallið sé fyrir manna minni en nokkur merki þess sjáist enn. Jörðin var á þessum tíma tvískipt og voru báðir bæir innan garða en heimabærinn nefndur Stærri-Þverá og var 2/3 hlutar upphaflegu jarðarinnar, metin á 20 hundruð, en Minni Þverá 1/3, eða 10 hdr. Engar kvaðir voru á þessum jörðum, Stærri Þverá var talin geta fóðrað 4 kýr, 30 ær, 12 lömb og 1 hest. En Minni-Þverá 2 kýr, 1 ungnaytti, 12 ær, 12 lömb og einn hest. Um landkosti jarðanna segir að torfrista og stunga sé lök og móskurður sömu leiðis. Lyngrif mjög lítið. Túninu grandaði grjótsuppgangur til stórmeyna, engjar voru votar og skemmdar af vatni en úthögum spillti grjóthrun úr fjallinu. Þá var kvíkfé sagt hætt fyrir holgryfjulækjum og dýjum (JÁM IX, bls. 313-314). Í jarðabók frá 1861 er Stóra Þverá sögð 20 hdr. að fornu og hjáleigan Minni Þverá 10, eða samtals 30 hundruð, nýtt jarðamat var sameiginlegt og heldur lægra eða 22.8 hdr. (Ný jarðabók, bls. 103).

Í örnefnaskrá Margeirs Jónssonar segir: „Fyrir sunnan bæjarlæk heitir Kirkjuvöllur, því að þar var bænhús til forna.“ (bls. 1). Bæjarlækurinn eins og hann rennur í dag er í farvegi með stefnir norðaustur að íbúðarhúsinu og beygir þar til norðurs og skiptir túninu þar í tvennt. Fyrirhuguð lagnaleið liggr í suðvestur átt eftir túninu austan lækjar að íbúðarhúsinu og fer aldrei suður fyrir lækinn og því má telja víst að bænhúsleifar séu a.m.k. ekki í hættu vegna hitaveituframkvæmda.



Mynd 91. Horft til vesturs af fjárhústóftum (1787-157) heim að bæjarstæðinu á Minni-Brekku (1787-156).

Minni-Brekka – 1787 - 156

Sérheiti: Minni-Brekka

Hlutverk: Bæjarhóll

Tegund: Hóll

Hættumat: Mikil hætta. Íbúðarhúsið á Minni-Brekku stendur á gamla bæjarstæðinu og má gera ráð fyrir minjum þar undir sverði.

Staðhættir og lýsing

Íbúðarhúsið á Minni-Brekku frá 1966 (samkv. www.skra.is, skoðað 26.4.2016) er á gamla bæjarstæðinu.

Aðrar upplýsingar

Minni-Brekka kemur ekki fyrir í fornbréfasafni. En heimajörðin Brekka (einnig nefnd: Brekkur, síðar Stóra-Brekka) kemur fyrst fyrir í bréfi frá 15. öld og í nokkrum bréfum frá 16. öld (ísl. fornbr. V, bls. 38; IX, bls. 302; XI, bls. 863; XII 70: XV, bls. 230, 460).

Í jarðabókum frá 1686 og 1696 er Brekka talin sem ein heild og ekki skipt í tvær jarðir líkt og síðar varð. Í báðum úttektum er jörðin í eigu Hólastaðar metin á 30 hundruð, landskuld var $1 \frac{1}{2}$ hdr. og leigukúgildi 6 (Björn Lárusson, 1967, bls. 263. Þegar jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalín var rituð árið 1709 var hins vegar búið að skipta Brekku í tvennt og er Minni-Brekka 1/3 partur heimajarðarinnar en fram kemur að heimabóndi byggi partinn líkt og um hjáleigu sé að ræða en borgi af honum öll gjöld. Minni-Brekka var metin á 10 hdr. og var landskuld 60 álnir og leigukúgildi 1. Talið var að jörðin gæti fóðrað 3 kýr, 1 kálf, 12 ær, 10 lömb og 1 hest. Jörðin átti rétt á rekstri á afrétt. Torfrista og stunga var slök en nægur móskurður til eldiviðar. Lyngrif var sagt lítið og úthagar spillast

af grjóthruni og skriðum úr fjalli til stórskaða. Þá var kvíkfé sagt hætt fyrir holgryfjulækjum, afætudýjum og grjóthruni úr snarbröttu fjalli. Fjósínu var að auki hætt fyrir bæjarlæknum í leysingum (JÁM IX, bls. 312).

Minni-Brekka – 1787 - 157

Hlutverk: Fjárhús

Tegund: Tóft

Hættumat: Engin hætta. Tóftin er í jaðri skráningarsvæðisins og ekki í hættu vegna framkvæmda.

Staðhættir

Svoltíll hóll er fast sunnan við bæjarlækinn í túnjaðri um 150m austur af íbúðarhúsinu á Minni-Brekku. Á hólnum eru óljósar tóftaleifar.

Lýsing

Tóftirnar eru mjög ógreinilegar og líklegt að húsin hafi verið rifin. Engu að síður er hægt að greina veggjalög og virðist hafa verið garðahús syðst með dyr undan brekkunni til austurs. Norðan við er aflöng tóft, sem hefur væntanlega þjónað sem heytóft eða hlaða, en ekki er útilokað að hún sé í grunninn eldri en garðahúsin. Um þetta er hins vegar ekki hægt að fullyrða án nánari rannsóknar.

Aðrar upplýsingar

Í örnefnaskrá Minni-Brekku segir: „Efst að norðan við Bæjarlæk er Tveggjadagasláttur; þar niður af er Þræta. Efst í Þrætu stendur fjárhús.“ (bls. 1). Mögulega eru þetta leifar umræddra húsa efst í Þrætu.

Minni-Brekka/Stóra-Brekka – 1787 - 158

Hlutverk:

Landamerki/túngarður

Tegund: Garðlag

Hættumat: Mikil hætta.


Lagnaleiðin fer í gegnum garðlagið um 35m neðan við veginn milli bæjanna Minni- og Stóru-Brekku.

Lagnaleið liggur sömuleiðs yfir garðstæðið um 200m neðan vegarins en þar hefur garðurinn þegar orðið fyrir raski og sést ekki.

Staðhættir og lýsing

Garðlag er á milli túna

bæjanna Minni- og Stóru-Brekku. Það er á bilinu 1-1,5m breitt og 10-60sm hátt þar sem það er sýnilegt,



Mynd 92. Horft til suðausturs eftir garðlagi (1787-158) sem skilur að tunn á Minni- og Stóru-Brekku.

en það er slitrótt á köflum. Garðlagið var mælt upp neðan vegar en hægt er að rekja það af loftmynd ofan vegar.

Óstaðsettar/horfnar minjar sem kunna að vera innan skráningarsvæðis á Minni-Brekku

Minni-Brekka 1787- 286

Sérheiti: Búhóll

Hlutverk: Þjóðsagnastaður

Tegund: Hóll

Hættumat: Engin hætta.

Staðhættir og lýsing

Í örnefnaskrá Minni-Brekku er getið um Búhól sunnan við bæ, hann var ekki skoðaður á vettvangi enda fer lagnaleiðin ekki suður fyrir bæ. Hann gæti hins vegar verið innan skráningarsvæðis strangt til tekið. Um hólinn segir í örnefnaskrá: „Rétt fyrir sunnan bæinn er lítill hóll, kúpulagaður, og heitir Búhóll. Efst á honum er þúfa, sem ekki má slá; ef það er gert, verða óhöpp á búfé. Þúfan hefur verið slegin tvívar á 40 árum, og í bæði skiptin urðu óvenjumikil vanhöld á kum og kindum.“ (bls. 1).

Stóra-Brekka – 1787 – 159

Sérheiti: Stóra-Brekka

Hlutverk: Bæjarhóll

Tegund: Heimild

Hættumat: **Hætta.** Bæjarstæðið er innan skráningarsvæðis en óvíst hvert umfang þess er og hvort einhver hluti þess er í lagnaleið.

Staðhættir og lýsing

Í örnefnaskrá Kristjáns Eiríkssonar fyrir Stóru-Brekku segir: „Gamli bærinn stóð rétt sunnan og neðan við, þar sem nýja fjósið stendur nú.“ (bls. 1). Engar sýnilegar minjar eru á þessum slóðum. Óvíst er hver mikið af bæjarhólnum hefur orðið fyrir raski af völdum fjósbyggingarinnar en núverandi lagnaleið liggur eftir því sem næst verður komist austan við bæjarhólinn og ætti ekki að valda raski á honum.

Aðrar upplýsingar

Brekka (einnig nefnd: Brekkur, síðar Stóra-Brekka) kemur fyrst fyrir í bréfi frá 15. öld og í nokkrum bréfum frá 16. öld (ísl. fornbr. V, bls. 38; IX, bls. 302; XI, bls. 863; XII 70: XV, bls. 230, 460).

Í jarðabókum frá 1686 og 1696 er Brekka talin sem ein heild og ekki skipt í tvær jarðir líkt og síðar varð. Í báðum úttektum er jörðin í eigu Hólastaðar metin á 30 hundruð, landskuld var 1 ½ hdr. og leigukúgildi 6 (Björn Lárusson, 1967, bls. 263). Þegar jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalín var tekin saman árið 1709 var hins vegar búið að skipta Brekku í tvennt og var Minni-Brekka 1/3 partur (10 hdr.) heimajarðarinnar en fram kemur að heimabóndi byggði partinn líkt og um hjáleigu væri að ræða en borgaði af honum öll gjöld. „Stóra-Brekka“ var þá metin á 20 hdr. en ábúandi greiddi aðeins 3 leigukúgildi. Engar kvaðir voru á jörðinni og hún talin geta fóðrað 6 kýr, 1 ungneyti, 40 ær, 20 lömb og 2 hesta. Jörðin átti rétt á rekstri á afrétt. Torfrista og stunga var slök en nægur móskurður til eldiviðar. Lyngrif var sagt lítið og úthagar spillast af grjóthruni og skriðum úr fjalli til stórskaða. Þá var kvíkfé sagt hætt fyrir holgryfjulækjum, afætudýjum og grjóthruni úr snarbröttu fjalli. Fjósinu var að auki hætt fyrir bæjarlæknum í leysingum (JÁM IX, bls. 311-312).

Í jarðabókinni er nefnd forn eyðihjáleiga í landi jarðarinnar, Krókur, sem hafði verið í eyði í 70-80 ár, eða frá því um 1630-40. Um það segir: [...] veit því enginn með hvörjum kostum þetta bygðist, og ekki hvað fóðrast hafi. Og ekki má hjer byggja nema til skaða jörðunni.“ (JÁM IX, bls. 312). Í

örnefnaskrá Stóru-Brekku segir: „Rétt fyrir ofan veg, ofan Ásmýra, er Króksengi. Það er nú tún. Þar efst í eru tóftir af gömlu býli, sem hét Krókur“. (bls. 2-3) Enn segir: „Áður hefur túnið í Króki náð yfir sumt af Króksholti og er garður í kringum gamla Krókstúnið.“ (bls. 3). Þetta er utan svæðis og var ekki kannað á vettvangi.

Fornleifaskrá: Flókadalur frá Neskoti að Ysta-Mó



Mynd 93. Horft til norðurs út Flókadal af brekkunni neðan núverandi íbúðarhúss á Neskoti. Gamla bæjarstæðið á Neskoti (1787-160) er á hólnum lengst til hægri á myndinni, en í fjarska sést íbúðarhúsið á Nesi.

Neskot – 1787 – 160

Sérheiti: Neskot

Hlutverk: Bæjarhóll

Tegund: Hóll

Hættumat: Engin hætta. Minjarnar eru í jaðri skráningarsvæðisins og ekki í hættu vegna fyrirhugaðra framkvæmda.

Staðhættir og lýsing

Í örnefnaskrá Neskots frá 1976 segir: „Nýja íbúðarhúsið stendur á efsta melholtinu á milli Gerða [misritað Garða í örн.skr.] og heimatúns, u.p.b. 200 m í suðvestur frá því, sem gamli bærinn stóð.“ (bls. 2). Gamli bæjarhóllinn er norðan lækjar og er hluti hans í jaðri skráningarsvæðisins, búið er að sléttu yfirborð hólsins en gera má ráð fyrir að þar séu engu að síðar umfangsmiklar minjar undir sverði.

Aðrar upplýsingar

Nes kemur fyrst fyrir í fornbréfum frá 15. öld, en Neskots er ekki getið (Ísl. fornbréfasafn IV, bls. 250; V, bls. 253, 355, 422).

Í jarðabók frá 1686 er Nes sagt í einkaeigu, metið á 30 hundruð, landskuld var $1 \frac{1}{2}$ hdr. og leigukúgildi $8 \frac{1}{2}$. Árið 1696 eru jarðamat og landskuld óbreytt en kúgildunum hefur fækkað niður í sex (Björn Lárusson, 1967, bls. 262). Í jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalín frá 1709 er jörðin metin á 30 hdr. með Neskoti sem þá var í eyði en sagt þriðjungur heimajarðarinnar. Landskuld af 2/3 hlutanum var 90 álnir og leigukúgildi þrjú, en 40 álnir af Neskoti og kúgildi þar tvö. Engar kvaðir voru á jörðinni og hún talin geta fóðrað 3 kýr, 20 ær, 13 lömb og einn hest. Kotið var talið geta fóðrað 2 kýr, 12 ær og 6 lömb. Landi jarðanna var óskipt að undanskyldu túni og engjum. Um landkosti segir að torfrista og stunga hafi verið lök, móskurður til eldiviðar lítt nýtandi, lyngrif og fjalldrapi bjarglegur til tróðs og eldiviða. Grasatekja varla teljandi en berjalestur nógur. Um túnið á Neskoti segir að því grandi skriður úr brattlendi til stórskaða og engjum sömuleiðis. Þá er skepnum sögð hætta af snjóflóðum,

holgryfjulækjum og dýjum og bænum sömuleiðis og nefnd munnmæli um að snjóflóð hafi í fyrndinni hlaupið á bæinn en ekki hafi orðið mannskaði (JÁM IX, bls. 206). Í jarðabók frá 1861 eru Nes og Neskot metin saman og sögð 30 hdr. að fornu en nýtt jarðamat er 22,1 hdr. (bls. 103).

Neskot– 1787 – 161

Hlutverk: Óþekkt

Tegund: Tóft

Hættumat: Hætta. Tóftin er 12m frá miðlinu fyrirhugaðrar lagnaleiðar og telst í hættu af þeim sökum en ætti þó ekki að verða fyrir raski vegna framkvæmda að óbreyttu.

Staðhættir

Í örnefnaskrá Neskots frá 1976 segir: „Nýja íbúðarhúsið stendur á efsta melholtinu á milli Gerða [misritað Garða í örn.skr.] og heimatúns, u.p.b. 200 m í suðvestur frá því, sem gamli bærinn stóð.“ (bls. 2). Umrædd téft er byggð inn í gróinn bakka vestan lækjars og um 30m VNV af ræsinu yfir bæjarlækinn.

Lýsing

Tóftin er illgreinanleg og byggð inn í gróinn og þýfðan bakka. Um er að ræða einfalda téft sem er um 3m á kant að innanmáli með dyr til austurs undan brekkunni. Veggir eru á bilinu 30-60sm háir og um 1m breiðir og er vesturveggurinn hlaðinn bakki við brekkuna. Grjót er í hleðslum en téftin annars algróin grasi og mosa og var gróður í téftinni grænni og gróskumeiri en umhverfis.



Mynd 94. Horft til suðurs yfir téft (1787-161) sunnan bæjarlækjar á Neskoti

Neskot– 1787 – 162

Hlutverk: Óþekkt

Tegund: Tóft

Hættumat: Engin hætta. Meintar minjar eru í tæplega 30m fjarlægð frá fyrirhugaðri lagnaleið.

Staðhættir og lýsing

Í horninu neðan við gamla veginn og bæjarlækinn suðvestan við gamla bæjarstæðið á Neskoti er niðurgröftur og uppmokstur eða óljós veggjalög umhverfis hann. Óvist er að um byggingu sé að ræða en eitthvert rask er þetta af mannavöldum. Niðurgröfturinn



Mynd 95. Horft til suðurs yfir óljósa mögulega téft (1787-162) sunnan bæjarlækjar á Neskoti.

er um 1,8x2,5m á kant, um 10-15sm djúpur og snýr u.p.b. norður-suður. Umhverfis, einkum að austan og sunnan er uppmokstur eða óveruleg veggjalög, 10-15sm há og 80-160sm breið.



Mynd 96. Horft u.p.b. VSV upp brekkuna eftir merkjum Ness og Neskots. Óljóst garðlag (1787-163) virðist vera undir girðingunni.



Mynd 97. Horft u.p.b. ANA eftir merkjum Ness og Neskots. Óljóst garðlag (1787-163) virðist vera undir girðingunni.

Neskot/Nes– 1787 – 163



Hlutverk: Landamerki

Tegund: Garðlag

Hættumat: Mikil hætta. Hugsanlegt garðlag er undir girðingu á merkjum jarðanna sem óhjákvæmilegt er að fara í gegnum.

Staðhættir og lýsing

Afar óljósar leifar garðlags virðast vera undir merkjagirðingunni milli Ness og Neskots. Ekki er getið um merkjagarð í örnefnaskrám jarðanna. Hugsanlega hefur eitthvað verið hlaðið þarna undir girðingu án þess að um eiginlegan merkjagarð hafi verið að ræða.



1787-164

Nes- 1787 – 164

Hlutverk: Óþekkt

Tegund: Tóft

Hættumat: Hætta. Tóftin er í 11m fjarlægð frá fyrirhugaðri lagnaleið og telst í hættu af þeim sökum en ætti þó ekki að verða fyrir raski að óbreyttu.

Staðhættir og lýsing

Um 170m suður af bæ á Nesi, rétt sunnan við gamlan lækjafarveg milli holta er einföld lítil tóft vestan í brekkunni. Tóftin er að hluta grafin niður í brekkuna og er vesturveggurinn hlaðinn bakki frekar en veggur. Tóftin er um 2,6x3,2m á kant með dyr eða hlið austast á suðurvegg. Veggir eru á bilinu 20-40sm háir og 1-1,5m breiðir, hlaðnir úr torfi og grjóti.

Nes- 1787 – 165

Hlutverk: Fjárhús

Tegund: Tóft



Hættumat: Engin hætta. Minjarnar eru í jaðri skráningarsvæðisins í um 48m fjarlægð frá miðlinu fyrirhugaðrar lagnaleiðar.

Staðhættir

Þessarar tóftar virðist ekki vera getið í örnefnaskrá en hún er í brekkunni um 30m norðaustur af tóftum fjárhúsa á svonefndu Syðstagerði og um 60m suðaustur af tóftum á Miðgerði. Húsarústir á Ystagerði, Miðgerði og Syðstagerði eru allar utan skráningarsvæðis og voru því ekki mældar upp.

Lýsing

Tóftin er um 6,7x5m á kant að utanmáli. Um er að ræða einföld garðahús með torfstafni til austurs og dyr út úr hvorri kró í þá átt. Húsin hafa verið án hlöðu og var ekki að greina heytóft. Veggir eru algrónir grasi, á bilinu 10-30sm háir og 80-180sm breiðir.



Mynd 98. Horft til norðausturs yfir tóftir hesthúss (1787-166), fornlegar tóftir 1787-167 og 168 eru á aflanga hólnum fjær en eru næsta ógreinanlegar á þessari mynd.

Nes- 1787 – 166

Hlutverk: Hesthús

Tegund: Tóft


Hættumat: Hætta. Minjarnar eru í um 10m fjarlægð frá miðlinu fyrirhugaðrar lagnaleiðar og í hættu af þeim sökum, þær ættu þó ekki að verða fyrir raski að óbreyttu.

Staðhættir

Í örnefnaskrá Ness segir: „Gamli bærinn stóð norðan við Nesá á hæð rétt neðan (austan) við, þar sem íbúðarhúsið stendur nú. Gamla túnið var í kringum bæinn, fyrir norðan Nesá og var það nefnt Heimatún. Spilda sunnan við Nesá var einnig tún. Neðst í þeiri spildu voru nokkrir lágar nefndir Hringhólar. Upp af þeim voru tveir hólar og er sá syðri miklu stærri. Þeir heita ekkert sérstakt. Hesthúskofi var á ytri hólnum.“ (bls. 1-2). Miðað við örnefnaskrána er tóft 1787-166 leifar af hesthúsi.

Lýsing

Tóftin er um 8,3x6,5m á kant að utanmáli og snýr u.p.b. norðvestur-suðaustur. Hún er tvískipt, að austan er rými sem er um 2,8m á kant með dyr nyrst á austurhlið og að því er virðist hlaðinn stall meðfram suðurvegg. Að vestan er aflangt rými, hugsanlega hlaða. Það er um 4,5x1,4m og virðast hafa haft dyr til norðurs og innangengt úr henni út á stallinn meðfram suðurvegg. Mikið grjót er í hleðslum en veggir talsvert hrundir og þýfðir. Veggħæð er á bilinu 20-50sm og breiddin, 1,4-2m.



Nes – 1787 – 167

Hlutverk: Óþekkt

Tegund: Tóft

Hættumat: Hætta. Vestari téftin er í um 15m fjarlægð frá miðlinu lagnaleiðar og telst í hættu af þeim sökum. Hún ætti þó ekki að verða fyrir raski að óbreyttu.

Staðhættir

Í örnefnaskrá Ness segir: „Gamli bærinn stóð norðan við Nesá á hæð rétt neðan (austan) við, þar sem íbúðarhúsið stendur nú. Gamla túnið var í kringum bæinn, fyrir norðan Nesá og var það nefnt Heimatún. Spilda sunnan við Nesá var einnig tún. Neðst í þeirri spildu voru nokkrir lágar hólar nefndir Hringhólar.“ (bls. 1) Norðarlega í hringhólum eru

tvær fornlegar og sokknar téftir sem ekki er getið um í örnefnaskrá.

Lýsing

Vestari téftin og sú stærri er um 7x13m á kant að utanmáli, hún virðist tvískipt. Syðri hlutinn um 2,4x5,3m að innanmáli, dyr gætu hafa verið út fyrir miðjum austur langvegg. Norðari hlutinn er um 2,4x1,6m á kant, með rúnnaðar brúnir og engar greinilegar dyr. Veggir eru mjög sokknir og útflattir á bilinu 10-20sm háir og 1,4-3,2m breiðir. Af útlitinu að dæma gætu þessar téftir verið mjög gamlar en erfitt er að fullyrða um slíkt án frekari rannsókna.



Mynd 99. Horft til vesturs yfir tóftir 1787-167 og 168 nyrst í Hringhólum. Uppgróið rofabarð er norðan við tóftirnar og sést hugsanlegt hleðslugrjót í því. Tóftirnar eru annars algrónar, sokknar og fremur illgreinanlegar. Á græna hólnum ofan við (fyrir miðri mynd) sem ber við gula hlíðina eru stæðilegar fjárhústóftir á svonefndu Syðstagerði og er utan svæðis. Í brekkunni þar fyrir neðan sér móta fyrir tóft (1787-165) en nær beint niður af henni á lágum hóli er hesthústóft [1787-166].

Nes– 1787 – 168

Hlutverk: Óþekkt

Tegund: Tóft

Hættumat: Hætta. Minjarnar eru í rúmlega 20m fjarlægð frá miðlinu fyrirhugaðrar lagnaleiðar og því ekki í hættu af þeim sökum.

Staðhættir


Í örnefnaskrá Ness segir: „Gamli bærinn stóð norðan við Nesá á hæð rétt neðan (austan) við, þar sem íbúðarhúsið stendur nú. Gamla túnið var í kringum bæinn, fyrir norðan Nesá og var það nefnt Heimatún. Spilda sunnan við Nesá var einnig tún. Neðst í þeirri spildu voru nokkrir lágar nefndir Hringhólar.“ (bls. 1) Norðarlega í hringhólum eru fornlegar og sokknar tóftir sem ekki er getið um í örnefnaskrá.

Lýsing

Austari tóftin og sú minni er tæplega 8m á kant með mjög sokkna og útflatta veggi. Dæld er innan tóftarinnar að austan og er hún um 2x3m á kant. Engar greinilegar dyr eru á tóftinni. Veggir eru algrónir grasi, á bilinu 10-20sm háir og 1,7-3,8m breiðir. Af útlitinu að dæma gætu þessar tóftir verið mjög gamlar en erfitt er að fullyrða um slíkt án frekari rannsókna.



Mynd 100. Horft til suðurs yfir tóftir 1787-169 (fjær) og 1787-170 (ógleggri nær og til vinstri), undir aflöngum hól sunnan Nesár. Ofar á þeim sama hólrana er svonefnt Ystagerði en það er utan svæðis. Lítil lækur rennur sunnan við tóftirnar og handan hans til vinstri á myndinni sjást tóftir hesthúss (1787-166). Á hólnum sunnan tóftarinna (fyrir miðri mynd) eru stórar þúfur og hólinn grænni en umhverfið, engar greinanlegar minjar fundust þá á hólnum né heimildir um byggingar á honum.



Nes – 1787 – 169

Hlutverk: Óþekkt

Tegund: Tóft

Hættumat: Engin hætta. Minjarnar eru í nærliggjandi frá miðlinu fyrirhugaðrar lagnaleiðar og því í hættu af þeim sökum.

Staðhættir

Í örnefnaskrá Ness segir: „[...] meðfram Nesá, var langur hóll nefndur Yztagerði. Utan í honum, við Nesá, eru tóftarbrot e.t.v. af fjárrétt.“ (bls. 2). Tvær tóftir voru skráðar á þessum stað austan undir hólnum milli Nesár og lítils lækjar.

Lýsing

Syðri tóftin er stærri og greinilegri, hún er um 10m löng og 6m breið að utanmáli með rúnnuð horn. Engar dyr

eða hlið voru greinanleg, en veggir eru sokknir og útflettir á bilinu 10-30sm háir og um 2m breiðir. Tóftin er algróin grasi og hvergi sá í grjót. Erfitt er að fullyrða nokkuð um hlutverk án frekari rannsóknar.

Nes – 1787 – 170

Hlutverk: Óþekkt

Tegund: Tóft

Hættumat: Engin hætta. Minjarnar eru í tæplega 40m fjarlægð frá miðlinu fyrirhugaðrar lagnaleiðar og því í hættu af þeim sökum.

Staðhættir

Í örnefnaskrá Ness segir: „[...] meðfram Nesá, var langur hóll nefndur Yztagerði. Utan í honum, við Nesá, eru tóftarbrot e.t.v. af fjárrétt.“ (bls. 2). Tvær tóftir voru skráðar á þessum stað austan undir hólnum milli Nesár og lítils lækjars.

Lýsing

Norðari tóftin er minni og ógreinilegri. Veggir eru algrónir grasi um 1,5-2m breiðir og 10-20sm háir, mjög þýfðir og óljósir og ekki útilokað að um náttúrumyndun sé að ræða.



Mynd 101. Horft til norðausturs, gamli bæjarhóllinn á Nesi er fyrir miðri mynd á milli staura samstæðunnar og staka síma staurins í túninu. Niðri í hægra horninu er tóft 1787-166 og á aflanga hólnum fjær (ofar á myndinni) eru tóftir 1787-167 og 168, sem er þó illmögulegt að greina á þessar mynd. Nesá rennur sunnan við íbúðarhúsið og gamla bæjarstæðið en í fjarska er Flókadalsá og bærinn Austari-Hóll í hlíðinni handan ár.

Nes – 1787 – 171

Sérheiti: Nes

Hlutverk: Bæjarhóll

Tegund: Hóll

Hættumat: Engin hætta. Bæjarhóllinn er í jaðri skráningarsvæðisins og ætti ekki að verða fyrir raski vegna hitaveitulagningar.

Staðhættir og lýsing

Í örnefnaskrá Ness segir: „Gamli bærinn stóð norðan við Nesá á hæð rétt neðan (austan) við, þar sem íbúðarhúsið stendur nú.“ (bls. 1). Núverandi íbúðarhús byggt árið 1960 (sbr. www.skra.is, skoðað 28.4.2016) stendur á svolitlum hól og er dálítíl brekka austur af honum, svo tekur við sléttur flötur eða stallur um 40m austur af íbúðarhúsini, en svo tekur aftur við svo lítil brekka. Á þessum stalli eru greinanleg gróðurskil sem sjást m.a. af loftmynd. Þetta er væntanlega gamla bæjarstæðið og bæjarhóllinn en búið er að sléttu yfirborðið og engar minjar sýnilegar. Það má hins vegar gera ráð fyrir að þar leynist minjar undir sverði á allstóru svæði. Útmörk til vesturs eru ekki að fullu ljós en bæjarhóllinn ætti þó ekki að verða fyrir raski við lagningu hitaveitunnar.

Aðrar upplýsingar

Nes kemur fyrst fyrir í fornbréfum frá 15. öld (Ísl. fornbréfasafn IV, bls. 250; V, bls. 253, 355, 422-424). Þar var hálfkirkja á síðari helming 15. aldar og hugsanlega fyrr. Í jarðabók frá upphafi 18. aldar er talað um bænhús, en þá höfðu tíðir ekki verið veittar í manna minni og húsið fallið, en tóftaleifar enn sýnilegar (JÁM IX, bls. 205).

Í jarðabók frá 1686 er Nes sagt í einkaeigu, metið á 30 hundruð, landskuld var $1 \frac{1}{2}$ hdr. og leigukúgildi $8 \frac{1}{2}$. Árið 1696 eru jarðamat og landskuld óbreytt en kúgildunum hefur fækkað niður í sex (Björn Lárusson, 1967, bls. 262). Í jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalín frá 1709 er jörðin metin á 30 hdr. ásamt með Neskoti sem þá var í eyði en sagt þriðjungur heimajarðarinnar. Landskuld af 2/3 hlutanum var 90 álnir og leigukúgildi þrjú, en 40 álnir af Neskoti og kúgildi þar tvö. Engar kvaðir voru á jörðinni og hún talin geta fóðrað 3 kýr, 20 ær, 13 lömb og einn hest. Kotið var talið geta fóðrað 2 kýr, 12 ær og 6 lömb. Öllu landi jarðanna var óskipt að undanskyldu túni og engjum. Um landkosti segir að torfrista og stunga hafi verið lök, móskurður til eldiviðar lítt nýtandi, lyngrif og fjalldrapi bjarglegur til tróðs og eldiviða. Grasatekja varla teljandi en berjalestur nógur. Um túnið á Nesi segir að Nesá grandi því með landbroti og grjótsáburði en enginu grandi Flókadalsá. Við þetta er bætt að kvikfé sé hætt fyrir holgryfjulækjum og dýjum (JÁM IX, bls. 205-206). Í jarðabók frá 1861 eru Nes og Neskot metin saman og sögð 30 hdr. að fornu en nýtt jarðamat er 22,1 hdr. (bls. 103).

Bænhús. Hálfkirkja var í Nesi á síðari helming 15. aldar og hugsanlega fyrr (Ísl. fornbréfasafn IV, bls. 250; V, bls. 253, 355, 422-424). Í jarðabók frá upphafi 18. aldar er talað um bænhús, en þá höfðu tíðir ekki verið veittar í manna minni og húsið fallið, en tóftaleifar enn sýnilegar (JÁM IX, bls. 205). Í handriti að 8. bindi Byggðasögu Skagafjarðar segir: „Ekki þekkja menn lengur með vissu hvar hálfkirkjan stóð. Vel getur hún hafa rúmast á gamla bæjarhólnum en Páll Gunnlaugsson bóndi í Nesi hafði þó aðra skoðun á því: „Ég hygg að bænhúsið í Nesi hafi verið þar sem íbúðarhúsið stendur núna. Þar voru einhverjar veggjaleifar, mjög ógreinilegar, en ekki komu nein bein upp úr grunninum. Ekki man ég eftir neinu gerði í kring. Það var reyndar bara jafnaður hóllinn, því stutt var niður á fast. Gamli bærinn stóð á hóli svo sem 30-50 m fyrir neðan. Sá hóll er nú að mestu horfinn.“ (Páll Gunnlaugsson Nesi.)“ (Nes í Flókadal, óútg. handrit að 8. bindi Byggðasögu Skagafjarðar, bls. 7-8).

Sigríðarstaðir – 1787 – 172

Hlutverk: Óþekkt

Tegund: Garðlag

Hættumat: Hætta. Garðlagið er minnst í um 10m fjarlægð frá lagnaleiðinni og telst í hættu af þeim sökum. Það ætti þó ekki að verða fyrir raski.

Staðhættir og lýsing

Garðlagið liggar eftir brún gamals árbakka um 40-60m ofan við núverandi farveg Flókadalsár. Garðurinn er á bilinu 0,5-1m hár og um 1,5m breiður algróinn grasi. Hann er rofinn á nokkrum stöðum en annars fremur heillegur.

Aðrar upplýsingar

Ekki er getið um þetta garðlag í örnefnaskrá.



Mynd 102. Horft til norðausturs yfir garðlag syðst í landi Sigríðarstaða. Garðlagið liggur eftir gömlum árbakka Fljótaár, spöl vestan við ánná þar sem hún rennur í dag.

Sigríðarstaðir– 1787 – 173

Hlutverk: Óþekkt

Tegund: Þúst/hleðsla

Hættumat: Hætta. Minjarnar eru í 7,5m fjarlægð frá miðlinu lagnaleiðar til norðurs að Sigríðarstöðum og um 18m frá lagnaleiðinni til austurs að Austara-Hóli . Þústin ætti þó að sleppa við rask ef farið er með gát.

Staðhættir og lýsing

Svoltíl þúst og hleðsla til suðurs út frá henni er í horninu austan við vegslóðan sem liggur eftir bökkunum suður af Sigríðarstöðum og norðan við veginn heim að Austara-Hóli . Þústin er um 3x5 á kant en rofabarð er í henni að sunnan og sést þar einföld hleðsla 4-5 steinar í beinni línu undan þústinni til suðurs. Hleðslan er um 10sm há en þústin hæst í miðju um 40-50sm. Hlutverk er óvist en þetta gæti verið illa farinn mókofi. Um 13m norður af þústinni er sléttur flótur innan um þýfið (17887-174), líklega eftir torftöku frekar en móstungu.

Sigríðarstaðir– 1787 – 174


Hlutverk: Náma/torftökusvæði

Tegund: Niðurgröftur

Hættumat: Hætta. Minjarnar eru í um 14 fjarlægð frá miðlinu lagnaleiðar til norðurs að Sigríðarstöðum og telst í hættu af þeim sökum en ætti þó ekki að verða fyrir raski við framkvæmdina.

Staðhættir og lýsing

Um 13m norður af þústinni (1787-173) er sléttur flótur innan um þýfið (17887-174), líklega eftir torftöku frekar en móstungu.



Sigríðarstaðir- 1787 – 175

Hlutverk: Stekkur

Tegund: Tóft

Hættumat: Engin hætta. Minjarnar eru í 25m fjarlægð frá miðlinu fyrirhugðrar lagnaleiðar.

Staðhættir

Tóftin er um 60m norður veginum heim að Austara-Hóli og liggur fast austan við vegslóð sem liggur í hlykkjum eftir hólunum sunnarlega í landi Sigríðarstaða.

Lýsing

Tóftin er tvískipt og lítur út fyrir að vera nokkuð dæmigerður stekkur, með lítillí rétt að sunnan og minni lambakró að norðan, sem stendur um 40-50sm hærra og er þýfð að innan, hugsanlega vegna þakhruns. Réttin er um 2,5x4,5m að innanmáli með hlið til vesturs, en lambakróin u.þ.b. 2m á kant með rúnnuð horn og dyr til suðurs inní réttina. Veggir eru algrónir grasi, á bilinu 30-90sm áir og 1-2m breiðir.

Sigríðarstaðir- 1787 – 176

Hlutverk: Óþekkt

Tegund: Þúst/tóft

Hættumat: Engin hætta. Minjarnar eru í jaðri skráningarsvæðisins í tæplega 50m fjarlægð frá miðlinu lagnaleiðar og ekki í neinni hættu.

Staðhættir

Rúma 300m SSA af bæ á Sigríðarstöðum er óljós téttóft eða þúst uppi á hól ofan við mó- eða torftökusvæði (1787-177). Þústin er næsta hringlaga á bilinu 5-5,5m í þvermál. Dæld er í miðju aflöng frá austri til vesturs um 2x3m. Hugsanlega tengist þetta mannvirki mótku, en mógröf er skammt neðan við hólinn, en einnig er hugsanlegt að um gamalt heystæði sé að ræða.

Sigríðarstaðir- 1787 – 177

Hlutverk: Mógröf

Tegund: Niðurgröftur

Hættumat: Engin hætta. Minjarnar eru í 20m fjarlægð frá miðlinu fyrirhugðrar lagnaleiðar og handan vegslóðar sem liggur eftir bökkunum sunnan við Sigríðarstaði.

Staðhættir

Mógröfin er fast austan við vegslóðann sem liggur til suðurs frá Sigríðarstöðum í hlykkjum eftir bökkunum, um 340m suður af bæ. Mógröfin er um 50sm djúp og tekur yfir um 140m² svæði.

Sigríðarstaðir– 1787 – 178

Hlutverk: Óþekkt

Tegund: Tóft/náttúrulegt?

Hættumat: Engin hætta. Meintar minjar eru í jaðri skráningarsvæðisins og ekki í hættu vegna fyrirhugaðra framkvæmda.

Staðhættir og lýsing

Óljós möguleg tóft er undir bakka um 250m ASA af bæ á Sigríðarstöðum og um 45m vestur af veginum sem liggar eftir bökkunum. Um er að ræða hugsanlegan torfvegg sem myndar hálfboga upp að náttúrulegum bakka. Ekki er útilokað að um náttúrumyndun sé að ræða. Meintur torfveggur er á bilinu 10-20sm hárr og um 1m breiður.



Mynd 103. Horft til norðvesturs heim að Sigríðarstöðum. Íbúðarhúsið syðst (lengst til vinstri) er á gamla bæjarstæðinu.

Sigríðarstaðir– 1787 – 179

Sérheiti: Sigríðarstaðir

Hlutverk: Bæjarhóll

Tegund: Hóll

Hættumat: Engin hætta. Núverandi íbúðarhús er á gamla bæjarstæðinu, gert er ráð fyrir að tengt verði inn í húsið í gegnum úтиhús og miðað við teikningu af fyrirhugaðri lagnaleið þá fer hún ekki í gegnum gamla bæjarhólinn.

Staðhættir

Í örnefnaskrá Sigríðarstaða segir: „Sigríðarstaðir eru á milli Ness og Vestara-Hóls, neðan við Sigríðarstaðakot, sem fór í eyði 1943. Íbúðarhúsið stendur nokkurn spöl neðan við veginn, þar sem gamli bærinn hefur áður staðið. Svo virðist sem gamli bærinn hafi verið byggður á rústum annars eldra og þannig koll af kolli. Það kom í ljós, þegar grafið var fyrir kjallara nýja hússins.“ (bls. 1).

Lýsing

Engar sýnilegar minjar eru á gamla bæjarhólnum. Íbúðarhúsið stendur syðst í húsaþyrpingunni og garður sunnan við það. En öll úтиhús og íbúðarhúsið eru sambyggð og óvist hve mikið af gamla bæjarhólnum hefur orðið fyrir raski við byggingu þeirra. Hugsanlega eru einhverjar leifar hans undir sverði umhverfis íbúðarhúsið.

Aðrar upplýsingar

Hvorki Sigríðarstaðir né Sigríðarstaðakot (öðru nafni Guðleifsstaðir) koma fyrir í fornbréfum.

Í jarðabók frá 1686 eru Sigríðarstaðir í einkaeigu, metnir á 25 hundruð, landskuld var þá 1 hdr. og 30 álnir og leigukúgildi, tíu árum síðar 1696 er jarðamatið 20 hdr. landskuld sú sama en kúgildin 7 (Björn Lárusson, 1967, bls. 262). Í jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalín frá 1709 er jarðamatið það sama á allri jörðinni en Sigríðarstaðakot sagt þriðjungur jarðarinnar. Landskuld var 80 álnir af heimajörðinni og leigukúgildin 4, en af kotinu 40 álnir og kúgildin 2. Engar kvaðir voru á heimajörðinni né kotinu. Jörðin var talin geta fóðrað 3 kýr, 18 ær, 10 lömb og einn hest en kотið 1 kýr, 1 ungneyti, 6 ær og 6 lömb. Um landkosti segir að torfrista sé lök en stunga næg, móskurður til eldiviðar góður. Lyngrif til tróðs og eldiviðar brúkast lítt. Heimajörðin átti selstöðu á Flókadalsfrétt hálfan Sigríðarstaðadal að austan (JÁM IX, bls. 293-294). Í jarðabókinni kemur jafnframt fram að Sigríðarstaðakot heiti öðru nafni Guðleifsstaðir og hafi fyrst verið byggt á gömlu fjárhússtæði frá Sigríðarstöðum um 1660. Þá er getið um eyðihjáleiguna Háfakot sem byggðist fyrst í kringum 1670 en var aðeins í byggð í fáein ár (JÁM IX, bls. 294). Í Nýrri jarðabók frá 1861 eru Sigríðarstaðir sagðir metnir á 13 1/3 hdr. en kотið 6 2/3 hdr. saman 20 hdr. en nýtt sameiginlegt mat var 18,5 hdr. (bls. 103).

Um Sigríðarstaðakot segir í örnefnaskrá þeirrar jarðar: „Jörðin fór í eyði 1946 og hefir ekki verið búið þar síðan. Bærinn í Sigríðarstaðakoti stóð upp af Sigríðarstaðabænum, aðeins þó suður og upp af honum. Þar er nokkur hávaði með fjórum hólum á, og stóð bærinn á neðsta hólnum.“ (bls. 1). Sigríðarstaðakot og Háakot eru samkvæmt teikningu meðfylgjandi örnefnaskránni ofan vegar og þar af leiðandi utan skráningarsvæðis.



Mynd 104. Horft til suðvesturs heim að Sigríðarstöðum, fjárhús (1787-180) stóðu á hólnum fyrir miðri mynd. Fyrirhuguð lagnaleið liggar neðan við hólinn og ætti ekki að valda raski á hugsanlegum jarðlægum minjum.

Sigríðarstaðir– 1787 – 180

Hlutverk: Fjárhús

Tegund: Heimild

Hættumat: Engin hætta. Fyrirhuguð lagnaleið liggur meðfram hólnum, sem fjárhúsin stóðu á og hugsanlegar jarðlægar minjar uppi á hólnum ættu ekki að verða fyrir raski.

Staðhættir og lýsing

Í örnefnaskrá Sigríðarstaða segir: „Fjárhúsin standa nú stuttan spöl norður af bænum. Á hól, rétt ofan við fjárhúsin, sem nú eru, var einnig fjárhústóft. Líklega hefur hún ekki verið mjög gömul.“ (bls. 1). Sléttur hóll er um 60m NNV af núverandi útihúsum sem eru samþyggð íbúðarhúsinu á Sigríðarstöðum. Greinilegt er að þarna hefur verið jafnað út húsarústum en hóllinn er grænni og gróskumeiri en umhverfið. Hann er um 50m í þvermál og liggur lagnaleiðin meðfram honum að austan. Þótt engar sýnilegar minjar séu á yfirborði hólsins er ekki útilokað að minjar séu þarna undir sverði í einhverju mæli, þær eru þó ekki í hættu eins og fram hefur komið.

Sigríðarstaðir– 1787 – 181

Sérheiti: Einbúi

Hlutverk: Óþekkt/matjurtagarður?

Tegund: Garðlag

Hættumat: Engin hætta. Fyrirhuguð lagnaleið liggur svoltið austan við Einbúann og minjar á honum því ekki í neinni hættu.

Staðhættir

Í örnefnaskrá Sigríðarstaða segir: „Nokkuð langt út (norður) og upp af bænum, utan og ofan við gamla túnið, er einn, einstakur gróinn hóll, sem Einbúi heitir. Í kringum hann er garður.“ (bls. 2).

Hóllinn er neðan þjóðvegar um 290m NNV af bæ á Sigríðarstöðum.

Lýsing

Garðlag liggur af toppi hólsins til suðausturs og er óljóst framhald á honum meðfram hólnum að sunnan og suðvestan. Garðagið er á bilinu 10-30sm hátt og um 1m breitt, bakkinn undir hólnum að sunnan og suðvestan er 30-50sm hár en innbrún ógreinileg. Hugsanlega hefur einhvern tíma verið matjurtagarður utan í hólnum, en engar heimildir eru um það.



Mynd 105. Horft til norðvesturs á hóllinn Einbúa, garðlag sést liggja upp hóllinn þar sem hann er hæstur og óljóst framhald er hólnum meðfram hólnum að suðvestan.

Sigríðarstaðir– 1787 – 182

Hlutverk: Óþekkt

Tegund: Varða/torfvarða

Hættumat: Engin hætta. Fyrirhuguð lagnaleið liggur svoltið austan við Einbúann og minjar á honum því ekki í neinni hættu.

Staðhættir

Í örnefnaskrá Sigríðarstaða segir: „Nokkuð langt út (norður) og upp af bænum, utan og ofan við gamla túnið, er einn, einstakur gróinn hóll, sem Einbúi heitir. Í kringum hann er garður.“ (bls. 2). Hóllinn er neðan þjóðvegar um 290m NNV af bæ á Sigríðarstöðum.

Lýsing

Nær efst á hólnum er stór þúfa eða leifar torfhlaðinna vörðu, um 2m í þvermál neðst og um 50sm há. Óvist er um tilgang hennar.

Sigríðarstaðir – 1787 – 183

Hlutverk: Óþekkt

Tegund: Garðlag

Hættumat: Hætta. Fyrirhuguð lagnaleið liggur milli garðlagsins og afleggjarans heim að Austara-Hóli og er í um 6m fjarlægð frá lagnaleiðinni. Girðing er eftir garðlaginu og ólíklegt að það verði fyrir raski af völdum framkvæmdanna.

Staðhættir og lýsing

Sunnarlega í landi Sigríðarstaða rétt norðan við afleggjarann heim að Austara-Hóli er garðlag samsíða veginum á um 160m kafla. Hugsanlega hefur það verið hlaðið undir girðingu fremur en að það hafi staðið sjálfstætt, en engu að síður eru um töluverða hleðslu að ræða. Garðurinn er um 20-30sm hár víðast hvar og um 1m breiður.



Mynd 106. Horft til ASA yfir garðlag (1787-183) sunnarlega í landi Sigríðarstaða, í baksýn handan Flókadalsár er íbúðarhúsið á Austara-Hóli (til vinstrí) og útihúsin (fyrir miðri mynd).

Horfnar/óstaðsettar minjar sem kunna að hafa verið innan skráningarsvæðis í landi Sigríðarstaða

Sigríðarstaðir – 1787 - 287

Hlutverk: Mógrafir

Tegund: Heimild

Hættumat: Engin hætta.

Staðhættir

Í örnefnaskrá Sigríðarstaða segir: „Nokkuð langt út (norður) og upp af bænum, utan og ofan við gamla túnið, er einn, einstakur gróinn hóll, sem Einbúi heitir. Í kringum hann er garður. Nokkru fyrir neðan Einbúa voru áður Mógrafir. Niður af þeim Flói“ (bls. 2). Þarna eru slétt tún í dag og engar sýnilegar minjar.

Lýsing

Fyrirhuguð lagnaleið liggur austan við útihúsin á Sigríðarstöðum og eftir sléttum túnum með stefnu austan við Einbúa, engar sýnilegar minjar eru á lagnaleiðinni og búið að bylta mógröfunum í tun.

Sigríðarstaðir – 1787 - 288

Hlutverk: Landamerki (Merkjagarður)

Tegund: Heimild

Hættumat: Engin hætta.

Staðhættir

Í handriti að Byggðasögu Skagafjarðar segir Hjalti Pálsson: „Að sunnan

Lýsing

Fyrirhuguð lagnaleið liggur austan við úтиhúsin á Sigríðarstöðum og eftir sléttum túnum með stefnu austan við Einbúa, engar sýnilegar minjar eru á lagnaleiðinni og búið að bylta mógröfunum í tunum.

Austari-Hóll – 1787 – 184

Hlutverk: Óþekkt

Tegund: Tóft


Hættumat: Engin hætta.

Staðhættir

Lítil hóll er á gróinni eyri við Flókadalsá um 50m norðan afleggjarans heim að Austara-Hóli. Á hólnum eru tóftaleifar.

Lýsing

Hóllinn er aflangur og liggur NV-SA, um 12m langur og 6m breiður. Veggir eru algróinir grasi á bilinu 40-120sm háir. Sjálf tóftin er um 1,6x3m á kant að innanmáli opin til norðausturs. Svo virðist sem girt hafi verið að tóftinni að norðvestan og suðaustan og ganga lágar hleðslur til beggja átta útfrá tóftinni. Óvist er um hlutverk.



Sigríðarstaðir/Vestari-Hóll – 1787 – 185

Hlutverk: Landamerki

Tegund: Heimild (landamerkjagarður)

Hættumat: Engin hætta. Búið er að grafa skurð á merkjunum og eyða öllum ummerkjum um þennan garð á skráningarsvæðinu, mögulega eru einhverjar leifar hans enn óskertar uppi í fjallinu.

Staðhættir

Samkvæmt handriti að Byggðasögu Skagafjarðar var landamerkjagarður á milli Sigríðarstaða og Vestari-Hóls en síðar grafinn þar skurður (óútg. Handrit Hjalta Pálssonar, Vestarihóll, bls. 1).

Vestari-Hóll – 1787 – 186

Hlutverk: Þóttir

Tegund: Þúst

Hættumat: Engin hætta. Þústirnar eru á litlum hóli um 15m frá línu leiðinni og ólíklegt að hóllinn verði fyrir raski.

Staðhættir og lýsing

Litill tóftalegur hóll er um 80m SSA af úтиhúsunum á Vestari-Hóli. Mikill gróður var á svæðinu þegar hóllinn var skoðaður og var ekki hægt að greina á honum veggjalög en hann er stórbýfður og gróskumikill.

Aðrar upplýsingar

Engar heimildir eru um byggingar á þessum hóli að því er virðist, en getið er um úтиhús og tóftir víða í gamla túninu í örnefnaskrám jarðarinnar. En erfitt er að átta sig á staðháttum sumra þeirra þar sem búið er að bylta landinu og sléttu úr hólum og tóftum.

Vestari-Hóll – 1787 – 187

Sérheiti: Álagabrekka

Hlutverk: Þjóðsagnastaður

Tegund: Heimild

Hættumat: Engin hætta.

Staðhættir

Í örnefnaskrá Vestari-Hóls frá 1972 segir: „Hólar skammt út (norður) og niður af gamla bænum nefnast Ytri-Hóll og Syðri-Hólar. Syðri-Hólar voru þrír. Á þeim er nú verið að byggja hlöðu. Íbúðarhúsið, sem nú er, stendur a Ytri-Hóli. Utan og framan í honum heitir Álagabrekka. Hana má hvorki slá né hrófla við henni á annan hátt.“ (bls. 2). Engar sýnilegar minjar eru á hólnum en hnitzpunktur var tekinn norðan við íbúðarhúsið.

Horfnar/óstaðsettar minjar sem kunna að hafa verið innan svæðis í landi Vestari-Hóls

Vestari-Hóll – 1787 – 289

Sérheiti: Hólsgerði

Hlutverk: Híbýli

Tegund: Heimild

Hættumat: Ómetið

Staðhættir og lýsing

Í örnefnaskrá frá 1972 segir: „Bærinn Hólsgerði stóð á Hólsgerði. Þar var búið hér áður. Sigmundur man vel eftir tóftunum. Skammt sunnan og ofan við bæjartóftirnar af Hólsgerði var smá grashóll. Þar kom ýtan ofan á þykkt öskulag, þegar honum var bylt.“ (bls. 2-3) „Beint suður af Hólsgerði var lítt hóll, sem kallaður var Litla-Gerði. Á honum voru úтиhúsatóftir.“ (bls. 3). Í handskrifaðri örnefnaskrá segir: „Túnið. Fyrir neðan bæinn heita Hólar – í ytri hólnum er áliðið að búi huldufólk. Túnið fyrir utan og ofan bæinn heitir Þórðarvöllur. Upp undan bænum heitir „Dagslátta“. Fyrir sunnan bæinn heitir „Suðurvöllur“. Syðst í túninu er Hólsgerði – þar var eitt sinn býli – Syðst og efst heitir „Hesthúsgerði“ þar niður af „Litlureitar“. (bls. 1). Óvist er hvort Hólsgerði sé innan svæðis, en sunnan núverandi úтиhúsa er tóftalegur þýfður hóll (1787-186), ekki er hins vegar hægt að fullyrða að þar hafi Hólsgerði

staðið, en eins og lesa má í örnefnaskrá hefur landslaginu á þessu svæði verið breytt nokkuð með jarðýtu.

Vestari-Hóll – 1787 – 290

Sérheiti: Litla-Gerði

Hlutverk: Útihús

Tegund: Heimild

Hættumat: Ómetið

Staðhættir og lýsing

Í örnefnaskrá frá 1972 segir: „Bærinn Hólsgerði stóð á Hólsgerði. Þar var búið hér áður. Sigmundur man vel eftir tóftunum. Skammt sunnan og ofan við bæjartóftirnar af Hólsgerði var smá grashóll. Þar kom ýtan ofan á þykkt öskulag, þegar honum var bylt.“ (bls. 2-3) „Beint suður af Hólsgerði var líttill hóll, sem kallaður var Litla-Gerði. Á honum voru útihúsatóftir.“ (bls. 3). Í handskrifaðri örnefnaskrá segir: „Túnið. Fyrir neðan bæinn heita Hólar – í ytri hólnum er áliðið að búi huldufólk. Túnið fyrir utan og ofan bæinn heitir Þórðarvöllur. Upp undan bænum heitir „Dagslátt“ . Fyrir sunnan bæinn heitir „Suðurvöllur“. Syðst í túninu er Hólsgerði – þar var eitt sinn býli – Syðst og efst heitir „Hesthúsgerði“ þar niður af „Litlureitar“. (bls. 1). Óvist er hvort þetta sé innan svæðis en engar minjar sáust á yfirborðinu á skráningarsvæðinu og ekki leitað út fyrir það, en samkvæmt örnefnaskrá var minjum og einhverjum hólum jafnað út með jarðýtu á sínum tíma.

Vestari-Hóll – 1787 – 291

Sérheiti: Sveinshústóft

Hlutverk: Óþekkt

Tegund: Heimild

Hættumat: Ómetið

Staðhættir

Í örnefnaskrá Vestari-Hóls frá 1972 segir: „ [...] Íbúðarhúsið, sem nú er, stendur a Ytri-Hól. [...] Upp af Ytra-Hól var tóftarbrot, sem nefndist Sveinshústóft. Ekki veit Sigmundur við hvern hún hefur verið kennd.“ (bls. 2). Óvist er hvort þetta sé innan svæðis en engar minjar sáust á yfirborðinu á skráningarsvæðinu ofan við íbúðarhúsið og ekki leitað út fyrir það, en samkvæmt örnefnaskrá var minjum og einhverjum hólum jafnað út með jarðýtu á sínum tíma.

Steinhóll – 1787 – 188

Sérheiti: Steinhóll

Hlutverk: Híbýli

Tegund: Heimild

Hættumat: Hætta. Engar sýnilegar minjar eru umhverfis húsið en það stendur á eða við gamla bæjarstæðið og því hugsanlegt að þar sé að finna jarðlægar minjar.

Staðhættir og lýsing

Íbúðarhús (nú sumarhús) byggt árið 1932 (samkv. www.skra.is, skoðað 18.05.2016) er á svipuðum slóðum og gamla bæjarstæðið eftir því sem næst verður komist (samtal Hjalti Pálsson, 17.05.2016). En engar sýnilegar minjar eru á yfirborðinu umhverfis húsið en líklegt að þar séu einhverjar jarðlægar minjar þótt ekki sé víst að þær séu í lagnaleiðinni.

Aðrar upplýsingar

Steinhóll kemur ekki fyrir í fornbréfum né heldur í jarðabókunum frá 1686 og 95, en í jarðabókinni frá 1709 kemur fram að Sjöundastöðum hafi verið skipt í þrjár jafnstórar jarðir (metnar á 10 hundruð hver), ein hafi haldið Sjöundastaðanafninu en hinar séu Steinhóll og Borgargerði. Þegar jarðabókin er rituð hafði Borgargerði lagst í eyði og hinar tvær jarðirnar nýtt hana til helminga og tóku landskuld og kúgildi mið af því (JÁM IX, bls. 291-292). Steinhóll var metinn á 10 hdr., landskuld var 90 álnir og kúgildin 3, með hálfu Borgargerði. Engar kvaðir voru á jörðinni en hún var talin geta fóðrað 6 kýr, 30 ær, 20 lömb og 2 hesta. Um landkosti er skrifað að skógur til kolagerðar hafi verið en sé nú gjöreyddur. Torfrista var sögð lök en stunga næg. Móskurður til eldiviðar bjarglegur. Lyngrif til tróðs og eldiviðar lítið. Silungsveiði var sögð vera í Flókadalsá en heppnast sjaldan. Jörðin átti selstöðu ásamt fleiri jörðum í Flókadal í hálfum Nyrðriárdal og hálfum Sigríðarstaðadal en hafði ekki nýtt í mörg ár sökum efnaleysis ábúanda. Við þetta er bætt að engjum grandi víða skriður úr brattlendi, vatn sem étur rótina og að kvikfé sé hætt fyrir Sjöundastaðalæk (JÁM IX, bls. 292).

Jörðin fór í eyði árið 1958. (Steinhóll í Flókadal. Hjalti Pálsson. Óútg. Handrit að 8. bindi Byggðasögu Skagafjarðar).



Mynd 107. Horft til NNV heim að Sjöundastöðum. Íbúðarhúsið er á gamla bæjarhólnum.

Sjöundastaðir – 1787-189

Sérheiti: Sjöundastaðir

Hlutverk: Bæjarhóll

Tegund: Hóll

Hættumat: **Mikil hætta.** Íbúðarhúsið er á gömlum bæjarhól og viðbúið að jarðlægar minjar verði fyrir raski. Það er þó ekki ástæða til að færa heimtaugina þar sem ekki er sýnt að önnur leið sé betri hvað það varðar.

Staðhættir og lýsing

Núverandi íbúðarhús (byggt árið 1935, samkv. www.skra.is) er á gamla bæjarhólnum. Engar minjar eru á yfirborði austan við íbúðarhúsið þar sem lögnin mun koma en viðbúið að minjar séu þar undir sverði. Hins vegar eru tóftir í garðinum ofan við húsið, en þær voru ekki skoðaðar þar sem þær eru fjarri lagnaleið og ekki í hættu.

Aðrar upplýsingar

Sjöundastaðir koma fyrst fyrir í heimildum frá 15. öld (Ísl. fornbréfasafn V, bls. 43, 355, 454) en saga byggðar á jörðinni kann að sjálfsögðu að ná lengra aftur. Samkvæmt hálfirknatali Ólafs biskups Rögnvaldssonar var bænhús á jörðinni uppistandandi árið 1487 (Ísl. fornbréfasafn III, bls. 355). Ekki er vitað hvar það hefur staðið en alla jafna virðast bænhús og kirkjur hafa verið á bæjarhlæði eða nálægt bæjum. Að auki virðast flestum guðshúsum upphaflega hafa tilheyrt kirkjugarður þótt gróftur að þeim hafi síðar verið aflagður og þau nefnd bænhús með takmarkaða þjónustu og réttindi (Guðný Zoëga 2014, bls. 55). Það eru því líkur á að bænhús og jafnvel kirkjugarð sé að finna í jörðu í nágrenni gamla íbúðarhússins á Sjöundastöðum.

Óstaðsettar/horfnar minjar í landi Sjöundastaða sem kunn að vera innan skráningarsvæðis

Sjöundastaðir – 1787-292

Hlutverk: Bænhús

Tegund: Heimild

Hættumat: Ómetið.

Staðhættir og lýsing

Núverandi íbúðarhús (byggt árið 1935, samkv. www.skra.is) er á gamla bæjarhólnum. Samkvæmt hálfirknatali Ólafs biskups Rögnvaldssonar var bænhús á jörðinni uppistandandi árið 1487 (Ísl. fornbréfasafn III, bls. 355). Ekki er vitað hvar það hefur staðið en alla jafna virðast bænhús og kirkjur hafa verið á bæjarhlæði eða nálægt bæjum. Að auki virðast flestum guðshúsum upphaflega hafa tilheyrt kirkjugarður þótt gróftur að þeim hafi síðar verið aflagður og þau nefnd bænhús með takmarkaða þjónustu og réttindi (Guðný Zoëga 2014, bls. 55). Það eru því líkur á að bænhús og jafnvel kirkjugarð sé að finna í jörðu í nágrenni gamla íbúðarhússins á Sjöundastöðum.

Sjöundastaðir – 1787-190


Hlutverk: Óþekkt

Tegund: Tóft

Hættumat: **Hætta.** Minjarnar eru í 14m fjarlægð frá fyrirhugaðri lagnaleið og teljast í hættu af þeim sökum. Þær ættu þó ekki að verða fyrir raski að óbreyttu.

Staðhættir og lýsing

Illgreinanlegar tóftaleifar eru á lágu hólnefi á lækjarbakkanum um 30m NA af kofanum á hlaðinu á Sjöundastöðum. Það sem er greinanlegt af tóftinni er um 4x5m að utanmáli en 2x1,6m að innanmáli. Veggir eru algrónir á bilinu 30-50sm háir og um 1m breiðir, en tóftin opin til norðurs. Tóftin virðist hafa orðið fyrir einhverju raski og sér í hleðslugrjót í rofi en annars er hún gróin og í henni garðúrgangur og trjágreinar o.p.h. Mikill gróður var á svæðinu þegar vettvangsskráning fór fram og aðrar minjar ekki sýnilegar á yfirborði.



Mynd 108. Horft til „vesturs“ upp eftir hlíðinni norðarlega í landi Sjöundastaða. Garðlag liggur eftir hlíðinni í austur-vestur en er ekki á núverandi merkjum. Til vinstrí á myndinni sér í grænan hól, en á honum er tóft sem er utan svæðis og var ekki skráð.

Sjöundastaðir – 1787- 191

Hlutverk: Óþekkt

Tegund: Garðlag


Hættumat: **Mikil hætta.** Garðlagið er slitrótt á þeim kafla sem lagnaleiðin liggur á en hugsanlega eru einhverjar leifar af því undir sverði þar sem farið verður í gegn. Ekki er ástæða til að færa lagnaleiðina og ekki annar staður betri til að fara þarna í gegn.

Staðhættir og lýsing

Fornt garðlag liggur upp hlíðina norðarlega í landi Sjöundastaða, það er slitrótt á köflum en þó vel rekjanlegt bæði á vettvangi og af loftmynd. Hnitpunktur var tekinn í miðju línustæðinu en á þeim kafla er garðurinn hvað slitróttastur og ekki ástæða til að færa línuna. Garðlagið er á bilinu 10-40sm hátt og 1-1,5m breitt, algróið grasi og mosa.

Aðrar upplýsingar

Lítill tóft er á hólnefi sunnan garðlagsins nokkru ofan við skráningarsvæðið (ISN93: A492620 N61546).



Sjöundastaðir – 1787- 192

Hlutverk: Óþekkt

Tegund: Tóft

Hættumat: **Hætta.** Tóftin er í um 15m fjarlægð frá lagnaleiðinni og telst í hættu af þeim sökum. Hún ætti þó ekki að verða fyrir raski ef leiðinni er fylgt.

Staðhættir

Tvennar tóftir eru á skráningarsvæðinu norðarlega í landi Sjöundastaða, mögulega leifar beitarhúsa. Tóftirnar eru á þurri flöt í annars hallandi myrlendi til austurs.

Lýsing

Vestari tóftin er 9,5x11m að utanmáli og virðist hafa verið tvískipt. Tvær aflangar dældir frá austri til vesturs eru í tóftinni en engar greinanlegar dyr. Veggir eru á bilinu 30-50sm háir og um 1m breiðir, algrónir og þýfðir.

Sjöundastaðir – 1787- 193

Hlutverk: Óþekkt/beitarhús?

Tegund: Tóft

Hættumat: Engin hætta. Tóftin er í jaðri skráningarsvæðisins og ekki í neinni hættu vegna fyrirhugaðra framkvæmda. Hún er hins vegar í mikilli hættu af völdum ágangs hrossa.

Staðhættir

Tvennar tóftir eru á skráningarsvæðinu norðarlega í landi Sjöundastaða, mögulega leifar beitarhúsa. Tóftirnar eru á þurri flöt í annars hallandi myrlendi til austurs.



Mynd 109. Horft til suðvesturs yfir tvennar tóftir norðarlega í landi Sjöundastaða. Nær er tóft (1787- 193) og ofan við hana tóft (1787- 192).

Lýsing

Austari tóftin er tvískipt, suðurhlutinn er um 4x2m að innanmáli með dyr til austurs. Norðurhlutinn er um 1,3x2m að innanmáli opinn til austurs. Tóftin er illa farin vegna ágangs hrossa, troðin og rofin. Veggir eru á bilinu 20-40sm háir og um 1m breiðir.

Syðsti-Mór – 1787- 194

Hlutverk: Óþekkt/hýbýli?

Tegund: Tóft

Hættumat: Mikil hætta. Minjarnar eru í miðri lagnaleið og er lagt til að línan verði færð til vesturs til að forða henni frá raski.

Staðhættir

Um 400m sunnan við bæ á Syðsta-Hóli er margskipt tóft í miðri lagnaleiðinni, rétt ofan við veginn.


Lýsing

Tóftin er um 17m löng og mest 9m breið að utanmáli. Hún er a.m.k. þrískipt, syðst er rými sem er um 2,7x2,8m á kant að innanmáli og gætu dyr hafa verið til austurs eða norðausturs. Í miðjunni er rými sem er um 2x3mm á kant með dyr til austurs og annað rými um 3m á kant nyrst með dyr til austurs. Veggir eru á bilinu 30-50sm háir og um 1-3m breiðir algrónir grasi. Tóftin stendur svolítið hærra en umhverfið sem er grasgefinn þýfður mói. Hugsanlega er þetta svonefnt Syðstamóskot sem nefnt er í jarðbókinni 1709 og enginn veit lengur hvar hefur staðið (JÁM IX, bls. 290-291). Annar möguleiki er að kotað sé norðan við gamla bæjarstæðið á Syðsta-Mó (sbr. drög Hjalta Pálssonar að 8. bindi, Byggðasögu Skagafjarðar, bls. 5).

Aðrar upplýsingar

Í óútgefnum drögum að 8. bindi Byggðasögu Skagafjarðar segir Hjalti Pálsson um Syðstamóskot:

„Syðstamóskot (66°02'878/19°09'862). Jarðabókin 1709 nefnir Syðsta Móskot „öðru nafni Rass, byggt á fornu stekkjarstæði hér um fyrir 40 árum og varaði byggðin 2 eða 3 ár. Síðan hefur þessi hjáleiga í auðn verið. Enginn veit með hvörjum kostum þetta hrakkot hafi byggt



verið, meina að hér muni þó goldist hafa 30 álnir og 1 eður 2 kúgildi. Það eina kunni að fóðrast sem heimabóndinn aflagði, það hefur áður og síðan fylgt jörðunni. Ekki er hér mögulegt að byggja nema heimajörðinni til skaða.“(JÁM IX, bls. 290-291).

Fáir munu nú til frásagnar um ofangreindan stað. Guðmundur Óli Pálsson á Miðmói minnist þess að hafa heyrt föður sinn einhverju sinni tala um Rass og Lilja gamla Kristjánsdóttir Syðstmói, d. 1951, nefndi Kotið í hans eyru. En enga hugmynd fékk hann hvar sá staður væri.

Milli bæjanna Miðmós og Syðstamós sjást enn glögg merki um fornan landamerkjagarð. Nokkrum metrum sunnan við garðinn er glögg tóft, um 10 m löng og 4 m á breidd, virðist fjórskipt og stendur nokkru ofar í landinu en línan milli núverandi bæjarstæða en í svipaðir hæð og gamla bæjarstæðið á Syðstamói. Telja má víst að þarna séu minjar um Syðstamóskotið sem verið hefur í ábúð fáein ár um 1670. Má geta þess til að Syðstamósbóndinn hafi þá talað heldur niður til skjólstæðings síns og vísað til að hann byggi þar úti í Rassi. Það nafn hafi svo loðað við staðinn.“ (bls. 5)

Syðsti-Mór/Mið-Mór – 1787- 195

Hlutverk: Landamerki (landamerkjagarður)

Tegund: Garðlag

Hættumat: Hætta. Nú þegar er búið að raska garðinum á þeim kafla sem fara þarf um með hitaveitulögningin, en hugsanlega leynast einhverjar leifar hans enn undir sverði. Annar staður er hins vegar ekki betri til að fara þarna í gegn.

Staðhættir

Í umfjöllun um Syðsta-Mó í drögum að 8. bindi Byggðasögu Skagafjarðar segir: „Milli bæjanna Miðmós og Syðstamós sjást enn glögg merki um fornan landamerkjagarð.“ (bls. 5).

Lýsing

Garðurinn er sokkinn og algróinn grasi og mosa á bilinu 20-50sm hár og um 120sm breiður þar sem hann sést. Hann er vel greinanlegur af loftmynd nokkuð ofan við veg og upp í fjall en búið er að grafa skurð á merkjum neðan vegar. Honum hefur hins vegar þegar verið raskað á því svæði sem hitaveitulögningin kemur til með að liggja.

Ysti-Mór – 1787- 196

Hlutverk: Túngarður

Tegund: Garðlag

Hættumat: Mikil hætta. Að óbreyttu fer lagnaleiðin í gegnum það sem eftir er af túngarðinum á Ysta-Mói, smá tilfærsla gæti forðað honum raski.

Staðhættir og lýsing

Óræktaður votlendisblettur er sunnan við bæ á Ysta-Mói, þar sjást leifar gamla túngarðsins glöggt á um 150m kafla, þar sem hann liggur í boga frá suðaustri til norðvesturs. Annað garðlag virðist svo ganga út frá honum um það bil miðjum til suðvesturs og beygja til vesturs. Garðurinn er sokkinn og þýfður en vel greinanlegur engu að síður, á bilinu 20-60sm hár og 1-2m breiður.



Mynd 110. Horft til vesturs heim að Ysta-Mói. Í forgrunni er kirkjugarður og bænhústóft, en íbúðarhúsið frá 1948 stendur á gömlu bæjarstæði eða öskuhól, það tók við af timburhúsi sem byggt var 1897 og stóð litlu norðar (hægra megin á myndinni).

Ysti-Mór – 1787- 197

Hlutverk: Bæjarhóll

Tegund: Hóll

Hættumat: Mikil hætta. Farið er um bæjarhlaðið og næsta víst að þar eru umfangsmiklar minjar undir sverði, lagt er til að lagnaleiðin verði endurskoðuð til að draga úr raski.

Staðhættir og lýsing

Núverandi íbúðarhús stendur á lágum hól, gamla bæjarhólnum, en engar sýnilegar minjar eru á yfirborði umhverfis íbúðarhúsið að undanskyldum kirkjugarði og tóft innan hans um 40m austur af húsinu. Bílastæði er norðan og austan við en annars næsta slétt tún.

Aðrar upplýsingar

Í örnefnaskrá Margeirs Jónssonar segir neðanmáls: „Munnmæli herma svo, að Yztimór sé landnámsjörð Flóka, er nam Flókadal“ (bls. 2). Í drögum að 8. bindi Byggðasögu Skagafjarðar segir um Ystamó: „Talið er að Ystamósbaerinn hafi alltaf staðið á sama hólnum. Þegar steinhúsið var reist á árunum 1946-1948 var það sett niður spölkorni sunnan við timburhúsið frá 1897, sem var rifið skömmu síðar. Fram að þeim tíma voru allar byggingar austan við núverandi veg en síðar færðust útihúsabyggingarnar vestur fyrir veginn. Haraldur Hermannsson segir frá: „Þegar við gráfum fyrir húsinu vorum við sífellt að grafa í ösku. En engar veggjahleðslur sáum við. Það var grafið meira en mannhæð niður og svo var ekkert slegið upp fyrir veggjum heldur hellt steypu í skurðinn og púkkað í grjóti eins og hægt var. Þetta var auðvitað brjálæði. Sementið sem áætlað var í allt húsið kláraðist í grunninn. Húsið var teiknað af húsameistara ríkisins.“ (Haraldur Hermannsson 2003).“ (bls. 6-7) Í drögum að 8. bindi Byggðasögu Skagafjarðar segir um bænhúsið á Ystamó: „Í kirknatalinu frá 1487 er talið bænhús á Ystamó „litt standanda.“ Jarðabókin 1709 nefnir bænhús á Ystamó. „Hér hefur bænhús að fornu verið en affallið fyrir manna minni, þó sést hér enn til kirkjugarðsleifa.“ (Ísl. fornbr. safn V, bls. 355; JÁM IX, bls. 298.) Örnefnaskrá lýsir nánar aðstæðum: „Bænhúsgarður heitir dálítið tóftarbrot og vallgróin girðing umhverfis, örskammt í austur frá íbúðarhúsinu. Þar stóð bænhús í gamla daga og hafa dyr þess snúið í vestur. Virðist vera grafreitur innan áður nefndrar girðingar umhverfis bænhúsbrotið. Við innganginn í grafreitinn var steinn, sem eitthvert letur var á, en ekki hefur tekist

að lesa það.“ (Kristján Eiríksson: Örnefnaskrá Ystamós.) Skemma þessi stóð uppi fram um 1930 og var kölluð Bænhússkemman (Halldóra Hermannsdóttir)“ (bls. 7).

Ysti-Mór – 1787- 198

Hlutverk: Kirkjugarður

Tegund: Garðlag

Hættumat: Hætta. Kirkjugarðurinn er minnst í 9m fjarlægð frá lagnaleið og telst í hættu af þeim sökum. Hann er hins vegar mjög greinilegur og ætti ekki að verða fyrir raski fyrir misgáning. Engu að síður er lagt til að lagnaleið verði breytt til að lágmarka rask á bæjarhlaði Ysta-Mós.

Staðhættir


Kirkjugarðurinn er um 40m austur af íbúðarhúsinu á Ysta-Mói.

Lýsing

Garðurinn er nánast hringlaga um 20m í þvermál. Hlið virðist hafa verið að vestan gegnt núverandi íbúðarhúsi, mjög þýft er innan garðs en þó er hægt að greina tóft heldur norðar en fyrir miðjum garði. Mögulega fleiri en ein kynslóð bygginga. Kirkjugarðsveggir eru algrónir grasi, vel greinanlegir en sokknir, þeir eru á bilinu 40-60sm háir og 1,2-2m breiðir.

Aðrar upplýsingar

Í örnefnaskrá fyrir Ysta-Mó frá 1976 segir: „Bænhúsgarður heitir dálítið töftarbrot og vallgróin girðing umhverfis, örskammt í austur frá íbúðarhúsinu. Þar stóð bænhús í gamla daga og hafa dyr þess snúið í vestur. Virðist vera grafreitur innan áður nefndrar girðingar umhverfis bænhúsbrotið. Við innganginn í grafreitinn var steinn, sem eitthvert letur var á, en ekki hefur tekizt að lesa það.“ (bls. 1). Í framvinduskýrslu Skagfirsku kirkjurannsóknarinnar frá 2010 segir: „Um 40m frá núverandi íbúðarhúsi er hringlaga garðlag sem þyrmt var þegar að gamla bæjarstæðið var sléttan. Garðlagið er um 20m í þvermál og innan þess er mjög þýft og stæðileg upphækun fyrir miðjum garði.“ (bls. 19). Enn fremur segir um rannsóknina: „Heimildir eru um illa farið bænhús á Ysta-Mói í Fljótum frá síðari hluta 15. aldar. Hvergi er þó minnst á að þar hafi verið grafreitur. Rannsóknin leiddi í ljós grafreit sem virðist aflagður fyrir 1104 en þó verður að hafa þann fyrirvara að rannsóknin var mjög takmörkuð og einungis ein gröf kom fram í skurðinum sem tekinn var. Gröfin var tekin í jarðveg sem var mjög grófur og hefur hann verið ærið torgræfur. Gröfin sem fannst hefur verið grafin utan í stórgryti eða klöpp og í grafarfyllingunni var mikið stórgryti enda var beinagrindin mjög illafarin. Engin ummerki kistu fundust í gröfinni. Kirkjugarðsveggurinn virðist hlaðinn eftir 1104 og hefur hann verið endurhlaðinn eftir 1300. Vera kann að veggurinn hafi verið hlaðinn eftir að grafreiturninn var aflagður en einnig kann að vera að garðurinn hafi verið stækkaður, en ummerki eldri garðs sáust þó ekki í skurðinum. Syðst í skurðinum voru greinileg byggingamerki, líklega byggingar sem sléttan hefur verið úr. Það hefur þó gerst áður en gjóskan féll árið 1300 og því ekki um að ræða leifar bænhússins sem sagt er á fallanda fæti í lok 15. aldar. Gröfin sem kom fram í skurðinum var two metra innan við kirkjugarðsvegginn. Garðurinn hefur því ekki verið fullnýttur þegar hætt var að grafa í hann en kirkjugarðsveggur hefur þó verið endurgerður umhverfis kirkjuna eftir að hætt var að grafa í garðinn.“ (bls. 23-24).



Ysti-Mór – 1787- 199

Hlutverk: Bænhús

Tegund: Tóft

Hættumat: Hætta. Minjarnar eru í um 16m fjarlægð frá miðlinu fyrirhugaðrar lagnaleiðar. Tóftin er þó innan áberandi kirkjugarðs og ætti ekki að verða fyrir raski af misgáningi, auk þess hefur verið lagt til að breyting verði gerð á lagnaleiðinni um hlaðið á Ysta-Mói til að lágmarka rask á honum og mun línan væntanlega færast fjær kirkjugarði og bænhústóft við það.

Staðhættir og lýsing

Óljós tóft er á svolitlum hól eða hávaða innan grafreitsins á Ysta-Mói. Innan garðs er mjög þýft og tóftin sömuleiðis, engu að síður er hægt að greina lag á henni og er hún um 9x10m að utanmáli. Engar dyr eru greinanlegar og veggir 2-3m breiðir og 20-60sm háir.



Mynd 112. Horft til norðvesturs heim að Ysta-Mói eftir ruddri braut sem sést á um 100m kafla milli túna.



Mynd 111. Horft til norðurs yfir hugsanlegar mó- eða torfgrafir austarlega í landi Ysta-Mós, nærri Flókadalsá.

Ysta-Mói eru hugsanlegar leifar mó- eða torftöku. Um 60-100sm háir bakkar með beinar brúnir líkt og þær hafi verið skorið niður. Þetta var þó ekki mjög greinilegt. Mun gleggri mógrafir eru í flóanum á merkjum Ysta-Mós og Mið-Mós en þær eru langt utan svæðis og voru ekki skráðar.

Ysti-Mór – 1787- 200

Hlutverk: Gata

Tegund: Leið

Hættumat: Mikil hætta. Lagnaleiðin liggur þvert yfir minjarnar en ekki er talin ástæða til að færa hana þrátt fyrir það.

Staðhættir og lýsing

Rudd braut eða gata sést á kafla um 350m suðaustan við bæ á Ysta-Mói á milli ræktaðra túna. Gatan er greinanleg á um 100m kafla og er um 70-100sm breið og 20-40sm djúp. Braut virðist hafa verið rudd í gegnum móann en í sundinu sunnan við er hlaðið undir veginn.

Ysti-Mór – 1787- 201

Hlutverk: Óþekkt (Mógröf/torfgröf)

Tegund: Niðurgröftur (náttúrumyndun)

Hættumat: Mikil hætta. Lagnaleiðin liggur þvert yfir þessar meintu minjar og verða þær því að teljast í mikilli hættu. Hins vegar er ekki talin ástæða til að gera breytingar á leiðinni þar sem óvist er að um minjar sé að ræða og skaðinn væri lítill þótt plægt yrði í gegnum mógrafir.

Staðhættir og lýsing

Neðan við túnin um 700m austan við bæ á



Mynd 113. Horft til suðausturs yfir tóft (1787-203), útihús og bær á Ysta-Mói í baksýn.

Ysti-Mór – 1787- 202

Hlutverk: Óþekkt/rétt?

Tegund: Tóft

Hættumat: Hætta. Minjarnar eru í 8m fjarlægð frá miðlinu lagnaleiðar og eru í hættu af þeim sökum. Þær ættu þó ekki að verða fyrir raski ef línumni er fylgt.

Staðhættir og lýsing

Suður af fornþýlinu Mósgerði, um 520m suðaustur af sumarhúsinu á Móskórum er lítil tóft, líklega af gamalli rétt. Tóftin stendur á lágum þurrum móastalli innan um vætudrög, en lyngmóri er til norðvesturs. Tóftin er næsta ferhyrnd með rúnnuð horn 11x12m á kant að utanmáli og snýr norðvestur-suðaustur. Ekkert greinilegt hlið er á tóftinni en veggir eru þýfðir á bilinu 90-170sm breiðir en 20-40sm háir.



Mynd 114. Horft til norðvesturs yfir forna tóft (1787-203) líklega rétt. Bústaður á Móskórum í fjarska uppi í vinstra horni og annar bústaður, Skógar, nær til hægri.

Móskógar – 1787 – 203

Hlutverk: Rétt

Tegund: Tóft


Hættumat: Engin hætta. Minjarnar eru í um 35m fjarlægð frá miðlinu fyrirhugaðrar lagnaleiðar.

Staðhættir

Um 80m sunnan við neðsta bústaðinn í landi Móskóga er lítil tóft í þýfðum móa. Lyngmói er norðan við tóftina en þýft og grasgefið að sunnan og tóftin sjálf algróin grasi.

Lýsing

Tóftin er um 10x11,5m á kant og snýr u.p.b. norðaustur-suðvestur. Ekkert greinilegt hlið er á henni en kann þó að hafa verið til suðausturs, en veggir eru á bilinu 30-70sm háir og um 1,5m breiðir. Tóftin er algróin og þýfð að utan og innan.



Mynd 115. Yfirlitsmynd yfir minjar á lagnaleið í landi Móskóga. Rauða linan er fyrirhuguð lagnaleið og rauðskyggða svæðið nær 50m út frá línumni í báðar áttir.

Móskógar – 1787 – 204

Hlutverk: Óþekkt

Tegund: Garðlag

Hættumat: **Mikil hætta.** Fara þarf í gegnum garðlagið á einum stað næst afleggjaranum upp að Móskógum. Garðurinn hefur þegar orðið fyrir nokkru raski þar vegna veglagningar og ekki önnur leið betri.

Staðhættir

Garðlag liggur eftir brekkunni ofan við neðsta bústaðinn, Skóga, í landi Móskóga. Miðað við landamerkjapekj Nytjalands eru merki milli Móskóga og Ysta-Mós eftir garðagi á milli neðsta bústaðarins og hinna tveggja sem eru innan gamla túnsins á Móskógum. Á heimasíðu þjóðskrár er neðsti bústaðurinn hins vegar sagður í landi Móskóga (Móskógar lóð nr. 146865) eins og hinir og er farið eftir því hér (www.skra.is, skoðað 28.5.2016).

Lýsing

Garðlagið liggur um lyngmóa og mýrardrög í fjallsrótum ofan við neðsta bústaðinn í landi Móskóga. Garðurinn er rofinn á köflum og mikið hrunið úr honum en annars staðar er hann nokkuð stæðilegur. Hann virðist að mestu torfhlaðinn en grjót sést í honum á nokkrum stöðum.

Móskógar – 1787 – 205

Hlutverk: Skurður

Tegund: Niðurgröftur

Hættumat: **Mikil hætta.** Fara þarf yfir skurðinn ofan við afleggjarann heim að Móskórum, ekki er þó ástæða til að gera breytingu á lagnaleiðinni.

Staðhættir

Handgraflinn skurður liggur meðfram afleggjaranum upp að Móskórum.

Lýsing

Skurðurinn liggur ofan, sunnan við afleggjarann upp að Móskórum á tæplega 150m kafla. Hann er um 20-30sm djúpur og um 40sm breiður. Líklega hefur hann verið graflinn til að veita vatni frá veginum og óvist að hann sé mjög gamall.



Mynd 116. Horft til suðausturs eftir handgröfnum skurði ofan við afleggjarann heim að Móskórum, neðsti sumarbústaðurinn, Skógar, í Móskógalandi í sést í baksýn.

Móskógar – 1787 – 206

Hlutverk: Túngrarður

Tegund: Garðlag

Hættumat: **Hætta.** Miðað við teikningu af fyrirhugaðri lagnaleið er farið mjög nálægt eða yfir hluta túngarðsins ofan við afleggjarann heim að miðju bústaðnum í landi Móskóga. Það ætti að vera hægt að komast á milli túngarðsins og girðingarinnar með lögnina og er lagt til að það verði gert.

Staðhættir og lýsing

Gamli túngarðurinn á Móskórum sést á kafla suðvestan við gamla túnið. Hann er mjög stæðilegur á þeim kafla á bilinu 60-100sm hár og 1-1,3m breiður. Hann liggur til vesturs upp brekkuna og beygir svo til norðurs upp á hólinn suðvestast í túninu og stefnir þaðan beint á efsta bústaðinn á Móskórum. Skriða virðist hafa farið yfir garðinn báðum megin við hólinn og tekið garðinn með sér á kafla. Eldri garður (1787-207) liggur upp á hólinn austanverðan, en óvist hvort það er eldri túngarður eða hvort hann tengist garðlagi sem liggur eftir hlíðinni.



Mynd 117. Horft til norðvesturs eftir fornu garðlagi (1787-207) sem liggur þvert yfir suðvesturhorn gamla túnsins á Móskógum. Yngri túngarður (1787-206) liggur þvert yfir hann fyrir miðri mynd. Bak við trjálundinn sem ber við himinn er efsti bústaðurinn af þremur í landi Móskóga, við suðausturhorn girðingarinnar. Umhverfis hann er tóftalegur hóll (1787-208), en þar stóðu fjárhús á fyrrihluta 20. aldar og eru merkt inn á túnakort frá 1918. Ofan við bústaðinn, svoltið sunnar er lítil tóft uppi á hól (1787-209) og önnur heldur stærri nokkru sunnar (1787-210). Þarna heitir Kvíaból samkvæmt örnefnaskrá og er talað um tóftir kvíá á pessum stað, báðar pessar tóftir gætu sem best verið kviatóftir, syðri tóftin sem er stærri kann þó að hafa verið útihús af einhverju tagi.

Móskógar – 1787 – 207

Hlutverk: Óþekkt

Tegund: Garðlag

Hættumat: Hætta. Garðlagið er minnst í um 13m fjarlægð frá fyrirhugaðri lagnaleið og telst í hættu af þeim sökum. Það ætti þó ekki að verða fyrir raski að óbreyttu.

Staðhættir og lýsing

Leifar gamla túngarðsins (1787-206) á Móskógum sjást efst í suðvesturhorni gamla túnsins. Þvert á túngarðinn gengur annað eldra garðlag (1787-207). Óvist er hvort það er eldri túngarður eða hvort það tengist garðlagi (1787-204) sem liggur eftir hlíðinni sunnar í landi jarðarinnar. Garðlagið er mjög sokkið og veggir lágir, 10-30sm háir og 120-160sm breiðir.

Móskógar – 1787 – 208

Hlutverk: Útihús

Tegund: Heimild (tóftalegur hóll)

Hættumat: Hætta. Fyrirhuguð lagnaleið fer ekki yfir miðjan hólinn þar sem útihúsin virðast hafa staðið og minjar undir sverði ættu því ekki að verða fyrir raski ef sú leið er farin. Hins vegar þarf þá að fara í gegnum þéttan trjágróður í suðurhluta garðsins og væri auðveldara að fara með línuna austur fyrir hólinn og koma þeim megin að bústaðnum, en þá er nauðsynlegt að fara svoltið norður fyrir há hólinn. Til að forða honum og hugsanlegum minjum í honum raski.

Staðhættir og lýsing

Við suðausturhorn girðingarinnar umhverfis efsta bústaðinn í landi Móskóga er tóftalegur hóll (1787-208). Þegar túnakort jarðarinnar var skoðað kom í ljós að á hólnum stóðu fjárhús á fyrrihluta 20. aldar og eru þau merkt inn á túnakort frá 1918. Engar sýnilegar minjar eru á yfirborði en hóllinn er tóftalegur, með óslétt yfirborð og er heldur gróskumeiri en umhverfið. Mjög líklegt verður að telja að þarna séu minjar undir sverði.

Móskógar – 1787 – 209

Sérheiti: Kvíaból

Hlutverk: Kvíar

Tegund: Tóft

Hættumat: Engin hætta. Tóftin er í jaðri skráningarsvæðisins í tæplega 40m fjarlægð frá fyrirhugaðri lagnaleið og auk þess uppi á háum bakka og ekki í nokkurri hættu vegna fyrirhugaðra framkvæmda.

Staðhættir

Ofan við efsta bústaðinn í landi Móskóga, og svolítið sunnar er lítil tóft uppi á hól (1787-209) og önnur heldur stærri nokkru sunnar (1787-210). Þarna heitir Kvíaból samkvæmt örnefnaskrá og er talað um tóftir kvíá á þessum stað. Báðar þessar tóftir gætu sem best verið kvíatóftir, syðri tóftin sem er stærri kann þó að hafa verið útihús af einhverju tagi.

Lýsing

Norðari tóftin (1787-209) stendur á fremur sléttu hólnefi og er niðurgrafin, um 1,8x4m að innanmáli með hlið til austurs. Veggir að innan eru á bilinu 60-70sm háir en rétt um 10-20sm að utanverðu og um 1m breiðir. Tóftin er hlaðin úr torfi og grjóti en er algrónin grasi og fellur vel inní umhverfið.

Aðrar upplýsingar

Í örnefnaskrá Móskóga frá 1976 segir: „Fyrir ofan túnið sunnanvert, heitir Kvíaból. Þar höfðu verið gamlar kvíar, löngu aflagðar þegar Jón kom í Móskóga, en tóftirnar sáust. Kvíaból var álagablettur og mátti aldrei slá það. Átti þá bónindinn að missa kú. Eitt sinn var brugðið út af þessu – og Kvíaból slegið. Það gerði Valdimar Kristjánsson, sem bjó á Móskógum nokkru síðar en Jón. Ekki hafði Valdimar hirt af blettinum þegar önnur kýr hans lá dauð á básnum.“ (bls. 1-2). „Heimildamaður: Jón Guðmundsson frá Molastöðum. Jón er fæddur í Háganesi 3. september árið 1900. Jón bjó í Móskógum frá 1929 til 1940.“ (bls. 1).

Móskógar – 1787 – 210

Sérheiti: Kvíaból

Hlutverk: Kvíar/útihús


Tegund: Tóft

Hættumat: Engin hætta. Tóftin er rétt utan skráningarsvæðis og ekki í neinni hættu vegna framkvæmdanna.

Staðhættir

Ofan við efsta bústaðinn í landi Móskóga, og svolítið sunnar er lítil tóft uppi á hól (1787-209) og önnur heldur stærri nokkru sunnar (1787-210). Þarna heitir Kvíaból samkvæmt örnefnaskrá og er talað um tóftir kvíá á þessum stað. Báðar þessar tóftir gætu sem best verið kvíatóftir, syðri tóftin sem er stærri kann þó að hafa verið útihús af einhverju tagi.

1787-209



1787-210




Lýsing

Syðri tóftin (1787-210) stendur í fremur brattri brekku sunnan í gróinni skriðu. Tóftin er um 6x14m á kant að utanmáli og liggur undan brekkunni u.þ.b. austur-vestur. Veggir eru algrónir en virðast hafa verið að miklu leyti hlaðnir úr grjóti, en hrunið hefur úr þeim og er mikið grjót í gólfí tóftar. Vegghæð er frá 20sm að utanverðu og mest um 110sm að innanverðu. Tóftin virðist vera tvískipt en þó kann að vera um hrun að ræða. Dyr eða hlið hefur verið til austurs undan brekkunni.

Aðrar upplýsingar

Í örnefnaskrá Móskóga frá 1976 segir: „Fyrir ofan túnið sunnanvert, heitir Kvíaból. Þar höfðu verið gamlar kvíar, löngu aflagðar þegar Jón kom í Móskóga, en tóftirnar sáust. Kvíaból var álagablettur og mátti aldrei slá það. Átti þá bóneddinn að missa kú. Eitt sinn var brugðið út af þessu – og Kvíaból slegið. Það gerði Valdimar Kristjánsson, sem bjó á Móskóum nokkru síðar en Jón. Ekki hafði Valdimar hirt af blettinum þegar önnur kýr hans lá dauð á básnum.“ (bls. 1-2). „Heimildamaður: Jón Guðmundsson frá Molastöðum. Jón er fæddur í Haganesi 3. september árið 1900. Jón bjó í Móskóum frá 1929 til 1940.“ (bls. 1).



Móskógar – 1787 – 211

Hlutverk: Óþekkt/stekkur

Tegund: Tóft


Hættumat: Engin hætta. Tóftin er rétt utan skráningarsvæðis og ekki í neinni hættu vegna framkvæmdanna.

Staðhættir

Tóftin er um 7x8,5m á kant að utanmáli, tvískipt. Að norðan er hólf sem er 2,5x4,5m á kant opið til norðausturs, sunnan þess er minna hólf 1,3x3,7m á kant að innanmáli. Engar dyr eru greinanlegar útúr smærra hólfinu en dyr gæti hafa verið til austurs. Veggir hafa verið hlaðnir úr grjóti að hluta en eru mikið hrundir og grónir. Vegghæð er mest um 70sm og veggþreidd viðast hvar um 1,5m. Óvist er um hlutverk þessarar tóftar en ekki ólíklegt að um stekk sé að ræða, lítil rétt með áfasta lambakró.

Fornleifaskrá: Frá Langhúsum að Haganesvík

Gerðar voru breytingar á lagnaleið milli Ysta-Mós og borholunnar á Langhúsum eftir að vettvangsskráning fór fram og fengust upplýsingar um það rétt þegar skýrslan var að koma út. Við þessa breytingu komu minjar inn á skráningarsvæði sem höfðu ekki verið skoðaðar á vettvangi. Það eru mógrafrir og tóftir við þær, líklega mótoftir. Þessar minjar voru merktar inn af loftmynd en höfðu ekki verið skoðaðar af fornleifafræðingi þegar þetta er skrifað. Bragi Þ. Haraldsson verkfræðingur hjá Stoð ehf. sem sér um hönnun lagnaleiðarinnar fór hins vegar á vettvang og mældi upp nýju leiðina og sá til þess að ekki yrði farið yfir neinar sýnlegar minjar.



Mynd 118. Yfirlitsmynd af breyttri legu hitaveitulagnar í landi Akra. Upphaflegt lagnastæði, sem skoðað var á vettvangi, lá til vesturs norðan við bústaðinn og var norðan við minjarnar.

Akrar – 1787 - 212

Hlutverk: Mógrafir

Tegund: Niðurgröftur

Hættumat: Hætta. Minjarnar eru í nálægð lagnaleiðar en ættu þó ekki að verða fyrir raski.

Staðhættir og lýsing

Mógrafrnar eru í grónum hvammi norðvestast í landi Akra, niður við Flókadalsá. Umhverfis er lyngmói og berir melar. Mógrafrnar voru ekki inná upphaflegu skráningarsvæði en eru nærrí lagnaleið eftir að henni var breytt. Það var gert eftir að skráning á vettvangi fór fram og minjarnar höfðu því ekki verið skoðaðar á vettvangi þegar þetta er skrifað.

Akrar – 1787 - 213

Hlutverk: Óþekkt/mó- eða heytóft?

Tegund: Tóft

Hættumat: Engin hætta. Vestari tóftin er langt frá fyrirhugaðri lagnaleið og ekki í neinni hættu.

Staðhættir og lýsing

Mógrafrnar eru í grónum hvammi norðvestast í landi Akra, niður við Flókadalsá og a.m.k. tvær tóftir norðan þeirra, líklega móþóftir. Umhverfis er lyngmói og berir melar. Þessar minjar um mótekju voru ekki inná upphaflegu skráningarsvæði en hluti þeirra lenti í nálægð við lagnaleið eftir að henni var breytt. Það var gert eftir að skráning á vettvangi fór fram og minjarnar höfðu því ekki verið skoðaðar á vettvangi þegar þetta er skrifað.

Akrar – 1787 - 214

Hlutverk: Óþekkt (mó-/heytóft)

Tegund: Tóft

Hættumat: Engin hætta. Austari tóftin er langt frá fyrirhugaðri lagnaleið og ekki í neinni hættu.

Staðhættir og lýsing

Mógrafrnar eru í grónum hvammi norðvestast í landi Akra, niður við Flókadalsá og a.m.k. tvær tóftir norðan þeirra, líklega móþóftir. Umhverfis er lyngmói og berir melar. Þessar minjar um mótekju voru ekki inná upphaflegu skráningarsvæði en hluti þeirra lenti í nálægð við lagnaleið eftir að henni var breytt. Það var gert eftir að skráning á vettvangi fór fram og minjarnar höfðu því ekki verið skoðaðar á vettvangi þegar þetta er skrifað.

Langhús – 1787 – 215

Hlutverk: Óþekkt (mó-/heytóft)

Tegund: Tóft

Hættumat: Hætta. Minjarnar eru í um 12m fjarlægð frá fyrirhugaðri lagnaleið og teljast í hættu af þeim sökum. Þær ættu þó ekki að verða fyrir raski af línumni er fylgt. Athugasemd: Línumni var breytt og hún færð norður fyrir mógrafrnar (1787-216) og tóftirnar tvær (1787-215 og 217).

Staðhættir

Sunnarlega í landi Langhúsa sunnan við þjóðveginn (Siglufjarðarveg 76) um 100m suður af borholunni eru torf- eða mógrafrir og tvær tóftir. Vestari tóftin er sennilega mó- eða heytóft og sú austari gæti einnig tengst mó- eða torfstungu í mýrinni.

Lýsing

Vestari tóftin er á þurrum hrygg vestan við mýrarsundið sem mógrafirnar eru í. Tóftin snýr u.p.b. norður-suður og 4x6m á kant að utanmáli, engar dyr eru greinanlegar en veggir eru lágir um 10-30sm háir og allstaðar innan við metri að breidd.



Mynd 119. Horft til austurs yfir mógrafir (1787-216) sunnan Siglufjarðarvegar í landi Langhúsa. Á græna hólnum norðan við grafirnar (til vinstri á myndinni) er mótfót (1787-217) og myndin er tekin af hinni mótfóttinni (1787- 215).

Langhús – 1787 – 216

Hlutverk: Mógrafir

Tegund: Niðurgröftur

Hættumat: **Mikil hætta.** Lagnaleiðin fer að hluta til yfir mógrafirnar en ekki er ástæða til að breyta línunni af þeim sökum.

Staðhættir

Sunnarlega í landi Langhúsa sunnan við þjóðveginn (Siglufjarðarveg 76) um 100m suður af borholunni eru mógrafir og tvær tóftir, líklega mótfóttir.

Lýsing

Grafirnar eru á bilinu 10-30sm djúpar og ná yfir um 2500m² svæði.

Langhús – 1787 – 217

Hlutverk: Óþekkt (mó-/heytóft)

Tegund: Tóft

Hættumat: **Hætta.** Minjarnar eru í um 13m fjarlægð frá fyrirhugaðri lagnaleið og teljast í hættu af þeim sökum. Þær ættu þó ekki að verða fyrir raski af línunni er fylgt.

Staðhættir

Sunnarlega í landi Langhúsa sunnan við þjóðveginn (Siglufjarðarveg 76) um 100m suður af borholunni eru torf- eða mógrafir og tvær tóftir. Austari tóftin er upp á svoltum hól norðan við mógrafirnar.

Lýsing

Tóftin snýr u.b.b. NNV-SSA og hefur verið hlið eða dyr til norðvesturs. Hún erum 7x10m að utanmáli, veggir eru á bilinu 20-40sm háir og um 140sm breiðir.

Langhús – 1787 – 218

Hlutverk: Óþekkt

Tegund: Tóft

Hættumat: Engin hætta.
Minjarnar eru minnst í 25m frá lagnaleið og ekki í neinni hættu.

Staðhættir og lýsing

Lítil kofatóft er um 37m norðaustur af stöðvarhúsinu við borholuna í landi Langahúsa. Tóftin stendur utan í hálfgróinni melbungu ofan við myri. Tóftin er niðurgrafi um 3,5x5m á kant að utanmáli og snýr u.b.b. austur-vestur með dyr til norðurs. Veggir eru um 40sm háir að utanverðu en um 100sm að innan og hlaðnir úr torfi og grjóti.



Mynd 120. Horft til norðurs yfir kofatóft (1787-218) skammt norðaustur af borholunni í landi Langahúsa. Íbúðar- og úтиhús á Langhúsum sjást í fjarska.



Mynd 121. Horft til norðurs heim að Langhúsum. Gamli bæjarhóllinn (1787-219) er til vinstri á myndinni þar sem rúllurnar standa og vestan (vinstra megin) við þær. Í brekkunni til suðurs og suðvesturs af bæjarhólnum eru garðlög og rabarbaragarður.

Langhús – 1787 -219


Hlutverk: Bæjarhóll

Tegund: Hóll

Hættumat: Upphafleg lagnaleið var teiknuð yfir hluta af bæjarhólnum en henni var breytt og línan færð niður fyrir hólinn og heimtaugkinn talsvert norðan við bæjarstæðið. Minjarnar eru því ekki í hættu vegna framkvæmdanna en minjar á bæjarhólnum eru engu að síður í mikilli hættu vegna ábúðar og er samfellt moldarflag uppvaðið af umferð stórra dráttarvéla.

Staðhættir og lýsing

Gamli bæjarhóllinn á Langhúsum er um 60-70m VSV af núverandi íbúðarhúsi á sléttum fleti á hólnefi, en brekka til vesturs og suðurs, þar er heyrúllustæði í dag. Í brekkunni eru talsverð garðlög og rabarbaragarður. Ein tóft er ofan við garðanna, hugsanlega tengd matjurtagörðunum frekar en gamla bænum. Hluti af þessum garðlögum gætu verið leifar bygginga en erfitt er að fullyrða um það. Ofan á hólnum í rúllustæðinu eru greinilegir hleðslusteinir í flaginu og byggingaleifar.



Langhús – 1787 -220

Hlutverk: Óþekkt

Tegund: Tóft

Staðhættir

Gamli bæjarhóllinn á Langhúsum er um 60-70m VSV af núverandi íbúðarhúsi á sléttum fleti á hólnefi, en brekka til vesturs og suðurs, þar er heyrúllustæði í dag. Í brekkunni eru talsverð garðlög og rabarbaragarður. Ein tóft er ofan við garðanna, hugsanlega tengd matjurtagörðunum frekar en gamla bænum.

Lýsing

Tóftin er grafin niður í vesturbrún hólsins og er um 80sm frá innbrún veggja niður að botni hennar en veggirnir að utan um 40sm hærri en umhverfið. Tóftin er algróin grasi, næsta hringlaga um 7m í þvermál að utanmáli, engar greinanlegar dyr.

Langhús – 1787 -221

Hlutverk: Matjurtagarður

Tegund: Garðlag

Staðhættir

Gamli bæjarhóllinn á Langhúsum er um 60-70m VSV af núverandi íbúðarhúsi á sléttum fleti á hólnefi. Þar er heyrúllustæði í dag. Í brekkunni suður og suðvestan í bæjarhólnum eru talsverð garðlög og rabarbaragarður.

Lýsing

Garðlögin mynda, tvö stór beð, hvort um sig um 12m langt og 4-6m breið, fleiri garðlög eru



Mynd 122. Horft til suðurs yfir hluta gamla bæjarhólsins á Langhúsum, tóft (1787-220) sést fyrir enda flagsins fyrir miðri mynd.

norðan og suðaustan við beðin en óvist hvaða hlutverki þau hafa gegnt. Garðlögin að sunnan gætu að einhverju leyti verið leifar bygginga sem rutt hefur verið fram af hólnum. Garðlögin eru á bilinu 40-80sm há og á bilinu 50-100sm breið, að mestu gróin en beðin eru moldarflög með rabarbara.

Langhús – 1787 -222

Hlutverk: Óþekkt/rétt?

Tegund: Tóft

Hættumat: Engin hætta. Minjarnar eru í um 20m fjarlægð frá lagnaleiðinni og ættu ekki að vera í hættu ef þeirri línu er haldið.

Staðhættir

Í þurru grasisvöxnu dragi um 380m NNA af íbúðarhúsinu á Langhúsum eru fornar minjar.

Aðrar upplýsingar

Tóftin snýr norður-suður og er 13x18m að utanmáli. Veggir eru grónir grasi og mosa, 30-60sm háir og 2m á breidd. Hlið hefur að líkindum verið í suðvesturhorni en það er ekki að fullu ljóst. Tóftin er mjög fornleg, líklega rétt.



Mynd 123. Horft til suðvesturs yfir forna tóft (1787-222) norðarlega í landi Langhúsa.

Efra-Haganes – 1787 -223

Hlutverk: Landamerki

Tegund: Garðlag

Staðhættir

Skurður er á merkjum Langhúsa og Efra-Haganess en garðlag er norðan hans að hluta næst Hópsvatni. Garðurinn sést svo áfram töluvert austar en er þá utan skráningarsvæðis.

Lýsing

Garðurinn er um 110m langar og liggur frá Hópsvatni til ASA. Hann er mest um 3m á breidd.

Aðrar upplýsingar

Í örnefnaskrá Haganess segir: „Merkjagarður skilur lönd Haganess frá löndum Fyrirbarðs og Langhúsa, að suðvestan, niður í Hópsvatn. Á milli Langhúsa og Haganess rennur að vísu lækur, sem nefndur er Merkislækur, en hann er svo krókóttur, að hann telst ekki ráða merkjum.“ (bls. 4).

Efra-Haganes – 1787 - 224

Hlutverk: Túngarður

Tegund: Garðlag

Hættumat: Mikil hætta. Fara þarf í gegnum garðinn þar sem hitaveitulögnin kemur inn í gamla túnið að suðvestan. Ekki verður hins vegar hjá því komist og ekki ástæða til að gera breytingar á lagnaleiðinni.

Staðhættir og lýsing

Túngegarður er í kringum túnið í Efra-Hegranesi og er hann rekjanlegur nánast allan hringinn. Hann er óraskaður að suðvestan, vestan og norðvestan en að norðaustan og austan er hann kominn í tún, engu að síður er vel hægt að greina hann sem hrygg í túninu. Þar sem garðurinn hefur ekki orðið fyrir raski er hann grasi gróinn 30-110sm hár og 1-1,5m á breidd og hefur að minnsta kosti verið að hluta grjóthlaðinn. Girðing er á hluta garðsins.

Aðrar upplýsingar

Í örnefnaskrá Haganess segir: „Fyrir sunnan Kotatún er Efra-Haganestún. Áður var hlaðinn garður úr torfi og grjóti í kringum það.“ (bls. 9).

Efra-Haganes – 1787 - 225

Sérheiti: Efra-Haganes

Hlutverk: Bæjarhóll

Tegund: Hóll

Hættumat: Fyrirhuguð lagnaleið liggur neðan (vestan) við gamla bæjarhólinn og hann er því ekki í hættu vegna framkvæmdanna.

Staðhættir

Í örnefnaskrá Haganess segir: „Gamli bærinn stóð suður á túninu, nálægt því sem fjárhúsin standa nú. Austur af honum stóð fjósið.“ (Bls. 9).

Lýsing

Samkvæmt núverandi ábúendum í Efra-Haganesi var síðasti torfbærinn um það bil þar sem norðvesturhorn girðingarinnar umhverfis fjárhúsið er. Það er norðvestan í hól sem er hæstur þar sem fjárhúsin eru. Óvist er að hve miklu leyti þetta er manngerður hóll en búast má við umtalsverðum minjum undir sverði á þessu svæði.

Aðrar upplýsingar

„Íbúð á jörðinni er í tvennu lagi. Steinsteypuhús, og gammal torfbær, peníngshús allgóð. Annar helmíngur jarðarinnar hefir síðustu ár, verið til muna betur hístur, og nytjaður, og steinhúsið og fleiri mannvirki fylgja þeim hluta jarðarinnar, ... fylgiskj: 36.“ (myndir.handrit.is: 36. Efra-Haganes (80) 0038v).



Mynd 124. Horft til suðurs að gamla bæjarhólnum á Efra-Haganesi. Síðasti torfbærinn stóð um það bil við horn girðingarinnar umhverfis fjárhúsin. Steinhus sem tók við af honum stóð hins vegar á flatanum fyrir miðri mynd skammt suður af núverandi íbúðarhúsi.

Efra-Haganes – 1787 – 226 (mögulega sama og 1787-302)

Sérheiti: Efra-Haganes

Hlutverk: Híbýli

Tegund: Heimild

Hættumat: Engin hætta. Búið er að fjarlægja húsið og óvist að einhverjar minjar séu undir sverði, en þar að auki liggur lagnaleiðin nokkru suðvestan við þennan stað.

Staðhættir

Milli núverandi íbúðarhúss og úтиhúsa er slétt tún í dag en þar stóð áður steinsteypt hús (byggt 1914) sem tók við af gamla torfbænum sem stóð sunnar. Engar sýnilegar leifar eru eftir af þessu húsi.

Aðrar upplýsingar

Í örnefnaskrá Haganess segir: „Gamli bærinn stóð suður á túninu, nálægt því sem fjárhúsin standa nú. Austur af honum stóð fjósið.“ (bls. 9). „Íbúð á jörðinni er í tvennu lagi. Steinsteypuhús, og gamall torfbær, peníngshús allgóð. Annar helmíngur jarðarinnar hefir síðustu ár, verið til muna betur hístur, og nytjaður, og steinhúsið og fleiri mannvirkir fylgja þeim hluta jarðarinnar, ... fylgiskj: 36.“ (myndir.handrit.is: 36. Efra-Haganes (80) 0038v).

Efra-Haganes – 1787 - 227

Hlutverk: Matjurtagarður

Tegund: Heimild

Hættumat: Engin hætta. Búið er að slétta úr matjurtagarðinum og engar minjar sáust á yfirborði við vettvangsskráningu.

Staðhættir

Ofan við núverandi íbúðarhús var matjurtagarður að sögn ábúenda. Þar er svolítil brekka í túninu sem hallar til vesturs, en engar sýnilegar minjar.

Efra-Haganes – 1787 - 228

Hlutverk: Óþekkt

Tegund: Dældir

Hættumat: **Hætta.** Dældir eru ofarlega í túninu milli sumarhúss og íbúðarhússins á Efra-Haganesi. Miðað við túnakort frá 1918 voru lítil úтиhús u.p.b. mitt á milli íbúðarhússins á Efra-Haganesi og sumarbústaðar sem norðaustan og ofan túns. Þessum úтиhúsum hefur verið jafnað út en þó sjást smá dældir. Óvist er hve mikið er eftir undir sverði en engu að síður er lagt til að línan verði færð til að forða frekara raski.

Staðhættir og lýsing

Á hæð í túninu um 90m norðaustur af íbúðarhúsinu á Efra-Haganesi eru nokkrar dældir og svæðið þesslegt að minjar geti leynst þar undir sverði. Ábúendur könnuðust ekki við minjar á þessum stað en staðsetningin passar nokkuð við lítil úтиhús sem sýnd eru á túnakorti frá 1918.

Horfnar/Óstaðsettar minjar í landi Efra-Haganess hugsanlega innan skráningarsvæðis

Efra-Haganes - 1787 - 293

Hlutverk: Bænhús

Tegund: Heimild

Hættumat: Ómetið

Staðhættir og lýsing

Í jarðabók frá 1709 er getið um bænhús sem sagt er „af fallið“ fyrir meir en 40 árum. Ekki er vitað hvar bænhúsið stóð en líklegt að það hafi verið á gamla bæjarhólnum sem er tæpum 50m sunnan við núverandi íbúðarhús. Hafið það staðið þar ætti það ekki að vera í hættu vegna núverandi framkvæmda, að öðru leyti er ekki hægt að taka afstöðu til þess.

Aðrar upplýsingar

Í jarðabók 1709: „Hér hefur að fornu bænhús verið en þó af fallið meir en fyrir 40 árum.“ (JÁM IX, bls. 307).

Efra-Haganes - 1787 - 294

Hlutverk: Brunnur

Tegund: Heimild

Staðhættir

Í örnefnaskrá Haganess segir: „Syðst og neðst í Efra-Haganestúni var Brunnhús. Dý var leitt inn á túnið og inn í Brunnhúsið. Áður voru einnig brunnar á öllum hinum býlunum. Yfirleitt er erfitt að ná vatni í Haganesi. (...) Stór lækur rennur neðan túns í Efra-Haganesi. Hann heitir Lækjarós og rennur niður í Hópsvatn. Efst var hann aðeins stórt dý og var því veitt í Brunnhúsið eins og áður segir.“ (bls. 10).

Lýsing

Ekki er ljóst hvar nákvæmlega þetta brunnhús stóð, en minjar um það fundust ekki á vettvangi þegar lagnaleiðin var skoðuð.

Efra-Haganes - 1787 - 295

Sérheiti: Lambhús

Hlutverk: Fjárhús

Tegund: Heimild

Staðhættir

Í örnefnaskrá Haganess segir: „Fjárhús voru á túni í þessari röð frá suðri til norðurs: Syðst var Lambhús. Lambagi nefndist smá spilda í kringum það. Þá voru Bergshús og Stórhús. Þau voru hvoru tveggja fjárhús. Spildan ofan þeirra hétt Drykkjarstykki. Það var lautótt land, sem vatn safnaðist í á vetrum, og var það notað til brynninga. Þá tók við Ærhús. Nyrzt var svo hús, sem ekki var neitt sérstakt nafn. Efst á túninu voru fjárhús, nefnd Sveinshús. Syðst of efst í túninu heitir Fjóstunga.“ (bls. 9). Á túnakorti frá 1918 er sýndur fjöldi útihúsa og einn matjurtagarður innan túns á Efra-Haganesi. Merkingar á kortinu eru hins vegar takmarkaðar og norðurörin virðist ekki vera rétt. Af þeim sökum tókst ekki að láta túnakortið passa með sannfærandi hætti við loftmynd og ekki er heldur ljóst hvaða hús á teikningunni má tengja við umrædd hús í örnefnaskránni, en túnakortið er gert 1918 og örnefnaskráin 1972 og því ekki víst að hægt sé að gera einfaldar tengingar þar á milli. Staðsetning ofannefndra húsa er því ekki örugg en eftir því sem næst verður komist eru þau öll ofan við aðallöggnina og ekki í hættu vegna hennar. Guðlaug Márusdóttir kannaðist ekki við að neinar tóftir eða hús hefðu verið neðan við gamla bæjarhólinn eða annarstaðar á fyrirhugaðri lagnaleið þar sem hún fer í gegnum túnið.

Aðrar upplýsingar

Hins vegar eru dældir (1787-228) í túninu á milli íbúðarhússins og bústaðar sem er norðaustan og ofan við tún. Þessar dældir gætu verið leifar lítils útihús sem sýnt er í túnjaðri norðaustan við bæ á túnakortinu.

Efra-Haganes - 1787 - 296

Sérheiti: Bergshús

Hlutverk: Fjárhús

Tegund: Heimild

Staðhættir

Í örnefnaskrá Haganess segir: „Fjárhús voru á túni í þessari röð frá suðri til norðurs: Syðst var Lambhús. Lambhagi nefndist smá spilda í kringum það. Þá voru Bergshús og Stórhús. Þau voru hvoru tveggja fjárhús. Spildan ofan þeirra hét Drykkjarstykki. Það var lautótt land, sem vatn safnaðist í á vetrum, og var það notað til brynninga. Þá tók við Ærhús. Nyrzt var svo hús, sem ekki var neitt sérstakt nafn. Efst á túninu voru fjárhús, nefnd Sveinshús. Syðst of efst í túninu heitir Fjóstunga.“ (bls. 9). Á túnakorti frá 1918 er sýndur fjöldi útihúsa og einn matjurtagarður innan túns á Efra-Haganesi. Merkingar á kortinu eru hins vegar takmarkaðar og norðurörin virðist ekki vera rétt. Af þeim sökum tókst ekki að láta túnakortið passa með sannfærandi hætti við loftmynd og ekki er heldur ljóst hvaða hús á teikningunni má tengja við umrædd hús í örnefnaskránni, en túnakortið er gert 1918 og örnefnaskráin 1972 og því ekki víst að hægt sé að gera einfaldar tengingar þar á milli. Staðsetning ofannefndra húsa er því ekki örugg en eftir því sem næst verður komist eru þau öll ofan við aðallöggnina og ekki í hættu vegna hennar. Guðlaug Márusdóttir kannaðist ekki við að neinar tóftir eða hús hefðu verið neðan við gamla bæjarhólinn eða annarstaðar á fyrirhugaðri lagnaleið þar sem hún fer í gegnum túnið.

Aðrar upplýsingar

Hins vegar eru dældir (1787-228) í túninu á milli íbúðarhússins og bústaðar sem er norðaustan og ofan við tún. Þessar dældir gætu verið leifar lítils útihús sem sýnt er í túnjaðri norðaustan við bæ á túnakortinu.

Efra-Haganes - 1787 - 297

Sérheiti: Stórhús

Hlutverk: Fjárhús

Tegund: Heimild

Staðhættir

Í örnefnaskrá Haganess segir: „Fjárhús voru á túni í þessari röð frá suðri til norðurs: Syðst var Lambhús. Lambhagi nefndist smá spilda í kringum það. Þá voru Bergshús og Stórhús. Þau voru hvoru tveggja fjárhús. Spildan ofan þeirra hét Drykkjarstykki. Það var lautótt land, sem vatn safnaðist í á vetrum, og var það notað til brynninga. Þá tók við Ærhús. Nyrzt var svo hús, sem ekki var neitt sérstakt nafn. Efst á túninu voru fjárhús, nefnd Sveinshús. Syðst of efst í túninu heitir Fjóstunga.“ (bls. 9). Á túnakorti frá 1918 er sýndur fjöldi útihúsa og einn matjurtagarður innan túns á Efra-Haganesi. Merkingar á kortinu eru hins vegar takmarkaðar og norðurörin virðist ekki vera rétt. Af þeim sökum tókst ekki að láta túnakortið passa með sannfærandi hætti við loftmynd og ekki er heldur ljóst hvaða hús á teikningunni má tengja við umrædd hús í örnefnaskránni, en túnakortið er gert 1918 og örnefnaskráin 1972 og því ekki víst að hægt sé að gera einfaldar tengingar þar á milli. Staðsetning ofannefndra húsa er því ekki örugg en eftir því sem næst verður komist eru þau öll ofan við aðallöggnina og ekki í hættu vegna hennar. Guðlaug Márusdóttir kannaðist ekki við að neinar tóftir eða hús hefðu verið neðan við gamla bæjarhólinn eða annarstaðar á fyrirhugaðri lagnaleið þar sem hún fer í gegnum túnið.

Aðrar upplýsingar

Hins vegar eru dældir (1787-228) í túninu á milli íbúðarhússins og bústaðar sem er norðaustan og ofan við tún. Þessar dældir gætu verið leifar lítils útihús sem sýnt er í túnjaðri norðaustan við bæ á túnakortinu.

Efra-Haganes - 1787 - 298

Sérheiti: Ærhús

Hlutverk: Fjárhús

Tegund: Heimild

Staðhættir

Í örnefnaskrá Haganess segir: „Fjárhús voru á túni í þessari röð frá suðri til norðurs: Syðst var Lambhús. Lambhagi nefndist smá spilda í kringum það. Þá voru Bergshús og Stórhús. Þau voru hvoru tveggja fjárhús. Spildan ofan þeirra hét Drykkjarstykki. Það var lautótt land, sem vatn safnaðist í á vetrum, og var það notað til brynninga. Þá tók við Ærhús. Nyrzt var svo hús, sem ekki var neitt sérstakt nafn. Efst á túninu voru fjárhús, nefnd Sveinshús. Syðst of efst í túninu heitir Fjóstunga.“ (bls. 9). Á túnakorti frá 1918 er sýndur fjöldi útihúsa og einn matjurtagarður innan túns á Efra-Haganesi. Merkingar á kortinu eru hins vegar takmarkaðar og norðurörin virðist ekki vera rétt. Af þeim sökum tókst ekki að láta túnakortið passa með sannfærandi hætti við loftmynd og ekki er heldur ljóst hvaða hús á teikningunni má tengja við umrædd hús í örnefnaskránni, en túnakortið er gert 1918 og örnefnaskráin 1972 og því ekki víst að hægt sé að gera einfaldar tengingar þar á milli. Staðsetning ofannefndra húsa er því ekki örugg en eftir því sem næst verður komist eru þau öll ofan við aðallögningina og ekki í hættu vegna hennar. Guðlaug Márusdóttir kannaðist ekki við að neinar tóftir eða hús hefðu verið neðan við gamla bæjarhólinn eða annarstaðar á fyrirhugaðri lagnaleið þar sem hún fer í gegnum túnið.

Aðrar upplýsingar

Hins vegar eru dældir (1787-228) í túninu á milli íbúðarhússins og bústaðar sem er norðaustan og ofan við tún. Þessar dældir gætu verið leifar lítils útihús sem sýnt er í túnjaðri norðaustan við bæ á túnakortinu.

Efra-Haganes - 1787 - 299

Sérheiti: Sveinshús

Hlutverk: Fjárhús


Tegund: Heimild

Staðhættir

Í örnefnaskrá Haganess segir: „Fjárhús voru á túni í þessari röð frá suðri til norðurs: Syðst var Lambhús. Lambhagi nefndist smá spilda í kringum það. Þá voru Bergshús og Stórhús. Þau voru hvoru tveggja fjárhús. Spildan ofan þeirra hét Drykkjarstykki. Það var lautótt land, sem vatn safnaðist í á vetrum, og var það notað til brynninga. Þá tók við Ærhús. Nyrzt var svo hús, sem ekki var neitt sérstakt nafn. Efst á túninu voru fjárhús, nefnd Sveinshús. Syðst of efst í túninu heitir Fjóstunga.“ (bls. 9). Á túnakorti frá 1918 er sýndur fjöldi útihúsa og einn matjurtagarður innan túns á Efra-Haganesi. Merkingar á kortinu eru hins vegar takmarkaðar og norðurörin virðist ekki vera rétt. Af þeim sökum tókst ekki að láta túnakortið passa með sannfærandi hætti við loftmynd og ekki er heldur ljóst hvaða hús á teikningunni má tengja við umrædd hús í örnefnaskránni, en túnakortið er gert 1918 og örnefnaskráin 1972 og því ekki víst að hægt sé að gera einfaldar tengingar þar á milli. Staðsetning ofannefndra húsa er því ekki örugg en eftir því sem næst verður komist eru þau öll ofan við aðallögningina og ekki í hættu vegna hennar. Guðlaug Márusdóttir frá Haganesi kannaðist ekki við að neinar tóftir eða hús hefðu verið neðan við gamla bæjarhólinn eða annarstaðar á fyrirhugaðri lagnaleið þar sem hún fer í gegnum túnið.

Aðrar upplýsingar

Hins vegar eru dældir (1787-228) í túninu á milli íbúðarhússins og bústaðar sem er norðaustan og ofan við tún. Þessar dældir gætu verið leifar lítils útihús sem sýnt er í túnjaðri norðaustan við bæ á túnakortinu.



Teikning 8. Túnakort af Haganesi frá 1918. Ekki reyndist unnt að leggja það yfir loftmynd með sannfærandi hætti miðað við afstöðu húsa og útlína túns. Númerin á kortinu eru á minjum sem kunna að vera innan svæðis, ekkert sér þó eftir af þeim nema hugsanlega 1787-304, en dældir 1787-228 gætu verið leifar þessara húsa.

Efra-Haganes - 1787 - 300

Hlutverk: Matjurtagarður

Tegund: Heimild

Staðhættir

Á túnakorti fyrir Haganes frá 1918 er sýndur matjurtagarður sunnan og vestan við nokkrar húsbyggingar. Ekki er ljóst af túnakortinu hvert þessara húsa er bærinn og staðsetning matjurtagarðsins eftir því óljós. Einna líklegasti staðurinn fyrir matjurtagarð er vestan eða sunnan í ávöllum hól sem núverandi fjárhús standa á, en þar er í dag hallandi en slétt tún og engar sýnilegar minjar. Ef þessi staðsetning er rétt ættu jarðlægar leifar matjurtagarðsins, ef einhverjar eru, ekki að vera í hættu vegna lagningu hitaveitunnar sem verður lögð töluvert neðar í túninu.

Aðrar upplýsingar

Merkingar á kortinu eru takmarkaðar og norðurörin virðist ekki vera rétt. Af þeim sökum tókst ekki að láta túnakortið passa með sannfærandi hætti við loftmynd og ekki var heldur unnt að tengja byggingarnar sem þar eru sýndar við upplýsingar um útihús í örnefnaskrá, en kortið er gert 1918 og örnefnaskráin 1972 svo talsvert kann að hafa breyst í millitíðinni.

Efra-Haganes - 1787 - 301

Hlutverk: Óþekkt

Tegund: Heimild

Staðhættir

Á túnakorti fyrir Haganes frá 1918 er sýndur matjurtagarður sunnan og vestan við nokkrar húsbýggingar. Rétt norðan við matjurtgarðinn (miðað við áttirnar eins og þær eru sýndar á kortinu) er húsbýgging, ekki kemur fram hvort um útihús eða bæ er að ræða og ekki gott að ráða í það af teikningunni. Væntanlega hefur þetta þó verið á svipuðum slóðum og síðasti bærinn sem stóð norðvestan við núverandi fjárhús. Engar minjar eru sýnilegar á þessu svæði á yfirborði í dag en fjárhúsin standa á ávöllum hól. Ef matjurtagarðurinn hefur verð vestan eða sunnan í hólnum, ættu leifar þessarar byggingar ef einhverjar eru undir sverði ekki að vera í hættu vegna lagningu hitaveitunnar sem verður lögð töluvert neðar í túninu.

Aðrar upplýsingar

Merkingar á kortinu eru takmarkaðar og norðurörin virðist ekki vera rétt. Af þeim sökum tókst ekki að láta túnakortið passa með sannfærandi hætti við loftmynd og ekki var heldur unnt að tengja byggingarnar sem þar eru sýndar við upplýsingar um útihús í örnefnaskrá, en kortið er gert 1918 og örnefnaskráin 1972 svo talsvert kann að hafa breyst í millitíðinni.

Efra-Haganes - 1787 – 302 (mögulega sama og 1787-226)

Hlutverk: Óþekkt

Tegund: Heimild

Staðhættir

Á túnakorti fyrir Haganes frá 1918 er sýndur matjurtagarður sunnan og vestan við nokkrar húsbýggingar. Norðan við matjurtgarðinn (miðað við áttirnar eins og þær eru sýndar á kortinu) er húsbýgging og önnur spölkorn lengra til norðurs. Ekki kemur fram hvort um útihús eða bæ er að ræða og ekki gott að ráða í það af teikningunni. Hugsanlega er þarna um að ræða steinhúsið (1787-226) sem var byggt árið 1914 og stóð í lægðinni á milli núverandi íbúðarhúss og fjárhúsanna. Þar er í dag slétt tún og engar minjar sýnilegar á yfirborði. Sé þessi staðsetning rétt þá eru jarðlægar leifar þessarar byggingar ef einhverjar eru ekki í hættu vegna fyrirhugaðrar hitaveitulagningar.

Aðrar upplýsingar

Merkingar á kortinu eru takmarkaðar og norðurörin virðist ekki vera rétt. Af þeim sökum tókst ekki að láta túnakortið passa með sannfærandi hætti við loftmynd og ekki var heldur unnt að tengja byggingarnar sem þar eru sýndar við upplýsingar um útihús í örnefnaskrá, en kortið er gert 1918 og örnefnaskráin 1972 svo talsvert kann að hafa breyst í millitíðinni.

Efra-Haganes - 1787 - 303

Hlutverk: Óþekkt

Tegund: Heimild

Staðhættir

Á túnakorti fyrir Haganes frá 1918 er sýndur fjöldi bygginga og matjurtagarður innan túns. Upp við túngarðinn þar sem gatan liggur út túnið til NNV miðað við kortið er lítið hús af einhverju tagi. Áttahorf og afstaða bygginga á teikningunni passar illa við loftmynd og staðsetning þessarar byggingar því nokkuð á reiki. Líklega er þetta þó á svipuðum slóðum og núverandi afleggjari heim að Efra-Haganesi, en hann liggur til norðvesturs frá bænum og sést túngarðurinn neðan vegar en búið er að sléttu úr túngarðinum að hluta til næst veginum og að öllu leyti ofan afleggjarans. Engar minjar um þessa byggingu eru heldur sýnilegar.

Efra-Haganes - 1787 – 304 (hugsanlega sama og 1787-228)

Hlutverk: Óþekkt

Tegund: Heimild

Staðhættir

Á túnakorti fyrir Haganes frá 1918 er sýndur fjöldi bygginga og matjurtagarður innan túns, m.a. lítið hús fast við túngarðinn til NNA frá bænum. Þessi staðsetning passar nokkurn veginn við dældir sem sjást í túninu á þessum slóðum (1787-228). Erfitt er hins vegar að fullyrða um að þetta séu leifar sömu byggingar þar sem afstaða annarra bygginga og útjaðra túnsins falla ekki nægilega vel að loftmynd. Lagt var til að lagnaleiðin yrði færð lítillega til að forða raski á hugsanlegum minjum undir sverði þar sem dældirnar eru (sjá nánar umfjöllun um 1787-228).

Efra-Haganes - 1787 – 304 (hugsanlega sama og 1787-228)

Hlutverk: Leið

Tegund: Heimild

Staðhættir

Á túnakorti fyrir Haganes frá 1918 er sýndur fjöldi bygginga og matjurtagarður innan túns og þrjár götur eða leiðir að bænum, ein til NNV, önnur til suðausturs og þriðja til suðvesturs. Núverandi afleggjari liggur til norðvestur frá bænum og gæti verið á sama stað og gatan sem sýnd er með svipaða stefnu, ekki sást móta fyrir götum í túninu til hinna áttanna á vettvangi.

Efra-Haganes – 1787 – 229

Hlutverk: Hesthús

Tegund: Tóft

Hættumat: Mikil hætta. Tóftin er í miðri fyrirhugaðri lagnaleið og þarf að gera breytingar á henni til að forða henni raski.

Staðhættir

Lítil tóft er undir veginum niður í Haganesvík, innan girðingar sem umlykur bústaðinn Birkilund, nánar til tekið 30m norðaustur af bústaðnum.

Lýsing

Tóftin liggur norður-suður og er 5,5x9m að utanmáli. Veggar eru grasi grónir, 20-50sm háir og um metri á breidd. Þarna var hesthús samkvæmt heimildamanni (Munnl. heimild: Una Björk Harðardóttir 20.05.16).



Mynd 125. Horft til suðvesturs heim að sumarbústaðnum Birkilundi. Fyrir miðri mynd er hesthústóft (1787-229).

Efra-Haganes – 1787 - 230

Hlutverk: Óþekkt

Tegund: Garðlag

Hættumat: Mikil hætta.

Mögulega þarf að fara í gegnum norðurenda garðsins, en ekki alveg ljóst hvar það verður ef lögnin verður færð til að forða hesthústóftinni (1787-229) raski.

Staðhættir og lýsing

Rétt austan við sumarbústaðinn Birkilund er mjög ógreinileg og að því er virðist fornt garðlag. Það liggur frá veginum niður í Haganesvík í norðri að túngarði Efra-Haganess í suðri. Það er lyngi gróið og mjög sokkið, um 3-4m breitt og rétt um 20-30sm hátt.



Mynd 126. Horft til suðurs, niður eftir óljósu garðlagi innan girðingar austan við bústaðinn Birkilund.

Aðrar upplýsingar

Þetta garðlag er í línu við garðlag í túninu ofan við veg og vestan við nyrðri bústaðinn á Efra-Haganesi II. Þar er garðurinn tvöfaldur á kafla, mögulega fleiri en ein kynslóð garðлага þar á sama stað. En túngarður er umhverfis gamla túnið á Efra-Haganesi II og virðist hafa nýtt þennan gamla garð að hluta.

Efra-Haganes II – 1787 -231

Hlutverk: Fjós, útihús

Tegund: Heimild

Staðhættir og lýsing

Íbúðarhúsið í Efra-Haganesi II var reist upp úr 1930 (1935 segir í Fasteignaskrá Þjóðskrár Íslands, skoðuð 23.05.16) en þangað til bjuggu ábúendur í gamla torfbænum á Efra-Haganesi. Samkvæmt heimildamanni voru útihúsin frá Efra-Haganesi II austan við þar sem íbúðarhúsið stendur núna á

svipuðum slóðum og gámurinn sem sést á myndinni hér að ofan (Munnl. heimild: Una Björk Harðardóttir 20.05.16). Búið er að rífa húsin og sléttu úr þeim og sjást þau ekki á yfirborði.



Mynd 127. Horft til norðvesturs heim að gamla íbúðarhúsinu á Efra-Haganesi II, lengst til vinstri.

Efra-Haganes II – 1787 - 232

Hlutverk: Óþekkt, útihús

Tegund: Dæld

Hættumat: Hætta. Dældirnar eru minnst í um 6m fjarlægð frá fyrirhugaðri lagnaleið og gætu minjar undir sverði verið í hættu.

Staðhættir

Um 20m suðaustur af nyrðri (yngri) sumarbústaðnum á Efra-Haganesi II, norðarlega í túninu eru dældir.

Lýsing

Dældirnar eru þrjár saman um 10sm djúpar og grasi grónar enda í túni. Mögulega hefur staðið þarna bygging og nefndi heimildamaður að hesthús hefði verið einhvers staðar í túninu norðan við bæinn (Munnl. heimild: Una Björk Harðardóttir 20.05.16).

Efra-Haganes II – 1787 - 233

Hlutverk: Óþekkt

Tegund: Garðlag

Hættumat: Engin hætta. Garðurinn er 30m frá línu og er heimreiðin að sumarbústaðnum á milli. Ólíklegt að hann sé í hættu.

Staðhættir

Neðan við túngarðinn á Efra-Haganesi II, tæplega 25m suðvestan við yngri sumarbústaðinn í Efra-Haganesi II virðist vera tæplega 20m langt garðlag sem þó gæti einnig verið náttúrulegt fyrribæri.



Mynd 128. Horft til suðausturs eftir garðlagi (1787-233) með stefnu á gamla íbúðarhúsið á Efra-Haganesi II.

Lýsing

Meint garðlag er algróið og liggur NNV-SSA. Það er 10-70sm hátt og rúmlega metri á breidd. Það liggur samsíða garðlagi 1787-234 og gæti veri tengt honum.

Efra-Haganes II – 1787 - 234

Hlutverk: Óþekkt

Tegund: Garðlag

Hættumat: Engin hætta.
Garðlagið er 35m frá línu og er sumarbústaðurinn á milli.

Staðhættir

Í jarðabók frá 1709 er getið um eyðihjáleiguna Haganeskot sem sögð er „við heimatúnið“. Í örnefnaskrá er talið að Haganeskot hafi staðið á svipuðum slóðum og Efra-Haganes en þar heitir Kotaholt í túni. Í gamla túninu á Haganesi II eru tveir sumarbústaðir, annars vegar gamla íbúðarhúsið sem

reist var 1935 (Fasteignaskrá Þjóðskrár Íslands, skoðuð 23.05.16) og hins vegar yngri bústaður sem stendur um 130m norðar (NNV) og var samkvæmt fasteignaskrá reistur 1995. Túngarður er á kafla utan um túnið að norðvestan-norðan og austan og túnið í heild girt með girðingu, annað garðlag liggur út frá honum til norðvesturs í átt til sjávar.

Lýsing

Sá hluti túngarðsins sem var mældur liggur frá túngarði (17887-233) að girðingu á rúmlega 20m kafla. Hann nær þó norðvestur fyrir girðinguna og á loftmynd virðist hann liggja að sjó norðan við túnið á Vík. Hann er allt 40sm hár og mest um 2m á breidd, algróinn.

Aðrar upplýsingar

Í jarðabók 1709: „Haganesskot. Eyðihjáleiga byggð við heimatúnið á fornu fjárhússtæði, og varaði byggðin inn til næstu 10 ára.“ (JÁM IX, bls. 307). Í örnefnaskrá Haganess segir: „Fyrir austan og ofan við Sjávarmýrar tóku við Kotaholt ft. Tóftir sáust á holtunum og var svæðið afmarkað með garði, sem ennþá sér fyrir. Tóftirnar eru nú horfnar og þar orðið tún og stendur þar Efra-Haganes II, sem skipt var út úr Efra-Haganesi 1923. (Líklega hefur þarna verið um tóftir af Haganeskoti að ræða, hvernig svo sem á fleirtölunni stendur. K.E.).“ (bls. 9).



Mynd 129. Horft til norðvesturs eftir garðlagi ()1787-234 vestan við bústaðinn sem er norður af Efra-Haganesi II.

Efra-Haganes II -235

Hlutverk: Túngarður

Tegund: Garðlag

Hættumat: Engin hætta. Garðurinn er 26-38m frá línum, hinu megin heimreiðar heim að bústaðnum en sunnar í túninu þar sem er „mögulega garður“ er hann um 16m vestur af línum.

Staðhættir

Í jarðabók frá 1709 er getið um eyðihjáleiguna Haganeskot sem sögð er „við heimatúnið“. Í örnefnaskrá er talið að Haganeskot hafi staðið á svipuðum slóðum og Efra-Haganes en þar heitir Kotaholt í túni. Í gamla túninu á Haganesi II eru tveir sumarbústaðir, annars végar gamla íbúðarhúsið sem reist var 1935 (Fasteignaskrá Þjóðskrár Íslands, skoðuð 23.05.16) og hins végar yngri bústaður sem stendur um 130m norðar (NNV) og var samkvæmt fasteignaskrá reistur 1995. Túngarður er á kafla utan um túnið að norðvestan-norðan og austan og túnið í heild girt með girðingu.

Lýsing

Hluti garðsins var mældur á vettvangi en hluti hans af loftmynd. Garðlagið sem var mælt er vestan við yngri sumarbústaðinn sem er syðst og vestast í túni Efra-Haganess. Það virðist gegna tveimur hlutverkum. Annars végar er það á vesturmörkum túnsins í Efra-Haganesi II en hins végar beygir það til norðvesturs frá túninu og heldur áfram og virðist ekki enda fyrr en við sjó, norðan við Vík. Norðurendi garðsins virðist eldri en sá sem er næstur sumarbústaðnum en það gæti stafað af því að honum hafi verið halddið við mun lengur og gæti tengst ábúð á Efra-Haganesi II en garðurinn sem liggur frá sumarbústaðnum í átt að sjó virðist mun eldri og að líkindum frá því áður en Efra-Haganesi II var skipt úr Efra-Haganesi. Garðurinn liggur einnig norðan og austan við gamla túnið á Efra-Haganesi II. Hann er allt 30-120sm hár og mest um 2m á breidd, algróinn. Sunnar í túninu var mældur upp hryggur sem var mest um 20-30sm hár og rétt rúmlega 40m langur. Það gæti verið framhald af túngarðinum en þess ber að geta að loftmynd á vefnum ja.is eru hjólför á þessum stað í túninu og gæti hryggurinn verið ummerki eftir þau. Túngarðurinn gæti tengst ábúð í Haganeskoti og svo síðar í Efra-Haganesi II sé það byggt þar sem Haganeskot stóð.

Nánari lýsing

Annar garður liggur til norðvesturs frá nyrsta hluta túnsins og virðist liggja að merkjum milli Neðra- og Efra-Haganess. Enn annar garður liggur frá syðsta hluta túnsins að veginum niður í Haganesvík og svo virðist áframhald af honum sunnan vegarins og inn í túni á Efra-Haganesi þar sem hann sést sem hryggur í túninu.

Aðrar upplýsingar

Í jarðabók 1709: „Haganesskot. Eyðihjáleiga byggð við heimatúnið á fornu fjárhússtæði, og varaði byggðin inn til næstu 10 ára.“ (JÁM IX, bls. 307). Í örnefnaskrá Haganess segir: „Fyrir austan og ofan við Sjávarmýrar tóku við Kotaholt ft. Tóftir sáust á holtunum og var svæðið afmarkað með garði, sem ennþá sér fyrir. Tóftirnar eru nú horfnar og þar orðið tún og stendur þar Efra-Haganes II, sem skipt var út úr Efra-Haganesi 1923. (Líklega hefur þarna verið um tóftir af Haganeskoti að ræða, hvernig svo sem á fleirtölunni stendur. K.E.).“ (bls. 9).

Horfnar/Óstaðsettar minjar í landi Efra-Haganess II hugsanlega innan skráningarsvæðis

Efra-Haganes II – 1787 - 306

Hlutverk: Haganeskot

Tegund: Híbýli

Hættumat: Hætta. Hitaveitan fer í gegnum túnið á Efra-Haganesi II austan við gamla íbúðarhúsið og til norðurs að yngra sumarhúsinu. Þarna geta leynst minjar í jörðu en staðsetning er óljós og því ekki ástæða til að færa línuna eins og stendur.

Staðhættir

Í örnefnaskrá segir að tóftir hafi verið í túni Efra-Haganess II og hafi það verið nefnt Kotaholt. Þar er talið að Haganeskot sem getið er um í jarðabók frá 1709, þá eyðihjáleiga, hafi staðið.

Lýsing

Engar minjar fundust þarna aðrar en túngarður og dældir í túni og óvist um nákvæma staðsetningu þessara tófta. Það má því vel vera að minjar leynist á víð og dreif í túni.

Aðrar upplýsingar

Í örnefnaskrá Haganess segir: „Fyrir austan og ofan við Sjávarmýrar tóku við Kotaholt ft. Tóftir sáust á holtunum og var svæðið afmarkað með garði, sem ennþá sér fyrir. Tóftirnar eru nú horfnar og þar orðið tún og stendur þar Efra-Haganess II, sem skipt var út úr Efra-Haganesi 1923. (Líklega hefur þarna verið um tóftir af Haganeskoti að ræða, hvernig svo sem á fleirtölunni stendur. K.E.).“ (Örnefnaskrá Haganess, 9).

Efra-Haganes – 1787 - 236

Hlutverk: Óþekkt

Tegund: Garðlag, náttúrulegt

Hættumat: Engin hætta. Tóftin er 20m frá línunni, hinu megin vegar. Líklega ekki í neinni hættu.

Staðhættir

Á þurru holti rúmlega 40m norðvestur af íbúðarhúsinu Brautarholti, norðan vegar niður í Haganesvík eru tvennar tóftir og mögulega garðlag. Umhverfis tóftirnar er mó- og myrlendi.

Lýsing

Sunnan við tóftirnar eru aflangur þúfnaklasi sem gæti verið leifar garðlags en einnig gæti verið um náttúrulega myndun að ræða. Meint garðlag er algróið, þýft og mjög hrunið. Það er 20-40sm hátt og allt að 3,5m á breidd.

Efra-Haganes – 1787 - 237

Hlutverk: Óþekkt, rétt

Tegund: Tóft

Hættumat: Engin hætta. Tóftin er 35m frá línunni, hinu megin vegar. Líklega ekki í neinni hættu.

Staðhættir

Á þurru holti rúmlega 40m norðvestur af íbúðarhúsinu Brautarholti, norðan vegar niður í Haganesvík eru tvennar tóftir og mögulega garðlag. Umhverfis tóftirnar er mó- og myrlendi.

Lýsing

Syðri tóftin snýr austur-vestur og er 6,5x9m að utanmáli. Veggir eru algrónir og þýfðir, 30-60sm háir og allt að 2m á breidd. Veggir eru nokkuð hrundir og er tóftin því ekki alveg regluleg að lögun. Hún virðist gömul.

Efra-Haganes – 1787 - 238

Hlutverk: Óþekkt, rétt, útihús

Tegund: Tóft

Hættumat: Engin hætta. Tóftin er 45m frá línunni, hinu megin vegar.

Staðhættir

Á þurru holti rúmlega 40m norðvestur af íbúðarhúsinu Brautarholti, norðan vegar niður í Haganesvík eru tvennar tóftir og mögulega garðlag. Umhverfis tóftirnar er mó- og myrlendi.

Lýsing

Nyrðri tóftin snýr austur-vestur og er 4,5x6,5m að utanmáli. Veggir er algrónir og þýfðir, 30-50sm háir og um 1,5m á breidd. Þeir eru hrundir og þess vegna ekki alveg reglulegir að lögun. Dyr eru ekki greinanlegar. Tóftin virðist gömul.

Neðra-Haganes – 1787 – 239

Sérheiti: Vatnsendi?

Hlutverk: Híbýli, óþekkt

Tegund: Tóft

Hættumat: Hætta. Tóftin er í 15m fjarlægð frá miðlinu lagnaleiðar og telst í hættu af þeim sökum. Hún er einnig í hættu vegna landbrots af völdum Hópsvatns og er aðeins byrjað að brjóta af suðvestur enda hennar sem liggur fram á vatnsbakkann.

Staðhættir

Á vatnsbakka Hópsvatn, um 30m suðvestur af gamla samkomuhúsinu í Haganesvík er tóft.

Lýsing

Tóftin snýr ANA-VSV og er 7x11m að utanmáli. Útlínur eru greinilegar en veggir til norðurs og norðausturs mjög lágir. Innra fyrirkomulag er illgreinanlegt en tóftin virðist tvískipt, minna hólf til ANA en stærra til VNV. Engar dyr eru greinanlegar. Veggir algrónir grasi og að nokkru þýfðir, 10-60sm háir og mest rúmlega metri á breidd.

Aðrar upplýsingar

Úr viðtali við Guðmund Sæmundsson frá Neðra-Haganesi 1998: „Það getur verið að það hafi verið tóftir sem Vatnsendahúsið var reist á, en tóftirnar sem eru á vatnsbakkanum mitt á milli Vatnsendahússins og Vatnshorns, þó öllu nær Vatnshorni, var mér sagt að væru af gamla Vatnsendabænum.“ (Munnleg heimild: Guðmundur Sæmundsson, 1998).

Neðra-Haganes – 1787 - 240

Hlutverk: Óþekkt

Tegund: Tóft

Hættumat: Mikil hætta. Fyrirhuguð lagnaleið liggur þétt upp við tóftina og hún því í mikilli hættu af þeim sökum. Lagt er til að línan verði færð lengra til austurs til að forða henni raski.

Staðhættir

Tæplega 40m norðvestur af íbúðarhúsinu Samtúni í Haganesvík og rúmlega 10m suðaustur af húsgrunni Möllershúss er tóft. Hún er um 15m austur af veginum.

Lýsing

Tóftin snýr nálega austur-vestur og er 3,5x5m að utanmáli. Hún er mögulega tvískipt, greinilegt hólf er til vesturs og dyr á því mótt norðri. Austur hluti tóftar er óljósari en þar gæti verið annað hólf. Veggir eru komnir í þúfur, 20-40sm háir og rétt rúmlega metri á breidd.

Minjar í Haganesvík, afritað úr skýrslu BSK 2015-153, en hættumat endurskoðað í tengslum við hitaveitu og sett inn ný númer á staðsettum minjum.

Haganesvík 1787 – 241 (eldra nr. Haganesvík-56-14754)

Sérheiti: Möllershús (nafnið er ekki upprunalegt en var síðar nefnt eftir kaupmanni sem þar bjó)

Hlutverk: Híbýli

Tegund: Steinsteypa, heimild

Hættumat: Engin hætta.

Staðhættir

Í örnefnaskrá segir: „Fyrir suðaustan Möllerstún stendur nú bústaður kaupfélagsstjórans, Samtún. Samtún er byggt á Kaupstaðarlóðinni, en svo nefnist spilda, sem keypt var undir kaupstað við Haganesvík.“ (Örnefnaskrá Haganess, 8). Á túnakorti af Neðra-Haganestúni frá 1918 er einnig uppráttur af minni túnspildu, líklega Möllerstúni. Þar er hús í vesturkanti túnsins.

Lýsing

Íbúðar- og verslunarhúsnaðið í Haganesvík brann 1933 en enn standa steinsteyptar tröppur sem lágu upp í íbúðarhluta hússins. Ljósmynd af húsinu fannst ekki. Fast sunnan við grunninn er annar grunnur, mögulega áfastur skúr.

Aðrar upplýsingar

Haganesvík kemur fyrir í manntölu 1901, 1910 og 1920 (sjá Manntalsvef Þjóðskjalasafns Íslands. www.manntal.is) og í fasteignamati frá 1917 eru talin eftirfarandi hús: a. Tvílyft timburhús með kjallara. Áfastur skúr. Notað til íbúðar og verslunar. b. Pakkhús úr timbri með járnþaki, 10x18al. c. Skúr úr timbri með járnþaki 18x31/2 al. d. Skemma úr timbri með járnþaki 12x5al.e. Skúr úr timbri með járnþaki 10x3 al. (Jarðavefur Þjóðskjalasafns Íslands www.handrit.is. Skoðaður þann 22.12.2014). Húsið var byggt af Einari Guðmundssyni, 1899 (Viðtal við Guðmund Sæmundsson frá Neðra-Haganesi (1998, 2004). Hjalti Pálsson tók viðtalið og skráði).

Neðra-Haganes 1787 – 242 (Eldra nr. Neðra-Haganes-24-14730)

Sérheiti: Neðra-Haganes

Hlutverk: Híbýli

Tegund: Dældir

Hættumat: Engin hætta

Staðhættir

Gamli bærinn í Neðra-Haganesi var austan við veginn út á Borgina, rúmlega 30m NNA af íbúðarhúsinu í Vík. Þar er smá hæð og á henni dældir.

Lýsing

Dældirnar eru 10-30sm djúpar og eru á svæði sem er um 12x14m að utanmáli. Þarna er nú slétt tún.

Aðrar upplýsingar

Í örnefnaskrá segir: „Bærinn í Neðra-Haganesi stóð á hæð rétt (beint) fyrir austan úti húsin, sem þar eru nú.“ (Örnefnaskrá Haganess, 7-8). Í fasteignamati frá 1917 segir: „Byggíng á jörðinni er í tvennu lagi, gamall torfbær, lélegur og á hinum parti timburhús sem ábúandinn á að öllu leyti smbr. fylgiskj. 39 (Jarðavefur Þjóðskjalasafns Íslands www.handrit.is. Skoðaður þann 22.12.2014). Úr viðtali við Guðmund Sæmundsson frá Neðra-Haganesi: „Smiðahúsið var syðst húsanna, smiðjan kom næst og þá bærinn. Smiðjan var sunnan við bæinn og sund á milli.“ Guðmundur sagði einnig frá því þegar grafið var í gamla bæjarstæðið: „Ég man að við komum niður á fornar hleðslur í grunninum og þar komu m.a. upp þrír kvarnarsteinar. Þeir hurfu síðan þegar ýtan var sett á þetta allt saman. Ekki vissi ég hvað bærinn hvar

gamall, en að stofni til áreiðanlega frá miðri 19. öld. Jón Guðmundsson bátasmiður hafði byggt hann. Síðar fluttir hann í Brúnastaði frekar en í Holt. Þessi bær hefur líklega síðar verið stækkaður til suðurs. Ég man að norðan við bæinn var gríðarlega stór öskuhaugur.“ (Munnleg heimild: Guðmundur Sæmundsson, 1998).

Haganes kemur fyrst fyrir í Guðmundar sögu Dýra. (*Sturlunga saga I*, bls. 203) Næst í rekaskrá Hólastaðar frá 1374 þar sem segir að biskupsstóllinn eigi með Ytra Haganesi öll reka gögn en hálf rekagögn fyrir Syðra Haganesi á móti kirkjunni. (Ísl. fornbr. Safn III, bls. 278) Jarðirnar eru ýmist kallaðar Neðra- og Efra, Syðra- og Neðra- eða Syðra- og Ytra- Haganes. Í einni heimild er líka getið um Minna Haganes (líklega er þá átt við Neðra-Haganes) (Sjá t.d. *Íslenzkt fornbréfasafn V*, bls. 38; *Íslenzkt fornbréfasafn IX*, bls. 303 og manntöl 1703 og 1880 á Manntalsvef [Þjóðskjalasafns Íslands](#)). Haganes jörðin var að fornu metin á 50 hundruð en eftir skiptingu var Efra-Haganes 30 hundruð en Neðra-Haganes 20 hundruð (*Jarða- og búendatal Skagafjarðasýslu 1785-1949. IV*, bls. 111; *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalín IX*, bls. 305-307). Í manntali 1880 er Efra-Haganes skráð sem heimajörðin en Neðri-Haganes hjáleiga (Manntalsvefur [Þjóðskjalasafns Íslands](#). www.manntal.is. Skoðaður þann 20.12.2014.) Í jarðabók frá 1709 segir að bænhús hafir verið í Neðra-Hagnesi að fornu „en af fallið fyrir manna minni.“ (*Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalín IX*, bls. 305).

Útræði hefur verið í Haganesvík frá fornu og var allmikil útgerð frá Neðra-Haganesi (*Jarða- og búendatal Skagafjarðasýslu 1785-1949. IV*, bls. 111-112). Í jarðabók frá 1709 segir að heimræði sé í Neðra-Haganesi árið um kring og lending góð. Inntökuskip voru þá tvö og guldu fyrir einn fisk af hvoru skipi. Þar eru tvær sjóbúðir nafngreindar, Hóll og Óverkustaðir en sagðar fallnar fyrir meira en 60 árum. Skreiðarskemma Hólastóls var í landi Neðra-Haganess og voru 20 álnir látnar falla niður af landskuld fyrir „átroðning og hestabœit af stólslestinni, sem sækir fisk að staðar skemmunni, sem hjer stendur allnærri bænum.“ (*Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalín IX*, bls. 305-306).

Frá því laust fyrir aldamótin 1900 voru tveir ábúendur en jörðin var óskipt þar til 1933 að henni var skipt til helminga og voru jarðarpertarnir nefndir Neðra-Haganes I og II sem einnig var nefnt Vík (*Jarða- og búendatal Skagafjarðasýslu 1785-1949. IV*, bls. 112). Vík kemur fyrst fyrir í manntali 1901 en þá bjuggu þar hjónin Þorsteinn Þorsteinsson og Guðlaug Baldvinsdóttir. (Manntalsvefur [Þjóðskjalasafns Íslands](#). www.manntal.is. Skoðaður þann 20.12.2014) Neðra-Haganes fór í eyði 1951 en heilsársbúseta var í Vík til ársins 2007 (*Jarða- og búendatal Skagafjarðasýslu 1785-1949. IV*, bls. 112; Munnleg heimild: Sigurhanna Ólafsdóttir, 2014).

Í jarðabók frá 1709 er getið um hjáleigur: „Haganesskot hafa heitið tvær hjáleigur hjer í túninu, sem af eru fallnar fyrir 60 árum, og vita menn ógjörla með hverjum kostum þær hafa bygðar verið, meina þó að xx álna landskuld væri á hverri en ekkert kúgildi. Ekki er og heldur víst hvað mikinn part að hjáleigan hvor hefur brúkað af túninu, og því vita menn ekki að segja, hvað þar hafi fóðrast. Ekki má þessar hjáleigur aftur byggja fyrir heyskaparleysi.“ (*Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalín IX*, bls. 306).

Neðra-Haganes – 1787 – 243 (Eldra nr.

Neðra-Haganes-25-14731)

Hlutverk: Fjárhús

Tegund: Hóll, dældir

Hættumat: Engin hætta

Staðhættir

Um það bil miðja vegu milli íbúðarhússins í Vík og sumarbústaðar í landi Neðra-Haganess er hóll í túni og á honum dældir.

Lýsing

Hóllinn er grasi grón og um 16x22m að utanmáli. Á honum og umhverfis hann eru dældir sem eru á bilinu 10-30sm djúpar, summar mikið grænni en umhverfið.

Aðrar upplýsingar

Í viðtali við Guðmund Sæmundsson frá

Neðra-Haganesi segir hann: „Fjárhúsin í Neðra-Haganesi [Hnit: Hjalti Pálsson. 66°04'745/19°07'784] voru á litlum hól beint austur af bænum í Vík sem nú er. Milli bæjar og fjárhúsa stóð oft tjörn á vorin og veturna og þar hafði ég skipaflota minn.“ (Munnleg heimild: Guðmundur Sæmundsson, 1998).



Mynd 130. Horft til norðvesturs. Fyrir miðri mynd sjást dökkgrænar dældir nr. 25 (1787-243). Í baksýn sést í geymsluskúr í Vík og hægra megin við hann stóð gamli bærinn í Neðra-Haganesi.

Neðra-Haganes – 1787 – 244 (Eldra nr. Neðra-Haganes-26)

Hlutverk: Óþekkt

Tegund: Dældir

Hættumat: Engin hætta

Staðhættir

Um það bil miðja vegu milli íbúðarhússins í Vík og sumarbústaðar í landi Neðra-Haganess er hóll í túni og á honum dældir (nr. 25). Norðan við hóllinn eru einnig dældir.

Lýsing

Norðan við hóllinn eru tvennar dældir 20sm djúpar og grasi grónar. Hlutverk er óvist en mögulega hafa verið þarna mannvirkni af einhverju tagi.



Mynd 131. Brunnurinn sem grafinn var heima við bæ í Vík. Lengst til hægri sést horn íbúðarhússins í Vík. Horft er til suðausturs.

Neðra-Haganes – 1787 – 245 (Eldra nr.

Neðra-Haganes-27)

Sérheiti: Vík

Hlutverk: Brunnur

Tegund: Brunnur, brunnhús

Hættumat: Engin hætta

Staðhættir

Úr viðtali við Guðmund Sæmundsson frá Neðra-Haganesi: „Þar sem staurarnir eru á sjávarbakkanum, kannski aðeins nær, var gerður brunnur. Þar þótti samt ekki nóg gott vatn og var þá grafinn annar heima við bæinn Vík (66°04'744/19°07'830).“ (Munnleg heimild: Guðmundur Sæmundsson, 1998).

Lýsing

Þarna er enn brunnur og brunnhús úr timbri.

Horfnar staðsettar minjar innan skráningarsvæðis í Haganessvík

Efra-Haganes 1787 – 246 (eldra nr. Efra-Haganes-10-14723)

Sérheiti: Vatn

Hlutverk: Híbýli

Tegund: Heimild

Staðhættir

Í örnefnaskrá segir: „Einnig var á Kaupstaðarlóðinni býlið Grund. Enn þá fyrr hét það þó Vatn. Það stóð rétt fyrir sunnan Vatnshorn.“ (Örnefnaskrá Haganess, 8).

Lýsing

Punktur var tekinn samkvæmt lýsingu heimildamanns en hnit sem tekin voru í vettvangsferð Hjalta Pálssonar með heimildamanni reyndust vitlaus og því má gera ráð fyrir allt að 50m skekkju.

Aðrar upplýsingar

Vatn er skráð í manntölu 1901 og 1910 (sjá Manntalsvef Þjóðskjalasafns Íslands. www.manntal.is). Í viðtali við Guðmund Sæmundsson frá Neðra-Haganesi segir hann: „Vatn (66°04'532/19°06'565). Það var komið í eyði er ég man eftir mér og stóðu rústirnar einar. (...) Gamli bærinn á Vatni var 35-40 metrum sunnan við Grund, á vatnsbakkanum þar. Torfveggir hans stóðu þangað til ýtan tók þá. (...) Guðmundur Pálsson segir að líkur bendi til að Vatn hafi verið áfast Grund (en það var stuttu sunnar.) Býlið var síðan kallað báðum nöfnum: Vatn og Grund. Það var kallað þannig báðum nöfnum, að Margrét var ýmist kennið við Vatn eða Grund. Aðalsteinn Stefánsson frá Sjöundastöðum bjó þarna mörg ár með Margréti, þangað til hún fluttist til Siglufjarðar.“ (Munnleg heimild: Guðmundur Sæmundsson, 1998).

Efra-Haganes 1787 – 247 (eldra nr. Efra-Haganes-11-14724)

Sérheiti: Grund

Hlutverk: Híbýli

Tegund: Heimild

Staðhættir

Í örnefnaskrá segir: „Einnig var á Kaupstaðarlóðinni býlið Grund. Enn þá fyrr hét það þó Vatn. Það stóð rétt fyrir sunnan Vatnshorn. Keldudrag, sem nú er hvorfið, skildi þar á milli. Þar, sem Grund stóð, er nú sumarbústaður, sem heldur Grundarnafninu.“ (Örnefnaskrá Haganess, 8).

Lýsing

Hnit voru tekin af loftmynd eftir lýsingu í örnefnaskrá, þar er nú sumarhús byggt 1930 (sjá Fasteignaskrá Þjóðskrár Íslands www.skra.is. Skoðað 28.01.15). Einhverjar leifar af þessu húsi gætu verið þarna í jörðu.

Aðrar upplýsingar

Í fasteignamati frá 1917 er Grund skráð sem þurragubúð úr timbri og torfi, 14x5 al. Eigandi og ábúandi var Jón Jónasson (Jarðavefur Þjóðskjalasafns Íslands www.handrit.is. Skoðaður þann 07.01.2015). Grund kemur fyrir í manntali 1920 (sjá Manntalsvef Þjóðskjalasafns Íslands. www.manntal.is).

Efra-Haganes 1787 – 248 (eldra nr. Efra-Haganes-12-14725)

Hlutverk: Brunnur

Tegund: Heimild

Staðhættir

Í viðtali við Guðmund Sæmundsson frá Neðra-Haganesi segir hann: „Það var brunnur við húsið í Grund en leiðindavatn í honum.“ (Munnleg heimild: Guðmundur Sæmundsson, 1998).

Lýsing

Punktur var tekinn samkvæmt lýsingu í örnefnaskrá og gera má ráð fyrir allt að 20m skekkju. Leifar af brunninum gætu verið í jörðu á þessum slóðum.

Efra-Haganes 1787 – 249 (eldra nr. Efra-Haganes-13-14726)

Sérheiti: Vatnshorn

Hlutverk: Híbýli

Tegund: Heimild

Hættumat: Hætta. Einhverjar leifar þessarar byggingar gætu verið undir sverði á þessum slóðum.

Staðhættir

Í örnefnaskrá segir: „Einnig var þar Vatnshorn, þurragubúðarbýli. Það var einnig nefnt Stikill. Það stóð rétt fyrir sunnan og neðan, þar sem Ungmennafélagshúsið er nú, alveg á bakka Hópvatnsins. Nú er þar raftækjageymsla, þar sem það var.“ (Örnefnaskrá Haganess, 8).

Lýsing

Hnit voru tekin af loftmynd eftir lýsingu heimildamanns.

Aðrar upplýsingar

Vatnshorn kemur fyrir í Manntali 1920 (sjá Manntalsvef Þjóðskjalasafns Íslands. www.manntal.is). Í viðtali við Guðmund Sæmundsson frá Neðra-Haganesi segir hann: „Vatnshorn var suður á vatnsbakkanum, timburhús með torfveggjum. (...) Grunnur bæjarins er rétt ofan við bárujárnhús á stöðunni (66°04'570/19°07'615). (...) Ég man fyrst eftir Vatnshornshúsinu með pappaklæddu þili sem sneri að vatninu. En það voru torfveggir bæði að norðan og sunnan, man ekki hvernig það var að austan.“ (Munnleg heimild: Guðmundur Sæmundsson).

Efra-Haganes 1787 – 250 (eldra nr. Efra-Haganes-14-14727)

Sérheiti: Vatnsendi

Hlutverk: Híbýli

Tegund: Heimild

Hættumat: Hætta. Einhverjar leifar þessarar byggingar gætu verið undir sverði á þessum slóðum.

Staðhættir

Úr viðtali við Guðmund Sæmundsson frá Neðra-Haganesi 1998: „Vatnsendahúsið var byggt 1934-1935 á grunni gamals torfbæjar, sem líka hét Vatnsendi. Það var byggt af Hólmfríði og Kristínu dóttur hennar og stendur enn. Þar var Stína Péturs með veitingarekstur. Þar var líka fyrsta pósthúsið sem ég man eftir í Haganessvík.“ Seinna í viðtalinni segir Guðmundur: „Það getur verið að það hafi verið tóftir sem Vatnsendahúsið var reist á, en tóftirnar sem eru á vatnsbakkanum mitt á milli Vatnsendahússins og

Vatnshorn, þó öllu nær Vatnshorni, var mér sagt að væru af gamla Vatnsendabænum.“ (Munnleg heimild: Guðmundur Sæmundsson, 1998).

Lýsing

Hús stendur nú þar sem gamli torfbærinn stóð áður byggt 1931. Hnit voru tekin af loftmynd samkvæmt lýsingum í heimildum. Hugsanlega eru einhverjar minjar þarna undir sverði.

Aðrar upplýsingar

Vatnsendi er skráð í manntöllum 1901 og 1910 (sjá Manntalsvef Þjóðskjalasafns Íslands. www.manntal.is). Í örnefnaskrá segir: „Innan téðrar Kaupstaðarlóðar er fyrst Samtún. Þá hús, sem heitir Vatnsendi, rétt fyrir sunnan veginn, sem nú er.“ (Örnefnaskrá Haganess, 8).

Efra-Haganes 1787 – 251 eldra nr. Efra-Haganes-15-14728)

Hlutverk: Lending

Tegund: Heimild

Hættumat: Engin hætta.

Staðhættir

Í örnefnaskrá segir: „Lendingin við Sandinn var rétt fyrir sunnan Selstein, rétt fyrir utan, þar sem kaupfélagshúsin standa nú.“ (Örnefnaskrá Haganess, 11).

Lýsing

Punktur var tekinn af loftmynd eftir lýsingu í örnefnaskrá.

Neðra-Haganes 1787 – 252 (eldra nr. Neðra-Haganes-37-14743)

Sérheiti: Vík

Hlutverk: Híbýli

Tegund: Heimild

Hættumat: Hætta. Búast má við að einhverjar minjar séu þarna undir sverði og er lagt til að reynt verði að fylgja lagnaleiðum að húsinu til að lágmarka rask.

Staðhættir

Í fasteignamati frá 1917 segir: „Byggíng á jörðinni er í tvennu lagi, gamall torfbær, lélegur og á hinum parti timburhús sem ábúandinn á að öllu leyti smbr. fylgiskj. 39 (Jarðavefur Þjóðskjalasafns Íslands www.handrit.is. Skoðaður þann 22.12.2014).

Lýsing

Húsið stóð á sama stað og íbúðarhúsið í Vík stendur núna. Það hús er merkt á túnakorti frá 1918.

Punktur var tekinn af loftmynd. Líklegt er að einhverjar minjar séu þarna undir sverði.

Neðra-Haganes 1787 – 253 (eldra nr. Neðra-Haganes-38-14744)**Sérheiti:** Vík**Hlutverk:** Híbýli**Tegund:** Heimild**Hættumat:** Engin hætta.**Staðhættir**

Á túnakorti frá 1918 er hús syðst í túninu og sunnan þess stór matjurtagarður, þarna var torfbær. Túnakortið var lagt yfir hnítsetta loftmynd og lendir þá húsið rúma 30m suður af íbúðarhúsinu í Vík.

Lýsing

Ekkert sést eftir af bænum en aðeins var búið í honum til 1924 samkvæmt heimildamanni. Hnit voru tekin af loftmynd og má gera ráð fyrir allt að 20m skekkju.

Aðrar upplýsingar

Úr viðtali við Guðmund Sæmundsson frá Neðra-Haganesi: „Hann reisti sér torfbæ (66°04'700/19°07'820) rétt utan við bryggjuna sem nú er, líklega um eða eftir 1895, en flutti úr honum 1924 er hann byggði íbúðarhús sem var rifið fyrir nokkrum árum. Það stóð nokkru norðar en torfbærinn.“ (Munnleg heimild: Guðmundur Sæmundsson, 1998).

Neðra-Haganes 1787 – 254 (eldra nr. Neðra-Haganes-39-14745)**Hlutverk:** Matjurtagarður**Tegund:** Heimild**Hættumat:** Engin hætta.**Staðhættir**

Á túnakorti frá 1918 er hús syðst í túninu, vestan götunnar og sunnan þess stór matjurtagarður.

Lýsing

Matjurtagarðurinn og torfbærinn eru nú horfin. Hnit voru tekin af túnakorti sem lagt er yfir hnitaða loftmynd. Matjurtgarðurinn og húsið hafa verið vestan við veginn um 30m sunnan við íbúðarhúsið í Vík. Gera má ráð fyrir allt að 10m skekkju.

Neðra-Haganes 1787 – 255 (eldra nr. Neðra-Haganes-40-14746)**Hlutverk:** Matjurtagarður**Tegund:** Heimild**Hættumat:** Engin hætta.**Staðhættir**

Á túnakorti er matjurtagarður sunnan við bæinn í Neðra-Haganesi.

Lýsing

Þarna hefur nú verið sléttar tún en dældir eru þar sem gamli bærinn stóð áður. Punktur var tekinn af loftmynd sem hnítsett túnakort hafði verið lagt yfir og gera má ráð fyrir allt að 10m skekkju.

Neðra-Haganes 1787 – 256 (eldra nr. Neðra-Haganes-44-14750)**Hlutverk:** Beitarhús**Tegund:** Heimild**Hættumat:** Hætta. Hugsanlega eru minjar undir sverði á þessum stað.**Staðhættir**

Í örnefnaskrá segir: „Skálinn var reistur á stökum hól, sem hét Sauðhúshóll. Á honum höfðu áður staðið um langan aldur sauðhús frá Efra-Haganesi. Norðan við Sauðhúshóll, er talið, að áður hafi staðið skreiðargeymsla Hólastóls ásamt fleiri verbúðum.“ (Örnefnaskrá, 15-16).

Lýsing

Beitarhúsin eru horfin en punktur var tekinn samkvæmt lýsingu í örnefnaskrá. Gera má ráð fyrir allt að 15m skekkju.

Neðra-Haganes 1787 – 257 (eldra nr. Neðra-Haganes-47-14753)**Hlutverk:** Smiðja**Tegund:** Heimild**Hættumat:** Engin hætta.**Staðhættir**

Í viðtali við Guðmund Sæmundsson frá Neðra-Haganesi, 1998 segir hann: „(...) en segja má, að 11 mánuði ársins var báturinn í gamalli smiðjutóft sunnan við túnið í Neðra-Haganesi, rétt um það bil þar sem bryggjan er núna, varinn svo miklu grjóti, að sá varla í hann.“ Hann segir jafnframt að Þorsteinn í Vík hafi hlaðið þessa smiðjutóft úr torfi því hann smíðaði úr járni (Munnleg heimild: Guðmundur Sæmundsson, 1998).

Lýsing

Hjalti Pálsson ritstjóri Byggðasögu Skagafjarðar tók umrætt viðtal við Guðmund og fór með honum á vettvang. Hann tók hnit á smiðjutóftinni samkvæmt lýsingu Guðmundar: Gera má ráð fyrir allt að 20m skekkju.

Haganesvík 1787 – 258 (eldra nr. Haganesvík-57-14755)**Hlutverk:** Matjurtagarður**Tegund:** Heimild**Hættumat:** Engin hætta.**Staðhættir**

Á túnakorti af Neðra-Haganestúni frá 1918 er einnig uppdráttur af minni túnspildu, líklega Möllerstúni. Þar er sýndur matjurtagarður vestan við túnið. Matjurtagarðurinn var um 20m vestur af veginum og um 25m norður af gamla pósthúsini.

Lýsing

Matjurtagarðurinn er horfinn og nú er fjara og búið að gera varnargarð þar sem að hann var áður. Gera má ráð fyrir allt að 30m skekkju.

Aðrar upplýsingar

Í viðtali sem tekið var við Guðmund Sæmundsson frá Neðra-Haganesi segir hann að kálgarður hafi verið norðan við hólinn þar sem hótelið stóð sem Einar á Hraunum hafi verið með (Munnleg heimild: Guðmundur Sæmundsson, 1998).

Haganesvík 1787 – 259 (eldra nr. Haganesvík-58-14756)**Hlutverk:** Þinghús

Tegund: Heimild

Hættumat: Hætta. Minjar kunna að vera undir sverði á þessum slóðum.

Staðhættir

Í örnefnaskrá segir: „Þinghús var byggt í Haganesi af Þorsteini Þorsteinssyni í Vík, langt eftir síðustu aldamót. Það var aðalsamkomuhús Vestur-Fljóta í mörg á, unz það tók af í stórbrimi haustið 1934. Það stóð u.b.b. þar sem suðurendi sláturhúss kaupfélagsins er nú.“ (Örnefnaskrá Haganess, 16).

Lýsing

Húsið skemmdist í miklu brimi 1934 og síðar var reist sláturhús á sömu lóð. Hnit voru tekin af loftmynd samkvæmt lýsingu Guðmundar Sæmundssonar. Gera má ráð fyrir allt að 20m skekkju.

Aðrar upplýsingar

Úr viðtali við Guðmund Sæmundsson frá Neðra-Haganesi 1998: „Þinghúsið var byggt upp úr aldamótum og stóð þar sem nú er sláturhús Samvinnufélagsins. Það gerði Þorsteinn í Vík, að einhverju leyti á vegum stúkunnar sem þar var. Það var reyndar aðal samkomuhúsið ef einhverjar skemmtanir voru, þó meira á sumrin því þetta var gegnkaldr timburuskúr. Séra Jónmundur var með sitt pöntunarfélag í þessu þinghúsi og einhverjum skúr við hliðina, en bæði þinghúsið og skúrinn fóru nokkurn veginn í flóðinu 1934. Skúrinn fór þá alveg en húsið skekktist og brotnaði og var ekki notað eftir það.“ (Munnleg heimild: Guðmundur Sæmundsson, 1998). Í fasteignamati frá 1917 er skráð nr. 41. Þinghús. Eigendur: Haganes og Holtshreppar. Timburhús með járnþaki 10x84 (Jarðavefur Þjóðskjalasafns Íslands www.handrit.is. Skoðaður þann 22.12.2014).

Haganesvík 1787 – 260 (eldra nr. Haganesvík-59-14757)

Hlutverk: Skúr

Tegund: Heimild

Hættumat: Hætta. Minjar kunna að vera undir sverði á þessum slóðum.

Staðhættir

Í viðtali við Guðmund Sæmundsson frá Neðra-Haganesi segir hann skúr hafa verið norðan við þinghúsið (Munnleg heimild: Guðmundur Sæmundsson, 1998).

Lýsing

Hnit voru tekin af loftmynd en gera má ráð fyrir allt að 20m skekkju.

Aðrar upplýsingar

Úr viðtali við Guðmund Sæmundsson frá Neðra-Haganesi 1998: „Séra Jónmundur var með sitt pöntunarfélag í þessu þinghúsi og einhverjum skúr við hliðina, en bæði þinghúsið og skúrinn fóru nokkurn veginn í flóðinu 1934. Skúrinn fór þá alveg en húsið skekktist og brotnaði og var ekki notað eftir það.“ (Munnleg heimild: Guðmundur Sæmundsson, 1998).

Haganesvík 1787 – 261 (eldra nr. Haganesvík-60-14758)

Hlutverk: Bryggja

Tegund: Heimild

Hættumat: Engin hætta.

Staðhættir

Í viðtali við Guðmund Sæmundsson frá Neðra-Haganesi segir hann fyrstu bryggjuna hafa verið byggð utan um Selsteininn. Það voru bryggjustaurar reknir niður og grjótfyllt ker, en gólfid fjarlægt yfir veturinn. Bryggjan skemmdist í ofsaveðri 1934 (Munnleg heimild: Guðmundur Sæmundsson, 1998).

Lýsing

Hnit voru tekinn af loftmynd út frá lýsingum heimildamanns.

Haganesvík 1787 – 262 (eldra nr. Haganesvík-61-14759)

Sérheiti: Pakkhúsið

Hlutverk: Pakkhús, skemma

Tegund: Heimild

Hættumat: **Hætta.** Minjar kunna að vera undir sverði á þessum slóðum.

Staðhættir

Úr viðtali við Guðmund Sæmundsson frá Neðra-Haganesi 1998: „Pakkhusið var norðan við Vatnsendahúsið, gatan á milli sem enn liggar þarna uppeftir. Þessu var öllu rótað til og bylt þegar Samtún var byggt norðan við veginn. (...) Húsasamstæða var sunnan við Möllershúsið, eiginlega samsíða hótelinu en dálítið bil á milli. Það var skemma áfost við pakkhús Gránufélagsins og svo var hliðarskúr, notuð sem saltgeymsla, við pakkhúsið líka ofan við það.“ (Munnleg heimild: Guðmundur Sæmundsson, 1998).

Lýsing

Punktur var tekinn samkvæmt lýsingu í heimild og út frá ljósmynd fá 1945, gera má gera ráð fyrir allt að 15m skekkju.

Aðrar upplýsingar

Í fasteignamati frá 1917 eru talin eftirfarandi hús: a. Tvílyft timburhús með kjallara. Áfastur skúr. Notað til íbúðar og verslunar. b. Pakkhús úr timbri með járnþaki, 10x18al. c. Skúr úr timbri með járnþaki 18x31/2 al. d. Skemma úr timbri með járnþaki 12x5al.e. Skúr úr timbri með járnþaki 10x3 al. (Jarðavefur Þjóðskjalasafns Íslands www.handrit.is. Skoðaður þann 22.12.2014).

Haganesvík 1787 – 263 (eldra nr. Haganesvík-62-14760)

Hlutverk: Niðursuðuverksmiðja

Tegund: Heimild

Hættumat: **Hætta.** Minjar kunna að vera undir sverði á þessum slóðum.

Staðhættir

Úr viðtali við Guðmund Sæmundsson frá Neðra-Haganesi 1998: „Pakkhusið var norðan við Vatnsendahúsið, gatan á milli sem enn liggar þarna uppeftir. Þessu var öllu rótað til og bylt þegar Samtún var byggt norðan við veginn. Undir vegarslóðinni heim að Samtúni voru tóftir af íshúsi, sem þarna var. Tekinn var í það klaki af vatninu og settur í húsið. Þarna var líka grunnur að torfhúsi þar sem Einar hafði haft niðursuðuverksmiðju sína sem hann stofnaði með Snorra Pálssyni. Þessi hús seldi Einar til Gránufélagsins ásamt öðru 1903.“ (Munnleg heimild: Guðmundur Sæmundsson, 1998).

Lýsing

Tóftirnar eru horfnar vegna framkvæmda en hnit voru tekin samkvæmt lýsingu í heimild en gera má ráð fyrir allt að 30m skekkju.

Aðrar upplýsingar

Í grein Sverris Páls Einarssonar í 7. bindi Skagfirðingabókar segir frá Niðursuðuverksmiðju: „Þó varð lítið úr framkvæmdum er til lengdar lét, og að Snorra látnum, árið 1883, var verksmiðjan flutt til Haganesvíkur, þar sem hún stóð að mestu ónotuð unz tímans tönn fékk henni grandað.“ (Skagfirðingabók 7, 147).

Haganesvík 1787 – 264 (eldra nr. Haganesvík-63-14761)

Hlutverk: Íshús

Tegund: Heimild

Hættumat: Hætta. Minjar kunna að vera undir sverði á þessum slóðum.

Staðhættir

Úr viðtali við Guðmund Sæmundsson frá Neðra-Haganesi 1998: „Pakkhusið var norðan við Vatnsendahúsið, gatan á milli sem enn liggur þarna uppeftir. Þessu var öllu rótað til og bylt þegar Samtún var byggt norðan við veginn. Undir vegarslóðinni heim að Samtúni voru tóftir af íshúsi, sem þarna var. Tekinn var í það klaki af vatninu og settur í húsið. Þarna var líka grunnur að torfhúsi þar sem Einar hafði haft niðursuðuverksmiðju sína sem hann stofnaði með Snorra Pálssyni. Þessi hús seldi Einar til Gránufélagsins ásamt öðru 1903.“ (Munnleg heimild: Guðmundur Sæmundsson, 1998).

Lýsing

Tóftirnar eru hornfar vegna framkvæmda en hnit voru tekin samkvæmt lýsingu í heimild en gera má ráð fyrir allt að 30m skekkju.

Aðrar upplýsingar

Í örnefnaskrá segir: „Rétt sunnan við gamla Gránufélagspakkhusið, sem enn stendur (þ.e. nefnt pakkhús í skránni) mátti sjá tóftarbrot af gömlu íshúsi, sem Þorsteinn í Vík lét byggja laust fyrir síðustu aldamót. Tekinn var ís af Bótinni og var hann blandaður með salti til að framkalla frystingu.“ (Örnefnaskrá Haganess, 16).

Horfnar/óstaðsettar minjar mögulega innan skráningarsvæðis í Haganesvík og nágrenni

Neðra-Haganes – 1787 – 307 (nr. Neðra-Haganes-50)

Hlutverk: Skemma

Tegund: Heimild

Staðhættir

Í Örnefnaskrá Haganess segir: „Norðan við Sauðhúshól, er talið, að áður hafi staðið skreiðargeymsla Hólastóls ásamt fleiri verbúðum.“ (Örnefnaskrá Haganess, 16). Guðmundur Sæmundsson segir að talið sé að skreiðarskemman hafi verið á sjálfum hólnum (Munnleg heimild: Guðmundur Sæmundsson).

Lýsing

Skemman er horfin og ekki er hægt að staðsetja hana með viðunandi nákvæmni út frá lýsingu í heimildum.

Aðrar upplýsingar

Í viðtali sagði Guðmundur Sæmundsson: „Talið er að fyrir tíma beitarhúsanna hafi staðið skreiðarskemma Hólastóls á þessum hól þar sem hótelid er núna. Það er trúlegt vegna þess að í flóðaöldunni sem kom 1934 og gekk upp í vatnið þá slapp hóllinn og þar höfðu menn hvolft bátum sínum. Þetta var talinn eini öruggi staðurinn fyrir brimi. (...) Sagt er að skemma Hólastóls hafi verið syðst í landi Neðra-Haganess en landamerkin eru einmitt við Selsteininn í fjörunni þarna rétt fyrir

sunnan og neðan. Pabbi sagði mér að þarna hefðu verið nokkuð háir sjávarbakkar í hans ungdæmi, þónokkuð vestur á sandinn og gróðurþorfa fyrir ofan.“ (Munnleg heimild: Guðmundur Sæmundsson, 1998).

Í jarðabók frá 1709 segir: „Landskuld betalast í landaurum nema ábúandi geti fisks aflað, þá er hann á skilinn; xx álnir falla niður fyrir átroðning og hestabéit af stólslestinni, sem sækir fisk að staðar skemmumni, sem hjer stendur allnærri bænum.“ (Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalín, 306).

Neðra-Haganes – 1787 – 308 (nr. Neðra-Haganes-53)

Sérheiti: Haganeskot

Hlutverk: Hjáleiga

Tegund: Heimild

Staðhættir

Í jarðabók frá 1709 er getið um hjáleigur: „Haganesskot hafa heitið tvær hjáleigur hjer í túninu, sem af eru fallnar fyrir 60 árum, og vita menn ógjörla með hverjum kostum þær hafa bygðar verið, meina þó að xx álna landskuld væri á hverri en ekkert kúgildi. Ekki er og heldur víst hvað mikinn part að hjáleigan hvor hefur brúkað af túninu, og því vita menn ekki að segja, hvað þar hafi fóðrast. Ekki má þessar hjáleigur aftur byggja fyrir heyskaparleysi.“ (Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalín, 306).

Lýsing

Ekki er vitað hvar hjáleigurnar voru.

Neðra-Haganes – 1787 – 309 (nr. Neðra-Haganes-54)

Sérheiti: Hóll

Hlutverk: Sjóbúð

Tegund: Heimild

Staðhættir

Í jarðabók frá 1709 segir: „Hóll og Óverkustaðir hafa hér heitið tvær sjóbúðir, sem af eru fallnar meir en fyrir 60 árum og galt hver búðarmaður búðarleigu til heimabóndans 20 álnir í fiski. Þessi hús má aftur upp byggja ef fólk til fengist.“ (*Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalín IX*, 306).

Lýsing

Ekki er vitað hvar sjóbúðirnar voru og engar sjóbúðaminjar fundust við vettvangsskráningu.

Neðra-Haganes – 1787 – 310 (nr. Neðra-Haganes-55)

Sérheiti: Óverkustaðir

Hlutverk: Sjóbúð

Tegund: Heimild

Staðhættir

Í jarðabók frá 1709 segir: „Hóll og Óverkustaðir hafa hér heitið tvær sjóbúðir, sem af eru fallnar meir en fyrir 60 árum og galt hver búðarmaður búðarleigu til heimabóndans 20 álnir í fiski. Þessi hús má aftur upp byggja ef fólk til fengist.“ (*Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalín IX*, 306).

Lýsing

Ekki er vitað hvar sjóbúðirnar voru og engar sjóbúðaminjar fundust við vettvangsskráningu.

Samantekt og tillögur að breytingum

Samantekt: Fyrirbarði að Ketilási

Fyrirbarð – Ekki er ástæða til að gera breytingar á lagnaleiðinni. Lagnaleiðin liggur norðan þjóðvegar í gegnum land Fyrirbarðs og eru einu minjarnar á þeiri leið garðlag á merkjum milli Fyrirbarðs og Gautlands. Óhjákvæmilegt er að fara yfir endann á garðlaginu, en það hefur nú þegar orðið fyrir raski vegna vegagerðar.

Gautland – Ekki er ástæða til að gera breytingar á lagnaleiðinni. **Fara þarf í gegnum enda á þegar röskuðu garðagi á merkjum Fyrirbarðs og Gautlands.** Þá voru skráðar tóftir norðan þjóðvegar og vestan heimreiðar heim að Gautlandi, þær reyndust hins vegar utan svæðis og ekki í neinni hættu.

Minni-Grindill – Gamla bæjarstæðið á Minni-Grindli er norðvestan við núverandi íbúðarhús og ekki í hættu vegna fyrirhugaðrar hitaveitulagningar. Neðan (norðan) vegar er stekkjaþóft innan skráningarsvæðis en ætti ekki að vera í hættu, **þá er garðlag neðan þjóðvegar, en hægt er að fara fram hjá því nær veginum og er lagt til að það verði gert.**

Stóri-Grindill - Gamla bæjarstæðið á Stóra-Grindli er ofan þjóðvegar en lagnaleiðin öll neðan vegar. **Krækja þarf fyrir garðlag vestarlega í landi jarðarinnar og færa lagnaleið nær veginum til að forða því raski.** Tvö garðstæði eru austast í landi jarðarinnar en bæði horfin á þeim kafla sem lagnaleiðin liggur og ekki ástæða til breytinga þar. **Hins vegar er gert ráð fyrir tengingu milli sumarbústaðanna, þeim austasta í landi Stóra-Grindils og þeim vestasta í landi Hamars, þar þarf að fara í gegnum stæðilegt garðlag á merkjum jarðanna ef þeir eiga að tengjast, en ákvörðun hafði ekki verið tekin um það þegar talað var við sumarbústaðareigendur.**

Hamar – Á milli austasta bústaðarins í landi Stóra-Grindils og þeim vestasta í landi Hamars er gert ráð fyrir tenginu og þarf þá að fara í gegnum stæðilegt garðlag á merkjum jarðanna ef þeir eiga að tengjast, en það lá ekki fyrir ákvörðun um það þegar rætt var við sumarbústaðaeigendur. Annað garðlag er í túninu suðaustan við austari bústaðinn í landi Hamars, það er þó ekki í hættu.

Engar minjar fundust á lagnaleiðinni frá Fljótaá að Ketilási.

Samantekt: Lambanes að Þrasastöðum

Lambanes - Í örnefnaskrá er talað um bænhús og að það hafi staðið á hæð fyrir utan eldra bæjarstæðið sem er í túninu neðan við núverandi íbúðarhús og yngra bæjarstæðið. Gamla bæjarstæðið og kirkjan/bænhúsið ættu því ekki að vera í neinni hættu vegna fyrirhugaðra framkvæmda, en búast má við að jarðlægar leifar yngri bæjarins séu á hlaðinu austan við núverandi íbúðarhús og gætu þær orðið fyrir raski vegna hitaveitunnar. Það er þó erfitt að koma í veg fyrir það eigi að leggja í húsið en gert er ráð fyrir að lögnin fari í svolítinn sveig austur fyrir bílastæðið svo raskið ætti að vera í lágmarki.

Brennistaðir – Endurskoða þarf lagnaleiðina við Brennistaði sem er gamalt eyðibýli suður af Lambanesi. Þar eru umfangsmiklar minjar, fleiri en ein kynslóð túngarða, bæjar og úthúsatóftir ofl. Fyrirhuguð lagnaleið liggur þvert í gegnum túnið og mikil hætta á að minjar verði fyrir raski. Lagt er til að línan verði færð til austurs og látin fylgja gamla veginum til að lágmarka rask á minjum.

Illugastaðir – Sumarbústaður byggður 1968 (samkv. skra.is) er ofan við veg og tveir bústaðir sunnar niður við Miklavatn, gert er ráð fyrir að hitaveit verði lögð í þá alla. Gamla bæjarstæðið er ofan vegar en það er talsvert norðaustur af áðurnefndum. Bústaðurinn ofan túns er á tóftalegum hól en engar heimildir eru þó um minjar á þeim stað og óvist að svo sé. Heimildir um Illugastaði eru til frá miðri 15. öld (Íslenskt Fornbréfasafn V, bls. 422) en búseta á jörðinni er að líkindum eldri.

Heimild er um tómthús eða húsmannsbýli í landi jarðarinnar á síðari helming 17. aldar (farið í eyði fyrir 1669) (JÁM IX, bls. bls. 336). Annað húsmannsbýli Vatnshús var í nyrsta túninu á Illugastöðum neðan vegar, á Vatnshúsvelli (Örnefnaskrá Illugastaða, bls. 2). Í örnefnaskrá er að auki nefnt býlið Ásendakot, þar segir: „Upp af Klauf eru svokölluð Ásendakot; þar var býli, segir í Jarðabók Á.M., en um 1700 er það komið í auðn.“ (bls. 4). Ásendakot er ekki undir færslu um Illugastaði í nefndri jarðabók, hugsanlega er það tilgreint með annarri jörð.

Hugsanlegar leifar Björnshúsa voru skráðar (1787-37) en eru ekki í neinni hættu. Vatnshús kann að hafa verið innan svæðis en það er óljóst, það hvarf við túnsléttun en einhverjar leifar þess gætu leynst undir sverði einhversstaðar á Vatnshúsvelli. Ásendakot er hins vegar langt utan svæðis, nánar má lesa um það í fornleifaskrá Fornleifastofnunar Íslands frá 2001 (Orri Vésteinsson 2001, bls. 74). Ekki var því ástæða til að leggja til breytingar á línunni fyrir þessa staði.

Hins vegar liggur línan eins og hún er teiknuð yfir hornið á matjurtagarði (1787-40) og er lagt til að hún verði færð nokkra metra til austurs nær veginum til að forða því raski og að það sama verði gert við túngarð (1787-32) og upphlaðinn veg (1787-33) nokkru norðar.

Brúnastaðir - Ekki er ástæða til að gera breytingar á lagnaleiðinni. Bæjarstæði Brúnastaða er ofan (austan) vegar á svipuðum slóðum og núverandi úthús, en tóftasvæði er suðvestan þess nokkru sunnan við íbúðarhúsið. Annað bæjarstæði, Brúnastaðakot er talsvert ofan við þetta bæjarstæði, en í örnefnaskrá segir að þar telji sumir að landnámsbærinn hafi staðið (Örnefnaskrá Brúnastaða, bls. 3). Þetta er allt utan svæðis og var ekki skráð.

Minna-Holt – Ekki er ástæða til að gera breytingar á lagnaleiðinni. Túngarður og nokkrar tóftir eru á svonefndu Ystagerði í landi Minna-Holts, lagnaleiðin liggur skammt vestan við hugsanlegt garðlag (vestur hluta túngarðsins) en aðrar minjar eru ekki í hættu. Óveruleg hleðsla (hugsanlega undan girðingu eða fráveitugarður) liggur til norðvesturs út frá Ystagerði og fer tengilögn að sumarhúsi yfir hann norðanverðan, en ekki er hægt að forða því.

Stóra-Holt – Íbúðarhúsið á Stóra-Holti er á gömlum bæjarhóli og við búið að minjar undir sverði séu í hættu við lagningu hitaveitunnar. Saga Stóra-Holts nær a.m.k. aftur til 13. aldar og því má búast við verulegum minjum undir sverði á og í nágrenni gamla bæjarhólsins. Ekki er þó sýnt að önnur leið sé betri en sú sem fyrirhuguð er. Lagnaleiðin milli íbúðarhússins og úтиhúsanna liggur meðfram vegi og fer að hluta yfir kirkjugarð sunnan íbúðarhússins. **Lagt var til að línan yrði færð til austurs til að forða honum raski.** Þá er heimild um kirkju á sama stað og úтиhúsin áður nefndu og mögulega annan kirkjugarð norðan þeirra. Leifar kirkjunnar hafa að líkindum horfið með öllu við nýbygginguna en óvist hvort einhverjar jarðlægar minjar séu norðan húsanna. Ónákvæmni þessara upplýsinga gerir það að verkum að ekki var hægt að leggja til aðra aðkomu að úтиhúsunum.

Helgustaðir – Ekki er ástæða til að gera breytingar á lagnaleiðinni. Núverandi íbúðarhús á Helgustöðum er á gamla bæjarhlónum og gera má ráð fyrir að þar séu minjar undir sverði. Saga Helgustaða nær a.m.k. aftur til 16. aldar hugsanlega lengra. Lagnaleiðin liggur þétt upp að suðurgaflí hússins og meðfram því að austan, þar sem þegar er búið að hreyfa við jarðvegi og er rask á hugsanlegum jarðlægum minjum því í lágmarki.

Saurbær – Ekki er ástæða til að gera breytingar á lagnaleiðinni. **Fjöldi minja er í grennd við lagnaleiðina í landi Saurbæjar auk þess sem íbúðarhúsið er nyrst á gamla bæjarhlónum og viðbúið að minjar undir sverði séu þar í hættu.** Saga Saurbæjar nær a.m.k. aftur til miðrar 14. aldar mögulega lengra og því umtalsverðra minja að vænta undir sverði. Ekki verður þó séð að önnur leið sé betri að húsinu. Norður í Saurbæjarflóa er farið í gegnum tvö sokkin garðlög, líklega gamla túngarða, en að auki liggur lagnaleiðin þar nærrí nokkrum mótoftum og mógröfum án þess að fara í gegnum neina þeirra. Ekki voru lagðar til breytingar á þessari leið, þrátt fyrir það, enda hefðu þá aðrar minjar verið í hættu.

Bjarnargil - Ekki er ástæða til að gera breytingar á lagnaleiðinni. Engar þekktar minjar eru í lagnaleiðinni í landi Bjarnargils. Bæjarstæðið er norðan íbúðarhúss í jaðri skráningarsvæðisins en tóftir eru einnig ofan bæjar utan svæðis.

Molastaðir – Ekki er ástæða til að gera breytingar á lagnaleiðinni. Gamli bærinn á Molastöðum stóð þar sem eru skemma og úтиhús um 50m sunnan við núverandi íbúðarhús. Lagnaleiðin liggur austan við bæjarstæðið og það ætti því ekki að vera í hættu. Svonefnur Jónsvöllur og Syðragerði voru sunnan við bæ og voru gamlar rústir á báðum stöðum árið 1938 (sbr. örnefnaskrá Margeirs Jónssonar) en búið að sléttu úr þeim fyrir 1976 (sbr. örnefnaskrá Kristjáns Eiríkssonar). Nákvæm staðsetning liggur ekki fyrir og því ekki hægt að taka afstöðu til þessara staða.

Reykjarhóll – Ekki er ástæða til að gera breytingar á lagnaleiðinni. Lagnaleiðin í gegnum land Reykjarhóls liggur að mestu um slétt tún í dag, talsvert fyrir neðan bæ og ekki er ráðgert að leggja hitaveitu heim að bænum. Engar sýnilegar minjar fundust á lagnaleiðinni og engar minjar eru nefndar á þeirri leið í örnefnaskrám jarðarinnar.

Hólar/Hólavellir/Hólakot – Lagnaleiðin í landi Hóla (Hólagerðis og Hólakots) liggur nálægt allmögum minjum, einkum mógröfum og mótoftum en fer í að auki í gegnum leifar af tóft eða garðlagi (1787-90) sem þegar hefur orðið fyrir miklu raski af völdum vegagerðar. Lagt er til að línan verði færð ögn til að forða því frekara raski.

Gil – Engar minjar fundust á lagnaleiðinni í gegnum land Gils og engar minjar voru tilgreindar á svæðinu í örnefnaskrám.

Hvammur – Ekki er ástæða til að gera breytingar á lagnaleiðinni. Núverandi íbúðarhús í Hvammi er á gömlum bæjarhló. Elsta heimild um Hvamm er í Sturlungu og nær saga bæjarins því a.m.k. aftur til 13. aldar. Þar var bænhús og líkur á að þar hafi verið heimiliskirkjugarður frá fyrstu tíð, en kirkjur og kirkjugarðar voru gjarnan mjög nærrí bæjum. Ekki er hægt að fullyrða að kirkjugarður sé í hættu en engu að síður má gera ráð fyrir margra alda uppsöfnun mannvistarlaga í bæjarhlónum sem er hætt við að verði fyrir raski við lagningu hitaveitunnar. Ekki er sýnt að önnur leið sé betri að húsinu en sú sem er fyrirhuguð.

Syðst í landi Hvamms ofan þjóðvegarins þar sem hann liggur niður við Stífluvatn eru tóftir beitarhúsa en líka nokkrar fornlegar tóftir. Þetta er norðan lækjar gengt fornþýlinu Húnss töðum í landi Knappsstaða sem búið er að sléttu í tún. Lagnaleiðin fer neðan við þennan hól og minjarnar ekki í hættu.

Bakki - Ekki er ástæða til að gera breytingar á lagnaleiðinni. Bæjarhóll Bakka er nálægt lagnaleið en ætti þó ekki að verða fyrir raski að óbreyttu. Hins vegar er garðlag sem liggur austur-vestur norðan við Bakka og Stífluhólana í ákveðinni hættu, lagnaleiðin er hins vegar teiknuð þar sem garðlagið hefur nú þegar orðið fyrir raski og ekki völ á betri leið þar í gegn. Mó- eða torfgrafir eru austan við bæjarstæði Bakka, nærrí lagnaleið en þó ekki í hættu.

Húnssstaðir – Ekki er ástæða til að gera breytingar á lagnaleiðinni. Nyrst í landi Knappsstaða og syðst í landi Hvamms var býlið Húnssstaðir en búið er að sléttu stærstan hluta þess í tún, þær tóftir voru hins vegar í jaðri skráningarsvæðisins og ættu jarðlægar minjar þess því ekki að vera í hættu vegna hitaveitulagningar. Tóftir eru enn norðan lækjar sem samkvæmt landamerkjáþekju Nytjalands er í landi Hvamms, það virðist þó áður hafa verið hluti af Húnssstaðalandi. Í jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalín frá 1709, eru Húnssstaðir sagðir hafa byggst fyrir manna minni, en hafði þá nýlega farið í eyði. Jörðin byggðist upp aftur um miðja 19. öld og var í byggð fram um miðja 20. öld.

Knappsstaðir - Kirkjur voru oft á bæjarhláðið eða fast við bæi og ekki óþekkt að þær hafi færst eitthvað til í aldanna rás. Vegna langrar kirkjusögu á Knappsstöðum má því gera ráð fyrir leifum fjolda kirkjubygginga í nágrenni númerandi kirkju og jafnvel á bæjarstæðinu. Engar sýnilegar minjar um eldri kirkjur eru þó á vettvangi og verður ekki fullyrt um það án rannsóknar. Þá er sömuleiðis hugsanlegt að kirkjugarðurinn hafi færst eitthvað til í tímans rás og ekki útilokað að grafir geti verið að finna utan marka númerandi kirkjugarðs.

Skurður var skoðaður á bæjarhláði Knappsstaða sem og sunnar í túninu, merki um mannvist fundust undir Heklugjóskunni frá 1104 (H-1104) og nokkru ofan við landnámslagið (AD874+-2) eða landnámssyrruna svonefndu (AD940) en ekki var unnt að greina á milli um hvora gjóskuna var að ræða. Byggingaleifar fundust einnig í bæjarhlónum en þær voru frá því eftir 1300 (sjá viðauka við skýrslu).

Melbreið – Lagnaleiðin um land Melbreiðar liggur ofan við bæjarstæði jarðarinnar í jaðri rústasvæðis útihúsa. Lagnaleiðin var færð örliðtið neðar til að forða sýnilegum rústum raski. Skurðurinn í nýju

lagnalínunni var skoðaður, þar fannst m.a. mannvist undir Heklugjósnu frá 1104, eldstæði frá því einhvern tíma milli 1300 og 1766 og yngri byggðaleifar.

Nefstaðir og Nefstaðakot – Ekki er ástæða til að gera breytingar á lagnaleiðinni. Gamla bæjarstæði Nefstaða (fór í eyði 1911) er neðan þjóðvegar í dag sem og Nefstaðakots sem var endurnefnt Nefstaðir árið 1948 og fór í eyði um 1960. Svonefnt Lambhúsgerði var ofan végars og sést þar hringlaga gerði og a.m.k. ein tóft innan garðs á gamalli loftmynd, þar er slétt tún í dag og engar minjar sýnilegar á yfirborði. Hins vegar eru enn tóftir og túngarður á svonefndu Hákonargerði sunnar í landi Nefstaða og fer lagnaleiðin þar í gegn á svæði sem þegar er búið að raska með vegagerð. Engar sýnilegar tóftir ættu að verða fyrir raski.

Lundur – Lagnaleiðin í landi Lundar og Depla tók talsverðum breytingum frá því sem lagt var upp með þegar farið var á vettvang. Þá var stefnt á að lagnaleiðin lægi til NNV frá hótelinu yfir túnin með stefnu á íbúðarhúsið á Lundi, seinna var ákvæðið að færa línum upp að veginum og upp fyrir veginn í landi Lundar. Þessi leið var ekki skoðuð í upphaflegu vettvangsferðinni en þarna var farið um slétt tún eða í vegkanti og reyndust engar minjar í hættu á þessu svæði í landi Lundar. Hins vegar er íbúðarhúsið á Lundi á gömlu bæjarstæði eftir því sem næst verður komist. Smá hleðsla er sýnileg sunnan hússins sem er ekki í hættu en minjar undir sverði gætu þó orðið fyrir raski á bæjarstæðinu. Tvær aðrar minjar voru innan svæðis en ættu ekki að verða fyrir raski.

Deplar – Lagnaleiðin í landi Lundar og Depla tók talsverðum breytingum frá því sem lagt var upp með þegar farið var á vettvang. Þá var stefnt á að lagnaleiðin lægi til NNV frá hótelinu yfir túnin með stefnu á íbúðarhúsið á Lundi, seinna var ákvæðið að færa línum upp að veginum og upp fyrir veginn í landi Lundar. Þessi leið var ekki skoðuð í upphaflegu vettvangsferðinni en þarna var farið um slétt tún eða í vegkanti og reyndust engar minjar í hættu á þessu svæði í landi Depla, hins vegar er jarðbrú sem þjóðsaga er tengd að öllum líkindum inn á skráningarsvæðinu.

Þrasastaðir – Ekki er ástæða til að gera breytingar á lagnaleiðinni. Núverandi íbúðarhús á Þrasastöðum er byggt 1909 og stendur ekki á gömlum bæjarhóli, gamla bæjarstæðið er ofan végars og annað enn eldra bæjarstæði nokkru norðar (samkv. samtali við Jón E. Númason á Þrasastöðum). Engar sýnilegar minjar eða heimildir um minjar voru á lagnaleiðinni í landi Þrasastaða að undanskildum landamerkjagarðinum milli Depla og Þrasastaða. Línan milli bæjanna liggur öll um slétt tún og eru mógrafir nyrst í landi Þrasastaða rétt fyrir utan skráningarsvæðið.

Samantekt: Vestan Fljótaár, Stóra-Þverá að Stóru-Brekku

Stóra-Þverá – Ekki er ástæða til að gera breytingar á lagnaleiðinni. Núverandi íbúðarhús á Stóru-Þverá stendur á gamla bæjarstæðinu og eru minjar undir sverði þar í hættu. Elsta heimild um jörðina er frá upphafi 16. aldar en líklegt er að saga búsetu þar nái lengra aftur. Bænhús var á Þverá en miðað við lýsingar ætti það ekki að vera í hættu. Lagnaleiðin liggur annars um slétt tún og könnuðust ábúendur ekki við að neinar minjar gætu verið á þeirri leið.

Bergland (Berghylur) – Ekki er ástæða til að gera breytingar á lagnaleiðinni. Íbúðarhúsið á Berglandi er byggt árið 1969 og þeirri jörð skipt úr landi Berghyls. Bergland er nýbýli en gamla bæjarstæði

Berghyls er ofan Þjóðvegar og utan svæðis. Lagnaleiðin er öll í sléttum túnum í landi Berglands og engar heimildir um minjar á skráningarsvæðinu. Í örnefnaskrá Margeirs Jónssonar fyrir Berghyl segir: „Fyrir norðan túnið niður að á kallast Nes; í því er Ólafskofagerði; þar eru einnig tóttir, sem talið er, að hafi verið býli einhvern tíma og hét Bakki.“ (Bls. 1). Í umfjöllun um Berghyl í jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalín er hvorki minnst á Ólafskofagerði né Bakka (IX, bls. 313). En miðað við lýsinguna er þetta í landi Berglands í dag, mögulega á svæðinu austan við íbúðarhúsið, en það var ekki skoðað á vettvangi þar sem það er utan lagnaleiðar.

Minni-Brekka – Ekki er ástæða til að gera breytingar á lagnaleiðinni. Núverandi íbúðarhús á Minni-Brekku er á gamla bæjarstæðinu. Engar minjar eru sýnilegar á yfirborðinu en búast má við að minjar undir sverði geti orðið fyrir raski. Ekki verður hins vegar sýnt að önnur leið sé betri að húsinu. Þá eru leifar fjárhúsa á svolitlum hól í túnjaðri neðan við bæ, en þær eru í jaðri skráningarsvæðisins og ættu ekki að vera í neinni hættu. Hins vegar er farið í gegnum garðlag sem skilur að tún Minni-Brekku og Stóru-Brekku skammt neðan við veginn milli bæjanna en einnig er farið í gegnum garðstæðið nokkru neðar, en á þeim kafla sést garðurinn ekki.

Stóra-Brekka – Ekki er ástæða til að gera breytingar á lagnaleiðinni. Gamla bæjarstæðið á Stóru-Brekku er rétt suðaustan við núverandi fjós og er innan skráningarsvæðis. Óvist er hver mikið af bæjarhólnum hefur orðið fyrir raski af völdum fjósbyggingarinnar en núverandi lagnaleið liggur eftir því sem næst verður komist austan við bæjarhólinn og ætti ekki að valda raski á honum. Annarsstaðar er lagnaleiðin í túni og ekki vitað um aðrar minjar en áður nefnt garðlag millli Minni- og Stóru-Brekku í lagnaleiðinni.

Samantekt: Flókalur, Neskot að Móskógunum

Neskot – Ekki er ástæða til að gera breytingar á lagnaleiðinni. Núverandi íbúðarhús á Neskoti er ekki á gamla bæjarstæðinu. Gamla bæjarstæðið er tæpa 200m norðaustur af íbúðarhúsinu og í jaðri skráningarsvæðis og ekki í hættu vegna framkvæmda. Hugsanleg tóft er sunnan bæjarlækjar og neðan gamla vegarins suðvestur af gamla bæjarstæðinu en hún ætti ekki að verða fyrir raski, né heldur önnur tóft ofar í brekkunni þar sem lagnaleiðin liggur á milli þeirra í hæfilegri fjarlægð. Afar óljóst hugsanlegt garðlag er undir girðingunni á milli Neskots og Ness, en hugsanlega eru það leifar hleðslu undan girðingu frekar en eiginlegs merkjagarðs.

Nes - Ekki er ástæða til að gera breytingar á lagnaleiðinni. Núverandi íbúðarhús er ekki á gamla bæjarstæðinu, það er talsvert austar og er í jaðri skráningarsvæðisins og ekki í hættu. Lagnaleiðin sunnan Nesár þræðir á milli nokkurra tófta en engin þeirra er svo nálægt að veruleg hætta sé af. Engu að síður þarf að gæta varúðar þegar farið er með stórvirkar vélar um svæðið til að valda ekki raski á minjum. Hálfkirkja var í Nesi en óvist hvar hún hefur verið en Páll Gunnlaugsson sem var bóndi í Nesi taldi að það hefði verið þar sem íbúðarhúsið er nú, engin bein komu hins vegar upp þegar grafið var fyrir grunni hússins. Telja má næsta víst að kirkjugarður hafi verið við kirkjuna og því er líklegra að hennar sé að leyta annarsstaðar.

Sigríðarstaðir – Ekki er ástæða til að gera breytingar á lagnaleiðinni. Núverandi íbúðarhús er á gamla bæjarstæðinu, gert er ráð fyrir að tengt verði inn í húsið í gegnum úthús og miðað við teikningu af fyrirhugaðri lagnaleið þá fer hún ekki í gegnum gamla bæjarhólinn. Nokkur fjöldi minja, tóftir, garðlög

og mógrafir eru syðst í landi jarðarinnar og þræðir lagnaleiðin á milli þeirra en fer ekki yfir neina þeirra. Hluti þeirra telst þó í hættu vegna nálægðar við lagnaleiðina en ættu ekki að verða fyrir raski ef fyrirhugaðri leið er fylgt. Norðan við bæ liggur línuleiðin skammt neðan við fjárhússtæði búið er að jafna út en örugglega eru þar einhverjar minjar undir sverði, þær ættu þó ekki að verða fyrir raski. Mógrafarsvæði norður af fjárhússtæðinu sem er komið í tún og ekki ástæða til að taka tillit til þess, sömuleiðis er búið grafa skurð á merkjum þar sem landamerkjagarður var áður og engar minjar þar í hættu.

Austari-Hóll – Ekki er ástæða til að gera breytingar á lagnaleiðinni. Tóftaleifar eru á litlum hól niður við Flókaldalsá um 30m norður af lagnaleiðinni, ekki í hættu. Núverandi íbúðarhús er ekki á gamla bæjarstæðinu og engar sýnilegar minjar á skráningarsvæðinu.

Vestari-Hóll – Engar þekktar eða sýnilegar minjar eru í fyrirhugaðri lagnaleið og ekki er ástæða til að gera breytingar á henni. Gamla bæjarstæðið er ofan við fjárhúsin og utan svæðis, tóftaleg þúst er sunnan núverandi fjárhúsa en ekki í hættu. Þá er álagabrekka framan við íbúðarhúsið, þjóðsagnastaður, ekki í hættu. Garðlag var á merkjum milli Sigríðarstaða og Vestari-Hóls, þar er nú skurður og engar minjar í hættu.

Steinhóll – Ekki er ástæða til að gera breytingar á lagnaleiðinni. Gamli bærinn á Steinhóli stóð ofan við norðara íbúðarhúsið, en þó er ekki útilokað að einhverjar minjar séu undir sverði austan núverandi húss sem gætu orðið fyrir raski. Það er þó ekki önnur leið betri að húsinu.

Sjöundastaðir – Íbúðarhúsið á Sjöundastöðum er á gamla bæjarstæðinu, og má gera ráð fyrir að heimtaugin valdi raski á jarðlægum minjum, hins vegar er ekki sýnt að önnur leið sé betri að húsinu. Uppistandandi bænhús var á jörðinni um miðja 15. öld og líklegt að þar hafi áður verið kirkja og kirkjugarður á eða við bæjarstæðið. Aðallögnin liggur austan við bæ og eru engar sýnilegar minjar í lagnaleiðinni, hins vegar er stök tóft um 15m austan við leiðina út við læk. Hún ætti þó ekki að verða fyrir raski ef línumni er haldið. Norðarlega í landi jarðarinnar er farið í gegnum garðlag sem liggur upp hlíðina en það er óhákvæmileg og ekki önnur leið betri. Þá eru tvennar útihúsatóftir enn norðar innan skráningarsvæðis og er önnur þeirra í jaðri svæðisins en hin í um 15m fjarlægð frá línuleiðinni, hvorug þeirra ætti að verða fyrir raski.

Syðsti-Mór – Um 400m sunnan við bæ á Syðsta-Mó er tóft í miðri lagnaleiðinni, rétt ofan við veginn. Lagt er til að línan verði færð til svo hún verði ekki fyrir raski og ætti að vera auðvelt að færa hana svoltíð lengra til vesturs. Bæjarstæðið á Syðsta-Mó er nokkra tugi metra ofan (vestan) við núverandi íbúðarhús og ekki í hættu. Milli Syðsta-Mós og Mið-Mós er forn landamerkjagarður ofan vegar en þegar er búið að raska honum þar sem fara þarf í gegn með hitaveituna og því ekki annar staður betri fyrir línuna.

Mið-Mór – Bæjarstæðið á Mið-Mó er vel fyrir utan skráningarsvæðið um 100m ofan (vestan) við núverandi íbúðarhús og ekki hættu vegna framkvæmdanna.

Ysti-Mór – Ástæða er til að endurskoða lagnaleiðina heima við bæ á Ysta-Mói. Eins og línan er teiknuð er aðallögnin lögð austan við bæ og greinist á bæjarhlaðinu í þrjár áttir, heimtaug inn í hús til vesturs,

önnur til norðvesturs í átt að Móskóum og þriðja til norðausturs að sumarhúsi í landi Ysta-Mós. Petta er eins mikið rask og hugsast getur á bæjarhlaðinu og nauðsynlegt að endurskoða.

Móskógar – Gamla bæjarstæðið á Móskóum er utan svæðis og ekki í hættu. Hins vegar eru nokkrar minjar í nálægð við fyrirhugaða lagnaleið sem taka þarf tillit til. **Forn réttar tóft** er í um 8m fjarlægð frá línuleiðinni syðst í landi jarðarinnar og þarf að fara með gát til að hún verði ekki fyrir raski við umferð um svæðið. Þá er farið yfir gamalt garðlag meðfram veginum ofan við neðsta sumarbústaðinn en hann hefur þegar orðið fyrir raski á þeim stað og ekki annar staður betri þar í gegn. Hins vegar þarf að fara með gát þar sem farið er framhjá túngarðinum í suðvesturhorni gamla túnsins en þar er farið um mjótt bil milli túngarðsins og girðingar umhverfis miðju bústaðinn. Þá er líklegt að minjar séu undir sverði við suðausturhorn girðingarinnar umhverfis efsta bústaðinn sem þarf að passa uppá að ekki verði farið í gegnum ef lagnaleiðinni verður breytt. Eins og hún er í dag er farið í gegnum þykkan trjágróður suður af bústaðnum og líklegt að línan verði færð til austurs þar sem auðveldara er að komast að bústaðnum.

Samantekt: Akrar að Haganesvík

Akrar – Norðvestast í landi Akra eru mógrafir í grónum hvammi niður við Fljótá og a.m.k tvær mótóftir norðan þeirra. Þessar minjar voru ekki inn á upphaflegu skráningarsvæði og voru ekki skoðaðar á vettvangi. Þær ættu þó ekki að verða fyrir raski miðað við nýja lagnaleið.

Langhús – Mógrafrir og a.m.k. tvær mótóftir eru sunnan vegar sunnan við borholuna í landi Langhúsa. Upphafleg lagnaleið lá í gegnum mógrafrirnar en var færð til norðurs til að forða þeim raski og mótóftirnar ættu ekki heldur að verða fyrir raski. Norðan vegar er kofatóft í jaðri skráningarsvæðisins ekki í hættu. Gamli bæjarhóllinn á Langhúsum er suðvestan við núverandi íbúðarhús og fer lögnin neðan og norðan við bæjarhóllinn og eru minjar á honum ekki í hættu. Norðarlega í landi Langhúsa er mjög fornleg rétt skammt austan við lagnaleiðina, hún ætti hins vegar ekki að verða fyrir raski ef aðgát er höfð. Þá er garðlag á merkjum Langhúsa og Efra-Haganes vestan lagnaleiðar ekki í hættu en búið er að grafa skurð þar sem það lá áður í lagnaleiðinni.

Haganesbærir og Haganesvík – Bæjarhóllinn á Efra-Haganesi er á sama stað og fjárhúsin í dag og var síðasti torfbærinn norðvestan við þau. Þá var steypit íbúðarhús áður á milli hólsins og núverandi húss. Hvorugt í hættu vegna hitaveitulagningar. Talsvert er af minjum í landi Haganessjarðanna sem hitaveitulagning þræðir að mestu leyti framhjá miðað við fyrirhugaða lagnaleið. **Hins vegar** er farið í gegnum túngarðinn á Efra-Haganesi en þar verður gamla veginum fylgt til að lágmarka rask. Þá verður farið nálægt fornlegu garðlagi austan við bústaðinn Birkilund, norðan Efra-Haganess, en þar á leiðin að færast nær veginum þar sem garðlagið er þegar raskað. Norðaustast í túninu á Efra-Haganesi eru tóftalegar dældir ofarlega í túninu hugsanlega leifar úтиhúss sem er á túnakorti frá 1918. Lagt er til að sveigt verði framhjá þessum dældum. Þá þarf að færa línuna til að forða hesthústóft raski norðaustan við Birkilund og sveygja fram hjá lítilli tóft í túnblettinum norðvestan við bústaðinn Samtún.

Heimildaskrá

Guðni Jónsson (ritstjóri). (1946). *Íslendinga Sögur I. Bindi. Landssaga og Landnám.* Reykjavík: Íslendingasagnaútgáfan.

Guðný Zoëga (2014). "Early church organization of Skagafjörður, North Iceland. The results of the Skagafjörður Church Project." In *Collegium Medievale*, 27, 23-62.

Guðný Zoëga (2010). *Skagfirska kirkjurannsóknin framvinduskýrsla 2010.* Byggðasafn Skagfirðinga, rannsóknarskýrslur 2010/111.

Íslensk Fornbréfasafn (Diplomatarium Islandicum)þ Bindi I-XVI. Reykavík og Kaupmannahöfn: Hið íslenzka bókmenntafélag. 1857-1972.

Sturlunga Saga. Fyrra bindi. Jón Jóhannesson o.fl. sáu um útgáfu. Sturlunguútgáfan. Reykjavík, 1946.

Orri Vésteinsson (2001). *Fornleifakönnun – Jarðgöng milli Ólafsfjarðar og Siglufjarðar.* FS141-01061. Reykjavík: Fornleifastofnun Íslands.

Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalín, IX. Skagafjarðarsýsla (1930). Kaupmannahöfn: Hið íslenska fræðafjelag í Kaupmannahöfn.

J. Johnsen (1847). *Jarðatal á Íslandi, með brauðalýsingum, fólkstölu í hreppum og prestaköllum, ágripi úr búnaðartöflum 1835-1845, og skýrslum um sölu þjóðjarða á landinu.* Kaupmannahöfn: J. Johnsen assessori í Landsyfирéttinum.

Jarða- og búendatal í Skagafjarðarsýslu 1781-1958 (1949-1959). Ásamt skrá yfir opinbera starfsmenn o. fl. 1700-1958 IV [Skagfirska fræði XI] [án útgáfust.].

Björn Lárusson (1967). *The Old Icelandic Land Registers.* Lund: Institute of Economic History, Lund University.

Ný jarðabók fyrir Ísland, samin eptir tilskupun 27. Maímaðar 1848 og allra mildilegast staðfest með tilskupun 1. Aprílímáðar 1861. Kaupmannahöfn: Jarðabókaútgáfan.

Aðrar heimildir

Minni-Grindill – Örnefnaskrá (1972). Skrásetjari Kristján Eiríksson. Heimildamaður Sveinn Þorsteinsson (f. 1911). Reykjavík: Örnefnastofnun Íslands.

Stóri-Grindill – Örnefnaskrá (1972). Skrásetjari Kristján Eiríksson. Heimildamaður Sveinn Þorsteinsson (f. 1911). Reykjavík: Örnefnastofnun Íslands.

Lambanes – Örnefnaskrá (1972). Skrásetjari Kristján Eiríksson. Heimildamaður Gunnlaugur Kristjánsson (f. 1903). Reykjavík: Örnefnastofnun Íslands.

Örnefni í Lambanesi (1940-41). Handrit Hannesar Hannessonar á Melbreið (f. 1888 d. 1963). HSk. 1311.4to.

Illugastaðir – Örnefnaskrá (dags. Vantar). Skrásetjari Margeir Jónsson, eftir handriti Hannesar Hannessonar á Melbreið (f. 1888 d. 1963). Reykjavík: Örnefnastofnun Íslands.

Brúnastaðir – Örnefnaskrá (1972). Skrásetjari Kristján Eiríksson. Heimildamaður Ríkharður Jónsson (f. 1935). Reykjavík: Örnefnastofnun Íslands.

Brúnastaðir (1940-41). Handrit Hannesar Hannessonar á Melbreið (f. 1888 d. 1963). HSk. 1311.4to.

Stóra Holt í Fljótum – Örnefnaskrá (1972). Skrásetjari Margeir Jónsson, eftir handriti Hannesar Hannessonar á Melbreið (f. 1888 d. 1963) frá 1940. Reykjavík: Örnefnastofnun Íslands.

Helgustaðir í Fljótum – Örnefnaskrá (ártal vantar). Skrásetjari Margeir Jónsson. Heimildamaður Þuríður Sumarliðadóttir. Reykjavík: Örnefnastofnun Íslands.

Helgustaðir – Örnefnaskrá (1972). Skrásetjari Kristján Eiríksson. Heimildamenn Jón Jónsson og Þorsteinn Jónsson. Reykjavík: Örnefnastofnun Íslands.

Saurbær – Örnefnaskrá (ártal vantar). Skrásetjari Margeir Jónsson, eftir handriti Hannesar Hannessonar á Melbreið (f. 1888 d. 1963) frá 1940. Reykjavík: Örnefnastofnun Íslands.

Saurbær í Fljótum – Örnefnalýsing (ártal vantar). Skrásetjari Guðbrandur Þór Jónsson. Reykjavík: Örnefnastofnun Íslands.

Bjarnargil – Örnefnaskrá (1972). Skrásetjari Kristján Eiríksson. Heimildamaður Sveinn Jónsson (f. 1899). Reykjavík: Örnefnastofnun Íslands.

Molastaðir – Örnefnaskrá (1938). Skrásetjari Margeir Jónsson. Heimildamaður Guðmundur Jónsson. Reykjavík: Örnefnastofnun Íslands.

Molastaðir – Örnefnaskrá (1976). Skrásetjari Kristján Eiríksson. Heimildamenn Lúðvík Jónsson og Jón Guðmundsson (f. 1900). Reykjavík: Örnefnastofnun Íslands.

Hólar – Örnefnaskrá (1972). Skrásetjari Kristján Eiríksson. Heimildamaður Helgi Pálsson (f. 1916). Reykjavík: Örnefnastofnun Íslands.

Hvammur – Örnefnaskrá (1972). Skrásetjari Margeir Jónsson, eftir handriti Hannesar Hannessonar á Melbreið (f. 1888 d. 1963) frá 1941. Reykjavík: Örnefnastofnun Íslands.

Knappsstaðir – Örnefnaskrá (1978). Skrásetjari Páll Sigurðsson, eftir skrá Hannesar Hannessonar á Melbreið með viðbótum m.a. frá Kristni Jónassyni (f. 1914) síðasta ábúanda Knappsstaða. Reykjavík: Örnefnastofnun Íslands.

Húnssstaðir – Örnefnaskrá (1979). Skrásetjari Páll Sigurðsson, eftir skrá Hannesar Hannessonar á Melbreið með viðbótum m.a. frá Haraldi Guðmundssyni (f. 1920). Reykjavík: Örnefnastofnun Íslands.

Melbreið – Örnefnaskrá (1978). Skrásetjari Páll Sigurðsson. Heimildamenn Hannes Hannesson (f. 1888 d. 1963) og Gunnlaugur Jónsson (f. 1904). Reykjavík: Örnefnastofnun Íslands.

Melbreið – Örnefnaskrá (ártal vantar). Skrásetjari Margeir Jónsson, eftir handriti Hannesar Hannessonar á Melbreið (f. 1888 d. 1963) frá 1940. Reykjavík: Örnefnastofnun Íslands.

Nefstaðir – Örnefnaskrá (ártal vantar). Skrásetjari Margeir Jónsson. Reykjavík: Örnefnastofnun Íslands.

Nefstaðir – Örnefnaskrá (1978). Skrásetjari Páll Sigurðsson, eftir skrá Hannesar Hannessonar á Melbreið (f. 1888 d. 1963) frá 1940. Heimildamenn Steinn Jónsson (f. 1896) og Guðmundur Sigurðsson (f. 1916). Reykjavík: Örnefnastofnun Íslands.

Lundur – Örnefnaskrá [ártal vantar]. Skrásetjari Páll Sigurðsson. Heimildamaður Guðmundur Sigurðsson frá Lundi. Reykjavík: Örnefnastofnun Íslands.

Lundur – Örnefnaskrá (1936). Skrásetjari Margeir Jónsson. Heimildamaður Guðrún Sigurðardóttir frá Lundi og skrá Hannesar Hannessonar á Melbreið. Reykjavík: Örnefnastofnun Íslands.

Deplar – Örnefnaskrá [ártal vantar]. Skrásetjari Páll Sigurðsson. Heimildamenn: Haukur Ástvaldsson, Guðmundur Sigurðsson í Lundi (f. 1916) og Hartmann Guðmundsson frá Þrasastöðum (f. 1912). Stuðst við skrá Hannesar Hannesonar frá Melbreið (f. 1888 d. 1963). Reykjavík: Örnefnastofnun Íslands.

Þrasastaðir – Örnefnaskrá (1973). Skrásetjari Kristján Eiríksson. Heimildamaður Hartmann Guðmundsson (f. 1912). Reykjavík: Örnefnastofnun Íslands.

Þrasastaðir – Örnefnaskrá [ártal vantar]. Skrásetjari Margeir Jónsson, eftir skrá Hannesar Hannessonar á Melbreið (f. 1888 d. 1963). Reykjavík: Örnefnastofnun Íslands.

Stóra-Þverá – Örnefnaskrá [ártal vantar]. Skrásetjari Margeir Jónsson, eftir skrá Hannesar Hannessonar á Melbreið (f. 1888 d. 1963). Reykjavík: Örnefnastofnun Íslands.

Berghylur - Örnefnaskrá [ártal vantar]. Skrásetjari Margeir Jónsson, eftir skrá Hannesar Hannessonar á Melbreið (f. 1888 d. 1963). Reykjavík: Örnefnastofnun Íslands.

Minni-Brekka - Örnefnaskrá [ártal vantar]. Skrásetjari Margeir Jónsson, eftir skrá Hannesar Hannessonar á Melbreið (f. 1888 d. 1963). Reykjavík: Örnefnastofnun Íslands.

Stóra-Brekka – Örnefnaskrá (1972). Skrásetjari Kristján Eiríksson. Heimildamenn: Jóna Guðmundsdóttir (f. 1899) og Benedikt Stefánsson [fæðingarárs ekki getið]. Reykjavík: Örnefnastofnun Íslands.

Neskot – Örnefnaskrá (1976). Skrásetjari Kristján Eiríksson. Viðbætur við skrá Ögmundar Helgasonar. Heimildamaður Jón Guðmundsson (f. 1900). Reykjavík: Örnefnastofnun Íslands.

Nestkot – Örnefnaskrá [ártal vantar] Skrásetjari Ögmundur Helgason. Heimildamaður: Hafliði Eiríksson (f. 1895). Reykjavík: Örnefnastofnun Íslands.

Nes í Flókadal – Örnefnaskrá (1976). Skrásetjari Kristján Eiríksson. Heimildamaður: Páll Gunnlaugsson (f. 1919). Reykjavík: Örnefnastofnun Íslands.

Sigríðarstaðir – Örnefnaskrá (1972). Skrásetjari Kristján Eiríksson. Heimildamaður: Lúðvík Ásmundsson (f. 1931). Reykjavík: Örnefnastofnun Íslands.

Vestari-Hóll – Örnefnaskrá (1972). Skrásetjari Kristján Eiríksson. Heimildamaður: Sigmundur Jónsson (f. 1927). Reykjavík: Örnefnastofnun Íslands.

Örnefni á Vestarahóli í Flókadal (1940-41). Handrit Hannesar Hannessonar á Melbreið (f. 1888 d. 1963). HSK. 1311.4to.

Steinhóll í Flókadal. Hjalti Pálsson. Óútg. handrit að 8. bindi Byggðasögu Skagafjarðar.

Sjöundastaðir – Örnefnaskrá [ártal vantar]. Skrásetjari Margeir Jónsson, eftir handriti Hannesar Hannessonar á Melbreið (f. 1888 d. 1963). Reykjavík: Örnefnastofnun Íslands.

Syðsti-Mór og Mið-Mór – Örnefnaskrá (1936). Skrásetjari Margeir Jónsson. Heimildamaður: Jóhann Benediktsson. Reykjavík: Örnefnastofnun Íslands.

Nes í Flókadal. Hjalti Pálsson. óútg. handrit að 8. bindi Byggðasögu Skagafjarðar

Yztimór – Örnefnaskrá (1939). Skrásetjari Margeir Jónsson. Heimildamaður: Sæmundur Hermannsson. Reykjavík: Örnefnastofnun Íslands.

Yzti – Mór – Örnefnaskrá (1976). Skrásetjari Kristján Eiríksson. Heimildamaður: Hermann Jónsson (f. 1891). Reykjavík: Örnefnastofnun Íslands.

Móskógar – Örnefnaskrá (1976). Skrásetjari Kristján Eiríksson. Heimildamaður: Jón Guðmundsson (f. 1900). Reykjavík: Örnefnastofnun Íslands.

Langhús - Örnefnaskrá (1972). Skrásetjari Kristján Eiríksson. Heimildamaður: Þorleifur Þorláksson (f. 1914). Reykjavík: Örnefnastofnun Íslands.

Haganes - Örnefnaskrá (1972). Skrásetjari Kristján Eiríksson. Heimildamaður: Jón Kort Ólafsson (f. 1921). Reykjavík: Örnefnastofnun Íslands.

Björn Pálsson. *Fornar prentheimildir um jarðir*. Handrit.

Heimasíða Fasteignamats Ríkisins: www.skra.is. Skoðað á tímabilinu 20.jan-20. mars 2016.

Vísnavefur Héraðsskjolasafns Skagfirðinga: <http://bragi.info/skag/>. Skoðað 27. janúar 2016.

Heimildamennt

Trausti Sveinsson á Bjarnargili.

Jón E. Númason á Þrasastöðum.

Hermann Jónsson fyrrverandi bóndi á Lambanesi.

Una Björk Harðardóttir frá Efra-Haganesi II.

Guðlaug Márusdóttir frá Efra-Haganesi.

Fylgiskjöl

Hnitatafla - Fornleifaskráning vegna hitaveitu í Fljótum

Númer	Sérheiti	Tegund	Hlutverk	Aldur frá	Aldur til	Ástand	Hættumat	Hættuörsök	Austun	Norðun
1787-001		garðlag	landamerki	800	1900	vel greinanlegt	mikil hætta	framkvæmda	496093	617769
1787-002		tóft	ópekk	800	1900	greinanlegt	engin hætta		496318	617896
1787-003		tóft	ópekk	800	1900	greinanlegt	engin hætta		496321	617891
1787-004		tóft	stekkur	1750	1900	vel greinanlegt	hætta	framkvæmda	497027	617717
1787-005		garðlag	ópekk	1750	1900	vel greinanlegt	mikil hætta	framkvæmda	497216	617654
1787-006		hóll	ópekk	800	1900	illgreinanlegt	engin hætta		497223	617493
1787-007		garðlag	ópekk	800	1800	vel greinanlegt	mikil hætta	framkvæmda	497613	617623
1787-008		tóft	ópekk	1750	1900	greinanlegt	engin hætta		497587	617595
1787-009		tóft	ópekk	800	1900	vel greinanlegt	engin hætta		497582	617619
1787-010		tóft	ópekk	1750	1900	vel greinanlegt	engin hætta		497968	617257
1787-011		garðlag	ópekk	800	1900	vel greinanlegt	hætta	framkvæmda	498023	617167
1787-012		tóft	ópekk	800	1900	illgreinanlegt	hætta	framkvæmda	498058	617106
1787-013		garðlag	ópekk	800	1900	vel greinanlegt	mikil hætta	framkvæmda	498138	617181
1787-014		garðlag	ópekk	1700	1950	vel greinanlegt	engin hætta		498261	617128
1787-015	Lambanes	heimild	híbyli	1400	1950	sést ekki	hætta	framkvæmda	497489	619751
1787-016		garðlag	túngarður	800	1800	vel greinanlegt	hætta	framkvæmda	497598	619397
1787-017		garðlag	túngarður	800	1600	vel greinanlegt	hætta	framkvæmda	497579	619504
1787-018		garðlag	túngarður	800	1800	vel greinanlegt	engin hætta		497447	619379
1787-019		garðlag	túngarður	800	1700	vel greinanlegt	hætta	framkvæmda	497606	619373
1787-020		tóft	ópekk	800	1900	vel greinanlegt	hætta	framkvæmda	497593	619466
1787-021		tóft	fjárhús	1650	1950	vel greinanlegt	hætta	framkvæmda	497593	619466
1787-022	Brennistaðir	tóft	ópekk	1800	1900	vel greinanlegt	mikil hætta		497514	619424
1787-023		niðurgröftur	ópekk	800	1900	greinilegt	engin hætta		497385	619425
1787-024		tóft	uppsátur	800	1800	illgreinanlegt	engin hætta		497320	619574
1787-025		tóft	ópekk	1700	1900	vel greinanlegt	hætta		497595	619523
1787-026		tóft	ópekk	800	1800	illgreinanlegt	hætta		497596	619489
1787-027		tóft	stekkur	1750	1950	vel greinanlegt	hætta	framkvæmda	497620	619418
1787-028		tóft	ópekk	800	1800	illgreinanlegt	hætta	framkvæmda	497612	619409
1787-029		gata	leið	800	1900	vel greinanlegt	hætta	framkvæmda	497605	619403
1787-030		vegur	leið	1850	1950	greinanlegt	engin hætta		497546	619390
1787-031		tóft	ópekk			ómetið	engin hætta		497624	619056
1787-032		garðlag	túngarður	800	1700	greinanlegt	mikil hætta	framkvæmda	498628	618390
1787-033		vegur	leið	1850	1950	vel greinanlegt	mikil hætta	framkvæmda	498624	618393
1787-034		þúst	ópekk	800	1900	illgreinanlegt	engin hætta		498599	618360
1787-035		garðlag	ópekk	1750	1900	vel greinanlegt	hætta	vatnsrof	498540	618331
1787-036		tóft	ópekk	1700	1900	vel greinanlegt	hætta	rofs	498575	618274
1787-037		tóft	ópekk	1650	1670	illgreinanlegt	hætta	rofs	498576	618271
1787-038		þúst	ópekk	800	1900	illgreinanlegt	engin hætta		498600	618238
1787-039		tóft	ópekk	800	1900	greinanlegt	engin hætta		498634	618229
1787-040		garðlag	matjurtagarður	1750	1950	vel greinanlegt	mikil hætta	framkvæmda	498691	618246
1787-041		tóft	ópekk	800	1900	greinanlegt	engin hætta		498655	618214

Hnitatafla - Fornleifaskráning vegna hitaveitu í Fljótum

Númer	Sérheiti	Tegund	Hlutverk	Aldur frá	Aldur til	Ástand	Hættumat	Hættuörsök	Austun	Norðun
1787-042		tóft	matjurtagarður	1700	1900	greinanlegt	engin hætta		498653	618198
1787-043		garðlag	matjurtagarður	1800	1950	vel greinanlegt	engin hætta		498671	618194
1787-044		niðurgröftur	ópekk	1850	1950	heilleg	engin hætta		498692	618194
1787-045		garðlag	landamerki	800	1700	sést ekki	engin hætta		498841	617826
1787-046		garðlag	ópekk	800	1900	greinilegt	engin hætta		498838	617770
1787-047		hleðsla	ópekk	1900	1950	greinanlegt	mikil hætta	framkvæmda	499464	616982
1787-048	Ystagerði	garðlag	túngarður	800	1850	greinanlegt	hætta	framkvæmda	499514	616765
1787-049		tóft	ópekk	800	1900	heilleg	engin hætta		499548	616760
1787-050		garðlag	matjurtagarður	1850	1950	vel greinanlegt	engin hætta		499547	616726
1787-051		tóft	ópekk	800	1850	illgreinanlegt	engin hætta		499582	616733
1787-052		tóft	fjárhús	1750	1950	illgreinanlegt	engin hætta		499601	616728
1787-053	Stóra-Holt	hóll	bæjarhóll	800	1950	greinanlegt	mikil hætta	framkvæmda	499679	616288
1787-054	(Kirkjuhóll)	hóll	kirkjugarður	1650	1950	greinanlegt	mikil hætta	framkvæmda	499680	616264
1787-055		heimild	kirkja	1650	1900	sést ekki	engin hætta		499678	616262
1787-056		heimild	kirkja	1000	1650	sést ekki	hætta	framkvæmda	499686	616214
1787-057		heimild	kirkjugarður	1000	1650	sést ekki	mikil hætta	framkvæmda	499686	616231
1787-058		heimild	hestarétt	1700	1900	sést ekki	hætta	framkvæmda	499686	616224
1787-059	Helgustaðir	hóll	bæjarhóll	800	1920	greinanlegt	mikil hætta	framkvæmda	499985	615996
1787-060		heimild	smiðja	1920	1960	sést ekki	engin hætta		499985	615991
1787-061		heimild	skemma	1850	1950	sést ekki	engin hætta		499975	615994
1787-062		heimild	fjárhús	1850	1950	sést ekki	engin hætta		499975	616030
1787-062		garðlag	ópekk	800	1000	illgreinanlegt	engin hætta		499902	615933
1787-063		vegur	leið	1800	1900	vel greinanlegt	engin hætta		499872	615933
1787-064		þúst	torf- eða mótoft (stabbi)	1750	1950	greinanlegt	hætta	framkvæmda	499599	615745
1787-065		niðurgröftur	mógröf	1750	1950	vel greinanlegt	hætta	framkvæmda	499613	615734
1787-066		tóft	ópekk	1350	1900	greinanlegt	hætta	framkvæmda	499603	615702
1787-067		tóft	mótoft	1350	1950	greinanlegt	hætta	framkvæmda	499593	615664
1787-068		garðlag	ópekk	1350	1800	illgreinanlegt	mikil hætta	framkvæmda	499595	615597
1787-069		þúst	ópekk	1350	1900	greinanlegt	hætta	framkvæmda	499604	615612
1787-070		tóft	ópekk	1600	1900	vel greinanlegt	hætta	framkvæmda	499628	615596
1787-071		niðurgröftur	mógröf	1350	1900	vel greinanlegt	engin hætta		499560	615593
1787-072		garðlag	ópekk	1350	1900	illgreinanlegt	mikil hætta	framkvæmda	499592	615584
1787-073	Saurbær	hóll	bæjarhóll	1350	1950	greinanlegt	mikil hætta	framkvæmda	499614	615453
1787-074	Varpinn	hóll	óskuhóll	1350	1900	greinanlegt	engin hætta		499594	615448
1787-075		heimild	fjós	1800	1950	sést ekki	engin hætta		499598	615481
1787-076	Bjarnagil	heimild	bæjarhóll	1200	1950	greinanlegt	engin hætta		499667	615149
1787-077		heimild	landamerkjagarður	800	1950	sést ekki	engin hætta		499487	614745
1787-078	Molastaðir	hóll	bæjarhóll	1300	1944	greinanlegt	engin hætta		499455	614561
1787-079		heimild	fjárhús	1850	1970	sést ekki	hætta	framkvæmda	499434	614644
1787-080		heimild	landamerkjagarður	800	1950	sést ekki	engin hætta		499465	614298

Hnitatafla - Fornleifaskráning vegna hitaveitu í Fljótum

Númer	Sérheiti	Tegund	Hlutverk	Aldur frá	Aldur til	Ástand	Hættumat	Hættuörsök	Austun	Norðun
1787-081		garðlag	landamerkjagarður	800	1700	illgreinanlegt	mikil hætta	framkvæmda	499592	613507
1787-082		tóft	ópekkkt	1700	1950	greinanlegt	engin hætta		499600	613348
1787-083		niðurgröftur	mógröf	800	1900	vel greinanlegt	hætta	framkvæmda	499542	613294
1787-084		tóft	mótóft	1600	1950	greinanlegt	engin hætta		499484	613054
1787-085		niðurgröftur	mógröf	1600	1950	vel greinanlegt	hætta	framkvæmda	499491	613042
1787-086		tóft	mótóft	1600	1950	greinanlegt	engin hætta		499491	613028
1787-087		tóft	ópekkkt	1700	1950	vel greinanlegt	hætta	framkvæmda	499531	613009
1787-088		garðlag	ópekkkt	800	1900	greinanlegt	hætta	framkvæmda	499544	613017
1787-089		tóft	ópekkkt	800	1800	greinanlegt	engin hætta		499511	612819
1787-090		garðlag	ópekkkt	1700	1900	vel greinanlegt	mikil hætta	framkvæmda	499452	612751
1787-091		tóft	ópekkkt	800	1850	illgreinanlegt	hætta		499542	612627
1787-092		garðlag	ópekkkt	1600	1900	greinanlegt	hætta	framkvæmda	499571	612634
1787-093		garðlag	fyrirhleðsla	1800	1950	vel greinanlegt	engin hætta		499480	612547
1787-094		tóft	ópekkkt	800	1900	greinanlegt	engin hætta		499945	611836
1787-095		tóft	ópekkkt	800	1900	greinanlegt	engin hætta		499902	611594
1787-096	Hvammur	hóll	bæjarhóll	1200	1930	greinanlegt	mikil hætta	framkvæmda	500186	611512
1787-097		garðlag	ópekkkt	800	1800	greinanlegt	engin hætta		499778	611459
1787-098		garðlag	matjurtagarður	1750	1950	greinanlegt	engin hætta		499740	611429
1787-099		brautarteinar	rutt svæði	1942	1945	illgreinanlegt	hætta	framkvæmda	499616	611448
1787-100		grunnur	ópekkkt	1942	1945	greinanlegt	hætta	framkvæmda	499533	611439
1787-101		garðlag	ópekkkt	800	1800	vel greinanlegt	hætta	framkvæmda	499589	611435
1787-102	Bakki	tóft	híbýli	1906	1918	greinanlegt	hætta	trjárækt	499494	611418
1787-103		þúst	ópekkkt	1800	1918	illgreinanlegt	engin hætta		499529	611373
1787-104		niðurgreftir	ópekkkt	1800	1918	greinanlegt	engin hætta		499558	611401
1787-105		tóft	fjárhús	1800	1950	greinanlegt	hætta	framkvæmda	500760	609688
1787-106		tóft	ópekkkt	800	1600	illgreinanlegt	hætta	framkvæmda	500773	609700
1787-107		tóft	ópekkkt	800	1800	greinanlegt	mikil hætta	framkvæmda	500783	609700
1787-108		niðurgröftur	ópekkkt	800	1800	illgreinanlegt	engin hætta		500788	609707
1787-109		tóft	ópekkkt	800	1800	illgreinanlegt	engin hætta		500799	609711
1787-110		tóft/garðlag	ópekkkt/ matjurtagarður?	800	1800	vel greinanlegt	engin hætta		500800	609719
1787-111		niðurgröftur	áveita	800	1800	greinanlegt	engin hætta		500781	609718
1787-112	Húnstaðir	hóll	bæjarhóll	1300	1704	illgreinanlegt	engin hætta		500873	609622
1787-113		tóft	ópekkkt	800	1700	illgreinanlegt	engin hætta		501082	608889
1787-114	Knappsstaðir	hóll	bæjarhóll	800	1950	greinanlegt	mikil hætta	framkvæmda	501065	608777
1787-115	Knappsstaðakirkja	heimild	kirkja	1750	1838	sést ekki	engin hætta		501122	608785
1787-116	Knappsstaða- kirkjugarður	kirkjugarður	kirkjugarður	900	2016	í notkun	engin hætta		501114	608784
1787-117		tóft	ópekkkt	800	1800	illgreinanlegt	hætta	framkvæmda	501293	608161
1787-118		tóft	ópekkkt /útihús?	1700	1900	vel greinanlegt	engin hætta		501336	608120
1787-119		tóft	ópekkkt	800	1900	illgreinanlegt	engin hætta		501379	608119

Hnitatafla - Fornleifaskráning vegna hitaveitu í Fljótum

Númer	Sérheiti	Tegund	Hlutverk	Aldur frá	Aldur til	Ástand	Hættumat	Hættuörsök	Austun	Norðun
1787-120		tóft	fjárhús	1750	1950	vel greinanlegt	engin hætta		501385	608092
1787-121		þúst	ópekk	800	1900	greinanlegt	engin hætta		501399	608097
1787-122		tóft	ópekk /útihús?	1800	1900	vel greinanlegt	engin hætta		501432	608037
1787-123		tóft	fjárhús	1750	1950	greinanlegt	engin hætta		501425	608036
1787-124		tóft	ópekk	1700	1900	greinanlegt	engin hætta		501417	608018
1787-125		tóft	ópekk	1700	1900	greinanlegt	engin hætta		501401	608004
1787-126		garðlag	túngegarður	800	1700	greinanlegt	mikil hætta	framkvæmda	501225	608303
1787-127		garðlag	landamerki	800	1700	greinanlegt	engin hætta		501245	608232
1787-128	Melbreið	grunnur	híbýli	1900	1970	greinanlegt	engin hætta		501482	607763
1787-129		þúst	fjárhús	1850	1950	illgreinanlegt	hætta	framkvæmdir	501520	607786
1787-130	Völugarður	garðlag	vörslugarður	800	1700	greinanlegt	engin hætta		501539	607742
1787-131		garðlag	landamerki	800	1700	greinanlegt	hætta	framkvæmda	501602	607613
1787-132		heimild	ópekk			sést ekki	hætta		501826	607295
1787-134	Hákonargerði	garðlag	túngegarður	800	1800	vel greinanlegt	mikil hætta	framkvæmda	501934	607101
1787-135	Hákonargerði	tóft	ópekk	800	1900	greinanlegt	engin hætta		501993	607073
1787-136	Hákonargerði	tóft	fjárhús	1700	1950	vel greinanlegt	engin hætta		502008	607064
1787-137	Hákonargerði	tóft	ópekk/ matjurtagarður?	1700	1900	illgreinanlegt	engin hætta		501995	607037
1787-138	Hákonargerði	tóft	ópekk	1700	1900	vel greinanlegt	engin hætta		502030	607023
1787-139	Hákonargerði	tóft	ópekk	800	1900	illgreinanlegt	engin hætta		502039	607059
1787-140	Hákonargerði	tóft	ópekk	800	1800	greinanlegt	engin hætta		502056	607068
1787-141	Nefstaðastekkur	tóft	stekkur	1700	1900	vel greinanlegt	engin hætta		502064	606927
1787-142	Lundur	hóll	bæjarhóll	1400	1950	greinanlegt	mikil hætta	framkvæmda	502402	606613
1787-143		tóft	ópekk	1700	1900	greinanlegt	engin hætta		502360	606603
1787-144		garðlag	matjurtagarður	1800	1900	vel greinanlegt	engin hætta		502426	606574
1787-145		niðurgröftur	mógrafir	800	1900	vel greinanlegt	hætta		502407	606403
1787-146		heimild	landamerki	800	1800	sést ekki	engin hætta		502776	605892
1787-147	Deplar	heimild	bæjarhóll	1500	1950	sést ekki	engin hætta		502731	605280
1787-148		garðlag	matjurtagarður	1700	1950	vel greinanlegt	hætta	framkvæmda	502720	605314
1787-149	Álagabrekka	hóll	bjóðsagnastaður	800	1950		engin hætta		502714	605326
1787-150		tóft	ópekk	1750	1950	greinanlegt	engin hætta		502828	605235
1787-151		garðlag	matjurtagarður	1750	1950	vel greinanlegt	engin hætta		502826	605245
1787-152		tóft	ópekk	1750	1950	vel greinanlegt	engin hætta		502822	605253
1787-153		tóft	ópekk	800	1900	greinanlegt	engin hætta		502827	605201
1787-154		garðlag	landamerki	800	1700	greinanlegt	mikil hætta	framkvæmda	502916	604965
1787-155	Stóta-þverá	hóll	bæjarhóll	1500	1900	greinanlegt	mikil hætta	framkvæmda	498855	612579
1787-156	Minni-Brekka	hóll	bæjarhóll	1700	1966	greinanlegt	mikil hætta	framkvæmda	498255	613942
1787-157		tóft	fjárhús	1700	1900	vel greinanlegt	engin hætta		498404	613927
1787-158		garðlag	landamerki	1700	1900	vel greinanlegt	mikil hætta	framkvæmda	498334	614054
1787-159	Stóra-Brekka	heimild	bæjarhóll	1400	1950	sést ekki	engin hætta		498361	614230
1787-160	Neskot	hóll	bæjarhóll	1400	1940	illgreinanlegt	engin hætta		492995	612316

Hnitatafla - Fornleifaskráning vegna hitaveitu í Fljótum

Númer	Sérheiti	Tegund	Hlutverk	Aldur frá	Aldur til	Ástand	Hættumat	Hættuörsök	Austun	Norðun
1787-162		tóft	ópekk	1400	1900	illgreinanlegt	engin hætta		492948	612278
1787-163		garðlag	landamerki	800	1800	illgreinanlegt	mikil hætta	framkvæmda	492974	612459
1787-164		tóft	ópekk	800	1800	vel greinanlegt	hætta	framkvæmda	492995	612579
1787-165		tóft	fjárhús	1750	1900	Vel greinanlegt	engin hætta		492984	612661
1787-166		tóft	hesthús	1850	1950	greinanlegt	hætta	framkvæmda	493022	612667
1787-167		tóft	ópekk	800	1600	illgreinanlegt	hætta	framkvæmda	493052	612672
1787-168		tóft	ópekk	800	1800	illgreinanlegt	engin hætta		493059	612672
1787-169		tóft	ópekk	800	1800	illgreinanlegt	engin hætta		493003	612702
1787-170		tóft	ópekk	800	1800	illgreinanlegt	engin hætta		493008	612707
1787-171	Nes	hóll	bæjarhóll	1400	1960	greinanlegt	engin hætta		493096	612724
1787-172		garðlag	ópekk	800	1900	vel greinanlegt	hætta	framkvæmda	493214	613088
1787-173		púst	ópekk	800	1900	greinanlegt	hætta	framkvæmda	493236	613235
1787-174		niðurgröftur	náma	800	1950	greinanlegt	hætta	framkvæmda	493246	613254
1787-175		tóft	stekkur	1750	1950	vel greinanlegt	hætta	framkvæmda	493203	613279
1787-176		tóft	ópekk	800	1500	illgreinanlegt	engin hætta		493187	613388
1787-177		niðurgröftur	ópekk	1800	1950	vel greinanlegt	engin hætta		493210	613368
1787-178		tóft	ópekk	800	1900	illgreinanlegt	engin hætta		493187	613450
1787-179	Sigríðarstaðir	hóll	bæjarhóll	1600	1943	greinanlegt	engin hætta		493131	613671
1787-180		heimild	fjárhús	1600	1980	sést ekki	engin hætta		493123	613771
1787-181		garðlag	ópekk	800	1900	illgreinanlegt	engin hætta		493046	613940
1787-182		hleðsla	ópekk	800	1900	vel greinanlegt	engin hætta		493047	613949
1787-183		garðlag	ópekk	1850	1950	vel greinanlegt	hætta	framkvæmda	493275	613216
1787-184		tóft	ópekk	1800	1950	greinanlegt	engin hætta		493456	613210
1787-185		heimild	landamerki	800	1950	sést ekki	engin hætta		493037	614062
1787-186		púst	ópekk	800	1900	illgreinanlegt	engin hætta		492913	614311
1787-187	Álagabrekka	náttúrumínjar	þjóðsagnastaður			ómetið			492862	614464
1787-188	Steinhóll	heimild	híbýlii	1700	1932	sést ekki	hætta	framkvæmda	492719	614645
1787-189	Sjóundastaðir	hóll	bæjarhóll	1400	1935	greinanlegt	mikil hætta	framkvæmda	492699	614876
1787-190		tóft	ópekk	800	1900	illgreinanlegt	hætta	framkvæmda	492735	614906
1787-191		garðlag	ópekk	800	1900	illgreinanlegt	hætta	framkvæmda	492698	615468
1787-192		tóft	ópekk	800	1800	greinanlegt	hætta	framkvæmda	492710	615646
1787-193		tóft	ópekk	800	1900	greinanlegt	mikil hætta	framkvæmda	492738	615658
1787-194		tóft	híbýli	1750	1900	greinanlegt	mikil hætta	framkvæmda	492663	616211
1787-195		garðlag	landamerki	800	1700	greinanlegt	mikil hætta	framkvæmda	492754	616886
1787-196		garðlag	túngarður	800	1800	vel greinanlegt	mikil hætta	framkvæmda	492951	617728
1787-197	Ysti-Mór	mannvistarleifar	bæjarhóll	800	1950	sést ekki	mikil hætta	framkvæmda	492934	617888
1787-198		garðlag	kirkjugarður	800	1500	vel greinanlegt	engin hætta		492966	617888
1787-199		tóft	bænhús	800	1500	greinanlegt	engin hætta		492976	617881
1787-200		gata	leið	800	1950	greinanlegt	mikil hætta	framkvæmda	493128	617687
1787-201		niðurgröftur	ópekk	800	1900	greinanlegt	mikil hætta	framkvæmda	493548	617735
1787-202		tóft	ópekk	800	1900	greinanlegt	hætta	framkvæmda	492451	618534

Hnitatafla - Fornleifaskráning vegna hitaveitu í Fljótum

Númer	Sérheiti	Tegund	Hlutverk	Aldur frá	Aldur til	Ástand	Hættumat	Hættuörsök	Austun	Norðun
1787-203		tóft	rétt	1000	1800	vel greinanlegt	engin hætta		492157	618829
1787-204		garðlag	ópekkkt	800	1700	vel greinanlegt	hætta	rasks	492111	618879
1787-205		niðurgröftur	skurður	1800	1950	vel greinanlegt	mikil hætta	framkvæmda	492043	618936
1787-206		garðlag	túngarður	1600	1900	vel greinanlegt	hætta	framkvæmda	491927	618986
1787-207		garðlag	ópekkkt	800	1700	illgreinanlegt	engin hætta		491875	618997
1787-208		heimild	útihús	1850	1920	sést ekki	hætta		491833	619062
1787-209		tóft	ópekkkt	800	1900	greinanlegt	engin hætta		491807	619018
1787-210		tóft	fjárhús	1800	1950	vel greinanlegt	engin hætta		491801	618989
1787-211		tóft	ópekkkt	1500	1800	vel greinanlegt	engin hætta		492209	618927
1787-212		niðurgröftur	mógrafir	1500	1900	vel greinanlegt	hætta	framkvæmda	493697	617703
1787-213		tóft	ópekkkt	1500	1900	greinanlegt	engin hætta		493687	617760
1787-214		tóft	ópekkkt	1500	1900	greinanlegt	engin hætta		493728	617725
1787-215		tóft	mókofi	1500	1900	greinanlegt	engin hætta		494230	617886
1787-216		niðurgröftur	mógröf	1500	1950	greinanlegt	engin hætta		494281	617861
1787-217		tóft	mókofi	1500	1900	greinanlegt	engin hætta		494305	617870
1787-218		tóft	ópekkkt	1800	1900	vel greinanlegt	hætta	framkvæmda	494390	617973
1787-219		hóll	bæjarhóll	800	1900	vel greinanlegt	mikil hætta	ábúð	494420	618277
1787-220		tóft	ópekkkt	800	1900	greinanlegt	mikil hætta	ábúð	494411	618279
1787-221		garðlag	matjurtagarður	800	1900	vel greinanlegt	hætta	ábúð	494409	618268
1787-222		tóft	rétt	800	1700	greinanlegt	engin hætta		494606	618683
1787-223		garðlag	landamerki	800	1800	illgreinanlegt	hætta	framkvæmda	494671	618987
1787-224		garðlag	túngarður	1700	1900	heillegar	engin hætta		494869	619512
1787-225	Efra-Haganes	hóll	bæjarhóll	800	1914	vel greinanlegt	engin hætta		494864	619738
1787-226	Efra-Haganes	heimild	hibýli	1914	1963	sést ekki	engin hætta		494846	619773
1787-227		frásögn	matjurtagarður	800	1950	sést ekki	engin hætta		494895	619831
1787-228		dældir	ópekkkt	800	1900	illgreinanlegt	hætta	framkvæmda	494909	619873
1787-229		tóft	hesthús	1930	1950	greinanlegt	hætta		494711	619924
1787-230		garðlag	ópekkkt	800	1700	greinanlegt	ómetið		494696	619909
1787-231		heimild	útihús	1930		sést ekki	engin hætta		494711	619976
1787-232		dæld	ópekkkt	800	1950	illgreinanlegt	engin hætta		494670	620091
1787-233		garðlag	ópekkkt	800	1700	greinanlegt	engin hætta		494629	620081
1787-234		garðlag	ópekkkt	1000	2000	vel greinanlegt	engin hætta		494624	620098
1787-235		garðlag	túngarður	800	1700	vel greinanlegt	hætta	framkvæmda	494659	620153
1787-236		garðlag	ópekkkt	1000	1800	greinanlegt	engin hætta		494447	620028
1787-237		tóft	ópekkkt	1000	1800	vel greinanlegt	engin hætta		494450	620040
1787-238		tóft	ópekkkt	1000	1800	vel greinanlegt	engin hætta		494450	620049
1787-239		tóft	hibýli	1850	1930	vel greinanlegt	engin hætta		494234	620007
1787-240		tóft	ópekkkt	1600	1900	vel greinanlegt	mikil hætta	framkvæmda	494216	620127
1787-241	Möllershús	tóft	ópekkkt	1850	1930	illgreinanlegt	engin hætta		494197	620133
1787-242	Neðra-Haganes	dældir	hibýli	1700	1950	illgreinanlegt	engin hætta		494100	620348
1787-243		hóll	fjárhús	1700	1950	illgreinanlegt	hætta	framkvæmda	494128	620319

Hnitatafla - Fornleifaskráning vegna hitaveitu í Fljótum

Númer	Sérheiti	Tegund	Hlutverk	Aldur frá	Aldur til	Ástand	Hættumat	Hættuörsök	Austun	Norðun
1787-244		dældir	ópekk	1700	1950	illgreinanlegt	engin hætta		494133	620333
1787-245		brunnur	brunnur	1895	1910	heillegur	engin hætta		494089	620317
1787-246	Vatn	heimild	híbýli	1900	0	sést ekki	engin hætta		494286	619920
1787-247	Grund	heimild	híbýli	1917	0	sést ekki	hætta	framkvæmda	494272	619956
1787-248		heimild	brunnur	1917	0	sést ekki	hætta	framkvæmda	494273	619956
1787-249	Vatnshorn	heimild	híbýli	1920	0	sést ekki	hætta	framkvæmda	494254	619995
1787-250	Vatnsendi	heimild	híbýli	1900	0	sést ekki	hætta	framkvæmda	494202	620054
1787-251		heimild	lending	800	1950	ómetið	engin hætta		494124	619965
1787-252	Vík	heimild	híbýli	1900	1950	sést ekki	hætta	framkvæmda	494087	620302
1787-253	Vík	heimild	híbýli	1895	1924	sést ekki	engin hætta		494094	620255
1787-254		heimild	matjurtagarður	1800	1940	sést ekki	engin hætta		494095	620240
1787-255		heimild	matjurtagarður	1800	1940	sést ekki	engin hætta		494102	620335
1787-256		heimild	beitarhús	800	1883	sést ekki	hætta	framkvæmda	494183	620104
1787-257		heimild	smiðja	800	1900	sést ekki	engin hætta		494125	620219
1787-258		heimild	matjurtagarður	1899	1933	sést ekki	engin hætta		494163	620141
1787-259		heimild	þinghús	1900	1934	sést ekki	hætta	framkvæmda	494155	619945
1787-260		heimild	skúr	1900	1934	sést ekki	hætta	framkvæmda	494157	619958
1787-261		heimild	bryggja	1900	1934	sést ekki	engin hætta		494157	620051
1787-262	Pakkhusið	heimild	pakkhus	1901	1950	sést ekki	hætta	framkvæmda	494204	620108
1787-263		heimild	hlóursuou- verksemiðia	1900	1950	sést ekki	hætta	framkvæmda	494235	620084
1787-264		heimild	íshús	1900	1950	sést ekki	hætta	framkvæmda	494235	620089

Hættumat	Fjöldi	Hlutfall
engin hætta	140	53%
hætta	81	31%
mikil hætta	42	16%
ómetið	1	0%
Staðsettar minjar alls:	264	

Óstaðsettar minjar:	44	
---------------------	-----------	--

Yfirlitsmynd 1 - Fyrirbarð og Gautland

N
↑

Langhus

Gautland

Minni-Grindill

Skýringar

Uppmælingar BSk

- punktar
- flákar

línur

Hitaveitugögn

- Skráningarsvæði
- Upphafleg lagnaleið
- Endurskoðuð lagnaleið

Landamerki


jardagrunnur_FMR

0 100 200 300 400 500 m



Yfirlitsmynd 2 - Gautland og Minni Grindill

N
↑



M

Yfirlitsmynd 3 - Stóri-Grindill og Hamar

N



Skýringar

Uppmælingar BSk

• punktar

flákar

— línar

Hitaveitugögn

Skráningarsvæði

Upphafleg lagnaleið

Endurskoðuð lagnaleið

Landamerki

■ jardagrunnur_FMR



N

Yfirlitsmynd 4 Lambanes og Brennistaðir

Skýringar

Uppmælingar BSK

● punktar

□ flákar

— línar

Hitaveitugögn

Skráningarsvæði

Upphafleg lagnaleið

Endurskoðuð lagnaleið

Landamerki

□ jardagrunnur_FMR

1787-023

1787-018

1787-022

1787-030

1787-016

1787-027

1787-015

1787-029

1787-019

1787-028

1787-026

1787-025

1787-020

1787-021

1787-024

Lambanes



50

100

150

200 m



0


Yfirlitsmynd 5 - Lambanes

N




Yfirlitsmynd 6 - Illugastaðir

N



Yfirlitsmynd 7 - Brúnastaðir



Skýringar

Uppmælingar BSk

- punktar
- flákar
- línar

Hitaveitugögn


- Skráningarsvæði
- Upphafleg lagnaleið
- Endurskoðuð lagnaleið


Landamerki


- jarðagrunnur_FMR

N

Yfirlitsmynd 8 Brúnastaðir, Ketilás, Minna- og Stóra-Holt








N

Yfirlitsmynd 11 - Helgustaðir og Saurbær





N

Yfirlitsmynd 13 - Sau bær

Skýringar

Uppmælingar BSk

● punktar

flákar

— línar

Hitaveitugögn

Skráningarsvæði

— Upphafleg lagnaleið

Endurskoðuð lagnaleið

Landamerki


jardagrunnur_FMR

0

50

100 m

Bjarmorgil



N

- Bjarnagil

Sauðárkrúp

Yfirlitsmynd 14

1787-076

Bjarnagil

Skýringar

Uppmælingar BSk

- punktar
- flákars
- línar

Hitaveitugögn

- Skráningarsvæði
- Upphafleg lagnaleið
- Endurskoðuð lagnaleið

Landamerki

0 50 100 150 200 m
Jardagrunnur FMR




0


50


100


150


200 m











Yfirlitsmynd 20 - Hvammur og

Bakki

Skýringar

Uppmælingar BSk

- punktar
- flákar

línur

Hitaveitugögn


Skráningarsvæði

Upphafleg lagnaleið

Endurskoðuð lagnaleið

Landamerki

jardagrunnur_FMR



- Hvammur

Yfirlitsmynd 21



Skýringar

Uppmælingar BSk

punktar

flákar

línur

Hitaveitugögn

Skráningarsvæði

Upphafleg lagnaleið

Endurskoðuð lagnaleið

Landamerki


jardgrunnur_FMR




0 1
00 200 m

1787-111 1787-110
1787-105 1787-107

M




Yfirlitsmynd 22 - Knappsstaðir




M

Yfirlitsmynd 23 - Melbreið og Nefstaðir (Nefstaðakot)







Yfirlitsmynd 25 - Lundur og Deplar




Yfirlitsmynd 26 - Deplar og Þrasastaðir




Litsmynd 27 - Neskot og Ne




Yfirlitsmynd 28 - Sigriðarstaðir og Austari-Hóll



Yfirlitsmynd 29 - Vestari-Hóll, Steinhóll og Sjöundastaðir



Yfirlitsmynd 30 Sjöundastaðir og Syðsti-Mór



Yfirlitsmynd 31 - Syðsti-Mór og Mið-Mór

B
C

Skýringar

Uppmælingar BSk

- punktar
- flákar
- línhur

Hitaveitugögn

- Skráningarsvæði
- Upphafleg lagnaleið
- Endurskoðuð lagnaleið


Landamerki

- jardagrunnur_FMR


N

0 100 200 m


M




Yfirlitsmynd 32 - Ysti-Mór





Yfirlitsmynd 33 - Ysti-Mór




Yrlitsmynd 34 - Ysti-Mór og Móskógar



Yfirlitsmynd 35 - Akrar - Langhús



Yfirlitsmynd 36 - Langhús og Efra-Haganes



Yfirlitsmynd 37 - Efra-Haganes

87-236

1787-235
1787-234
1787-233

1787-231

1787-229
1787-230

1787-227
1787-228
1787-226

1787-225

1787-224

223

1787-

Skýringar

Uppmælingar BSk

• punktar

flákar

— línar

Hitaveitugögn

Skráningarsvæði

Upphafleg lagnaleið

Endurskoðuð lagnaleið

Landamerki

— jardagrunnur_FMR




N

0

100

200 m

Yfirlitsmynd 38 - Efra-Haganes I, II og Haganesvík



Yfirlitsmynd 39 - Haganesvík

